



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um opnunartíma leikskóla og tillögur stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. ágúst 2021 voru lagðar fram niðurstöður stýrihóps um umbætur á skipulagi og umhverfi leikskólastarfs Reykjavíkurborgar, dags. 1. maí 2021. Jafnframt lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna, minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. ágúst 2021, auk umsagna fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar dags. 6. júlí 2021 og 20. ágúst 2021:

- a) Tillaga stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs varðandi opnunartíma verði samþykkt og taki gildi 1. janúar 2022.
- b) Opnunartími leikskóla borgarinnar verði 7:30 til 16:30 hjá öllum leikskólum frá 1. nóvember 2021.
- c) Opnunartími skilgreindra leikskóla, einn til tveir í hverju hverfi verði frá 7:30 til 17:00 frá 1. janúar 2022 að því gefnu að aðstæður leyfi að teknu tilliti til heimsfaraldursins.
- d) Foreldrar með dvalarsamning fram yfir kl. 16.30 geta í september 2021 tilkynnt hvort þeir óski eftir að halda dvalartímanum eftir 1. janúar 2022. Nú þegar verði hætt að gera dvalarsamninga eða samþykkja breytingar á dvalarsamningum í þá veru að dvalartími fari fram yfir kl. 16:30 nema í þeim leikskólum sem verða skilgreindir sem leikskólar með opnunartíma til kl. 17:00.
- e) Unnið verður með flutningsumsóknir foreldra, sem óska eftir að halda dvalartímanum, inn í þá leikskóla sem verða opnir til kl. 17, áður en unnið verður úr öðrum umsóknum inn í þá leikskóla og flutningur veittur eftir því sem pláss leyfa.
- f) Komi til þess að eftirspurn eftir leikskóla með dvalartíma til kl. 17:00 verði umfram laus pláss fái þeir hópar foreldra forgang sem samkvæmt jafnréttismati frá júní 2020 má áætla að myndu eiga erfiðast með að bregðast við styttri opnunartíma.

Lagt var til að um verði að ræða tveggja ára tilraunaverkefni, frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2024, og verði árangur og reynsla af starfinu metinn á áföngum á tímabilinu. Mælikvarðar og markmið skulu skilgreind nánar í upphafi verkefnis og mat á árangri taki tillit til barna, starfsmanna, stjórnenda, foreldra, þróunar á dvalartíma barna og lykiltölum í rekstri. Þeir leikskólar sem verða opnir til 17:00 fái fjárheimildir til að tryggja fullnægjandi mönnun á lengri opnunartíma skólans.

Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er falið að leggja fram tillögu að breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu eigi síðar en á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. september 2021.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna og vísað til borgarráðs. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Flokks fólksins sitja hjá.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Aðrar tillögur stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs varðandi skipulag dagsins, úthlutunarlíkan leikskóla, uppbyggingu gjaldskrár, framtíðarsýn varðandi stærð barnahópa og leik- og heildarrými barna auk aðgerða til að bregðast við nýliðunarvanda leikskólakennara og koma til móts við mönnunarvanda leikskóla eru samþykktar með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna og **vísað til borgarráðs**. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Flokks fólksins sátu hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það hefur verið sérstakt forgangsmál meirihlutans að bæta starfsaðstæður í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi og tillögur um breyttan opnunartíma, breytt skipulag leikskóladagsins, nýtt úthlutunarlíkan og fleira þjóna sama markmiði. Lögð er áhersla á að viðhalda gæðum leikskólastarfsins með styttri viðverutíma barna en jafnframt er gripið til mótvægisáðgerða sem taka mið af niðurstöðum jafnréttismats. Þar verður sérstaklega komið til móts við þarfir foreldra sem eiga erfitt með að mæta styttingu opnunartíma um 15-30 mínútur á dag. Reykjavík gengur þar með lengra til móts við þarfir foreldra en gert hefur verið í öðrum sveitarfélögum sem stytt hafa opnunartíma leikskóla s.s. Kópavogi, Akureyri, Reykjanesbæ og víðar.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks undrast það að ekki sé samfella í þeim tillögum sem núna eru kynntar, þar sem opnunartími er skertur frá 1. nóvember, en hins vegar er ekki gripið til þeirra mótvægisáðgerða sem skýrslan segir nauðsynlegar, þ.e. lengri opnun á völdum leikskólum innan hverfa, fyrr en 1. janúar 2022.

Mikilvægt er að það sé festa og samfella í allri grunnþjónustu sem borgin veitir og því nauðsynlegt að breyting verði gerð á þessu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn í skóla- og frístundaráði leggur til að opnunartími leikskóla borgarinnar verði 7:30 til 16:30 hjá öllum leikskólum frá 1. nóvember 2021. Þetta eru umdeild ákvörðun.

Kveikjan er sögð hafa komið frá leikskólunum sjálfum. Þessi ákvörðun hefur slæmar afleiðingar fyrir marga foreldra, þeirra sem hafa ekki sveigjanlegan vinnutíma og starfa fjarri leikskóla barna sinna. Almennu eru börn í leikskóla í sínu hverfi en foreldrar vinn sjaldnast í sínu hverfi heldur jafnvel langt frá og sitja jafnvel fastir í umferðarteppu á þessum tíma.

Engin fulltrúi foreldra sat í stýrihópnum sem vann tillöguna og finnst fulltrúa Flokks fólksins það ekki góður bragur. Nú brennur á mörgum foreldrum að nota vistvænar samgöngur t.d. hjóla. Stytting opnunartíma leikskóla kemur illa við þessa foreldra sérstaklega þá sem báðir vinna fjarri leikskóla barna sinna. Fulltrúi Flokks fólksins er tortrygginn út í samráðsferlið og telur að úti í samfélaginu sé stór hópur foreldra afar ósáttur með skerðingu þjónustunnar.

Raddir þeirra hafa ekki komist til eyrna meirihlutans í skóla- og frístundaráði. Foreldrar eru fullfærir um að skipuleggja tíma sinn með börnum sínum og þekkja þarfir barna sinna best. Þeir þurfa ekki stýringu frá borginni. Þessi meirihluti er að skerða þjónustu víðar. Nú á einnig að stytta opnunartíma þjónustumiðstöðva.

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskólum lagði fram svohljóðandi bókun:


Áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna mótmælir fyrirhugaðri styttingu á opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar. Stytting opnunartíma leikskóla og skerðing á þjónustu sem lögð er til mun hafa neikvæð áhrif á fjölmargar fjölskyldur og oft þær fjölskyldur sem hafa minnst bakland og þurfa mest á leikskólavist að halda. Skert þjónusta leikskóla eykur ekki endilega gæðasamverustundir foreldra og barna heldur getur aukið álag á fjölskyldur. Það er jákvætt að farið verður í mótvægisáðgerðir með lengri opnun eins leikskóla í hverju hverfi en þessi breyting mun minnka þjónustu í nærumhverfi íbúa og leiða til meiri aksturs í andstöðu við markmið borgarinnar í umhverfismálum. Niðurstöður jafnréttismatsins sýna líka ótvírætt að stytting opnunartíma hefur meiri áhrif á mæður en feður. Mikilvægt að standa sérstaklega vel að upplýsingamiðlun til foreldra/forráðafólks nú þegar þessi skerðing á þjónustu hefur verið ákveðin. Upplýsingum þarf að miðla á íslensku, ensku, pólsku og algengustu tungumálum foreldra/forráðafólks leikskólabarna í Reykjavík og sérstaklega til þeirra fjölskyldna sem þegar hafa verið að nýta þessa þjónustu. Mikilvægt er að vandað verði til verka þegar mælikvarðar og markmið til þessa að meta áhrif þessa tilraunaverkefnis verða skilgreind og haft verði samráð við fulltrúa foreldra við það.

Áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra í leikskólum lagði fram svohljóðandi bókun:

Vegna mikils álags í starfsumhverfi leikskóla, leikskólakennaraskorts, mikillar starfsmannaveltu og fleiri ytri og innri rekstar-íþyngjandi ástæðum, var farið í vinnu við að bæta starfsumhverfi leikskóla. Settur var á fót starfshópur sem hafði það verkefni að vinna að umbótum og skipulagi leikskólastarfs. Ein af sex tillögum hans, eftir mjög stranga og erfiða vinnu og aðkomu hagaðila, var að leggja til styttri opnunartíma leikskóla um hálf tíma á dag, frá 07:30-17:00 niður í 07:30-16:30. Það er fagnaðarefni að þessi tillaga hefur verið samþykkt í tilraunarskyni næstu tvö árin, en á sama tíma komið til móts við þau börn/fjölskyldur sem nauðsynlega þurfa á lengri vistun að halda með lengri opnum í einum til tveimur leikskólum í hverju hverfi.

Þessi breyting styður við og þéttir faglegt starf, eykur öryggi á starfsstað og minnkar álag og hefur jákvæð áhrif á skólabrag.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um opnunartíma leikskóla

- a) Tillaga stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs varðandi opnunartíma verði samþykkt og taki gildi 1. janúar 2022.
- b) Opnunartími leikskóla borgarinnar verði 7:30 til 16:30 hjá öllum leikskólum frá 1. nóvember 2021.
- c) Opnunartími skilgreindra leikskóla, einn til tveir í hverju hverfi verði frá 7:30 til 17:00 frá 1. janúar 2022 að því gefnu að aðstæður leyfi að teknu tilliti til heimsfaraldursins.
- d) Foreldrar með dvalarsamning fram yfir kl. 16.30 geta í september 2021 tilkynnt hvort þeir óski eftir að halda dvalartímanum eftir 1. janúar 2022. Nú þegar verði hætt að gera dvalarsamninga eða samþykkja breytingar á dvalarsamningum í þá veru að dvalartími fari fram yfir kl. 16:30 nema í þeim leikskólum sem verða skilgreindir sem leikskólar með opnunartíma til kl. 17:00.
- e) Unnið verður með flutningsumsóknir foreldra, sem óska eftir að halda dvalartímanum, inn í þá leikskóla sem verða opnir til kl. 17, áður en unnið verður úr öðrum umsóknum inn í þá leikskóla og flutningur veittur eftir því sem pláss leyfa.
- f) Komi til þess að eftirspurn eftir leikskóla með dvalartíma til kl. 17:00 verði umfram laus pláss fái þeir hópar foreldra forgang sem samkvæmt jafnréttismati frá júní 2020 má áætla að myndu eiga erfiðast með að bregðast við styttri opnunartíma.

Lagt er til að um verði að ræða tveggja ára tilraunaverkefni, frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2024, og verði árangur og reynsla af starfinu metinn á áföngum á tímabilinu. Mælikvarðar og markmið skulu skilgreind nánar í upphafi verkefnis og mat á árangri taki tillit til barna, starfsmanna, stjórnenda, foreldra, þróunar á dvalartíma barna og lykiltölum í rekstri. Þeir leikskólar sem verða opnir til 17:00 fái fjárheimildir til að tryggja fullnægjandi mönnun á lengri opnunartíma skólans.

Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er falið að leggja fram tillögu að breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu eigi síðar en á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. september 2021.

Greinargerð:

Hér er lagt til að gerðar verði breytingar á opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar til samræmis við tillögu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs. Jafnframt er gert ráð fyrir að mætt verði niðurstöðum jafnréttismats. Vísað er til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. ágúst 2021, um forsögu málsins og önnur efnisatriði.



MINNISBLAÐ

Til skóla- og frístundaráðs

Frá skóla- og frístundasviði

Efni: Tillaga varðandi opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar

1. Umbætur og skipulag leikskólastarfs

Á 209. fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. maí 2021 var lögð fram skýrslan *Umbætur og skipulag leikskólastarfs*, tillögur stýrihóps, dags. í maí 2021.

Í skýrslunni eru settar fram 6 tillögur sem snerta eftirfarandi þætti:

1. Dvalartíma barna í leikskólum.
2. Skipulag dagsins.
3. Úthlutunarlíkan leikskóla.
4. Uppbyggingu gjaldskrár.
5. Framtíðarsýn varðandi stærð barnahópa og leik- og heildarrými pr. barn.
6. Aðgerðir til að bregðast við nýliðunarvanda leikskólakennara og koma til móts við mönnunarvanda leikskóla.

Á fundinum var samþykkt svohljóðandi málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Skóla- og frístundaráð leggur til að skýrsla stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs verði send til umsagnar helstu hagsmunaaðila, s.s. foreldraráða og foreldrafélaga leikskóla Reykjavíkurborgar, Félags stjórnenda leikskóla, Félags leikskólakennara, Sameykis, Eflingar, Samtaka foreldra leikskólabarna í Reykjavík og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Jafnframt verði opið umsagnarferli. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að setja í gang vinnu við að móta áætlun um forgangsröðun og innleiðingu tillagna sem fram koma í skýrslu um umbætur og skipulag leikskólastarfs. Óskað er eftir endanlegu fjárhagsmati á tillögunum og að áætlunin feli í sér tímasetta áfanga. Innleiðingaráætlun verði lögð fyrir skóla- og frístundaráð eigi síðar en 22. júní 2021

Skýrslan var send til umsagnar og einnig var opið umsagnarferli kynnt á vef Reykjavíkurborgar. Opið var fyrir umsagnir til miðvikudagsins 9. júní 2021. Sextán umsagnir bárust sem lagðar voru fram á 212. fundi skóla og frístundaráðs þann 22. júní 2021. Ein umsögn til viðbótar barst

nokkru eftir að frestur var liðinn og eftir að umsagnirnar höfðu verið kynntar í skóla- og frístundaráði.

Tillaga stýrihópsins varðandi dvalartíma barna í leikskólum borgarinnar er svohljóðandi:

Lagt er til að opnunartími í leikskólum borgarinnar verði frá kl 7.30 – 16.30, í stað 7.30 -17.00 eins og verið hefur undanfarin ár.

- *Að 1-2 leikskólar í hverju hverfi verði þó opnir til kl 17.00 til að koma til móts við þann hóp foreldra sem þarf á dvöl að halda eftir kl. 16.30.*
- *Til viðbótar er lagt til að dvalartími barna verði að hámarki 9 klukkustundir daglega og að innan vikunnar geti börn haft mismunandi dvalartíma í allt að 42,5 klst. á viku.*
- *Miðað verði við að grunnmönnum leikskóla nái yfir tímann frá kl 8.00 til 16.30 en að þeir leikskólar sem bjóða upp á lengri opnunartíma fái fjárheimildir til að tryggja nauðsynlega mönnun allan opnunartíma leikskólans.*

Í greinargerð stýrihópsins vegna tillögunnar kemur fram að foreldrar fái rúman aðlögunartíma og geti frá 15. ágúst 2021, óskað eftir því að halda núverandi dvalarsamningi barna sinna til september 2022. Þetta eigi einnig við um dvalarsamninga þeirra barna sem voru með dvalartíma eftir 16:30, áður en opnunartími var stytur vegna sóttvarnaáðgerða (Covid-19) og foreldrar breyttu dvalarsamningum sínum af þeim sökum. Frá hausti 2022 taki gildi almennur opnunartími leikskóla frá kl. 7.30-16.30. Framangreindum hópi verði á aðlögunartíma boðið að sækja um flutning á milli leikskóla og nýta opnunartíma til kl. 17:00 í ákveðnum leikskólum víðs vegar í borginni. Börn í þeim hópi fái forgang á flutningi á milli leikskóla áður en ný börn verða tekin inn vegna flutningsumsókna eða af biðlistum fyrir haustið 2022. Þar til nýr opnunartími tekur gildi, verði ekki boðið upp á nýja eða breytta dvalarsamninga um dvalartíma eftir kl. 16:30, nema í þeim leikskólum sem verða opnir til 17:00.

Jafnframt var gert ráð fyrir að þeir leikskólar sem verða opnir til 17:00 fái fjárheimildir til að tryggja fullnægjandi mönnun á lengri opnunartíma skólans. Það ætti einnig við um þá leikskóla sem þyrftu að hafa opið lengur á aðlögunartímanum.

Kostnaðarmat vegna tillagnanna og framkvæmdar hennar var send til umsagnar Fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar. Í umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 6. júlí 2021, kemur fram það mat að bíða ætti með að fara í fulla mönnun frá kl. 8.30-16.30 á aðlögunartímanum þar til nýjar tillögur taka gildi eða til haustsins 2022, þar sem það fæli í sér mikinn kostnaðarauka á sama tíma og krafist er aðhalds í rekstri. Kostnað vegna þessa þáttar breytinganna er að mati fjármála- og áhættustýringarsviðs kr. 79.658.565.-

Með tilliti til framangreinds, niðurstöðu jafnréttismats og umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs er eftirfarandi lagt til:

- a) Tillaga stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs varðandi opnunartíma verði samþykkt og taki gildi 1. janúar 2022.
- b) Opnunartími leikskóla borgarinnar verði 7:30 til 16:30 hjá öllum leikskólum frá 1. nóvember 2021.
- c) Opnunartími skilgreindra leikskóla, einn til tveir í hverju hverfi verði frá 7:30 til 17:00 frá 1. janúar 2022 að því gefnu að aðstæður leyfi að teknu tilliti til heimsfaraldursins.

- d) Foreldrar með dvalarsamning fram yfir kl. 16.30 geta í september 2021 tilkynnt hvort þeir óski eftir að halda dvalartímanum eftir 1. janúar 2022. Nú þegar verði hætt að gera dvalarsamninga eða samþykkja breytingar á dvalarsamningum í þá veru að dvalartími fari fram yfir kl. 16:30 nema í þeim leikskólum sem verða skilgreindir sem leikskólar með opnunartíma til kl. 17:00.
- e) Unnið verður með flutningsumsóknir foreldra, sem óska eftir að halda dvalartímanum, inn í þá leikskóla sem verða opnir til kl. 17, áður en unnið verður úr öðrum umsóknum inn í þá leikskóla og flutningur veittur eftir því sem pláss leyfa.
- f) Komi til þess að eftirspurn eftir leikskóla með dvalartíma til kl. 17:00 verði umfram laus pláss fái þeir hópar foreldra forgang sem samkvæmt jafnréttismati frá júní 2020 má áætla að myndu eiga erfiðast með að bregðast við styttri opnunartíma.

Lagt er til að um verði að ræða tveggja ára tilraunaverkefni og verði árangur og reynsla af starfinu metin á áföngum á tímabilinu. Mælikvarðar og markmið skulu skilgreind nánar í upphafi verkefnis og mun mat á árangri taka tillit til barna, starfsmanna, stjórnenda, foreldra, þróunar á dvalartíma barna og lykiltölum í rekstri. Þeir leikskólar sem verða opnir til 17:00 fái fjárheimildir til að tryggja fullnægjandi mönnun á lengri opnunartíma skólans.

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu er gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi einn mánuður hið minnsta og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningum. Má því gera ráð fyrir að framangreint eigi við í þeim tilfellum þar sem ekki er gerð viðeigandi breyting á dvalarsamningi af hálfu foreldra.

2. Reglur um leikskólaþjónustu


Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. janúar 2020 var lögð fram tillaga um breytingu á reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu hvað varðar opnunartíma leikskóla. Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Á fundi borgarráðs þann 23. janúar 2020 var lagt til í samráði við stýrihóp skóla- og frístundasviðs um umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík fari fram ítarlegt jafnréttismat á tillögu um breytta opnunartíma á leikskólum.

Niðurstöður jafnréttismatsins kveða á um að sá hópur foreldra sem muni eiga erfiðast með að bregðast við styttri opnunartíma sé fólk sem hefur minnstan sveigjanleika í vinnu og sé það helst fólk af erlendum uppruna og þeir sem sögðu að vaktavinna skipti máli í ákvörðun um að kaupa dvalartíma eftir klukkan 16:30. Einnig mun breytingin hafa verst áhrif á foreldra sem hafa lokið iðn-, tækni- eða stúdentsprófi og þar sem heildartekjur heimilis eru á bilinu 550-799 þúsund.

Gera þarf breytingar á reglum um leikskólaþjónustu sem mætir því sem fram kemur í ofangreindri tillögu um opnunartíma. Gert er ráð fyrir að tillaga um breytingar á reglunum verði lögð fyrir skóla- og frístundaráð á fundi ráðsins þann 14. september 2021.

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu er gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi einn mánuður hið minnsta og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningum. Má því gera ráð



Umsögn

Til: Sviðstjóra skóla- og frístundasviðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Tillaga stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs um breyttan opnunartíma leikskóla

Skóla- og frístundasvið hefur óskað eftir umsögn vegna tillögu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs um breyttan opnunartíma leikskóla.

Tillagan felur í sér að opnunartími í leikskólum borgarinnar verði frá kl. 07:30-16:30, í stað 07:30-17:00. Gert er ráð fyrir að full mönnun verði frá 08:30-16:30. Þá er gert ráð fyrir því að 1-2 leikskólar í hverju hverfi verði opnir til 17:00 til að koma á móts við þann hóp foreldra sem þarf á dvöl að halda eftir kl. 16:30. Gert er ráð fyrir að tillagan taki gildi frá og með hausti 2022. Kostnaður á ársgrundvelli er metinn 42,5 m.kr. vegna þessara aðgerða. Kostnaðurinn verður til vegna yfirvinnu í 30 mín. hjá fjórum starfsmönnum í hverjum leikskóla sem manna opnun frá 16:30-17:00. Gert er ráð fyrir að 11 leikskólar verði með slíka opnum og því 44 starfsmenn sem myndu fá greidda yfirvinnu.

Auk þess er óskað eftir því að full mönnun hefjist strax skólaárið 2021-2022 hjá þeim skólum sem hafa opið til kl. 17:00. Þetta eru 45 leikskólar. Ekki fylgi kostnaðarmat með þeirri ósk.

Samkvæmt SFS er í dag 247 börn með dvalarsamning lengur en til 16:30. Tillagan gerir ráð fyrir að öll þau börn sem eru núna með samninga til kl. 17:00 flytjist yfir í þá 11 leikskóla sem munu bjóða upp á vistun til kl. 17:00 eftir breytingarnar. Meðal barngildi á hvern starfsmann er um 6 börn og því er gert ráð fyrir að þurfa 4 starfsmenn í hverjum skóla þar af tveimur stjórnendum og tveimur almennum starfsmönnum. Meðal yfirvinnulaun á mánuði eru metnar 80.463 kr.

Meðal yfirvinnulaun með launatengdum gjöldum fyrir 30 mín á dag	
Stjórnandi, pr. mánuð	104.233
Starfsmaður, pr. mánuð	56.694
Meðal laun:	80.464

Fjármála- og áhættustýringarsvið telur að komast mætti af með einn stjórnanda og þrjá almenna starfsmenn og þá væri meðal launin 68.579 kr. Í útreikningum frá starfshópnum er

gert ráð fyrir greiddri yfirvinnu í 12 mánuði á ári. Fjármála- og áhættustýringarsvið tekur ekki undir þá nálgun enda leikskólar lokaðir í 4 vikur á sumrin og því megi gera ráð fyrir að einungis sé greidd yfirvinna vegna 11 mánaða á ári.

Kostnaðaráhrif tillögu að mati FAS	
Stjórnandi, pr. mánuð	104.233
Starfsmaður, pr. mánuð	56.694
<i>Meðal laun</i>	68.579
Fjöldi leikskóla með opnun til 17:00	11
Fjöldi starfsmanna pr. leikskóla eftir 16:30	4
Kotnaður á mánuði	3.017.465
Kostnaður á ári	33.192.115

Mikilvægt væri að taka stöðuna þegar skráningar í vistun til kl. 17:00 haustið 2022 liggja fyrir í þessum 11 leikskólum eftir að breytingin tæki gildi til að meta hver væri raun þörfin. Telja má líklegt að ekki muni allir þiggja það að fá vistun eftir 16:30 ef það þarf að færa barnið í annan leikskóla.

Varðandi tillöguna að full mönnun kl. 08:30 taki strax gildi frá haustinu 2021 í öllum þeim skólum sem nú þegar bjóða opnun til 17:00. Tillagan var ekki kostnaðarmetin en fjármála- og áhættustýringarsvið hefur metið tillöguna á um 79,7 m.kr. fyrir skólaárið 2021-2022. Um er að ræða fulla mönnun frá 08:30 í 45 leikskólum í 11 mánuði og greiða yfirvinnu í 30 mín á dag fyrir tvo starfsmenn.

Kostnaðaráhrif við fulla mönnun frá hausti 2021 að mati FAS	
Stjórnandi, pr. mánuð	104.233
Starfsmaður, pr. mánuð	56.694
<i>Meðal laun</i>	80.464
Fjöldi leikskóla með opnun til 17:00	45
Fjöldi starfsmanna pr. leikskóla eftir 16:30	2
Kotnaður á mánuði	7.241.715
Kostnaður á ári	79.658.865

Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að bíða ætti með að fara í fulla mönnun frá 08:30-16:30 fyrr en að nýjar tillögur myndi taka gildi haustið 2022 þar sem það felur í sé mikinn kostnaðarauka á sama tíma og krafist er aðhalds í rekstri.

Halldóra Káradóttir,

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.



Umsögn

Til: Sviðstjóra skóla- og frístundasviðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Endurskoðuð tillaga stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs um breyttan opnunartíma leikskóla

Skóla- og frístundasvið hefur óskað eftir umsögn vegna endurskoðaða tillögu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs um breyttan opnunartíma leikskóla.

Tillagan felur í sér að opnunartími í leikskólum borgarinnar verði frá kl. 07:30-16:30, í stað 07:30-17:00. Gert er ráð fyrir að full mönnun verði frá 08:30-16:30. Þá er gert ráð fyrir því að allt að 11 leikskólar í verði opnir til 17:00 til að koma á móts við þann hóp foreldra sem þarf á dvöl að halda eftir kl. 16:30. Gert er ráð fyrir að tillagan taki gildi frá 1. janúar 2022. Kostnaður á ársgrundvelli er metinn 42,5 m.kr. vegna þessara aðgerða. Kostnaðurinn verður til vegna yfirvinnu í 30 mín. hjá fjórum starfsmönnum í hverjum leikskóla sem manna opnun frá 16:30-17:00. Gert er ráð fyrir að 11 leikskólar verði með slíka opnum og því 44 starfsmenn sem myndu fá greidda yfirvinnu.

Samkvæmt SFS er í dag 176 börn með dvalarsamning lengur en til 16:30. Tillagan gerir ráð fyrir að foreldrar geti í september 2021 óskað eftir að halda dvalartímanum eftir 1. janúar 2022 að því gefnu að barnið sé í eða hafi fengið flutning í leikskóla sem er opinn til klukkan 17:00. Meðal barngildi á hvern starfsmann er um 6 börn og því er gert ráð fyrir að þurfa 4 starfsmenn í hverjum skóla þar af tveimur stjórnendum og tveimur almennum starfsmönnum. Meðal yfirvinnulaun á mánuði eru metnar 80.463 kr.

Meðal yfirvinnulaun með launategdum gjöldum fyrir 30 mín á dag	
Stjórnandi, pr. mánuð	104.233
Starfsmaður, pr. mánuð	56.694
Meðal laun:	80.464

Fjármála- og áhættustýringarsvið telur að komast mætti af með einn stjórnanda og tvo almenna starfsmenn og þá væri meðal launin 72.540 kr. miðað við meðal barngildi á hvern starfsmann er 6 og 176 börn með dvalarsamning lengur en 16:30. Í útreikningum frá starfshópnum er gert ráð fyrir greiddri yfirvinnu í 12 mánuði á ári. Fjármála- og áhættustýringarsvið tekur ekki undir þá nálgun enda leikskólar lokaðir í 4 vikur á sumrin og því megi gera ráð fyrir að einungis sé greidd yfirvinna vegna 11 mánaða á ári.

Kostnaðaráhrif tillögu að mati FAS	
Stjórnandi, pr. mánuð	104.233
Starfsmaður, pr. mánuð	56.694
<i>Meðal laun</i>	72.540
Fjöldi leikskóla með opnun til 17:00	11
Fjöldi starfsmanna pr. leikskóla eftir 16:30	3
Kostnaður á mánuði	2.393.831
Kostnaður á ári	26.332.141

Mikilvægt væri að taka stöðuna þegar skráningar í vistun til kl. 17:00 1. janúar 2022 liggja fyrir í þessum 11 leikskólum eftir að breytingin tæki gildi til að meta hver væri raun þörfin. Telja má líklegt að ekki muni allir þiggja það að fá vistun eftir 16:30 ef það þarf að færa barnið í annan leikskóla. Fjármála- og áhættustýringarsvið minnir á að krafist er aðhalds í rekstri.

Halldóra Káradóttir,

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Umbætur og skipulag leikskólastarfs



„Við ætlum að bæta starfsumhverfi í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum með því að bæta kjör starfsfólks, stytta vinnuvikuna, minnka álag, draga úr skriffinnsku og auka faglegt frelsi fólks.“

Tillögur stýrihóps maí 2021

Inngangur	2
Tillögur í hnotskurn	3
Stýrihópurinn og vinna hans	4
Margvíslegar áskoranir leikskóla	5
Tillögur um umbætur og skipulag leikskólastarfs	6
1. Dvalartími barna í leikskólum borgarinnar	6
2. Skipulag dagsins	13
3. Úthlutunarlíkan leikskóla	14
4. Uppbygging gjaldskrár	15
5. Framtíðarsýn varðandi stærð barnahópa og leik- og heildarrými pr. barn	15
6. Aðgerðir til að bregðast við nýliðunarvanda leikskólakennara og koma til móts við mönnunarvanda leikskóla	15
Bakgrunnsgögn	17
1. Reynsla leikskólastjóra af áhrifum opnunartíma til kl. 16:30 á leikskólastarf	17
2. Niðurstöður jafnréttismats vegna styttingar opnunartíma - samantekt	20
3. Þróun á dvalartíma barna	23
4. Dvöl hefst og dvöl lýkur – samanburður	24
5. Fjöldi keyptrá tíma	24
6. Fjöltýngd börn með dvalarsamning sem lýkur eftir kl. 16:30	26
7. Afsláttur vegna aðstæðna foreldra - fjöldi barna með dvöl eftir kl. 16:30	27
8. Nýliðunarvandi leikskólakennara	28
9. Áhrif sem eitt leyfisbréf getur haf á leikskólastarfið og hlutfall starfandi leikskólakennara í leikskólum	30
10. Tölfræði – stöðugildi og hlutfall ýmissa hópa í leikskólum	31
11. Nýir kjarasamningar	33
12. Opnunartími í öðrum sveitarfélögum og sjálfstætt starfandi leikskólum	33
13. Hvaða leikskólar eiga að vera opnir til kl. 17:00?	34
14. SVÓT greining á opnunartíma og mótvægisáðgerðum	35
15. Fyrri greiningar sem gerðar hafa verið á rekstrar- og starfsumhverfi leikskólakennara.	40
Fylgiskjöl, skýrslur, gögn – yfirlit	41
Heimildaskrá	42

Inngangur

Eitt helsta markmið Reykjavíkurborgar undanfarin ár hefur verið að bæta starfsumhverfi starfsfólks og barna í leikskólum. Vorið 2018 voru samþykktar fjölmargar aðgerðir í þá veru sem lagðar voru fram í skýrslu starfshóps um bætt starfsumhverfi leikskólakennara. Þeim aðgerðum var m.a. ætlað að bregðast við auknu álagi á starfsfólk leikskóla, s.s. vegna mönnunarvanda og skorts á fagfólki á undanförunum árum.

Þessi stefna er áréttuð í samstarfssáttmála núverandi meirihluta borgarstjórnar þar sem segir í kaflanum um skóla- og frístundamál:

„Við ætlum að bæta starfsumhverfi í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum með því að bæta kjör starfsfólks, stytta vinnuvikuna, minnka álag, draga úr skriffinnsku og auka faglegt frelsi fólks.“

Stýrihópurinn sem hér skilar af sér hafði þetta að leiðarljósi og taka tillögurnar sem lagðar eru fram mið af þessari stefnu. Markmið hópsins hefur verið að skoða leiðir til að auka fagmennsku í leikskólum, draga úr álagi á börn og starfsfólk og tryggja gæði leikskólastarfs með þarfir barna í huga.

Áætlanir liggja fyrir um að fjölga leikskólum í borginni og þar af leiðandi leikskólalássnum, börnum og starfsmönnum leikskóla. Í nýjum sem eldri leikskólum þarf að stuðla að því að starfsumhverfið ýti undir starfsmannatrygð og dragi úr nýliðunarvanda, manneklu og starfsmannaveltu. Gott starfsumhverfi mun gera leikskóla borgarinnar að eftirsóttum starfsvettvangi, stuðla að stöðugleika í námsumhverfi barnanna og styðja við þroska þeirra og vellíðan.

Á meðan stýrihópurinn var að störfum tók stytting vinnuvikunnar gildi, bæði hjá starfsmönnum Reykjavíkurborgar og á hinum almenna vinnumarkaði. Áhrif þess má sjá í þessari skýrslu. Hópurinn telur mikilvægt að stytta dvöl barna í leikskólanum samhliða því sem vinnuvikan styttist í atvinnulífinu. Hann telur einnig mikilvægt að brugðist verði við fjölbreyttum þörfum foreldra, líkt og kom fram í foreldrakönnun og í jafnréttismati á fyrri tillögu um að stytta opnunartíma leikskóla.

Diljá Ámundadóttir Zoega, formaður stýrihóps.

Tillögur í hnotskurn

1. Dvalartími barna í leikskólum borgarinnar

Lagt er til að opnunartími leikskóla borgarinnar verði frá kl. 07:30-16:30, í stað 07:30-17:00 eins og verið hefur undanfarin ár.

- ✓ 1-2 leikskólar í hverju hverfi verði þó opnir til kl. 17:00 til að koma til móts við þann hóp sem þarf á dvöl að halda eftir kl. 16:30.
- ✓ Til viðbótar er lagt til að dvalartími barna verði að hámarki 9 klukkustundir daglega og að innan vikunnar geti börn haft mismunandi dvalartíma í allt að 42,5 klst. í viku.
- ✓ Miðað verði við að grunnmönnum leikskóla nái til vinnudags frá kl. 8.00 til 16.30 en að þeir leikskólar sem bjóða upp á lengri opnunartíma fái fjárheimildir til að tryggja nauðsynlega mönnun allan opnunartíma leikskólans.

2. Skipulag dagsins

Lagt er til að skipulag starfs með börnum í leikskólum Reykjavíkurborgar verði með þeim hætti að meginþungi faglegs starfs í gegnum leik og viðfangsefni barna með íhlutun leikskólakennara, sem byggð eru á aðalnámskrár leikskóla, stefnu, hugmyndafræði og námskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar, fari fram á tímanum frá kl. 8:30-14:00. Fyrir klukkan 8:30 og eftir kl. 14:00 verði óformlegra skipulag, sem einkennist af frjálsum, sjálfsprottnum leik með áherslu á grunnþarfir barna, öryggi, umhyggju, vellíðan og einstaklingsbundna aðstoð eftir atvikum.

3. Úthlutunarlíkan

Lagt er til að sem fyrst verði hafist handa við að endurskoða úthlutunarlíkan leikskóla. Áhersla er lögð á að sú vinna taki mið af því þjónustustigi sem leikskólar veita og sé breytingum háð í því lífandi umhverfi sem leikskólar starfa í. Meðal annars verði horft til aukinnar starfsemi, þjónustu og ábyrgðar starfsfólks leikskóla á ýmsum sviðum, aðstæðna í rekstrarumhverfi og aðgerða sem snúa að því hvernig borgin getur brugðist við skorti á leikskólakennurum.

4. Uppbygging gjaldskrár

Hvítbókarvinna stendur yfir um uppbyggingu og innra samræmi gjaldskráa SFS sem verður lögð til grundvallar vinnu stýrihóps um sama efni. Stýrihópur um umbætur og skipulag leikskólustarfs leggur því ekki fram tillögur hvað þetta varðar.

5. Framtíðarsýn um stærð barnahópa og leik- og heildarrými á hvert barn

Starfshópur menntamálaráðuneytisins um styrkingu leikskólustigsins hefur nú lagt fram tillögur um að sett verði viðmið um fjölda fermetra í leikrými á hvert barn og viðmið um hámarksfjölda barna á deild, út frá aldri þeirra og hagsmunum. Stýrihópurinn tekur undir mikilvægi þess að farið verði í þessa vinnu og í kjölfarið unnið að innleiðingu þeirra viðmiða í leikskólum borgarinnar.

6. Aðgerðir til að bregðast við nýliðunarvanda leikskólakennara og koma til móts við mönnunarvanda

- ✓ Tillögur í skýrslu um faglega stöðu stjórnenda í skóla- og frístundastarfi
- ✓ Tillögur skýrslu stýrihóps um fagumhverfi leikskólakennara
- ✓ Tillögur í skýrslu starfshóps mennta- og menningarmálaráðuneytisins um styrkingu leikskólustigsins
- ✓ Skoða með hvaða hætti megi nýta fagþekkingu þeirra leikskólakennara sem starfandi eru í leikskólum borgarinnar í stærra samhengi
- ✓ Þjálfun nýliða. Áhersla á miðlæg nýliðanámskeið.
- ✓ Leitað verði leiða til að jafna aðstöðumun varðandi kröfur sem gerðar eru til ófaglærðra starfsmanna sem sinna uppeldi og menntun barna í leikskólum annars vegar og grunnskólum hins vegar.

Stýrihópurinn og vinna hans

Stýrihópur um umbætur og skipulag leikskólastarfsins var settur á fót með samþykkt skóla- og frístundaráðs á tillögu þess efnis 8. október 2019. Samkvæmt erindisbréfi hefur „hópurinn það markmið að skoða leiðir til að auka fagmennsku, minnka álag á börn og starfsfólk og tryggja gæði starfsins með þarfir barnanna í huga.“

Hópnum var uppálagt að skoða sérstaklega eftirfarandi þætti:

- opnunartíma leikskóla borgarinnar og samræmi þeirra við úthlutun stöðugilda.
- dvalartíma barna, bæði keyptar stundir og raunnýtingu.
- meta kosti og galla úthlutunar stöðugilda á grunni barngilda og leggja mat á hvort gera eigi breytingar á henni.
- skipulag starfsdagsins og áhrif tilraunaverkefna sem unnin hafa verið varðandi breytt skipulag.
- framtíðarsýn varðandi stærð barnahópa og leik- og heildarrými pr. barn.
- uppbyggingu gjaldskrár.
- hvernig bregðast megi við þeirri staðreynd að nýliðun leikskólakennara fullnægir ekki eftirspurn.
- áhrif sem eitt leyfisbréf getur haft á leikskólastarfið og hlutfall starfandi leikskólakennara í leikskólum.

(Sjá nánar í erindisbréf í fylgiskjali 1)

Stýrihópurinn átti að leggja fram áfangaskýrslu í skóla- og frístundaráði fyrir 1. desember 2019 og lokaskýrslu fyrir 1. mars 2020. Hópurinn hafði jafnframt heimild til að koma með tillögur jafnóðum eftir þörfum og lagði fram tillögu um styttri opnunartíma leikskóla í áfangaskýrslu stýrihópsins á fundi skóla- og frístundaráðs í janúar 2020. Tillagan var umdeild og fól borgarráð stýrihópnum að láta framkvæma ítarlegt jafnréttismat ásamt könnun til foreldra um opnunartíma og voru niðurstöður lagðar fram í júní 2020. Borgarráð óskaði í kjölfarið eftir því að stýrihópurinn legði fram umsögn um jafnréttismatið og samhliða þeirri vinnu lét stýrihópurinn gera könnun meðal leikskólastjórnenda um reynslu þeirra af styttnum opnunartíma vegna sóttvarnaraðgerða (Covid-19). Umsögnin var lögð fyrir borgarráð í október 2020. Hópurinn fundaði alls 32 sinnum á tímabilinu frá nóvember 2019 til maí 2020.

Stýrihópurinn skipuðu:

- Skúli Þór Helgason, gegndi formennsku til janúar 2021 er hann lét af störfum í hópnum
- Diljá Ámundadóttir er formaður og tók við formennsku af Skúla Helgasyni
- Alexandra Briem, kom inn í hópinn í janúar 2021
- Örn Þórðarson, kom inn í hópinn haustið 2020, vék sæti í mars 2021
- Marta Guðjónsdóttir, kom inn í hópinn í febrúar 2020, vék sæti haustið 2020
- Egill Þór Jónsson, vék sæti í janúar 2020

Með hópnum störfuðu:

- Anna Margrét Ólafsdóttir, leikskólastjóri í Nóaborg
- Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjóri í Kvistaborg
- Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskóla
- Sigríður Sigurjónsdóttir, leikskólakennari í Rauðhóli
- Valborg Hlín Guðlaugsdóttir, leikskólastjóri í Langholti

Aðrir sérfræðingar á skrifstofu skóla- og frístundasviðs eru kallaðir til starfa og gagnaöflunar eftir þörfum, s.s. mannauðsráðgjafar, fjármálasérfræðingar og sérfræðingar frá skrifstofu sviðsstjóra. Starfsmaður hópsins og verkefnastjóri var Guðlaug Gísladóttir, MPM í verkefnastjórnun.

Eins og stýrihópi var uppálagt í erindisbréfi var leitað ráðgjafar hjá fjölmörgum aðilum á tímabilinu og rýnt í íslenskar sem erlendar skýrslur, opinber gögn og umsagnir vegna jafnréttismats. Meðal þeirra sem voru gestir á fundum hópsins voru: Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á kjarasviði Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara, Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, þróunarfulltrúi á skólaskrifstofu Hafnarfjarðar; Gunnhildur Sæmundsdóttir, skólafulltrúi og staðgengill framkvæmdastjóra fræðslusviðs Mosfellsbæjar; Harpa Ólafsdóttir, skrifstofustjóri kjaramála á mannauðs og starfsumhverfissviði; Ragnheiður Stefánsdóttir, mannauðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Þórunn Gyða Björnsdóttir, leikskólastjóri í Rofaborg; Kristín Helgadóttir, leikskólastjóri í Lyngheimum, og vegna jafnréttismats Freyja Barkadóttir, verkefnastýra kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar á fjármála- og áhættustýringarsviði og Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur.

Margvíslegar áskoranir leikskóla

Mörg undanfarin ár hafa leikskólar á Íslandi átt undir högg að sækja í daglegum rekstri. Jafnan berast fréttir af því að erfiðlega gangi að ráða inn hæft starfsfólk og ítrekað hafa leikskólar þurft að grípa til þess að skerða þjónustu um lengri og skemmri tíma. Leikskólastjórar hafa ítrekað bent á erfiðleika í rekstri. Skortur á fagfólki, há starfsmannavelta, mönnunarvandi og álag sem m.a. skapast vegna langs opnunartíma, auk skamm- og langtíma veikinda starfsmanna, hafa staðið leikskólastarfinu fyrir þrífum. Erfiðar starfsaðstæður sem skapast vegna fækkunar leikskólakennara sem er fylgifiskur lítilli endurnýjun í stéttinni á móti hækkandi aldri starfandi leikskólakennara. Þá hafa ný lög um eitt leyfisbréfi þvert á skólastig kynt undir áhyggjur af atgervisflótta úr stéttinni þar sem verulegur aðstöðumunur er í starfsumhverfi á milli skólastiga (sjá nánar um þróun í leikskólakennarastéttinni í bakgrunnsgögnum í liðum [8](#), [9](#) og [10](#)). Benda má á ýmis dæmi þess að enginn leikskólakennari sækir um lausar kennarastöður, stöður deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

Áskoranir sem leikskólarnir standa frammi fyrir hvað varðar starfsfólk og stjórnendur

- Skortur á leikskólakennurum
- Nýliðun leikskólakennara fullnægir ekki eftirspurn
- Lítil aðsókn í leikskólakennaranám undanfarinn áratug
- Mannekla/samkeppni um starfsfólk
- Mikið álag, streita og kulnun í starfi
- Eitt leyfisbréf fyrir öll skólastigin (lög)
- Stytting vinnuvikunnar (kjarasamningar)
- Aukinn undirbúningstími starfsmanna leikskóla (kjarasamningar)
- Aðbúnaður starfsfólks í leikskólum er varðar kennslu og undirbúnings, fundahalds, hvíldaraðstöðu og tækjabúnað
- Mikil starfsmannavelta sem hefur áhrif á stöðugleika í starfseminni
- Opnun nýrra leikskóla og nýrra leikskóladeilda sem kallar á fleira fagfólk/mannafla

Áskoranir sem leikskólar standa frammi fyrir hvað varðar börnin og aðbúnað þeirra

- Öryggi og vellíðan barna í leikskólanum
- Faglegt starf, menntandi og eflandi uppeldi
- Opnunartími, dvalartími barna og skipulag dagsins
- Fjölbreytni barnahópsins, ólíkar þarfir einstaklinga
- Aðalnámskrá leikskóla og menntastefna Reykjavíkurborgar
- Aðbúnaður barna er varðar húsnæði, leikefni og fjölbreytta aðstöðu til náms, leiks og hvíldar
- Ólíkar þarfir foreldra hvað varðar dvalartíma barna

Tillögur um umbætur og skipulag leikskólastarfs

1. Dvalartími barna í leikskólum borgarinnar

- Lagt er til að opnunartími í leikskólum borgarinnar verði frá kl. 07:30-16:30, í stað 07:30-17:00 eins og verið hefur undanfarin ár.
- Að 1-2 leikskólar í hverju hverfi verði þó opnir til kl. 17:00 til að koma til móts við þann hóp foreldra sem þarf á dvöl að halda eftir kl. 16:30.
- Til viðbótar er lagt til að dvalartími barna verði að hámarki 9 klukkustundir daglega og að innan vikunnar geti börn haft mismunandi dvalartíma í allt að 42,5 klst. í viku.
- Miðað verði við að grunnmönnum leikskóla nái yfir tímann frá kl. 8.00 til 16.30 en að þeir leikskólar sem bjóða upp á lengri opnunartíma fái fjárheimildir til að tryggja nauðsynlega mönnun allan opnunartíma leikskólans.

Rökstuðningur

Samkvæmt erindisbréfi hefur stýrihópurinn „það markmið að skoða leiðir til að auka fagmennsku, minnka álag á börn og starfsfólks og tryggja gæði starfsins með þarfir barnanna í huga.“

Það er mat stýrihópsins að með því stytta opnunartíma sé hægt að ná verulegum umbótum í skipulagi leikskólastarfsins og bæta daglegt umhverfi barna og starfsfólks. Hópurinn telur jafnframt, í ljósi takmarkaðrar nýtingar á keyptum dvalartíma barna eftir kl. 16:30 á daginn, að sú framkvæmd kæmi sér best fyrir heildina. Þar með mætti bæta þjónustu við flest börn sem dvelja í leikskólum, þetta fagstarfið á opnunartíma leikskólans, auðvelda mönnun og draga úr álagi á börn og starfsfólk. Einnig mætir það þörfum sem skapast við aukinn undirbúningstíma starfsmanna leikskóla.

Niðurstöður könnunar meðal leikskólastjóra um áhrif lokunar kl. 16:30 á starfsemi leikskólans renna styrkum stoðum undir tillögu stýrihópsins um að stytta opnunartímann. Heilt yfir er reynt leikskólastjóra mjög jákvæð, en þar lýsa um 95% jákvæðum eða mjög jákvæðum áhrifum á leikskólastarfið, börnin, starfsfólkið, stjórnendur, faglegt starf og leikskólabrag. Opin svör leikskólastjóra endurspeglu jafnframt þær skoðanir sem þeir hafa haft um kosti þess að loka leikskólum kl. 16:30 (bakgrunnsgögn, [liður 1](#)).

Í ljósi niðurstöðu jafnréttismats (bakgrunnsgögn [liður 2](#) og [fylgiskjal 4](#)) um neikvæð áhrif styttri opnunartíma á jafnrétti kynja, auk niðurstaðna foreldrakönnunar um að styttri opnunartími muni hafa verulega neikvæð áhrif á ákveðna hópa, telur stýrihópurinn að raunhæfasti kosturinn um mótvægisáðgerðir við styttri opnunartíma sé að 1-2 leikskólar í hverju hverfi bjóði upp á lengri opnunartíma, til kl. 17.00, sem allir foreldrar geti nýtt sér ef þörf krefur (bakgrunnsgögn [liður 14](#)). Út frá tölulegum gögnum er það mat hópsins að slíkt fyrirkomulag fullnægi eftirspurn fyrir dvalartíma eftir kl. 16:30 og hafi jákvæð áhrif á samsetningu barnahópsins sem dvelur á þeim tíma (bakgrunnsgögn [liðir 3, 4, 5, 6 og 7](#)).

Tölur sýna að nánast öll börn dvelja í leikskólanum á milli kl. 8.30 og 16.00 og af þeim sökum þarf fulla mönnun þann tíma. Að lágmarki tveir starfsmenn opna leikskólann kl. 7.30 og hafa þá lokið sinni dagvinnu kl. 15.30. Mikilvægt er að í fjárhagsramma leikskólans sé gert ráð fyrir álagsgreiðslu til þeirra starfsmanna á tímanum milli kl. 7.30 og 8.00 og einnig yfirvinnu á bilinu 15.30 til 16.00. Á sama hátt þarf að reikna með að lágmarki tveimur starfsmönnum í hvert hús á opnunartíma leikskóla frá kl. 16.30 - 17.00. Á þeim tíma verði því að auki úthlutað fjármagni til þeirra leikskóla sem verða opnir til 17:00, enda verði grunnvinnutími starfsmanna á tímanum frá 8:00-16:30.

Að lokum þarf að tryggja fjármagn fyrir þeim kostnaði sem skapast vegna undirbúnings opunar og frágangs við lokun leikskóla og starfsstöðvar þeirra dag hvern, en það gefur auga leið að starfsfólk þarf að mæta fyrir kl. 7.30 til að opna leikskólann og loka húsinu eftir kl. 17:00. Athuga skal að ekki er “skellt í lás” kl. 17.00 ef foreldrar eru enn í húsi að sækja börn sín.

Erfiðleikar hafa verið við að manna leikskóla á jaðartímanum milli kl. 16:30 og 17:00. Stýrihópurinn telur að með yfirvinnugreiðslum á þeim tíma, verði sá vinnutími meira aðlaðandi fyrir þá starfsmenn sem hafa áhuga á að bæta launin sín og geri jafnvel þann tíma eftirsóknarverðari fyrir tímavinnustarfsmenn/skólafólk. Þar að auki tryggir það leikskólum það fjármagn sem þarf til að fullmanna leikskólann á þeim tíma sem megnið af börnunum dvelur í húsi og bætir þannig öryggi barna, fagstarf og leikskólabrag.

Nánari útfærsla:

Foreldrar fá rúman aðlögunartíma að breytingunni og geti, frá 15. ágúst nk., óskað eftir því að halda núverandi dvalarsamningi barna sinna til september 2022. Þetta á einnig við um dvalarsamninga þeirra barna sem voru með dvalartíma eftir 16:30, áður en opnunartími var stytur vegna sóttvarnaraðgerða (Covid-19) og foreldrar breyttu dvalarsamningum sínum af þeim sökum. Frá hausti 2022 taki gildi almennur opnunartími leikskóla frá kl. 7.30-16.30. Framangreindum hópi verði á aðlögunartíma boðið að sækja um flutning á milli leikskóla og nýta opnunartíma til kl. 17:00 í ákveðnum leikskólum víðs vegar í borginni. Börn í þeim hópi fá forgang á flutning á milli leikskóla áður en ný börn verða tekin inn vegna flutningsumsókna eða af biðlistum fyrir haustið 2022. Þar til nýr opnunartími tekur gildi, verði ekki boðið upp á nýja eða breytta dvalarsamninga um dvalartíma eftir kl. 16:30, nema í þeim leikskólum sem verða opnir til 17:00.

Um tveggja ára tilraunaverkefni verði að ræða og verður árangur og reynsla af starfinu metin á áföngum á tímabilinu. Mælikvarðar og markmið skulu skilgreind nánar í upphafi verkefnis og mun mat á árangri taka tillit til barna, starfsmanna, stjórnenda, foreldra, þróunar á dvalartíma barna og lykiltölum í rekstri.

Þeir leikskólar sem verða opnir til 17:00 fá fjárheimildir til að tryggja fullnægjandi mönnun á lengri opnunartíma skólans. Það á einnig við um þá leikskóla sem þurfa að hafa opið lengur á aðlögunartíma.

Hópurinn hefur lauslega skoðað til hvaða leikskóla ætti að horfa varðandi opnun til kl. 17.00 út frá dreifingu leikskólanna í borginni, stærð þeirra og fjölda húsa, auk fjölda dvalarsamninga fram yfir kl. 16.30. Sú vinna þarfnast nánari rýni áður en ákvörðun er tekin (bakgrunnsgög [liður13](#)).

Kostnaðarmat:

Hér á eftir eru settar upp nokkrar sviðsmyndir um áætlaðan kostnað út frá fjölda opinna leikskóla og tveggja starfsmanna að lágmarki við störf á milli 16:30 og 17:00. Í neðangreindum útreikningi er aðeins miðað við að starfsemi leikskóla sé í einu húsi en ef leikskóli er með 2-3 hús þá kallar það á meiri kostnað. Sem áður segir þarf að lágmarki tvo starfsmenn til að manna hvert hús. Laun starfsmanna eru reiknuð út frá núgildandi kjarasamningum og miðuð við meðalkostnað launa FL stjórnenda annars vegar og Eflingar starfsmanna hins vegar. Almennt er þörf fyrir viðveru reynslumikilla starfsmanna við opnun og lokun leikskóla og þarf að miða laun og launatengd gjöld út frá þeim forsendum. Kostnaður er sýndur í krónum.

Í töflunni hér að neðan má sjá viðbótarkostnað fyrir hvern starfsmann, hvern leikskóla/hús sem opin eru ásamt kostnaði við að hafa alla 63 leikskóla borgarinnar opna lengur. Leikskólarnir starfa samanlagt í 98 húsum.

A 10 leikskólar opnir til 17:00, 20 starfsmenn, yfirvinna 30 mín. Hámark 160 5 ára börn/ 80 1 árs börn.				
		Dagur	Mánuður	Ár
	Stjórnandi (FL)	96.200	2.084.650	25.015.850
	Starfsmaður (Efling)	52.330	1.133.880	13.606.590
	Meðaltalslaun:	74.265	1.609.265	19.311.220
B 15 leikskólar opnir til 17:00; 30 starfsmenn, yfirvinna 30 mín. Hámark 240 5 ára börn/ 120 1 árs börn.				
		Dagur	Mánuður	Ár
	Stjórnandi (FL)	144.300	3.126.975	37.523.775
	Starfsmaður (Efling)	78.495	1.700.820	20.409.885
	Meðaltalslaun:	111.398	2.413.898	28.966.830
B.1 Kostnaður fyrir hvern viðbótarstarfsmann. Hámark 8 fimm ára börn/ 4 eins árs börn.				
		Dagur	Mánuður	Ár
	Stjórnandi (FL)	4.810	104.233	1.250.793
	Starfsmaður (Efling)	2.617	56.694	680.330
	Meðaltalslaun:	3.713	80.463	965.561
C 63 leikskólar opnir til 17:00; 126 starfsmenn, yfirvinna 30 mín. Hámark 1.008 5 ára börn/ 504 1 árs börn.				
	Stjórnandi (FL)	606.060	13.133.295	157.599.855
	Starfsmaður (Efling)	329.679	7.143.444	85.721.517
	Meðaltalslaun:	467.870	10.138.370	121.660.686
C.1 Viðbótarkostnaður fyrir hvern leikskóla/hús sem opið er til viðbótar. Lágmark 2 starfsmenn.				
		Dagur	Mánuður	Ár
	Stjórnandi (FL)	9.620	208.465	2.501.585
	Starfsmaður (Efling)	5.233	113.388	1.360.659
	Meðaltalslaun:	7.427	160.927	1.931.122

Börn með dvalarsamning sem nær fram yfir kl. 16:30 dreifðust þann 1. febrúar sl. á 45 leikskóla og telja þau frá einu barni upp í sextán börn í hverjum skóla. Um 261 dvalarsamning er að ræða og af þeim börnum fara 85 í grunnskóla í haust. Að lágmarki tveir starfsmenn þurfa að vera á vakt í hverju leikskólahúsi til að uppfylla öryggiskröfur á jaðartíma. Þeir þurfa þó að vera fleiri ef fjöldi starfsmanna er undir barngildisviðmiðum.

Ef full nýting er á mannafla hvers leikskóla fyrir opnunartíma til 17:00 er raunkostnaður fyrir barn á mánuði rúmar 10.000 kr. væru öll börnin 5 ára, en rúmar 20.000 kr. væru öll börnin 1 árs.

Á næstu blaðsíðu er settur fram áætlaður kostnaður sem leikskólar verða fyrir vegna álagsgreiðslna til starfsmanna sem mæta fyrir kl. 08:00 á morgnana til að taka á móti börnum á tímanum frá kl. 07:30-08:00. Auk álagsgreiðslna frá kl. 7:30-08:00 þarf að greiða starfsmönnum sem mæta fyrir kl. 8:00 yfirvinnu fyrir tíma sem unninn er fram yfir 8 klst., enda grunnvinnutími starfsmanna frá 8:00-16:30 og þörf fyrir fullan mannafla til kl. 16:00. Kostnaður er settur fram miðað við 63 leikskóla auk þess er áætlaður viðbótarkostnaður fyrir hvert hús (af 98) sem þarf að vera opið. Að lágmarki tveir starfsmenn þurfa að vera í hverju húsi og svo stigvaxandi fjöldi í takt við fjölda barna. Einnig er áætlaður kostnaður sem leikskólar verða fyrir í tengslum við undirbúning opunar fyrir kl. 07:30 og við frágang eftir lokun kl. 16:30/17:00. Gert er ráð fyrir einum starfsmanni við undirbúning opunar og frágang eftir lokun. Laun starfsmanna eru reiknuð út frá núgildandi kjarasamningum og miðuð við meðalkostnað launa FL stjórnenda annars vegar og Eflingar starfsmanna hins vegar. Almennt eru reynslumiklir starfsmenn sem starfa við opnun og lokun leikskóla og þarf að miða launakostnað út frá þeim forsendum. Kostnaður er sýndir í krónum. Lagt er til að gert sé ráð fyrir viðbótarfjárúthlutun til leikskóla til að mæta þessum kostnaði, enda er mönnun á jaðartímum viðvarandi vandi í starfsemi leikskóla og

ógerlegt fyrir stjórnendur að skipuleggja fullnægjandi mönnun í 9-9,5 klst. og opnun leikskóla á dagvinnulaunum.

Athuga ber að kostnaður fellur nú þegar á leikskólana sem leysist með því að tekið er af öðrum rekstrarliðum, nema að til komi skerðing vegna fáiðunar eða að leikskólar séu undirmannaðir.

Kostnaður við grunnmönnun leikskóla frá 08:00-16:30

D Úthlutað fyrir álagsgreiðslu frá 7:30-8:00, lágmark 2 starfsmenn, 63 leikskólar.				
Stjórnandi (FL)	197.379	4.277.196	51.326.415	
Starfsmaður (Efling)	119.637	2.592.954	31.115.322	
Meðaltalslaun:	158.508	3.435.075	41.220.869	
D.1 Kostnaður fyrir hvern viðbótarstarfsmann. Hámark 8 fimm ára börn/ 4 eins árs börn.				
	Dagur	Mánuður	Ár	
Stjórnandi (FL)	1.567	33.946	407.353	
Starfsmaður (Efling)	950	20.579	246.947	
Meðaltalslaun:	1.258	27.263	327.150	
E Full mönnun á grunnvinnutíma Úthlutað f/yfirvinnu 30 mín á dag, lágmark 2 starfsmenn, 63 leikskólar.				
	Dagur	Mánuður	Ár	
Stjórnandi (FL)	606.060	13.133.295	157.599.855	
Starfsmaður (Efling)	329.679	7.143.444	85.721.517	
Meðaltalslaun:	467.870	10.138.370	121.660.686	
F Allir leikskólar fá úthlutað fyrir yfirvinnu 15 mín. fyrir opnun og 15 mín. fyrir lokun, 1 starfsmaður.				
	Dagur	Mánuður	Ár	
Stjórnandi (FL)	606.060	13.133.295	157.599.855	
Starfsmaður (Efling)	329.679	7.143.444	85.721.517	
Meðaltalslaun:	467.870	10.138.370	121.660.686	
E1 og F1 Kostnaður fyrir hvern viðbótarstarfsmann. Hámark 8 fimm ára börn/ 4 eins árs börn.				
	Dagur	Mánuður	Ár	
Stjórnandi (FL)	4.810	104.233	1.250.793	
Starfsmaður (Efling)	2.617	56.694	680.330	
Meðaltalslaun	3.713	80.463	965.561	

Í febrúar 2021 var 1.491 dvalarsamningur í gildi fyrir börn sem hefja dvöl fyrir kl. 08:00 á morgnana, en þeim hafði fækkað örlítið frá hausti 2019. Áætluð stöðugildi fyrir 1.491 fimm ára börn er 186 en 373 stöðugildi fyrir eins árs börn.

Í töflunni hér að ofan er miðað við tvo starfsmenn í 63 leikskólum, eða 126 í heildina. Verði 1.560 börn sem dvelja að jafnaði fyrir kl. 08:00 á morgnana, má gera ráð fyrir að þörf sé fyrir 60-247 viðbótarstarfsmenn til þess að taka á móti slíkum fjölda barna á aldrinum frá 0-6 ára, allt eftir því hver aldursdreifingin er. Athuga ber að dvalartími barnanna hefst annars vegar kl. 7:30 og hins vegar kl. 7:45 og því ólíklegt að þörf sé fyrir hámarksfjölda starfsmanna allan tímann. Í dag miðast fjárúthlutun til leikskóla á þessum opnunartíma við álagsgreiðslur á laun fyrir einn eflingar starfsmann frá 7:30 – 08:00, eða 20.549 kr. á mánuði á hvern leikskóla. Meðalbarngildi á starfsmann er 6 börn.

- Sé miðað við fulla nýtingu starfsmanna, er kostnaður við álagsgreiðslur pr. barn sem dvelur fyrir kl. 08:00 á morgnana, um 3.400 kr. á mánuði ef öll börnin eru 5 ára, en um 6.800 kr. séu öll börnin 1 árs. Heildarkostnaður við álagsgreiðslur á mánuði miðað við núverandi fjölda barna sem dvelur fyrir kl. 08:00 á morgnana er rétt um 5,1 m.kr. á mánuði ef öll börnin eru 5 ára, en rétt um 10.2 m.kr ef öll börnin eru 1 árs. Heildarkostnaður m.v. núverandi fjölda barna sem dvelur fyrir kl. 8:00 er um 81,3 m.kr. á ári, ef miðað er við jafna aldursdreifingu eða um 4.500 kr. á barn.

- Í febrúar 2021 var 5.481 barn með dvalarsamning í leikskólum borgarinnar. Meðalkostnaður á hvert barn er því rétt um 3.700 kr. á mánuði eða 44.400 kr. á ári fyrir kostnaðarliði E (yfirvinna í 30 mín. á dag) og F (yfirvinna fyrir opnun og lokun).
- Um 1.491 barn var með dvalarsamning sem hófst fyrir kl. 8:00 á morgnana. Þeir starfsmenn sem mæta kl. 7:30 til vinnu hafa lokið 8 tíma vinnudegi kl. 15:30. Sé gert ráð fyrir að þeir starfsmenn fái greidda yfirvinnu til kl. 16:00, eða í 30 mínútur á dag, til að fullmanna leikskólann er raunkostnaður um 240 m.kr. á ári miðað við núverandi barnfjölda (sem dvelur fyrir kl. 8:00) og jafna aldursdreifingu. Raunkostnaður fyrir hvert 5 ára barn er um 10.000 kr. á mánuði, en rúmar 20.000 kr. á mánuði fyrir 1 árs barn.
- Meðalkostnaður vegna yfirvinnu eins starfsmanns við opnun og lokun hvers leikskóla er 1.850 kr. á mánuði pr. barn miðað við núverandi fjölda dvalarsamninga í febrúar 2021.
- Hægt er að draga úr kostnaði við yfirvinnu með því að fá tímavinnustarfsmenn inn seinni hluta dags. Það er þó háð þeim forsendum að slíkir starfskraftar fái til starfa í leikskólum, auk þess sem mikilvægt er að hafa a.m.k. einn reynslumikinn starfsmann í húsi við opnun og lokun leikskóla og þegar eingöngu tveir starfsmenn eru í húsi. Leikskólastjórnendur hafa lengi bent á vandann við að manna í stöður seinni hluta dags.

Upplýsingar til grundvallar tillögunni:

Tillaga stýrihópsins um breytingu á opnunartíma leikskóla var fyrst lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs í janúar 2020. Eins og fram kom í greinargerð með tillögunni og í jafnréttismati sem gert var í kjölfarið ([sjá fylgiskjöl 4 og 5](#)) voru þá um 900 börn með dvalarsamning á milli kl. 16:30 og 17:00. Eftir að tillagan kom fram hefur þjóðin hins vegar þurft að takast á við heimsfaraldur, sem m.a. fól í sér miklar breytingar og nýja sýn á sveigjanleika á vinnumarkaði. Meðal þess sem nauðsynlegt var að gera í leikskólum var að búa til svigrúm til sóttvarna með því að loka leikskólum kl. 16:30. Ákvörðunin var tekin af neyðarstjórn borgarinnar og var hún óháð vinnu stýrihópsins.

Þegar foreldrar sækja um leikskóladvöl fyrir börn sín leggja þeir jafnframt inn umsókn um dvalartíma. Athygli vekur að mun færri foreldrar hafa sótt um dvalartíma eftir kl. 16:30 nú en áður.


Foreldrum sem sækja um dvöl fyrir börn sín eftir kl. 16:30 hefur fækkað frá nóvember 2019.

- Í nóvember 2019 var fjöldi barna með dvalarsamning eftir 16:30 912 börn.
- Þann 1. febrúar 2021 voru 261 barn með dvalarsamning eftir kl. 16:30 og hefur því dregist saman um 651 barn (ríflaga tvo þriðjunga af fjöldanum frá nóv. 2019).
 - 85 börn af 261 með dvalarsamning eftir 16:30 fara í grunnskóla haustið 2021.
 - 76 börn af 261 með dvalarsamning eftir 16:30 fara í grunnskóla haustið 2022.
 - 123 börn af 261 með dvalarsamning eftir 16:30 eru með dvalarsamning til 16:45
 - 138 börn af 261 með dvalarsamning eftir 16:30 eru með dvalarsamning til kl. 17:00
- Hlutfallið hefur lækkað að sama skapi, en um 17% barna voru með dvalarsamning eftir kl. 16:30 í nóvember 2019, en eru nú tæplega 5%.
- Fjöldi barna sem dvelur í leikskólum borgarinnar hefur á sama tíma aukist um 133 (2%), eða úr 5.348 börnum í 5.481 börn.
- Fjöldi barna sem nýtur afsláttar vegna aðstæðna foreldra og hafa dvalarsamning í leikskólum borgarinnar sem lýkur eftir kl. 16:30 á daginn er 64 börn eða 25% af þeim börnum sem dvelja eftir 16:30. 92% þess hóps sem nýtur afsláttar vegna sérstakra aðstæðna foreldra, eru börn einstæðra foreldra. Til samanburðar má geta þess að af öllum börnum sem dvelja í leikskólum borgarinnar eru einnig 25% sem njóta afsláttar vegna aðstæðna foreldra.
- Fjöldi fjöltyngdra barna sem hafa dvalarsamning eftir kl. 16:30 á daginn er 46 börn eða 18% af þeim börnum sem dvelja eftir 16:30. Til samanburðar má geta þess að af öllum börnum sem dvelja í leikskólum borgarinnar eru einnig 18% sem eru fjöltyngd.

- 45 leikskólar eru með börn sem eru með dvalarsamning sem lýkur eftir kl. 16:30. Meðalfjöldi barna í þessum 45 leikskólum sem kaupa dvöl eftir 16:30 er 5-6 börn. Fæst eru þau 1 barn í leikskóla og flest eru þau 16. Af þeim sem fara í leikskóla á hausti 2021 er meðaltalið 3-4 börn í leikskóla og eru flest 13 í einum leikskóla. Haustið 2022 verður meðaltalið 2-3 börn í leikskóla og verða flest 8 í einum leikskóla.

(Skóla- og frístundasvið, 2019-2021)

Á myndinni hér að neðan er samanburður í þróun á milli nóvember 2019, sem upphaflega tillaga stýrihópsins um að stytta opnunartímann til kl. 16:30 byggðist á, og stöðunnar þann 1. febrúar 2021 þegar upplýsingar um dvalarsamninga barna voru uppfærðar. Sýnt er hlutfall barna með dvalarsamning eftir kl. 16:30 og fyrir kl. 8:00 á morgnana í hlutfalli af heildarfjölda barna með dvalarsamning í leikskólum borgarinnar á umræddum tíma.




Heimild: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2019-2021

Þess ber að geta að fjöldi annarra sveitarfélaga og margir einkareknir leikskólar í borginni loka nú þegar kl. 16:30 eða fyrr (bakgrunnsgögn [liður 12](#)). Innan leikskólasamfélagsins nýtur stytting opnunartímans mikils fylgis, eins og kemur fram í umsögnum Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda leikskóla í jafnréttismati um tillöguna um styttri opnunartíma leikskóla (fylgiskjal 4). Einnig renndu niðurstöður könnunar á meðal leikskólastjóra um styttri opnunartíma styrkum stoðum undir jákvæð áhrif þess á leikskólastarfið að loka skólum kl. 16:30. En í ljósi þess að leikskólar borgarinnar hafa lokað kl. 16:30 í rúmlega ár í tengslum við sóttvarnaraðgerði vegna Covid-19, lét stýrihópurinn framkvæma könnun um áhrif þess á leikskólastarfið (fylgiskjal 2).

Tillagan gerir ráð fyrir að dvalartími barna fari ekki yfir 42,5 stundir á viku eða að meðaltali 8,5 stundir á dag. Hún felur þó einnig í sér að barn geti dvalið í allt að 9 klukkustundir í leikskólanum einhverja daga en þá á móti styttri dvöl aðra daga. Slíkur sveigjanleiki á dvalartíma innan vikunnar gæti komið til móts við styttingu vinnuvikunnar, þar sem hluti foreldra gæti aðlagð dvalartíma barnanna að styttri vinnuviku. Þó má ekki gleyma þeim foreldrum sem hafa ekki styttri vinnutíma. Innan leikskólans hefði þetta þau áhrif að stytting vinnuvikunnar og lengri undirbúningstími leikskólakennara/deildarstjóra verða einfaldari í framkvæmd ef foreldrar velja styttri dvalartíma einhverja daga fyrir börnin sín, t.d. 8:00-14:00/8:30-14:30 og þannig gætu orðið fleiri stundir þar sem færri börn verða í húsi eftir kl. 14:00 eða 14:30 á daginn.

Mestu máli hér skipta þó hagsmunir barna en dvalartími íslenskra leikskólubarna sker sig úr í samanburðinum við önnur lönd. Í skýrslunni *Education, audiovisual and culture executive agency* eða Eurydice skýrslunni frá 2019, kemur fram að meðaldvalartími barna í leikskólum innan ESB eru 27,4 klst. á viku fyrir börn undir þriggja ára aldri, en 29,5 klst. fyrir börn eldri en þriggja ára. Fram kemur að dvalartími barna á Íslandi er með lengsta móti. Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands (bakgrunnsgögn [liður 10](#)) dvöldu 89% íslenskra barna átta tíma eða lengur í leikskóla árið 2019 og 26% barna dvöldu níu tíma eða lengur. Á mynd hér fyrir neðan má sjá breytingar á dvalartíma barna frá aldamótum. Þar kemur fram að þeim börnum, sem dvelja í níu stundir eða lengur í leikskóla yfir daginn, hefur fækkað á undanförunum árum. Þó hefur þeim börnum fjölgað um 3.000 frá aldamótum. Á sama tíma hefur fjöldi barna sem dvelur átta stundir aukist. Fjöldi barna sem dvelur sex klukkustundir eða skemur hefur dregist saman.



Myndin er fengin úr nýrri skýrslu starfshóps á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um styrkingu leikskólastarfsins (maí 2021).

Tillögur um opnunartíma byggja á SVÓT-greiningu stýrihóps þar sem ýmsar leiðir varðandi opnunartíma og mögulegar mótvægisáðgerðir voru metnar út frá styrkleikum, veikleikum, ógnum og tækifærum. Aðrar mótvægisáðgerðir sem komu til álita eru reifaðar í SVÓT-greiningu stýrihópsins (sjá greiningu í bakgrunnsgögnum [lið 13](#)).

2. Skipulag dagsins

Lagt er til að skipulag starfs með börnum í leikskólum Reykjavíkurborgar verði með þeim hætti að meginþungi faglegs starfs í gegnum leik og viðfangsefni barna með íhlutun leikskólakennara, sem byggð eru á aðalnámskrár leikskóla, stefnu, hugmyndafræði og námskrá viðkomandi leikskóla og menntastefnu Reykjavíkurborgar, fari fram frá kl. 8:30-14:00. Fyrir kl. 8.30 og eftir kl. 14.00 verði óformlegra skipulag, sem einkennist af frjálsum, sjálfsprottum leik með áherslu á grunnþarfir barna, öryggi, umhyggju, vellíðan og einstaklingsbundna aðstoð eftir atvikum.

Nánari útfærsla

Markmið þess að skilgreina meginþunga faglegs starfs leikskóla inn í afmarkaðan tíma dagsskipulagsins er gerð til að mæta þeim rétti sem börn eiga, samkvæmt aðalnámskrá leikskóla og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, á námi við hæfi og útrás fyrir leikþörf sína í félagslegu samhengi við önnur börn, undir handleiðslu fagfólks. Með því að þrískipta deginum má kjarna inntak leikskólanáms á tíma sem öll börn eru í leikskólanum og jafnframt tryggja þeim hæfilegan tíma til að njóta kosta leikskólanámsins sem þau ættu að eiga rétt á. Með þessu er tryggt að barn nýtur allra námskosta þrátt fyrir að foreldrar kjósi jafnvel að stytta dvöl þeirra í leikskólanum.

Klukkan 7:30 – 8:30

Í upphafi dags skiptir máli að byrja daginn rólega, að fallega og faglega sé tekið á móti barni og foreldrum. Foreldrum er gefinn tími til að kveðja barnið sitt og ræða við starfsfólk leikskólans ef þurfa þykir. Börnin snæða morgunverð og fara í leik þar sem þau velja sér félag og viðfangsefni þar til skipulagt fagstarf hefst. Efniviður þarf að vera aðgengilegur og vel til þess fallinn að stuðla að fjölbreyttum leik og höfða til ólíkra barna og áhuga þeirra.

Klukkan 08:30 – 14:00

Í leikskólastarfinu fer meginþungi fagstarfsins fram á þessum tíma; það hefst þegar börnin eru flest úthvöld og tilbúin í skipulagt, markmiðsbundið starf byggt á faglegum markmiðum, sýn og stefnu leikskólans. Allt starf er umlukið umhyggju, öryggi og vellíðan. Unnið er í stórum og litlum hópum og einstaklingsbundin aðstoð veitt eftir atvikum. Öll börn eiga rétt á leik, hvíld og þátttöku í menningarlífi og á þessum tíma dagsins er unnið á skapandi hátt í gegnum leikinn sem er námsleið leikskólans í hópastarfi, flæði, vali, listsköpun, útinámi, vettvangsferðum og öðru því sem leikskólakennarar skipuleggja sem umgjörð námsferils barna. Leikur barnsins er í senn námsleið þess og lífstjáning sem fer fram í félagslegu samhengi með öðrum börnum undir handleiðslu starfsfólks. Þau læra að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og færni í leik og starfi með öðrum börnum. Þau eiga rétt á því að tjá sig frjállega og fullorðnir hlusta og taka mið af röddum þeirra og skoðunum. Börn þurfa frelsi til að deila hugmyndum sínum, tjá sig, deila skoðunum sínum og vitneskju og hvernig þeim líður með því að tala, teikna eða tjá sig á annan hátt. Í gegnum leik og verkefni læra þau að þekkja réttindi sín og virða rétt annarra, menningu þeirra og fjölbreytileika.

Hver leikskóli byggir áherslur sínar og skipulag í starfi á aðalnámskrá leikskóla, hugmyndafræði leikskólans, menntastefnu Reykjavíkurborgar, lögum og reglugerðum en *leikurinn er meginnámsleið barnsins*. Jafnt inni, sem í útiveru, er áhersla á leikinn þar sem hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þannig taka þau þátt í lýðræðislegum athöfnum þar sem þau vinna með eigin hugmyndir og skilja jafnframt hlutina út frá sjónarmiði annarra.

Leikurinn er forsenda náms, þar sem börnin gera tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og þekkingu. Aðalnámskrá leikskóla lýsir vel hvernig styðja má við nám leikskólabarna á þessum tíma svo það verði sem markvissast, en þar segir:

Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt, m.a. með því að:

- Skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa.
- Gefa leik nægan og samfelldan tíma.
- Gefa leik nægjanlegt rými svo að börnin hafi svigrúm til að hreyfa sig og til að þróa leik og dýpka.
- Styðja við sjálfspottnar athafnir og áhuga.
- Eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leik.
- Vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra.
- Styðja við og efla jákvæð samskipti í leik.
- Sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leik úti og inni (Aðalnámskrá leikskóla bls. 27).

Klukkan 14:00 – 16:30/17:00

Á þessum tíma verður áhersla á grunnþarfir barnanna: öryggi, umhyggju, vellíðan og einstaklingsbundna aðstoð eftir atvikum. Tíminn er nýttur til frjáls, sjálfsprottins leiks.

Verkefnavinna/hópastarf barna tekur gjarnan langan tíma og með áherslu á ferlið getur verið gott að nýta þennan tíma í að klára verkefni eða ræða þau fyrir áframhaldandi vinnu. Mikilvægt að nýta þennan tíma til skapandi starfs með fjölbreyttan efnivið sem börnin hafa aðgang að og geta þá skapað, byggt á eigin hugmyndum og áhuga. Einnig má nýta útiveru á þessum tíma til skapandi verkefna í tengslum við verkefnavinnu/rannsóknir barnanna. Ró færast yfir starfið eftir því sem líður á daginn og í lok dags á starfsfólk samskipti og samtöl við foreldra/forráðamenn.

3. Úthlutunarlíkan leikskóla

Lagt er til að sem fyrst hefjist vinna við endurskoðun á úthlutunarlíkani leikskóla. Áhersla er lögð á að það taki mið af því þjónustustigi sem leikskólar veita og sé breytingum háð í því lífandi umhverfi sem leikskólar starfa í. Meðal annars verði horft til aukinnar starfsemi, þjónustu og ábyrgðar starfsfólks leikskóla á ýmsum sviðum, aðstæðna í rekstrarumhverfi og aðgerða sem snúa að því hvernig borgin getur brugðist við skort á leikskólakennurum í landinu/borginni.

Starfhópurinn leggur ekki til beinar breytingar á úthlutunarlíkani leikskóla aðrar en þær sem finna má í tillögu 1 um dvalartíma barna leikskólum borgarinnar þar sem meðal annars er lagt til að grunnmönnum leikskóla nái yfir tímann frá kl. 8.00 til 16.30 en tryggt verði fjármagn vegna jaðartíma fyrir kl. 8.00 og eftir kl. 16.30, auk kostnaðar vegna vinnu við daglegan undirbúning opunar og frágangs við lokun þegar börnin hafa verið sótt.

Í þeirri vinnu þarf m.a. að taka mið af Brúum bilið, verkefni borgarinnar sem miðar að því að börn geti hafið leikskólagöngu 12 mánaða. Sú reynsla sem þegar er komin af því að færa aldur leikskólabarna neðar gefur vísbendingar um að endurskoða ætti m.a. barngildi yngstu barnanna.

Jafnframt þarf að horfa til þess sem áunnist hefur varðandi það að færa starfsumhverfi leikskóla nær öðrum skólastigum og tryggja m.a. fjármagn um slíkar umbætur sem hafa komið í gegnum kjarasamninga, s.s. aukinn orlofsrétt starfsfólks, undirbúningstíma og áhrif styttingar vinnuviku á starfsemi leikskólanna (bakgrunnsgögn liður [11](#)).

Að lokum þarf að horfa til þeirra þátta, sem dregnir voru fram í svokallaðri djúpgreiningarvinnu á úthlutunarlíkaninu á árunum 2016-2017, sem ekki hefur verið brugðist við en í því sambandi má nefna t.d. annan rekstrarkostnað.

4. Uppbygging gjaldskrár

Hvítbókarvinna stendur yfir um uppbyggingu og innra samræmi gjaldskráa SFS sem verður lögð til grundvallar vinnu stýrihóps um sama efni. Stýrihópur um umbætur og skipulag leikskólastarfs leggur því ekki fram tillögur hvað þetta varðar.

5. Framtíðarsýn varðandi stærð barnahópa og leik- og heildarrými pr. barn

Starfshópur menntamálaráðuneytisins um styrkingu leikskólastigsins hefur nú lagt fram tillögur um að sett verði viðmið um fjölda fermetra í leikrými fyrir barn og viðmið um hámarksfjölda barna á deild, út frá aldri þeirra og hagsmunum. Stýrihópurinn tekur undir mikilvægi þess að farið verði í þessa vinnu og í kjölfar hennar unnið að innleiðingu þeirra viðmiða í leikskólum borgarinnar.

6. Aðgerðir til að bregðast við nýliðunarvanda leikskólakennara og koma til móts við mönnunarvanda leikskóla

Í nýrri skýrslu verkefnisstjórnar um faglega stöðu stjórnenda í skóla og frístundastarfi, skýrslu starfshóps um faglega stöðu stjórnenda leikskóla og þær tillögur sem stýrihópurinn leggur fram hér, lúta allar að verkefni sem er jafnframt stærsta áskorun leikskólastigsins. **Að bregðast við nýliðunarvanda leikskólakennara og koma til móts við mönnunarvanda leikskóla.** Auk þeirra tillagna sem hér eru lagðar fram, leggur stýrihópurinn áherslu á að tillögur sem lagðar voru fram í fyrrnefndum skýrslum, en kunna að standa út af, nái fram að ganga. Jafnframt er bent á nýja skýrslu starfshóps mennta- og menningarmálaráðuneytisins um styrkingu leikskólastigsins.

Auk þessa telur hópurinn að skoða ætti með hvaða hætti megi nýta fagþekkingu þeirra leikskólakennara sem starfandi eru í leikskólum borgarinnar í stærra samhengi. Hugmyndir í þá átt eru t.d. að nýta kynningar á fagstarfi, eins og þær sem voru á nýliðnu *Menntastefnumóti* borgarinnar, til fræðslu til nýliða og starfsþróunar með markvissum hætti. Einnig að skoða hvort starfandi leikskólakennara og annað fagfólk geti í auknum mæli stutt við starfsfólk og starfseiningar sem ekki búa að jafn sterkri fagþekkingu. Þarna mætti t.d. í auknum mæli skoða möguleika á því að tveir eða fleiri leikskólar ráði saman sérfræðinga eða verkefnisstjóra vegna sértækra verkefna, s.s. vegna vinnu með börnum með annað móðurmál en íslensku, þróunarverkefna eða innleiðingar starfshátta, s.s. skapandi leikskólastarfs með börnum. Jafnframt telur hópurinn mikilvægt að horfa til þeirra starfsmanna sem lokið hafa B.ed. námi í leikskólafræðum og á hvern hátt megi draga fram fagþekkingu þeirra og gera þennan hóp sýnilegri í starfsemi leikskóla.

Þá leggur hópurinn áherslu á að á komandi hausti verði sett af stað miðlæg nýliðafræðsla með það að markmiði að styðja við nýráðið starfsfólk í því að takast á við starfið í leikskólunum, efla sýn á faglegt

hlutverk starfsfólks og stuðla í auknum mæli að starfsmannatryggð. Þessi nýliðafræðsla verði árviss í starfi skóla- og frístundasviðs, eins og lagt hefur verið til í tilögum um nýliðun og starfsumhverfi leikskólakennara frá 2018, sem og nýrri skýrslu verkefnishóps um eflingu fagumhverfis stjórnenda í skóla- og frístundastarfi.

Stýrihópurinn vekur athygli á að kjör, ábyrgð og skyldur starfsmanna sem sinna uppeldi og menntun leikskólabarna eru með öðrum hætti en hjá sambærilegum stéttum á grunnskólastigi sem og í frístundastarfi borgarinnar. Nú stendur yfir 5 ára endurskoðun starfsmats hjá stórum hópum ófaglærðra starfsmanna í leikskólum borgarinnar og því leggur hópurinn til að sá munur sé sérstaklega skoðaður og þá leiðréttur eftir því sem við á, svo ekki skapist ójafnvægi í starfs- og launumhverfi milli mismunandi starfseininga skóla- og frístundasviðs.

Að lokum vill stýrihópurinn vekja athygli á þeim kröfum sem gerðar eru til ófaglærðra starfsmanna sem sinna uppeldi og menntun barna í leikskólum annars vegar og grunnskólum hins vegar. Í lögum um grunnskóla er m.a. kveðið á um að “Til þess að vera ráðinn kennari við leik-, grunn- eða framhaldsskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið kennari og hafa þá sérhæfingu sem tilgreind er í auglýsingu.” Undanþága er frá þessu ákvæði í lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla (95/2019) og þar er meðal annars kveðið á um eftirfarandi:

“Ef enginn kennari sækir um auglýst kennslustarf við leikskóla þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er kennari. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið kennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar. Ákvörðun um ráðningu á grundvelli þessarar málsgreinar er í höndum sveitarstjórnar eða rekstraraðila í tilvikum sjálfstætt rekinnna leikskóla.” Um grunn- og framhaldsskóla gildir hins vegar annað og segir:

“Ef enginn kennari sækir um auglýst kennslustarf við grunn- eða framhaldsskóla þrátt fyrir endurtekna auglýsingu geta skólastjórnendur sótt um heimild til Menntamálastofnunar um að lausráða starfsmann til kennslustarfa til eins árs í senn. Menntamálastofnun gefur út heimild til að lausráða starfsmann til kennslustarfa að fenginni tillögu undanþágunefndar kennara.”

Í þessum ákvæðum felst misræmi og aðstöðumunur á milli skólastiga, því þeir sem fá heimild frá Menntamálastofnun um að starfa í grunn- eða framhaldsskólum, fara í félög innan KÍ og njóta starfskjara í samræmi við samninga sem KÍ gerir við sveitarfélög. Í leikskólum njóta þeir starfsmenn, sem fá undanþágu til að starfa við uppeldi og menntun barna, ekki þeirra kjara sem samið er um undir regnhlíf Kennarasambands Íslands, heldur hjá öðrum stéttarfélögum, t.d. Eflingu eða Sameyki. Verulegur kjaramunur er því hjá starfsmönnum leikskóla er þetta varðar, t.d. laun, skyldur og réttindi, s.s. starfsþróun og endurmenntun, þegar þeir ráða sig til “kennslustarfa” í leikskólum. Slíkt gerir störf innan leikskóla síður eftirsóknarverð og minni kröfur gera það að verkum að þau njóta ekki réttmætrar virðingar. Mikilvægt er að þessi mál verði skoðuð og kannað hvaða leiðir eru færar til að jafna þennan aðstöðumun.

Rökstuðningur

Samkvæmt lögum um leikskóla (90/2008) eiga 2/3 starfsmanna sem sinna uppeldi og menntun barna að vera leikskólakennarar. Staðan er hins vegar sú að slíkur fjöldi fagmenntaðra er ekki til í landinu og ekki hægt að fullnægja þeim kröfum í náninni framtíð þrátt fyrir aukna aðsókn í leikskólakennaranám. Í leikskólum borgarinnar er hlutfall leikskólakennara sem starfa við uppeldi og menntun barna rétt um 27%, þar af eru um 3,6% leikskólakennara og því örlítið lægra hlutfall kennara sem eru starfandi með börnunum inni á deild. Hlutfall uppeldismenntaðra er þó rétt rúm 40% þegar uppeldismenntaðir sem

ekki eru kennarar eru taldir með. Þar geta verið starfsmenn með B.ed í leikskóla- og grunnskólakennarafræðum, þroskaþjálfarar o.fl. Málefnið er því brýnt og ekki síður vegna þess að leikskólakennarastéttin eldist. T.d. má nefna að í borgarreknum leikskólum munu um 90 leikskólakennarar láta af störfum á næstu 10 árum fyrir aldurssakir, eru þá ótaldir þeir sem láta af störfum í öðrum sveitarfélögum. Endurnýjun í stéttinni er lítil og þó aðsókn hafi aukist í námið, eru t.d. rétt um 100 sem stunda grunnám í leikskólakennarafræðum (án nýnema) við HÍ og tæp 300 að framhaldsnemum meðtöldum. Í Háskólanum á Akureyri eru nú 78 virkir nemar leikskólastigi, grunn og framhaldsnámi. Námið tekur að lágmarki 5 ár og eru margir sem stunda námið nú þegar við störf í leikskólum (bakgrunnsgögn liðir [8](#), [9](#) og [10](#)). Borgin, önnur sveitarfélög, menntamálaráðuneytið, stéttarfélög og menntastofnanir hafa á undanförunum árum unnið ötullega að því að bregðast við vandanum. Vísað er í :

- Starfshóp menntamálaráðuneytisins um eflingu leikskólastigsins, 2021.
- Eitt leyfisbréf fyrir kennarastigin: Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla (95/2019).
- Kjarasamninga um styttingu vinnuvikunnar, aukinn undirbúningstími starfsmanna leikskóla og lengingu orlofstíma starfsmanna, 2020.
- Tillögur starfshóps Reykjavíkurborgar um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara, 2018.
- Tillögur verkefnisstjórnar um eflingu fagleggar stöðu stjórnenda leikskóla, 2021.


Mikil samkeppni er um hæft starfsfólk á vinnumarkaði og hefur mannekla og há starfsmannavelta lengi sett mark sitt á það starf sem fer fram á leikskólastiginu. Mikilvægt er því að tryggja öll þau úrræði sem í boði eru til þess að gera störf við menntun og uppeldi barna eins aðlaðandi og kostur er á, bæði hvað varðar nýtingu þess dýrmæta mannauðs sem nú þegar er innan leikskólanna sem og nýráðningar.

Bakgrunnsgögn

1. Reynsla leikskólastjóra af áhrifum opnunartíma til kl. 16:30 á leikskólastarf

Í rúmt ár hafa leikskólar Reykjavíkurborgar lokað tímabundið kl. 16:30 í tengslum við sóttvarnaraðgerðir vegna COVID-19. Einnig hafa 16 leikskólar, af sérstökum ástæðum, reynslu af því að loka kl. 16:30. Stýrihópnum þótti því mikilvægt að kanna hver reynsla leikskólastjóra væri af þessu fyrirkomulagi til að fá haldbærar upplýsingar um áhrif þess á starfið. Heilt yfir var reynsla leikskólastjóra mjög jákvæð, en um 95% lýstu jákvæðum eða mjög jákvæðum áhrifum á leikskólastarfið, börnin, starfsfólkið, stjórnendur, faglegt starf/skipulag starfs og leikskólabrag. Niðurstöður könnunar staðfesta því vel þær yfirlýsingar sem stjórnendur leikskóla hafa haft um kosti þess að loka leikskólum kl. 16:30 (sjá mynd hér að neðan). Niðurstöður könnunar eru í [fylgiskjali 2](#).

Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hefur lokun leikskólans kl. 16:30 almennt haft á eftirfarandi þætti?



Leikskólastjórar lýstu einnig jákvæðum áhrifum á foreldra og ráðningar, en þó ekki með eins afgerandi hætti og á fyrrnefnda þætti. Í engum tilfellum voru áhrifin mjög neikvæð og aðeins 5% töldu að lokun kl. 16:30 hefði neikvæð áhrif á foreldra. Nánar verður fjallað um niðurstöður könnunarinnar síðar í umsögninni og í fylgiskjölum.

Opnar spurningar í könnun – helstu atriði

Leikskólastjórar fengu einnig tækifæri til þess að lýsa áhrifum styttri opnunartíma í opnum svörum. Staðfesta svörin vel þá orðræðu sem er einkennandi hjá stjórnendum, starfsmönnum og hagsmunafélögum leikskólakennara og stjórnenda leikskóla. Svörin renna að auki stoðum undir trúverðugleika SVÓT-greiningar stýrihópsins, um mögulegar útfærslur á opnunartíma leikskóla og mótvægisáðgerðir til að koma til móts við þá hópa sem eiga hvað erfiðast með að bregðast við styttingu opnunartímans til kl. 16:30. Eftirfarandi samantekt endurspeglar svör leikskólastjóra í könnuninni:

Áhrif á leikskólastarfið

- Meiri skilvirkni og betra fyrir leikskólastarfið að fá starfsfólk fyrir í hús og hætta fyrir.
- Rammar leikskólastarfið betur inn þegar allir byrja á sama tíma og hætta á sama tíma.
- Léttara að manna allan daginn, ekki undirmönnun á milli 8:30 og 9:00.
- Nægur mannskapur í húsi til að sinna börnum.
- Auðveldar skipulag og meiri ró yfir starfinu á morgnana.

Áhrif á börnin

- Þegar börnin mæta á sama tíma og fara heim á sama tíma eru þau hvert um sig betur í takt við leikskólastarfið
- Hópastarfið og faglega starfið hefst fyrir.
- Börnin koma glöð og fara glöð. Börn sem mæta fyrir og hætta fyrir verða minna þreytt.
- Börnin þurfa ekki að „bíða“ eftir vinunum eða eftir að verða sótt.

- Þjónustan er betri þar sem fleiri hendur eru til að taka á móti börnunum þegar flest þeirra mæta í hús.
- Börn síður send heim vegna starfsmannaskorts, þar sem fleiri starfsmenn eru í húsi á sama tíma.
- Sama starfsfólkið býið að vera með barni allan daginn og til loka dags þegar foreldrar sækja.

Áhrif á starfsfólkið

- Glaðara og ánægðara starfsfólk, minna um veikindi getur farið fyrir heim, fjölskylduvænni vinnustaður.
- Léttir á álagi, fleiri hendur með börnin í upphafi dags. Fleiri að skila í lok dags.
- Starfshópurinn þéttari þar sem fleiri eru saman allan daginn.
- Auðveldara að fá starfsfólk til að vinna til kl. 16:30 og flestir vilja vinna fyrri hluta dags.

Áhrif á stjórnendur

- Auðveldar mönnun og að bregðast við veikindaförföllum.
- Dregur úr álagi og styttr vinnudaga stjórnenda.
- Dagurinn er betur samanþjappaður, betri yfirsýn og utanumhald um leikskólastarfið
- Betur gengur að skipuleggja starfsmannafundi eftir kl. 16:30 heldur en eftir 17:00.

Áhrif á foreldra

- Foreldrar hafi aðlagast vel að lokun kl. 16:30 og sýnt því skilning að opnunartíma hefur verið breytt og breytt sínu skipulagi.
- Þeim fer fækkandi sem óska eftir vistun frá kl. 16:30 -17:00.
- Foreldrar hafa nýtt betur tímann sem börnin hafa til kl. 16:30 og fært dvölinu fram.
- Það eru ákveðnir foreldrar sem þurfa á opnun að halda á milli kl. 16:30 og 17:00.
- Áhyggjur af foreldrum af erlendum uppruna sem hafa oft minni sveigjanleika í vinnunni.

Faglegt starf/ skipulag starfs

- Einfaldar framkvæmd á faglegu starfi þegar allt starfsfólk er komið í hús kl. 8:30
- Auðveldar skipulag kennslu og hópstarfs. Auðveldara að skipta árgöngum.
- Hægt að fara yfir daginn áður en starfið hefst að morgni. Faglegt starf hefst fyrir.

Leikskólabragur

- Gleði, ánægja, léttara yfir, skemmtilegra, vellíðan, betri starfsandi. Betra jafnvægi, minna álag, minna stress
- Meira samstarf og samþætting, meiri samfella í starfi, starfsfólk vinnur þéttara/betur saman í verkefnum.
- Meira svigrúm fyrir undirbúningstíma. Meiri samvera kennara, meiri samvinna starfsmanna.
- Meiri ró og festa, tími fyrir persónulegar þarfir barna, hægt að hefja og klára daginn í rólegheitum.

Ráðningar

- Erfitt að fá fólk til að vinna til kl. 17:00. Erfitt að manna leikskólann almennt.
- Gengið betur að ráða og jákvætt að geta boðið fólki upp á „betri“ vinnutíma.
- Sumir leikskólastjórar sem hafa ekki átt í vanda með að manna þennan tíma hingað til segja að það starfsfólk sem var áður til kl. 17:00 finni mikinn mun.
- Vinnutími starfsfólks sem sinnir lokun leikskólans hefur í sumum tilvikum færst til, þ.e. þeir starfsmenn byrja fyrr á daginn og enda fyrr.

2. Niðurstöður jafnréttismats vegna styttingar opnunartíma - samantekt

- Jafnréttismatið og foreldrakönnun innihalda mikilvægar upplýsingar sem þarf að taka tillit til.
- Sá hópur sem á erfitt eða mjög erfitt með að bregðast við breyttum opnunartíma er fámennur en viðkvæmur.
- Jafnréttismatið leiðir í ljós að styttri opnunartími er líklegur til að hafa meiri áhrif á konur en karla og þótt svigrúm feðra á vinnumarkaði sé meira en mæðra myndi breytingin draga enn frekar úr aðkomu feðra að því að sækja börn sín á leikskóla síðdegis ef marka má svör þeirra í foreldrakönnun. Þrátt fyrir langan opnunartíma leikskóla og hátt þjónustustig er mikill munur á atvinnuþátttöku kvenna og karla. Í greiningu á stöðu kynja á vinnumarkaði kemur fram að á árinu 2019 unnu konur styttri vinnutíma en karlar, eða 35,6 tíma á viku á móti 42,8 tímum. 35% kvenna á vinnumarkaði voru í hlutastarfi samanborið við 13% karla. Í foreldrakönnun kom fram að mæður sækja börnin frekar en feður og því hægt að spyrja sig að því hvort minni atvinnuþátttaka kvenna gæti verið áhrifavaldur þar, fremur en þjónustustig eða opnunartími leikskóla.
- Innflytjendur eða ef annað foreldri er erlent mynda hóp foreldra sem hefur hvað minnst svigrúm varðandi vinnutíma. Þeir sem búa austast í borginni, þ.e. í Grafarvogi, Árbæ, Norðlingaholti, Grafarholti eða Úlfarsárdal eða á Kjalarnesi, hafa að jafnaði minna svigrúm vegna vinnutíma og ferðatíma til og frá vinnu en íbúar vestar í borginni.
- Stærsti hópur þeirra sem kaupir dvöl fyrir börnin sín eftir kl. 16:30 á daginn, eru foreldrar í hjónabandi eða sambúð. Sá hópur er 80% af þeim sem svöruðu foreldrakönnun.
- Ítarlegri gagnasöfnun staðfestir fyrri niðurstöðu stýrihóps um að nýting á dvalartíma eftir kl. 16:30 er takmörkuð, en börn sem eru með dvalarsamning til kl. 16:45 eða kl. 17:00 eru 58% tímans sótt fyrir kl. 16:30.

Nánari umfjöllun

Í jafnréttismati (sjá fylgiskjal 4) komu fram mikilvægar upplýsingar sem þarf að taka alvarlega og eru dýrmætt innlegg í ákvarðanatöku stýrihópsins um bætt starfsumhverfi leikskóla borgarinnar. Þær tölfræðilegu upplýsingar renna styrkum stöðum undir að mat stýrihópsins, sem kom fram í áfangaskýrslu í janúar 2020, hafi verið rétt varðandi takmarkaða nýtingu á dvalartíma barna eftir kl. 16:30. Upplýsingar úr foreldrakönnun draga einnig fram aðstæður mismunandi hópa og áhrif styttri opnunartíma á foreldra, mæður og feður og fjölskyldur þeirra barna sem dvelja eftir kl. 16:30 í leikskólum. Jafnréttismatið fól hins vegar ekki í sér að draga fram aðstæður innan leikskólans, áhrif á börnin, starfsfólk, skipulag starfsins og mönnun. En það eru þeir þættir sem stýrihópnum er falið að leggja til grundvallar.

Í því samhengi þarf stýrihópurinn að ígrunda og meta hversu mikil áhrif stytting opnunartíma úr 9,5 klukkustundum í 9 stundir eða um 30 mínútur frá kl. 16:30-17:00 mun hafa á aðstæður þeirra sem eiga verst með að aðlagast breyttum opnunartíma. Mun sú framkvæmd auka félagslegan ójöfnuð og hafa

neikvæð áhrif á jafnrétti kynjanna og þá í hversu miklu mæli? Hvaða leiðir eru farsælastar til að auka fagmennsku, draga úr álagi á börn og starfsfólk og tryggja gæði starfsins? Og hvaða mótvægisáðgerðir geta dregið úr neikvæðum áhrifum styttri opnunartíma á viðkvæma hópa? Í samantekt jafnréttismats er dregið fram að fjölbreyttar fjölskyldur krefjast fjölbreyttra lausna. Stýrihópurinn vill í því samhengi draga fram að flókið starf leikskóla og þær áskoranir sem stjórnendur þeirra standa frammi fyrir varðandi skort á fagfólki og mönnunarvanda krefjast einnig fjölbreyttra lausna sem sveitarfélög, ríki, vinnumarkaður og foreldrar þurfa að leysa í sameiningu.

Á þeim tíma sem jafnréttismatið fór fram hafði stytting opnunartíma leikskóla um 30 mínútur frá kl. 16:30 – 17:00 áhrif á um 900 börn sem voru þá um 17% af öllum þeim börnum sem dvöldu í leikskólum Reykjavíkurborgar. Stytting hámarksdvalar í 9 klst. úr 9,5 klst. hafði áhrif á 66 börn. Þeir foreldrar sem greiddu fyrir vistunartímann frá kl. 16.30-17.00 sóttu börn sín að meðaltali **fyrir** kl. 16.30 tæplega þrisvar í viku eða um 58% tímans. Hins vegar sóttu foreldrar börn sín **eftir** kl. 16:30 rúmlega tvisvar í viku eða um 42% tímans að meðaltali. Eins og fram hefur komið sýna tölur frá febrúar á þessu ári að 261 barn var með dvalarsamning eftir kl. 16:30 á daginn; þar af 123 til kl. 16:45 og 138 til kl. 17:00. 18 börn eru nú með 9,5 klst. dvalarsamning. 87% barna hjá borginni eru með dvalarsamning í 8 klukkustundir eða meira (4.812 börn). **95% barna er með samning sem hefst fyrir kl. 09:00 eða fyrr.** 1.491 barn er með samning sem hefst fyrir kl. 8:00 á daginn, 2.727 börn eru með samning sem hefst kl. 8:00 – 8:30 og 987 með samning sem hefst eftir kl. 8:30 og fyrir kl. 9:00. 247 börn mæta kl. 09:00 eða síðar (skóla- og frístundasvið, 2019-2021).

Stærsti hópur þeirra sem kaupir dvöl fyrir börnin sín eftir kl. 16:30 á daginn eru foreldrar í hjónabandi eða sambúð. Sá hópur er 80% af þeim sem svöruðu foreldrakönnun. Samkvæmt upplýsingakerfum skóla- og frístundasviðs njóta tæp 23% af þeim sem kaupa dvalartíma eftir kl. 16:30 á daginn afsláttar vegna félagslegra aðstæðna, þ.e. einstæðir foreldrar, öryrkjar og báðir foreldrar í námi. Tæp 4% njóta afsláttar sem starfsmenn leikskóla. Eftir standa rúmlega 73% sem njóta ekki afsláttar vegna aðstæðna og eru m.a. foreldrar sem eru í hjónabandi eða sambúð.

Samandregið eru það helstu niðurstöður jafnréttismats að sá hópur foreldra sem mun eiga erfiðast með að bregðast við styttri opnunartíma er sá sem hefur lítinn sveigjanleika í vinnu, helst fólk af erlendum uppruna og fólk sem vinnur vaktavinnu. Í þessum hópi eru einnig foreldrar sem hafa lokið iðni, - tækni- eða stúdentsprófi þar sem heildartekjur heimilis eru á bilinu 550-799 þúsund. Um fámenna hópa er að ræða, en mikilvægt er að finna lausnir sem koma til móts við þarfir þeirra.

Eins og áður er getið er það ein af niðurstöðum jafnréttismats að stytting opnunartíma muni hafa neikvæð áhrif á jafnrétti kynja. Þar er vísað til þess að samkvæmt foreldrakönnun:

- fara mæður oftast með börn á leikskólann og sækja oftast en feður
- svörin benda til þess að feður muni sækja enn sjaldnar en mæður ef opnunartímanum verður breytt.

Niðurstaða er einnig mjög afgerandi þegar horft er til greiningar á stöðu kynja á vinnumarkaði. Svörin renna stoðum undir það að styttri opnunartími muni hafa meiri áhrif á mæður en feður. Í því samhengi er þó athyglivert að samkvæmt foreldrakönnun hafa feður meira svigrúm varðandi vinnutíma en mæður, en þó sækja þeir börnin sjaldnar en mæðurnar og segjast munu sækja enn sjaldnar ef til styttingar á opnunartíma kemur. Í umfjöllun um stöðu kynja á vinnumarkaði í jafnréttismatinu er dregið fram að til þess að breyta stöðu og tækifærum kvenna þarf að horfa á heildarmyndina, þ.e. hvernig fjölskylduábyrgð og launuð vinna fara saman. Þar þurfi fjölskyldur að líta inn á við um skiptingu ábyrgðar líkt og stjórnendur og rekstraraðilar leikskóla þurfa að líta inn á við um fyrirkomulag starfsemi, þjónustu sem veitt er í samhengi við þarfir samfélagsins, þann mannauð sem er til staðar, húsnæðisaðstöðu og rekstrarkostnað.

Í greiningu á stöðu kynja á vinnumarkaði kemur fram að á árinu 2019 var vinnutíma kvenna styttri en karla, eða 35,6 tíma á viku á móti 42,8 tímum. 35% kvenna á vinnumarkaði voru í hlutastarfi samanborið við 13% karla. Þá kemur fram að konur eru líklegri en karlar til að minnka starfshlutfall til að koma til móts við þarfir fjölskyldu sinnar og meiri líkur eru á að konur taki á sig aukna umönnunarbyrði á heimili en karlar vegna gildismats starfa. Karlar eru almennt með hærri laun og eru mun fleiri en konur í stjórnunarstöðum. Í umfjöllun um umönnunarbyrði kynjanna er dregið fram að konur beri meiri ábyrgð í ólaunuðum umönnunarstörfum á heimilinu en karlar og taka á sig meiri ábyrgð ef utanaðkomandi þjónusta er skert. Nefnt er að þjónusta á borð við daggæslu er þó hvað mikilvægust fyrir einstæða foreldra sem hafa ekki tök á að deila vinnuálagi og skyldum heimilisins með maka.

Sjónarmið hagsmunaaðila í jafnréttismati varðandi styttna opnunartíma – samantekt

- **Umboðsmaður barna leggur áherslu á að tryggja að hagsmunir barna hafi forgang ef andstæðir hagsmunir takast á varðandi styttna opnunartíma**
 - Leggja mat á áhrif tillögunnar á hagsmuni barna
 - Þarfir og forsendur barna misjafnar út frá kyni, aldri, félagslegri stöðu, bakgrunni og öðrum þáttum.
- **Félag leikskólakennara – styður tillögu um styttna opnunartíma**
 - Spornar gegn löngum viðverutíma barna í leikskólum
 - Styrkir faglegt starf
 - Dregur úr álagi bæði á börn og starfsfólk
 - Þjappar vinnutíma starfsfólks á styttra tímabil
 - Skerpa þarf á hlutverki leikskóla, þ.e. samspili menntunarhlutverks og þjónustuhlutverks
- **Félag stjórnenda leikskóla – styður tillögu um styttna opnunartíma**
 - Börnin mæta að stærstum hluta fyrir kl. 8:30
 - Undirmönnuð starfsemi leikskóla
 - Leikskólastjórar geta ekki staðið vaktina frá kl. 07:30-17:00 alla daga, slík er þó raunin í ljósi mönnunarvanda á tímanum frá kl. 16:30-17:00.
 - Jákvæð áhrif á börn, starfsfólk og faglegt starf þar sem opnunartími hefur verið styttnur
 - Rekstrarlíkan borgarinnar gerir ekki ráð fyrir yfirvinnu vegna langs opnunartíma sem flækir skipulag starfs og veldur auknu álagi á stjórnendur og starfsfólk
- **Heimili og skóli – Stytting opnunartíma verði tekin í smærri skrefum og taki mið af þörfum á hverjum stað og möguleikum hvers leikskóla hvað varðar starfsmannahald og aðstæður**
 - Gagnrýnir að ekki hafi verið haft samráð við foreldra við gerð tillögunnar
 - Tillagan hefur áhrif á um 400 fjölskyldur
 - Undirmönnun í verkefni atvinnurekenda en ekki foreldra
 - Hávaði, lítið pláss og mannekla hefur frekar neikvæð áhrif á börn en lengd viðverutíma.
 - Koma þarf á jafnvægi á milli atvinnulífs og fjölskyldulífs, sem aftur skilar sér í jafnvægi á milli leikskóla og fjölskyldulífs

- **Félagsvísindasvið Háskóla Íslands – borgin kanni þetta mál ítarlega áður en farið er í framkvæmd.**
 - Hrósar vilja til að stytta vinnutíma starfsfólks í leikskólum og minnka álag á börn og starfsfólk
 - Hætt við að tillagan valdi auknum aðstöðumun meðal barna í leikskólum og aðstandenda þeirra
 - Mögulega er það sá hópur sem er í hvað viðkvæmastri stöðu sem þarf mest á opnun eftir kl. 16:30 að halda
 - Ekki réttlætanlegt að létta álagi af starfsfólki leikskóla með því að velta því yfir á fjölskyldur
 - Hætt við að álag og streita aukist með tilheyrandi neikvæðum áhrif á börnin

- **Menntavísindasvið HÍ – lagt er til að settur verði hámarks dvalartími barna og breytingarnar verði gerðar fyrst í einstökum hverfum**
 - Mikilvægt að horfa á viðhorf foreldra og atvinnurekenda til styttingar opnunartíma
 - Raunveruleg lengd dvalartíma barna er mikilvægari en opnunartími
 - Nýta sérstakt skipulag innan leikskólans án þess að það bitni á faglegu starfi leikskóla

3. Þróun á dvalartíma barna

Á síðustu áratugum hefur orðið mikil framþróun í starfi leikskóla og breytingar á dvalartíma barna. Á árunum 1969-1989 var leikskólum skipt í dagheimilisdeildir annars vegar þar sem börn forgangshópa dvöldu allan daginn og leikskóladeildir hins vegar þar sem börn dvöldu fjóra tíma á dag. Á árunum 1989-1995 var leik- og dagheimilisdeildum blandað saman og gerðar að leikskóladeildum með mismunandi vistunartíma. Algengt var að börn dveldu í leikskólunum 4 - 6 stundir og var svo allt fram til ársins 2004 en það ár voru enn um 500 börn í 6 stunda dvöl eða skemur. Á síðustu árum hefur dvalartími barna lengst ár frá ári og er nú þannig að nánast öll börn dvelja lengur en átta stundir daglega (skóla- og frístundasvið, 2019-2021).



Anna Magnea Hreinsdóttir, aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, segir í grein sinni um styrkleika leikskólastigsins á Íslandi - *Vangaveltur um skýrslu Eurydice fyrir árið 2019* - að með því að tryggja öllum börnum leikskóladvöl megi draga verulega úr félagslegum ójöfnum. Einnig er bent á að í skýrslu Evrópuráðsins *Key data on early education and care in Europe* frá árinu 2019 komi fram að börn í íslenskum leikskólum eru með hvað lengstan viðverutíma.

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands (2019) dvöldu íslensk börn undir þriggja ára aldri að meðaltali um 39,9 tíma á viku í leikskólanum og börn yfir þriggja ára aldri í 40,6 tíma á viku á árinu 2019. Árið 2016 dvöldu íslensk börn undir þriggja ára aldri að meðaltali 37,3 tíma á viku í leikskólanum og börn yfir þriggja ára í 38,1 tíma á viku sama ár. Meðaldvalartími barna í Evrópu er 27,4 á viku fyrir börn undir þriggja ára aldri, en 29,5 klst. fyrir börn eldri en þriggja ára. Nokkur Evrópulönd draga meðaltalið mjög niður og er dvalartími barna í flestum löndum lengri en 30 klst. Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands (2019) dvöldu 89% íslenskra barna átta tíma eða lengur í leikskóla árið 2019 og 26% barna dvöldu níu tíma eða lengur.



Í mjög fáum löndum er dvalartíminn þó eins langur og á Íslandi. Í febrúar 2021 var meðaltal keyþra dvalarstunda barna í leikskólum Reykjavíkurborgar rétt um 41 klukkustundir á viku. Rætt hefur verið um að löng dvöl íslenskra barna auðveldi báðum foreldrum að vinna fullan vinnudag og sé því mikilvæg þegar kemur að kynjajafnrétti á vinnumarkaði. Þó eru einnig uppi vangaveltur um áhrif langs dvalartíma á börnin sjálf, félagsþroska þeirra og vellíðan. Mikilvægt er að gæta að góðu jafnvægi í lengd dvalartíma og skiptingu á milli umönnunar og menntunar innan dvalartímans.

4. Dvöl hefst og dvöl lýkur – samanburður

Á milli nóvember 2019 og febrúar 2021 er frekar lítil breyting á hvenær dvöl hefst fyrir kl. 08:00 á morgnana (fækkar um 67 börn) og á milli kl. 08:30 og 09:00 (fækkar um 55 börn). Börnum sem hefja dvöl á milli kl. 08:00 og 8:30 hefur þó fjölgað um rúm 200. Á sama tíma hefur börnum sem dvelja í leikskólum einnig fjölgað um 133. Í febrúar 2021 er staðan þannig að 95% barna hefur dvöl fyrir 09:00 á morgnana og 95% lýkur dvöl fyrir kl. 16:30 á daginn. 81% eru komin í hús fyrir kl. 08:30 á morgnana (skóla- og frístundasvið, 2019-2021)



Febrúar 2021 – keyptur dvalartími hefst



Febrúar 2021 – keyptur dvalartími lýkur

5. Fjöldi keyptra tíma

Vegið meðaltal keyptra tíma allra barna sem dvelja í leikskólum borgarinnar í febrúar 2021 var tæpar 8,2 klst. á dag. Örlítil munur er eftir hverfum. Í febrúar 2021 hafði vegið meðaltal keypts dvalartíma dregið saman um 5,4 mínútur frá því í nóvember 2019

Hverfi	Meðaltal keyptir tímar					
	Allir	1 árs	2 ára	3 ára	4 ára	5 ára
Árbær	8,2	8,2	8,2	8,2	8,3	8,3
Breiðholt	8,2	8,0	8,1	8,3	8,2	8,2
Grafarholt/Úlfarsárd.	8,2	8,1	8,2	8,2	8,3	8,4
Grafarvogur	8,3	8,1	8,3	8,3	8,4	8,4
Háaleiti/Bústaðir	8,2	8,0	8,2	8,2	8,2	8,2
Hlíðar	8,1	8,0	8,1	8,0	8,2	8,0
Kjalarnes	8,1	8,2	8,1	8,1	8,3	7,8
Laugardalur	8,1	8,1	8,0	8,1	8,2	8,2
Miðborg	7,9	8,0	7,8	7,8	7,9	8,0
Vesturbær	8,1	8,1	8,1	8,1	8,2	8,2
Samtals	8,2	8,1	8,1	8,1	8,2	8,2

Fjöldi keyþtra klst.	Fjöldi nóv. 19	Fjöldi feb. 21	Mismunur
9,5	66	18	-48
9	787	568	-219
8,75		42	42
8,5	2150	2088	-62
8,25		39	39
8	1855	2057	202
7,75		7	7
7,5	201	289	88
7,25		3	3
7	150	185	35
6,75		1	1
6,5	48	67	19
6,25		2	2
6	58	70	12
5,5	10	9	-1
5	13	24	11
4,5	0	3	3
4	10	9	-1
Samtals fjöldi barna:	5348	5481	
Vegið meðaltal klst.	8,27	8,18	-0,09
	8klst.+ 16 mín.	8 klst. + 11 mín	+5,4 mín

Flest börn, eða rúm 87% kaupa frá 8 – 9 klst. dvöl. Fjöldinn stendur nánast í stað á milli nóvember 2019 (4.792) og febrúar 2021 (4.794).


Börnum hefur þó fjölgað um 133 á sama tíma og eru því hlutfallslega færri börn með 8-9 klst. dvöl eða 87% á móti 90%.

Í febrúar 2021 keyptu um 12% dvöl sem varði skemur en 8 klst. á móti 9% í nóvember 2019. Þeim hefur því fækkað rétt um 180.

0,3% keyptu 9,5 klst. dvöl í febrúar 2021 samanborið við 1,2% í nóvember 2019.

6. Fjölotyngd börn með dvalarsamning sem lýkur eftir kl. 16:30

Um 1.200 fjölotyngd börn eru í leikskólum borgarinnar eða um 18% af heildinni. Fyrir 46 þeirra er keypt dvöl eftir kl. 16:30 á daginn eða rétt um 4% af þeim fjölotyngdu börnum sem dvelja í leikskólum borgarinnar. Alls er keyptur dvalartími fyrir 261 barn sem lýkur dvöl eftir 16:30 á daginn og er hlutfall fjölotyngdra barna í þeim hópi rétt um 18% (46). Þetta hlutfall er í samræmi við svör í foreldrakönnun sem gerð var samhliða ítarlegu jafnréttismati í febrúar 2020, en þar var hlutfall svarenda með erlendan bakgrunn 19%. Sá hópur skiptist eftirfarandi: 9 % innflytjendur, 9% annað foreldri erlent og 1% önnur kynslóð innflytjenda (sjá mynd til hliðar).



Hér að neðan er fjöldi fjölotyngdra barna greindur niður á leikskóla. Gagnavinnslan miðast við sömu grunnupplýsingar og stuðst var við í tölulegum upplýsingum á bls. 24-25.

Leikskólar	Fjöldi barna	Leikskólar	Fjöldi barna	Heildarsumma	
Austurborg	1	Holt	2		
Árborg	1	Hulduheimar	1		
Bakkaborg	2	Jöklaborg	1		
Blásalir	1	Jörfi	1		
Brekkuborg	1	Langholt	3		
Drafnarsteinn	1	Laufskálar	1		
Fífuborg	1	Lýngheimar	3		
Garðaborg	1	Miðborg	1		
Grandaborg	3	Nóaborg	1		
Grænaborg	2	Rauðhóll	1		
Hagaborg	1	Sæborg	3		
Hálsaskógur	3	Tjarnarborg/Öldukot	1		
Hlíð	3	Ægisborg	1		
Hof	1	Ösp	4		
Samtals:	22		24		46

Í niðurstöðum jafnréttismats kom fram að foreldrar barna sem eru innflytjendur eða annað foreldri erlent, tilheyra þeim hópi sem hefur hvað minnst svigrúm varðandi vinnutíma og er því gerð sérstök grein fyrir þeim hópi hér.

7. Afsláttur vegna aðstæðna foreldra - fjöldi barna með dvöl eftir kl. 16:30

Í heild eru tæplega 1.350 börn sem njóta afsláttar vegna aðstæðna foreldra eða tæp 25% af heildarfjölda barna með dvalarsamning (1.350 af 5.481). Fjöldi barna sem njóta afsláttar og hafa dvalarsamning í leikskólum borgarinnar sem lýkur eftir kl. 16:30 á daginn er 64 börn. Hlutfall þeirra barna sem njóta afsláttar er því 25% af þeim hóp. Langflest þeirra, eða rúm 92% (59), eru börn einstæðra foreldra og tæp 2% (4) þeirra eru börn foreldra sem eru öryrkjar. Aðeins eitt barn, þar sem báðir foreldrar eru í námi, hefur dvalarsamning sem lýkur eftir 16:30. 197 börn sem eru í dvöl eftir 16:30 njóta ekki afsláttar og er hlutfall þeirra rétt um 75% af þeim fjölda barna sem er með dvalarsamning eftir kl. 16:30

Samtals fjöldi barna með dvalartíma sem lýkur eftir 16:30

Hverfi/leikskóli	Heildarfjöldi barna (allar aðstæður)	Báðir foreldrar í námi	Einstæðir foreldrar	Öryrkjar	Starfsm. leiksk. starfshlutf all hærra en 70	Fjöldi aðstæður sem njóta afsláttar	Fjöldi enginn afsláttur (giftir/sambúð)
Árbær	20	0	7	0	0	7	13
Breiðholt	54	0	13	3	2	16	38
Grafarholt og Úlfarsárdalur	19	0	5	0	0	5	14
Grafarvogur	43	0	6	1	4	7	36
Háaleiti og Bústaðir	15	0	1	0	0	1	14
Hlíðar	23	0	6	0	0	6	17
Kjalarnes	0	0	0	0	0	0	0
Laugardalur	19	0	3	0	1	3	16
Miðborg	20	0	8	0	0	8	12
Vesturbær	48	1	10	0	0	11	37
Samtals fjöldi barna	261	1	59	4	7	64	197

Til samanburðar við jafnréttismat, þá voru 896 börn með dvalarsamning sem lýkur eftir kl. 16:30 í nóvember 2019. Á þeim tímapunkti sem þær upplýsingar voru teknar úr upplýsingakerfi Völu, dvöldu um 5.235 börn í leikskólum borgarinnar. Þá nutu foreldrar 17% allra barna sem dvelja í leikskólum borgarinnar afsláttar vegna aðstæðna foreldra, á meðan foreldrar 23% þeirra barna sem dvöldu eftir 16:30 nutu afsláttar (hlutfallið hefur hækkað um 2%). Börn einstæðra foreldrar með vistun eftir kl. 16:30 voru þá 170 talsins og tæp 83% af þeim sem kaupa vistun fyrir börn sín eftir kl. 16:30. 27 þeirra,

eða 13%, voru börn öryrkja. 6 börn, eða tæp 3%, voru börn foreldra sem voru báðir í námi. Fjöldi barna sem njóta ekki afsláttar var um 80% af þeim hópi sem var með dvalarsamning eftir kl. 16:30.

Athugið að fjöldatölur hafa tilhneigingu til að breytast aðeins í listum, þar sem upplýsingakerfi Völu er síbreytilegt og leikskólar eru jafnframt lifandi skipulagsheildir og barnafjöldi og dvalartími þeirra breytast stöðugt.

Hverfi	Eftir 16:30		
	Báðir foreldrar í námi	Einstæðir	Öryrkjar
Árbær	2	18	4
Breiðholt	0	26	6
Grafarholt og Úlfarsárdalur	2	12	1
Grafarvogur	1	22	4
Háaleiti og Bústaðir	0	27	5
Hlíðar	0	18	0
Kjalarnes	0	1	0
Laugardalur	0	13	7
Miðborg	0	14	0
Vesturbær	1	19	0
Samtals	6	170	27

8. Nýliðunarvandi leikskólakennara

Dregið hefur úr eftirsókn í nám leikskólakennara í landinu undanfarin ár. Samþykkt var á Alþingi árið 2014 að lengja kennaranám úr þremur árum í fimm. Í kjölfarið hafa mun færri útskrifast með kennsluréttindi í leik- og grunnskólum en áður var. Frá árinu 2014 hafa að meðaltali verið gefin út um 60 leyfisbréf til leikskólakennara árlega. Yfir 60% þeirra hafa verið gefin út samkvæmt mati Menntamálastofnunar, en hin hafa verið gefin út við brautskráningu eftir hefðbundnum námsleiðum í Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri.

Á síðastliðnum tveimur árum brautskráðust aðeins 52 leikskólakennarar samanlagt úr Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Til samanburðar má geta þess að fyrstu tvö árin eftir að lenging náms tók gildi voru gefin út rétt um 300 leyfisbréf til kennslu í leikskólum. Það er því enn um langan veg að fara ef takast á að leysa nýliðunarvanda leikskólakennara, sem birtist í því að færri nýir leikskólakennarar koma til starfa en nemur þeim fjölda sem hættir störfum sökum aldurs. Birtist þar ein stærsta skýringin á mönnunarvanda fagfólks í leikskólum undanfarin ár, jafnt í Reykjavík sem öðrum sveitarfélögum.

Hér að neðan er yfirlitstafla um fjölda útgefinna leyfisbréfa hjá Menntamálastofnun, Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri frá árinu 2008. En í heild hafa verið gefin út 3.237 leyfisbréf til leikskólakennara.

Ár	MMS/MMR	HÍ	HA	Samtals
2020	e.a.*	e.a.*	11	11
2019	11	21	5	37
2018	35	19	7	61
2017	20	14	7	41
2016	38	13	18	69
2015	57	8	10	75
2014	60	8	11	79
2013	29	á.e.v.	á.e.v.	29
2012	47	á.e.v.	á.e.v.	47
2011	185	á.e.v.	á.e.v.	185
2010	108	á.e.v.	á.e.v.	108
2001	2506	á.e.v.	á.e.v.	2506
Samt:	3096	83	58	3237

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út leyfisbréf til ársins 2014
- Frá 2014 gefa háskólarnir og Menntamálastofnun út leyfisbréf
- Menntamálastofnun gefur út leyfisbréf samkvæmt mati, þ.e. þegar einstaklingar eru með próf erlendis frá eða uppfylla réttindi með öðrum leiðum og miðas tölur þaðan eingöngu við leyfisbréf skv. mati og inniheldur ekki þá sem hafa fengið leyfisbréf frá HÍ og HA
- Enginn heldur heildstætt utan um útgefin leyfisbréf
- Tölur um útgefin leyfisbréf frá 2014 koma beint frá Menntamálastofnun, HÍ og HA

* Engin aðgreining er gerð hjá HÍ eða MMS um útgefin leyfisbréf til kennara frá árinu 2020, en þá tóku við ný lög um leyfisbréf til kennslu þvert á skólastig leik-, grunn- og framhaldsskóla. Árið 2014 breyting úr 3. ára námi í 5 ára nám. Árið 2009 voru gefin út leyfisbréf til þeirra sem áður höfðu lokið námi sem veitti þeim til fullnustu réttindi til að starfa sem leikskólakennari.

Árið 2020 voru gefin út eftirfarandi fjöldi leyfisbréfa til kennara:

- ✓ Menntamálastofnun 144 leyfisbréf
- ✓ Háskóli Íslands 75 leyfisbréf
- ✓ Háskólinn á Akureyri 65 leyfisbréf (þar af 10 til leikskólakennara)

Til samanburðar má er hér skýrt frá heildarfjölda leyfisbréfa sem gefin voru út hjá Menntamálastofnun, Háskóla Íslands 2018-2019:

Menntamálastofnun:

- ✓ 2020 – 144 leyfisbréf til kennara (óháð skólastigi)
- ✓ 2019 – 101 leyfisbréf til kennara (óháð skólastigi)
- ✓ 2018 – 251 leyfisbréf til kennara (óháð skólastigi)

Háskóli Íslands:

- ✓ 2020 – 75 leyfisbréf til kennara (óháð skólastigi)
- ✓ 2019 – 43 leyfisbréf til kennara (22 grunnskólakennara, 21 leikskólakennara)
- ✓ 2018 – 78 leyfisbréf til kennara (59 grunnskólakennara, 19 leikskólakennara)

Háskólinn á Akureyri

- ✓ 2020 – 65 leyfisbréf til kennara (30 grunnskólakennara, 11 leikskólakennara, 22 framhaldsskóla og 2 ekki skráðir á stig)

Fjöldi nema skráður í nám í grunn- og framhaldsnámi við leikskólakennarafræði í HÍ 2018-2021

Tölurnar eru fengnar úr kynningarefni HÍ, lykiltölum: <https://www.hi.is/kynningarefni/nemendur> og miðast við febrúar síðari önn ár hvert.

- ✓ 2020-2021 – 418
- ✓ 2019-2020 – 284
- ✓ 2018-2019 – 235
- ✓ 2017-2018 - 169

Hér að neðan má sjá fjölda skráninga í kennaranám í Háskólanum á Akureyri á árunum 2013-2020. Tölur eru miðað við virka nemendur þann 15. október ár hvert. Upplýsingarnar eru fengnar frá Hug- og félagsvísindasviði HA.

Miðað við 15. október ár hvert	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Samtals skráðir í nám á hverju ári	24	32	29	49	55	48	58	78
<i>Diplómanám í leikskólafræðum</i>		10	12	6	3		1	
<i>BEd Kennarafræði - yngsta stig (leikskóli)</i>	12	11	14	33	36	23	32	49
<i>Meistarí í kennarafræðum - Leikskólastig</i>								23
<i>MEd Menntunarfræði - leikskóli</i>	12	11	3	10	16	25	25	6

9. Áhrif sem eitt leyfisbréf getur haf á leikskólastarfið og hlutfall starfandi leikskólakennara í leikskólum

Með lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla nr. 95/2019 er meðal annars kveðið á um eitt leyfisbréf þvert á skólastigin og eiga þau lög því að stuðla að flæði á milli skólastiga. Lögin tóku gildi í janúar 2020 og því er ekki mikil reynsla komin á áhrif sem slíkt flæði mun hafa á hlutfall fagmenntaðra innan leikskóla. Í lokaskýrslu starfshóps menntamálaráðuneytisins um styrkingu leikskólastigsins er dregið fram hvernig nýir kjarasamningar hafa haft áhrif til bóta á starfs- og faglegt umhverfi leikskólakennara. Þar er þó einnig dregið fram að á árunum 2018-2019, fyrir gildistöku laganna, var flæði úr leikskólum yfir í grunnskóla verulega óhagstætt leikskólum. Í skýrslunni ávarpar starfshópurinn þennan vanda og leggur til aðgerðir til að jafna starfsaðstæður á skólastigunum þremur, að teknu tilliti til eðli starfseminnar, til að tryggja að flæðið verði ekki óhagstætt leikskólum.

Í skýrslunni er einnig vísað til viðtalsrannsóknar sem Kristín Dýrfjörð vann á meðal 19 leikskólakennara sem höfðu flutt sig yfir á grunnskólastigið. Eftirfarandi er tekið nánast orðrétt upp úr skýrslunni:


„Helstu niðurstöðurnar eru þær að launin voru ekki aðalhvatin til að færa sig á milli skólastiga, heldur virðist vinnuaðstaðan og betra fjármagn inni í grunnskólanum. Helstu ástæður þess sem viðmælendur hennar nefndu fyrir flutningi yfir á grunnskólastigið var álag í leikskólum, mannekla og skortur á undirbúningstímum. Þeir töldu minna álag í grunnskólum, afleysingarmál væru skýrari og vinnutíminn skipulagðari í grunnskólunum. Þeir töldu undirbúning með samstarfsfólki vera kost og að fundir færu fram þegar kennslu væri lokið. Þeir nefndu þá faglegu næringu sem ekki næðist að skapa í leikskólum, tölvubúnaður væri mun betri, greitt fyrir öll aukaverk utan kennslu og dagleg viðvera skemmri. Þátttakendur upplifðu meira traust og faglegt frelsi í grunnskólanum, auk þess sem meiri virðing væri borin fyrir þeim sem grunnskólakennara en leikskólakennara.

Þeir þættir sem þeir töldu að væri starfi í leikskólum hagstæðari en í grunnskólum var að meira álag er af foreldrasamstarfi í grunnskólum. Þar kemur einnig fram að þeir sem flytja sig yfir í grunnskóla, frá leikskólum, finnst stjórnendur aðgengilegri í leikskólanum og þeir söknuðu nándar og félagslífsins í leikskólanum. Þeir töldu að auki að stéttarskipting væri meiri í grunnskólanum. Fæstir viðmælenda gátu hugsað sér að fara aftur til starfa í leikskólum, en til þess að svo mætti verða, þyrftu vinnuskilgreiningar og bættar starfsaðstæður að koma til.“

10. Tölfræði – stöðugildi og hlutfall ýmissa hópa í leikskólum

Í mars 2021 voru starfsmenn í leikskólum borgarinnar 2.048 talsins í 1.174 stöðugildum. 89% eru konur. Á myndinni fyrir neðan gefur að líta hlutfallsskiptingu starfsmanna í almennri flokkun stöðugilda.


Leikskólinn - Mælaborð 1 - stöðuyfirlit		
Tímabil ...	Fjöldi stöðugilda 1.741 ^{2.048} <small>Fjöldi starfsmanna</small>	Hlutfall leikskólakennarar 26,6%
	Hlutfall uppeldismenntaðra 40,5%	Hlutfall stjórnenda af heildarstöð... 6,9% ¹²⁰ <small>Fjöldi stöðugilda stjórnenda</small>



Fullur skýringartexti flokka: Leikskólastjórar, leikskólakennarar með leyfisbréf, uppeldismenntaðir starfsmenn, starfsmenn með aðra háskólamenntun, aðrar starfsstéttir við kennslu og umönnun, aðrar starfsstéttir (s.s. mötuneyti og ræsting)


Í mars störfuðu 26,6% leikskólakennarar með leyfisbréf í leikskólum, en sé uppeldismenntuðum starfsmönnum bætt við, verður hlutfall fagfólks sem sinnir uppeldi og menntun barna sterkara eða 40,5%. Til að finna þá hlutfallstölu, þarf að taka „aðrar starfsstéttir, s.s. mötuneyti og ræsting“ út úr heildarmyndinni. Samkvæmt lögum um leikskóla eiga 2/3 þeirra starfsmanna sem starfa við uppeldi og menntun barna að vera leikskólakennarar. Leikskólastjórar teljast ekki til starfsmanna inni á deild, og því er hlutfall þeirra sem eru með leyfisbréf og starfa inni á deildum leikskólanna rétt um 22%.

Á myndinni hér að neðan eru nánari upplýsingar um fjölda starfsmanna í hverjum flokki.



Skýringartexti flokka á mynd: Leikskólastjórar, leikskólakennarar með leyfisbréf, uppeldismentaðir starfsmenn, starfsmenn með aðra háskólamenntun, aðrar starfsstéttir við kennslu og umönnun, aðrar starfsstéttir (s.s. mötuneyti og ræsting)

Á myndinni hér að neðan má sjá aldursdreifing starfsmanna/leikskólakennara í mars 2021. Vakin er athygli á lágu hlutfalli leikskólakennara sem eru undir 35 ára aldri, en þeir eru ekki nema 7% af starfandi leikskólakennurum í borginni. Á næstu 10 árum hætta rúmlega 90 leikskólakennarar störfum, eða 24%, vegna aldurs. Það krefst því mikils átaks af hálfu allra aðila að laða að fólki til náms og til starfa í leikskólum. Bætt starfsumhverfi leikskólastarfsmanna gegnir þar lykilhlutverki.



11. Nýir kjarasamningar

Í nýjum kjarasamningum, sem ná til allra starfsmanna í leikskólum Reykjavíkur, er kveðið á um heimild til að gera breytingar á skipulagi vinnutíma og stytta vinnuvikuna í allt að 36 virkar vinnustundir á viku. 51 leikskóli af 63 ákvað að innleiða 36 tíma vinnuviku. Fyrirkomulagið er útfært á hverjum vinnustað og hafa starfsstaðir þurft að skipuleggja styttingu vinnuvikunnar án þess að skerða þjónustu, án fjölgunar stöðugilda eða auka kostnað til þess að halda uppi faglegu starfi þar sem öryggi barna er í fyrirrúmi. Þar að auki er undirbúningstími leikskólastarfsmanna aukinn og er nú 10 tímar á viku fyrir deildarstjóra í FL og leikskólasérkennara, 7 tímar á viku fyrir leikskólakennara og 5 tímar á viku fyrir deildarstjóra sem eru ekki með kennaramenntun. Að auki fá Eflingarstarfsmenn sem sinna föstum verkefnum allt að 2 klukkustundir á viku til að sinna undirbúningi verkefna og skal sá undirbúningur fara fram á starfsstað. Þessi nýju ákvæði auka þann tíma sem starfsmenn leikskóla eru ekki með börnunum og þeim fylgja því enn fleiri áskoranir hvað varðar innra starf leikskólans. Styttri opnunartími myndi létta verulega á útfærslu og skipulagi hvers leikskóla fyrir sig.

12. Opnunartími í öðrum sveitarfélögum og sjálfstætt starfandi leikskólum

Allmargir leikskólar borgarinnar hafa gripið til þess ráðs að stytta opnunartíma til að bregðast við erfiðleikum í mönnun og rekstri leikskólanna með góðum árangri og minna álagi á starfsemina. Sömuleiðis hafa fjölmörg sveitafélög landsins, þar með talið ýmis nágrannasveitafélög borgarinnar, stigið skef í þessa átt auk margra sjálfstætt starfandi leikskóla innan borgarinnar sem eru opnir til 16:15 eða 16:30. Samanteknar upplýsingar á næstu blaðsíðu eru frá hausti 2020, en ekki þykir áreiðanlegt að uppfæra þær að svo stöddu sökum sóttvarnaraðgerða vegna Covid-19.

- Akureyri: Almennt eru leikskólarnir opnir frá kl. 07.45-16.15. Boðið er upp á 4-8,5 klst. dvöl.
- Kópavogur: Leikskólarnir eru opnir frá kl. 07:30 - 16.30, samkvæmt ákvörðun fræðslufirvalda vorið 2019
- Reykjanesbær: Opnunartími leikskóla sveitarfélagsins er frá kl. 07.45-16.15. Boðið er upp á 4,5,6 eða 8 stundir daglega. Einn sjálfstætt rekinn leikskóli er með opið frá kl. 07.30-16.30
- Hafnarfjörður: Opnunartími leikskóla bæjarins er til kl. 17:00 en leikskólastjórum er heimilt að loka leikskólunum kl. 16.30 ef ekki er þörf fyrir lengri opnun. Boðið er upp á 4-8,5 klst. dvöl. Um sjö af sautján leikskólum bæjarins loka nú þegar kl. 16:30.

Athyglisvert er að fjögur af fimm fjölmennustu sveitarfélögum landsins, fyrir utan Reykjavík, hafa stigið skref til að stytta opnunartíma síðdegis en ætla má að það sé ekki síst í fjölmennustu sveitarfélögunum sem skortur á leikskólakennurum valdi álagi á starfsemina. Þar kalla fleiri leikskólar og barnafjöldi á fleiri leikskólakennara. Eðlilegt er að horfa til annarra fjölmennra sveitarfélaga, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu því þar er um að ræða eitt atvinnusvæði og Reykjavík er í samkeppni við nágrannasveitarfélögin um kennara og annað starfsfólk leikskóla. Það rýrir samkeppnisstöðu borgarinnar varðandi aðbúnað leikskólastarfsfólks ef vinnutími þess er að jafnaði lengri í borginni en í nágrannasveitarfélögunum.

Meirihluti sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík lokar kl. 16.30 eða fyrr. Aðeins sjö af 18 sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík loka kl. 17:00. Tveir þeirra eru með 8 klst. hámarksdvalartíma og að auki einn sem er með 8 tíma dvöl fyrir yngri deildir frá kl. 08-16. Eingöngu tveir leikskólar eru með opið frá 07:30-17:00 og þeir eru þeir einu sem bjóða upp á 9,5 klst. dvöl.

13. Hvaða leikskólar eiga að vera opnir til kl. 17:00?

Það eru margir þættir sem þarf að taka tillit til þegar skoða á hvaða leikskólar eiga að vera opnir. Ein nálgun er að hafa þá leikskóla opna sem nú þegar hafa mestan fjölda barna með dvalarsamningum til að lágmarka flutning barna á milli leikskóla. Annað sem vegur þó sterkar er dreifing um borgina og í hverfum, aðgengi, stærð leikskólann, fjölda húsa, aðstöðu, fagleg sjónarmið og aðstæður. Allt krefst þetta frekari rýni ásamt samtali við leikskólastjórnendur og foreldra. Hér gefur á að líta upplýsingar um fjölda barna með dvalarsamninga í leikskólum/hverfum.

Breiðholt	Fjöldi barna	e. 16:30	f. 08:00
Bakkaborg	102	7	43
Borg	110	3	38
Hálsaskógur	124	16	50
Holt	88	2	24
Hólaborg	49	0	17
Hraunborg	64	0	32
Jöklaborg	104	13	31
Seljaborg	48	5	11
Seljakot	72	0	19
Suðurborg	101	0	44
Ösp	51	1	15
913	47	324	

Árbær	Fjöldi barna	e. 16:30	f. 08:00
Árborg	59	1	17
Ártúnsskóli leikskóladeild	48	0	12
Blásalir	64	4	29
Heiðarborg	66	0	27
Rauðaborg	55	1	20
Rauðhóll	193	13	47
Rofaborg	92	0	42
577	19	194	

Grafarholt/Úlfarsárdalur	Fjöldi barna	e. 16:30	f. 08:00
Dalskóli	160	2	55
Geislabaugur	104	0	36
Mariuborg	89	9	21
Reynisholt	80	8	33
433	19	145	

Grafarvogur	Fjöldi barna	e. 16:30	f. 08:00
Bakki	38	0	12
Brekkuborg	65	10	35
Engjaborg	69	6	28
Fífuborg	70	5	33
Funaborg	43	0	16
Hamrar	73	0	27
Hulduheimar	81	1	30
Klettaborg	71	3	20
Laufskálar	82	4	31
Lýngheimar	76	4	38
Sunnufold	94	6	30
762	39	300	

Laugardalur	Fjöldi barna	e. 16:30	f. 08:00
Brákarborg	44	0	5
Hof	127	2	23
Langholt	161	8	43
Laugasól	136	2	21
Steinahlíð	48	0	7
Sunnuás	111	7	27
627	19	126	

Háaleiti og Bústaðir	Fjöldi barna	e. 16:30	f. 08:00
Austurborg	95	3	16
Álftaborg	82	0	18
Furuskógur	111	4	29
Garðaborg	49	3	11
Jörfi	88	3	18
Kvistaborg	74	2	9
Múlaborg	80	0	19
Vinagerði	60	0	23
639	15	143	

Hlíðar	Fjöldi barna	e. 16:30	f. 08:00
Bjartahlíð	113	3	26
Hlíð	105	12	25
Klambrar	63	0	20
Nóaborg	77	6	11
Sólborg	77	0	7
Stakkaborg	66	2	4
501	23	93	

Miðborg	Fjöldi barna	e. 16:30	f. 08:00
Grænaborg	76	12	10
Miðborg	119	7	19
Tjarnarborg/Öldukot	78	1	4
273	20	33	

Vesturbær	Fjöldi barna	e. 16:30	f. 08:00
Drafnarstein	111	4	13
Grandaborg	71	7	10
Gullborg	71	3	9
Hagaborg	93	6	17
Sæborg	68	10	9
Vesturborg	71	4	11
Ægisborg	79	12	12
564	46	81	

Í febrúar 2021 voru 1.449* börn með dvalarsamning sem hófst fyrir kl. 08:00 á morgnana og 247* börn með dvalarsamning sem lauk eftir kl. 16:30 á daginn. Þess má geta að af þeim börnum fara 85 í skóla haust 2021 og 76 til viðbótar hausið 2022.

Hverfi	Börn í vistun	vistun e. 16.30	%e. 16:30	Leikskólar með flest börn eftir 16:30 í hverfinu	vistun f. 8:00	% f. 8:00
Árbær	577	19	3,3%	Rauðhóll 13 börn	194	33,6%
Breiðholt	913	47	5,1%	Hálsaskógur 16 börn/ Jöklaborg 13 börn	324	35,5%
Grafarholt/Úlfarsárdalur	433	19	4,4%	Maríuborg 9 börn/ Reynisholt 8 börn	145	33,5%
Grafarvogur	762	39	5,1%	Brekkuborg 10 börn/ Engjaborg 6 börn/ Sunnufold 6 t.	300	39,4%
Háaleiti/Bústaðir	639	15	2,3%	Furuskógur 4 börn	143	22,4%
Hlíðar	501	23	4,6%	Hlíð 12 börn	93	18,6%
Kjalarnes	40	0	0,0%	Á ekki við	10	25,0%
Laugardalur	627	19	3,0%	Langholt 8/ Sunnuás 7	126	20,1%
Miðborg	273	20	7,3%	Miðborg 19/ Grænborg 10	33	12,1%
Vesturbær	564	46	8,2%	Ægjsborg 10 börn/ Sæborg 12 börn	81	14,4%
	5.329	247	4,6%		1.449	27,2%

Taflan að ofan sýnir fjölda barna með dvalarsamning eftir kl. 16:30 á daginn eftir hverfum í febrúar 2021. *Athugið að þessar tölur, niðurgreindar á leikskóla, eru teknar út örlítið síðar en tölur fyrr í skýrslunni sem flest töluleg gögn um barnfjöldann er byggð á. Vala, skráningarkerfi leikskóla er lifandi kerfi og dvalartími barna síbreytilegur og útskýrir það misræmi í fjöldataölum.

14. SVÓT greining á opnunartíma og mótvægisáðgerðum

1. Opnunartími kl. 07:30 – 17:00.

Kostir	Aukinn sveigjanleiki fyrir foreldra og þá sem eru í vanda, kemur til móts við niðurstöðu jafnréttismats. Verið er að bæta starfsumhverfi í leikskólum með styttingu (faglegt starf, ánægðari starfsmenn, auðveldar skipulag)
Gallar	Ákvörðun um opnun varpað yfir á stjórnanda, opnunartími til kl. 17:00 af sérstökum aðstæðum gæti fylgt meiri kostnaður. Leikskólastjórar gætu þurft að leysa opnunartíma til kl. 17:00 með yfirvinnu. Ef ætti að takmarka dvöl til eftir 16:30 við forgangshópa – þá gæti verið erfitt að skilgreina hópa, er verið að „búa“ til nýjan stimpil. Vantar stöðugleikann ef opnunartíminn er einn þessa stundina og annar þá næstu eftir þörfum foreldra.
Tækifæri	Foreldrar þurfa að sækja um til sviðsins. Endurskilgreina starfið sem fer fram á X tíma.
Ógnir	Hætta á misnotkun. Hætta á að fólk vilji ekki sækja um dvalartímann (ef skilgreindir forgangshópar?/eða vegna ótta um neikvætt viðhorf?). Ef sótt um til sviðsins þá erfitt að skilgreina hvaða hópar eða aðstæður kalla á að umsókn sé samþykkt.
Annað	Hugsa og tala um alla hópa af virðingu. Erum að bæta starfsumhverfi í leikskólum. Er t.d. Covid og atvinnuleysi og við erum ekki að ná að manna allar stöður. Erum að taka ákvarðanir sem eru óþægilegar fyrir marga hópa.

2. Almennur opnunartími leikskóla frá kl. 07:30 -16:30. Heimilt að hafa opið til kl. 17:00 ef aðstæður foreldra krefjast þess. (þarf að vera lágmarksfjöldi barna sem dvelur á milli kl. 16:30 og 17:00?)

Kostir	Aukinn sveigjanleiki fyrir foreldra og þá sem eru í vanda, kemur til móts við niðurstöðu jafnréttismats. Verið að bæta starfsumhverfi á leikskólum með styttingu (faglegt starf, ánægðari starfsmenn, auðveldar skipulag)
Gallar	Ákvörðun um opnun varpað yfir á stjórnanda, opnunartími til 17:00 af sérstökum aðstæðum gæti fylgt meiri kostnaður. Leikskólastjórar gætu þurft að leysa opnunartíma til kl. 17:00 með yfirvinnu. Erfitt að skilgreina hópa, er verið að „búa“ til nýjan stimpil. Vantar stöðugleikann ef opnunartíminn er einn þessa stundina og annar þá næstu eftir þörfum foreldra
Tækifæri	Foreldrar þurfa að sækja um til sviðsins. Endurskilgreina starfið sem fer fram á X tíma.
Ógnir	Hætta á misnotkun. Hætta á að fólk vilji ekki sækja um dvalartímann. Ef sótt um til sviðsins þá erfitt að skilgreina hvaða hópar eða aðstæður kalla á að umsókn sé samþykkt.
Annað	Hugsa og tala um alla hópa af virðingu. Erum að bæta starfsumhverfi í leikskólum. Er t.d. Covid og atvinnuleysi og við erum ekki að ná að manna allar stöður. Erum að taka ákvarðanir sem eru óþægilegar fyrir marga hópa.

3. Opnunartími kl. 07:30 – 16:30

Kostir	Óskum leikskólastjóra mætt. Auðveldar skipulag og mönnun. Full mönnun komin í hús kl 08:30 og þá hægt að hefja fulla starfsemi. Minnkar álag í leikskólanum og styttingu viðveru leikskólastjóra. Verið að bæta starfsumhverfi á leikskólum með styttingu (faglegt starf, ánægðari starfsmenn, auðveldar skipulag, auðveldari mönnun) Allir skólar fara eftir sömu reglu.
Gallar	Skert þjónusta við foreldra. Hópur foreldra á mjög erfitt með að mæta breytingunni.
Tækifæri	Nýta reynslu af fjarvinnu og sveigjanleika sem hefur verið að skapast í covid. Stytting vinnuviku ætti að gefa foreldrum aukið svigrúm. Samtal og samstarf við samtök atvinnulífsins um að nýta reynsluna af covid tímanum til að veita foreldrum ungra barna aukið svigrúm varðandi vinnutíma og gera þeim kleift að hefja vinnudag fyrr. Eftirsóttara að vinna í leikskóla.
Ógnir	Aukið álag á margar fjölskyldur. Aukin streita foreldra – fleiri á ferðinni á milli kl. 16:00 og 16:30 . Börn fara í auknum mæli í leikskóla nálægt vinnustað foreldra fremur en í heimahverfi og kynnast því ekki börnum í nærumhverfi með sama hætti.

4. Ef styttri opnunartími en í dag, þá einn leikskóli í hverju hverfi opinn frá 7:30-17:00 til að koma til móts við viðkvæmstu hópana.

Kostir	Komið til móts við þá foreldra sem verulega þurfa á tíma til kl. 17.00 að halda.
Gallar	Foreldrar sem þurfa þjónustuna verða að færa börn sín á milli leikskóla. Óvinsælt á meðal leikskólastjóra - hvaða leikskólar eiga að taka það að sér? verður erfiðara að manna bæði með fagfólki og öðru hæfu starfsfólki. Ójafnræði á milli leikskóla. Ekki endilega pláss í þeim leikskóla sem foreldrar myndu helst kjósa, t.d. vegna nálægðar við heimilið
Tækifæri	Þessir leikskólar gætu fengið viðbót í ramma t.d. aukin stöðugildi eða annað sem myndi auðvelda þeim að ráða starfsfólk í verkefnið. Ættu leikskólarnir sem eru með opið til 17 að opna síðar eða kl. 08:00 í takti við það að hámarksdvöl barna verði 9 tímar? Skref í átt að styttri opnunartíma og hægt að meta eftir árið.
Ógnir	Hætta á að ákveðnir þjóðfélagshópar safnist saman í ákveðna leikskóla Ef fjölskylduaðstæður barns breytast t.d. vegna áfalls s.s. dauðsfalls eða skilnaðar, þá þarf barn á sama tíma jafnvel að flytjast í leikskóla með rýmri opnun.

5. Ef styttri opnunartími en í dag, þá þurfa þeir leikskólar að hafa opið lengur ef skilgreindur lágmarksfjöldi/lágmarkshlutfall barna í hverjum leikskóla þarf á dvalartíma að halda lengur. Hámarksopnun til kl. 17:00.

Kostir	Þörfum foreldra mætt.
Gallar	Óstöðugleiki fyrir leikskólastarfið sem þarf að gera breytingar eftir því hvernig andar inn og út varðandi þarfir foreldra. Erfitt að skilgreina fjölda skóla sem eiga að vera opnir, skólar í dag mjög misstórir. Erfitt að sjá þörfina þar sem vistunartími getur breyst milli mánaða
Tækifæri	Innleiðin sem er tekin í minni skrefum en að allir loki kl. 16:30, hægt að ná sér í yfirvinnu ef starfsmenn taka þetta að sér.
Ógnir	Erfitt að manna þá skóla sem þarf að vera með opið til kl. 17:00.
Annað	

6. Eingöngu foreldrar sem búa við sérstakar aðstæður geta sótt um dvöl á milli kl. 16:30 og 17:00.

Kostir	Raunverulegum þörfum mætt
Gallar	Erfitt að meta, viðkvæmt að meta, hver á að meta? Ójafnræði.
Tækifæri	
Ógnir	Hvernig á að skilgreina? Misnotað. Rangar upplýsingar gefnar.

7. Ef styttnu opnunartími, en lengri í einhverjum leikskólum. Allir geta sótt um dvöl á milli kl. 16:30-17:00

Kostir	Komið til móts við þá foreldra sem verulega þurfa á tíma til kl. 17.00 að halda. Fólki getur valið skóla sem er með þann tíma sem þarf að nýta
Gallar	Foreldrar sem þurfa þjónustuna verða að færa börn sín á milli leikskóla. Verri starfsaðstæður í þeim skólum sem eru opnir. Aðstæður fólks geta breyst og ekki þörf fyrir þennan tíma fer fólk þá til baka í þann skóla sem er þá t.d. nær heimili. Meira rót á börnum.
Tækifæri	Þessir leikskólar gætu fengið viðbót í ramma t.d. aukin stöðugildi eða annað sem myndi auðvelda þeim að ráða starfsfólk í verkefnið.
Ógnir	Hætta á að ákveðnir þjóðfélagshópar safnist saman í ákveðna leikskóla. Ef fjölskylduaðstæður barns breytast t.d. vegna áfalls s.s. dauðsfalls eða skilnaðar, þá þarf barn á sama tíma jafnvel að flytjast í leikskóla með rýmri opnun. Rót fyrir börn, verri starfsaðstæður, börn sem eru næst skólanum og velja hann út frá því fá ekki pláss því mörg börn sem vilja 17 tíma en færu alla jafna í aðra skóla taka plássin.

8. Sveigjanlegur dvalartími innan vikunnar.

Kostir	Þjónar hagsmunum barna um að fá aukinn tíma með fjölskyldum sínum og getur styttnu vikuna hjá þeim – sjá útfærslu neðar. Fjölskylduvæn nálgun. Mikill sveigjanleiki fyrir foreldra. Foreldrar geta valið nákvæmlega eftir sínum þörfum.
Gallar	Kallar á meira skipulag innan leikskólans. Þetta felur ekki í sér að skólar geti lokað kl. 16:30 eins og krafan stjórnenda hópsins er. Erfitt að halda úti faglegu starfi ef börnin eru að koma og fara yfir allan daginn. Mjög erfitt að reikna út starfsmannþörf skólans.
Tækifæri	Getur auðveldað mjög styttingu vinnuviku starfsfólks. Þeir sem vilja fara að reka sóláhringsskóla gætu nýtt sér þetta kerfi.
Ógnir	Fyrsta skólástigið yrði eingöngu þjónustu stofnum fyrir foreldra
Annað	Takmarka ætti val foreldra við tvo mismunandi dvalartíma innan vikunnar og að þeir merki við hvaða daga óskað er eftir hvorum dvalartími Skilyrða ætti að keyptur daglegur dvalartími hefjist í síðasta lagi 8.30. Samhliða þessu þarf að vera hámarkstími pr dag 8,5 eða 8,75 tímar. Kostur væri að keyptur tími geti ekki verið minna en 6 tímar á dag. Í lagi að skilyrða það að keyptar séu að lágmarki 6 klukkustundir 5 daga vikunnar. Þannig væri hægt að kaupa tíma frá kl. 07.30, 07.45, 08.00, 08.15 eða 08.30 – að lágmarki 6 tíma og þá væru hugsanlega börn að byrja að fara úr húsi kl. 13.30 – spurning hvor við viljum skilyrða tíma til kl. 14:00 í samræmi við að meginþungi starfsins sé til kl 14. Það getur verið afar góður tími í verkefni eftir hádegisverð og til kl 14.

9. Frjáls opnunartími:

Kostir	Mikill sveigjanleiki fyrir leikskólastarfið og foreldra. Frelsi fyrir foreldra að velja leikskóla eftir opnunartímum.
Gallar	Getur skapað mikið ójafnræði. Ekkert frelsi fyrir foreldra í raun, starfsmenn munu fara á þá skóla sem loka fyrr. Flestir leikskólar myndu loka kl. 16:30 til að vera meira aðlaðandi fyrir starfsfólk. Gæti valdið breytingum í opnunartíma fram og til baka, t.d. v/mönnunarvanda.
Tækifæri	Einhverjir vildu kannski hafa enn rýmri opnun og fengju þá fjármagn og stuðning til þess. Stjórnanda getur metið þörfina eftir barnahópnum. Leikskólastjórar geta stýrt opnunartíma í takt við mannskapinn.
Ógnir	Kostnaður við rekstur? Opnunartími verður söluvara til að ná inn fólk.
Annað	Fyrir hvern er þetta frjálst? Skilgreina þyrfti lágmarksopnun.

10. 40 tímar hámarksdvalartími innan vikunnar.

Kostir	Hagsmunir barna settir í fyrirrúm Styttir dvalartíma barna og er í takti við styttri vinnutíma fullorðins fólks Börn fengju meiri tíma með foreldrum sínum yfir vikuna.
Gallar	Mögulega of miklar sveiflur í dvalartíma sem þyrfti að ramma inn – sjá hugmyndir að ofan.
Tækifæri	Hægt að festa betur niður tímamann sem fólk verður að hafa börnin sín í skólanum, öll börn mætt í skólann kl 8:30 ekki hægt að kaupa tíma eftir það. Því væri styttingin í hinn enda dagsins, og því væri auðveldara að leysa styttingu og undirbúning starfsmanna sem alla jafna er frá kl 13 á daginn.
Ógnir	Mikið rót á börnum, ekki hægt að hafa allar deildar skólans opnar ef mikið af börnum fara heim seinnipartinn og því færri fólk í húsi. Þetta eykur spennu hjá starfsmönnum út frá öryggi í starfi það væri ekki hægt að ganga út frá því að stór hluti starfsmanna væri í 100% starfi eins og er í dag.
Annað	Finnst mikilvægt að vinna með þetta í samhengi við sveigjanleika innan vikunnar hér fyrir ofan – sjá texta þar Ef opnun til kl. 17:00: Stærsti gallinn er þó sá að skólinn þarf að vera opinn til kl. 17:00 en stjórnendur hafa verið að berjast fyrir því að skólar loki kl..16:30 og hafa komið með góð haldbær rök fyrir því.
Til umhugsunar	Þetta kæmi verst niður á þeim hópum sem við höfum mestar áhyggjur af þeim sem hafa lítið félagslegt kerfi í kringum sig, foreldrar af erlendum uppruna sem vinna langa daga, einstæðum foreldrum. Börn færu meira á vergang eftir leikskóla þar sem foreldrar þurfa að ráða til sín fólk sem sækir í skólann og er með barnið þar til vinnu dagur fólks klárast. Almenn vinnuvika á landi eru 40 klst. og því fer þetta ekki saman.

11. 45 tímar hámarksdvalartími innan vikunnar.

Annað	Erum ekki að meta þennan kost. Boðið upp á sveigjanlegan dvalartíma innan vikunnar í staðinn með hámarki 42,5 stundir á viku og að hámarki 9 dvalarstundir á dag. Það er rýmri tími en er í meðal-dvalarsamningum í dag.
-------	--

12. Hámarksdvalartími 8,5 klst./8 og 45 mín.

Kostir	Tekur mið af hagsmunum barna sem ættu að eiga meiri tíma með fjölskyldum sínum. Stytttri vinnudagur fyrir börn, er í takt við umræðuna um styttingu vinnuvikuna
Gallar	8,5 stundir duga foreldrum kannski ekki til að komast til og frá vinnu í kringum 8 stunda vinnudag.
Tækifæri	Kannski hægt að selja mis langan tíma eftir dögum. Stíga skref í átt að styttri vinnuviku, vera fyrirmynd fyrir atvinnulífið. Byrja á börnunum.
Ógnir	Álag á heimili.

13. Hámarksdvalartími 9 klst.

Kostir	Framför frá 9,5 stundum sem er allt of mikið. Foreldrar hafa góðan sveigjanleika ef unnið er 8 klst.
Gallar	Þetta er afar langur tími fyrir lítil börn alla daga. Erfitt að manna 9 klst. þegar starfsmenn skóla vinna 8 klst. og þurfa helst allir að vera mættir í hús kl 8:00 á morgnana.
Tækifæri	Kannski hægt að selja mislangan tíma eftir. Sveigjanleiki fyrir foreldra
Ógnir	Flótti starfsmanna úr leikskólum og þá helst á leikskólakennurum sem sjá betri aðstæður í grunnskólum

15. Fyrri greiningar sem gerðar hafa verið á rekstrar- og starfsumhverfi leikskólakennara.

Stýrihópurinn rýndi í eftirfarandi gögn og skýrslur. Stuðst var við efni og innihald í tillögugerðinni eftir því sem þótti eiga við.

- Djúpgreiningu frá árunum 2016-2017
- Vinnu starfshóps um starfsumhverfi leikskólakennara 2018
- Niðurstöður verkefnishóps um eflingu faglegrar stöðu stjórnenda í skóla- og frístundastarfi og niðurstöður starfshóps stjórnenda leikskóla í þeirri skýrslu.
- Úttekt á aðstöðu og búnaði í leikskólum Reykjavíkurborgar

Fylgiskjöl, skýrslur, gögn – yfirlit

1. Erindisbréf stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs.
2. Niðurstöður könnunar til leikskólakennara um áhrif tímabundinnar lokunar leikskóla kl. 16:30.
3. Áfangaskýrsla stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs, desember 2019.
4. Jafnréttismat vegna tillögu um breyttan opnunartíma leikskóla, júní 2020.
5. Umsögn stýrihóps um jafnréttismat vegna tillögu um breyttan opnunartíma leikskóla, lagt fyrir borgarráð í október 2020.
6. Dvalarsamningar barna og raunnýting dvalartíma barna í leikskólum borgarinnar. Samantekt skóla- og frístundasviðs (gögn úr upplýsingakerfum Reykjavíkurborgar, aðeins aðgengileg viðeigandi starfsmönnum í samræmi við persónuverndarlög og aðgangsstýringu borgarinnar).

Heimildaskrá

- Alþingi 2011. *Lög um leikskóla nr. 90/2008*: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>
- Alþingi 2019. *Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019*: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2019095.html>
- Anna Magnea Hreinsdóttir (2019, 10. september). *Styrkleikar leikskólastigsins á Íslandi: Vangaveltur umskýrslur Eurydice fyrir árið 2019*. Skólaþræðir. Sótt af <http://skolathraedir.is/2019/09/10/styrkleikarleikskolastigsins-a-landi-vangaveltur-um-skyrslu-eurydice-fyrir-arid-2019/>
- Education, audiovisual and culture executive agency, 2019. *Key data on early childhood education and care in europe. 2019 edition: Eurydice report*. <https://op.europa.eu/en/publication-detail/-/publication/5816a817-b72a-11e9-9d01-01aa75ed71a1>
- Háskóli Íslands, 2021. Kynningarefni - lykiltölur: <https://www.hi.is/kynningarefni/nemendur>
- Háskólinn á Akureyri, 2021. Tölulegar upplýsingar um nema í leikskólakennarafræðum. Hug- og félagsvísindasviði.
- Hagstofa Íslands, 2019. *Tölfræðiupplýsingar um dvalartíma barna í leikskólum*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_skolamal_1_leikskolastig_0_IsNemendur/SKO01001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=cbe460c0-16fd-4a69-a866-7cc10c244ce7
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011. *Aðalnámskrá leikskóla*. <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneytimedia/media/forsidumyndir/lokadr-og-leiksk-vefur.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2021. *Skýrsla starfshóps um aðgerðir til eflingar leikskólastiginu*. Óútgefið.
- Reykjavíkurborg, 2018. *Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030*. <https://menntastefna.is/ummenntastefnu>
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2016-2017. *Djúpgreining á starfsemi leikskóla*. Óútgefin vinnugögn
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2019. *Húsnæðis- og búnaðarskýrsla leikskóla*. 2019. Óútgefin vinnugögn
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2018. *Starfshópur um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara í Reykjavík*. <https://reykjavik.is/sites/default/files/skyrslaleikskolakennarar.pdf>
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2019-2021. *Tölfræði og greiningar úr upplýsingakerfum Reykjavíkurborgar*. Skóla- og frístundasvið. Óútgefin vinnugögn.
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2020. *Niðurstöður könnunar til leikskólakennara um áhrif tímabundinnar lokunar leikskóla kl. 16:30*. Óútgefin vinnugögn.

Fylgiskjal 1

Erindisbréf stýrihóps



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um umbætur og skipulag leikskólastarfs

Ábyrgðarmaður:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Inngangur:

Á fundi skóla- og frístundaráðs 8. október 2019 var samþykkt að setja á stofn stýrihóp um umbætur og skipulag leikskólastarfs. Hópurinn hefur það markmið að skoða leiðir til að auka fagmennsku, minnka álag á börn og starfsfólk og tryggja gæði starfsins með þarfir barnanna í huga. Hópurinn skipi kjörmir fulltrúar, fulltrúar leikskólalækjóra, leikskólakennara og leikskólahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Markmið/Hlutverk:

- Hópurinn skoði sérstaklega eftirfarandi þætti:
 - opnunartíma leikskóla borgarinnar og samræmi þeirra við úthlutun stöðugilda.
 - dvalartíma barna, bæði keyptar stundir og raunnýtingu.
 - meti kosti og galla úthlutunar stöðugilda á grunni barngilda og leggi mat á hvort gera ætti breytingar á henni.
 - skipulag starfsdagsins og áhrif tilraunaverkefna sem unnin hafa verið varðandi ~~breytt skipulag~~.
 - framtíðarsýn varðandi stærð barnahópa og leik- og heildarrými pr. barn.
 - uppbyggingu gjaldskrár.
 - hvernig bregðast megi við þeirri staðreynd að nýliðun leikskólakennara fullnægir ekki eftirspurn.
 - áhrif sem eitt leyfisbréf getur haft á leikskólastarfið og hlutfall starfandi leikskólakennara í leikskólum.

Verkefni:

Hópurinn nýti sér gögn úr fyrri greiningum sem gerðar hafa verið á rekstrar- og starfsumhverfi leikskóla s.s. djúpgreiningu frá árunum 2016-2017, vinnu *starfshóps um starfsumhverfi leikskólakennara 2018*, væntanlegar niðurstöður *starfshóps um eflingu faglegrar stöðu stjórnenda leikskóla og úttekt á aðstöðu og búnaði í leikskólum Reykjavíkurborgar 2019*.

Hópurinn skoði þróun ofangreindra þátta í stærstu sveitafélögum landsins.

Hópurinn skipa:

Skúli Helgason, formaður.

Diljá Ámundadóttir

Egill Þór Jónsson.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Starfsmaður hópsins:

Guðlaug Gísladóttir

Með hópnum starfi:

Anna Margrét Ólafsdóttir leikskólastjóri Nóaborg

Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjóri Kvistaborg

Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskóla

Sigríður Sigurjónsdóttir leikskólakennari í Rauðhóli

Valborg Hlín Guðlaugsdóttir leikskólastjóri Langholti

Aðrir sérfræðingar á skrifstofu skóla- og frístundasviðs eru kallaðir til starfa og gagnaöflunar eftir þörfum s.s. mannauðsráðgjafi, fjármálasérfræðingur og sérfræðingur frá skrifstofu sviðsstjóra.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn leiti ráðgjafar og álits hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu og helstu hagsmunaaðilum, s.s. félagi leikskólakennara, félagi stjórnenda í leikskólum, stéttarfélögum annarra starfsmanna leikskóla, samtökum foreldra, samtökum atvinnulífsins, háskólastofnunum sem koma að menntun leikskólakennara.

Starfstímabil:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum samhliða áföngum verkefnisins.

Stýrihópurinn leggi fram áfangaskýrslu í skóla- og frístundaráði fyrir 1. desember 2019 og lokaskýrslu fyrir 1. mars 2020 en hafi jafnframt heimild til að koma með tillögur jafnóðum ef þörf krefur.

Reykjavík, 17. október 2019

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Fylgiskjal 2

Niðurstöður könnunar til leikskólakennara um áhrif tímabundinnar lokunar leikskóla kl. 16:30

Könnun til leikskólastjóra vegna opnunartíma til kl. 16:30

Október 2020

Framkvæmd og úrvinnsla:

Hallgerður Inga Gestsdóttir verkefnastjóri á skrifstofu sviðsstjóra SFS

Samantekt:

Guðlaug Gísladóttir, verkefnastjóri stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs

Um könnunina


- Könnunin var framkvæmd að ósk stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs til að fá fram reynslu leikskólastjóra vegna lokunar leikskóla kl. 16:30.
- Sérfræðingar í tölfræði og könnunum á skrifstofu sviðsstjóra sáu um framkvæmd. Spurningar voru unnar í samvinnu við stýrihópinn.
- Könnunin var send út með spurningavagni leikskóla sem fór út 22. september og var í svörun til 29. september 2020. 64 leikskólastjórar svöruðu.
- Úrvinnsla var í höndum Hallgerðar Ingu Gestsdóttur, verkefnastjóra á skrifstofu sviðsstjóra SFS. Guðlaug Gísladóttir veitti aðstoð.
- Þessi samantekt/kynning er unnin af Guðlaugu Gísladóttur, verkefnisstjóra stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs.
- Könnunin er tvíþætt. Annarsvegar var aflað svara hjá þeim leikskólum sem lokuðu kl. 16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir vegna Covid-19 og hinsvegar þeim leikskólum sem lokuðu kl. 17:00 fyrir sóttvarnaraðgerðir. Lögð var áhersla á að spurt væri um reynslu af lokun og áhrif þess mismunandi þætti.

Eftirfarandi eru spurningar sem allir leikskólastjórar voru beðnir um að svara

- Allir leikskólastjórar eru beðnir um að svara eftirfarandi spurningum. Þeim er ætlað að draga fram reynslu leikskólastjóra af lokun leikskóla kl. 16:30, hvort heldur ef leikskóla var lokað ÁÐUR en gripið var til sóttvarnaraðgerða eða seinna sem lið í þeim aðgerðum.
- Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hefur lokun leikskólans kl. 16:30 almennt haft á eftirfarandi þætti?
 - Leikskólastarfið
 - Börnin
 - Starfsfólkið
 - Stjórnendur
 - Foreldra
 - Ráðningar
 - Faglegt starf/skipulag starfs
 - Leikskólabrag

3

Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hefur lokun leikskólans kl. 16:30 almennt haft á eftirfarandi þætti?



4

Opnar spurningar til allra leikskólastjóra

Leiðbeiningar: Næstu spurningar eru opnar og möguleiki til að svara fyrir hvern þátt sem nefndur er. Vinsamlega miðaðu við reynslu þína af því að loka leikskólanum kl. 16:30 og nefndu bæði jákvæð og neikvæð áhrif, þegar svo ber undir, fyrir hvern þátt.

- Leikskólastarfið
- Börnin
- Starfsfólkið
- Stjórnendur
- Foreldra
- Ráðningar
- Faglegt starf/skipulag starfs
- Leikskólabrag

5

Svör um leikskólastarfið

Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hefur lokun leikskólans kl. 16:30 almennt haft á eftirfarandi þætti?



- Alls 48 leikskólastjórar tjáðu sig í opnu svari um áhrif lokunartíma á leikskólastarfið
- Meiri skilvirkni og betra fyrir leikskólastarfið að fá starfsfólk fyrir í hús og hætta fyrir. Rammar leikskólastarfið betur inn þegar allir byrja á sama tíma og hætta á sama tíma. Léttara að manna daginn, ekki undirmönnun á milli 9:30 og 9:00. Nægur mannskapur í húsi til að sinna börnum. Auðveldar skipulagningu og meiri ró yfir starfinu á morgnanna.

6

Leikskólastarfið – lýsandi svar úr könnun

„Hefur mjög jákvæð áhrif á allt leikskólastarf, þar sem allt starfsfólk er mætt á sama tíma og fer á sama tíma og ekki þarf að brúa eitthvert bil þar sem ekki allt starfsfólk er mætt eða hópur fólks farið heim. Auðveldar skipulag starfs. Hefur jákvæð áhrif á barnahópinn þegar allt starfsfólk er til staðar á opnunartíma leikskólans. Þetta eru bara jákvæð reynsla fyrir leikskólastarfið. Það er óhætt að segja að það sé 100% starfsfólk leikskólans sem upplifir þennan opnunartíma sem mjög jákvæðan.“

7

Svör um börnin

Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hefur lokun leikskólans kl. 16:30 almennt haft á eftirfarandi þætti?



Alls 52 leikskólastjórar tjáðu sig í opnu svari um áhrif opnunartíma á börn

- Þegar börnin mæta á sama tíma og fara heim á sama tíma eru þau meira í takt við leikskólastarfið, þau koma glöð og fara glöð. Starfsfólk mætir fyrir, hópastarf hefst fyrir. Þjónustan er betri þar sem fleiri hendur eru til að taka á móti börnunum þegar flest þeirra mæta í hús. Börn sem mæta fyrir og hætta fyrir verða minna þreytt.
- Einnig svarað að tíminn á milli 16:30 og 17:00 væri „bíðtími“ sem væri erfiður fyrir mörg börn og þau væru orðin þreytt á þessum tíma. Töluvert var nefnt í því samhengi að börnin væru að bíða, bíða eftir að verða sótt, bíða eftir vinum á morgnana. Þó var eitt lýsandi svar sem sagði eftirfarandi: „Mér finnst yfirleitt ekki að börnin sem eru lengi líði fyrir það, þau ágætun tíma með starfsfólki fyrir sig, eru svo fá.“

8

Börnin – lýsandi svör úr könnun

- „Börnunum gengur betur að kveðja foreldra á morgnanna þegar fleira starfsfólk er í húsi og þau fá aukna athygli. Það er rólegra á deildunum þegar fleiri starfsmenn eru komnir inn á morgnanna og auðveldara að skipta strax í minni hópa. Með þeim aukna handþvotti sem við nú sinnum (þar sem við höfum mannskap til þess) þá erum við að upplifa að börnin fái minna af umgangspestum. Lítið sem ekkert um hor og kvef. Börnin sem voru til kl. 17 líður betur að vera að fara á sama tíma og þau sem eru sótt kl. 16:30 og aldrei alein eftir af barnahópnum.“
- „Jafnvel hugsað um þau og áður en það er lítið sem hefur breyst þau fáu börn sem eiga tíma til 17:00 eru til 16:30 eins og oftast áður.“

9

Svör um starfsfólkið

Alls 53 leikskólastjóri tjáðu sig í opnu svari um áhrif lokunartíma á starfsfólkið.



- Glaðara og ánægðara starfsfólk, minna um veikindi getur farið fyrir heim að sinna eigin fjölskyldu. Minnkar álag á starfsfólk og leikskólinn verður fjölskylduvænni. Starfið verður fjölskylduvænna og það verður minna álag.
- Starfshópurinn þéttari þar sem fleiri eru saman allan daginn. Léttir á álagi, fleiri hendur með börnin í upphafi dags. Fleiri að skila í lok dags.
- Auðveldara að fá starfsfólk til að vinna til kl. 16:30 og flestir vilja vinna fyrripart dags og starfshópurinn verður þéttari.
- Sama starfsfólkið búið að vera með barni allan daginn og til loka dags þegar foreldrar sækja.

10

Svör um starfsfólkið framhald

Tvö opin svör fjölluðu um jákvæðar hliðar þess að hafa opið til kl. 17:00 frá sjónarhorni starfsmanna.

- Það hentar betur í mínum leikskóla að starfsfólk vinni til kl. 17:00 og bíður það eftir að það verði opnað aftur til kl. 17:00
- Sumir starfsmenn vilja byrja að vinna kl.9:00 og hætta kl. 17:00

11

Starfsfólkið - lýsandi svar úr könnun

„Starfsfólk ánægðara í vinnu. Það var erfitt að manna fimmvakt. Skipulagt starf byrjar fyrr á daginn og markvissara. Deildarstjórum finnst mjög gott að vera búin að fá allt fólk inn í hús kl. 8:30 til að byrja starfið. Þægilegra fyrir alla. Starfmenn geta sinnt fjölskyldu og félagslegu starfi betur. Meiri starfsánægja í starfsmannahópnum. Starfsmannahópurinn er þéttari þar sem hann dreifist ekki yfir langan tíma. Þar sem ekki allir eru í 100% starfi þá hefur það verið vinsælast að ráða sig fyrrihluta dags sem er mun auðveldara að koma til móts við núna.“

12

Svör um stjórnendur

Alls 48 leikskólastjórar tjáðu sig í opnu svári um þennan lið



- Þetta auðveldar mönnun og því minna álag á stjórnendum. Erfitt var að manna tímann frá 16:30-17:00 og ekki síst ef forföll urðu hjá þeim sem áttu að manna þann tíma, þá þurfti stjórnandinn að dekka tímann. Því fylgir mikil ábyrð að vera í skilastöðu og sumir treysta sér ekki í það, því hafa stjórnendur oft þurft að sinna þessari stöðu og því styttist vinnutími þeirra einnig sem því nemur.
- Auðveldara er að bregðast við veikindaforföllum þar sem fleiri eru í húsi á sama tíma, börn eru því sjaldnar send heim vegna starfsmannaskorts.
- Dagurinn er betur samþjappaður, stjórnandinn með betri yfirsýn og nær að halda betur utan um leikskólastarfið.
- Betur gengur að skipuleggja starfsmannafundi eftir kl. 16:30 heldur en eftir 17:30.
- Því fylgir mikil ábyrð að vera í skilastöðu og sumir treysta sér ekki í það, því hafa stjórnendur oft þurft að sinna þessari stöðu og því styttist vinnutími þeirra einnig sem því nemur.

13

Stjórnendur – lýsandi svör úr könnun

„Það er mun auðveldara að vera komin með fleira fólk inn í hús kl. 8:30 til að sinna börnum, það birtist í glaðari börnum, minni hávaða, ánægðara starfsfólki og faglegra starfi. Það eru fleiri starfsmenn í lok dags, fleiri til 16:30 og það birtist með því að það þarf sjaldan að biðja fólk að lengja vinnutíma sinn vegna veikinda hjá starfsmönnum.“

„Ég sem stjórnandi sé mikla gleði hjá starfsfólkinu, þeir sem eru síðastir þ.e. að loka leikskólanum hafa rými til þess og eru ekki að koma heim til sín svo seint. Stjórnendur sjá glaðara starfsfólk sem metur það að þetta hafi verið framkvæmt á þessa leið. Mjög gott til að geta dekkað daginn betur. Börn sem hafa verið nær allan opnunartíma leikskólans hafa sýnt þreytu og fara nú glöð heima.“

14

Svör umforeldra

Alls 51 leikskólastjórar tjáðu sig í opnu svari um áhrif lokunartíma á foreldra.



- Almennt svara leikskólastjórar því til að foreldrar hafi aðlagast vel að lokun kl. 16:30, lítið hafi heyrst í þeim, þeir hafi sýnt fullan skilning og þeim fari fækkandi sem óska eftir vistun frá 16:30-17:00.
- Foreldrar hafa nýtt betur tímann sem börnin hafa til 16:30 og breytt sínu skipulagi til að koma til móts við leikskólann.
- Foreldrar hitta frekar starfsfólkið sem var allan daginn með barninu þegar það er sótt kl. 16:30. Sumir segja að foreldrar komi jafnframt meira til skiptis að sækja börnin en áður.
- Sumir nefna að foreldrar sem voru með vistun barna til 17:00 gerðu það meira til öryggis en af nauðsyn og nýttu hana því ekki sem skildi.

15

Svör um foreldra - framhald

- Það er kannski þörf fyrir einn leikskóla í hverju hverfi að vera opin til kl. 17:00, 17:30 og 18:00. Til að koma á móts við foreldra sem þurfa þessa þjónustu.
- Lokun kl. 16:30 skapar örugglega stress hjá einhverjum foreldrum
- Lokun kl. 17:00 er góð fyrir foreldra sem eru ekki á sveigjanlegum vinnustað.
- Lokun kl. 17:00 er betri fyrir foreldra sem koma langt að sækja börnin.
- Áhyggjur af foreldrum af erlendum uppruna sem hafa oft minni sveigjaleika í vinnunni.
- Það eru foreldrar sem bíða eftir að opnun verði aftur til kl. 17:00, þegar sóttvarnaraðgerður verður aflétt.

16

Foreldrar – lýsandi svör úr könnun

„Almennt ánægja með þetta er hægt að bjóða foreldrum að koma fyrir á morgnanna og þá ná flest allir að þúsla þessu saman. Tímarnir eru að breytast mikið er um að fólk hafi sveiganlegan vinnutíma. Það hefur eingin kvartað undan þessu hingað til.“

„Bara hvorki né, hef ekkert heyrt foreldra mótmæla lokun kl. 16:30 en stundum ná foreldrar ekki fyrir kl. 16:30 vegna umferðar.“

„Til að byrja með þá voru örfáir foreldrar sem fannst þetta erfitt en allir fundu lausn og í dag er okkur hætt að berast beiðnir um pláss til kl. 17.+2

„Ekki heyrt neitt neikvætt - eins og samfélagið hafi aðlagast fljótt.“

„Með þessu fyrirkomulagi hittum við frekar báða foreldrana því þeir skipta því á milli sín að sækja börnin sín kl.16:30.“

17

Svör um faglegt starf/skipulag starfs

Alls 47 leikskólastjórar tjáðu sig um faglegt starf/skipulag starfs



- Einfaldar framkvæmd á faglegu starfi þegar allt starfsfólk er komið í hús kl. 8:30 og fleiri að sinna börnunum.
- Faglegt starf hefst fyrir. Auðveldar skipulagningu kennslu og hópastarfs. Auðveldara að skipta árgöngum.
- Hægt að fara yfir daginn áður en starfið hefst að morgni.

18

Faglegt starf/skipulag starfs – lýsandi svör úr könnun

- „Eins og áður sagði algjör munur. Það er hægt að fara af stað snemma í ferðir það er allt starf komið í gang kl. 9.00. Allir söng og vinafundir geta byrjað snemma og hægt auðveldlega að skipta árgöngum. Allt faglega starfið gengur betur þegar allir eru komnir í hús 8.30. Fagfólk kemst snemma morguns í undirbúning vegna þess að allar afleysingar eru mættar í hús kl. 8.30. Aldrei aftur hinn tíminn :)“
- „Faglegt starf og skipulag í kringum leikskólstarfið hefur ekki mikil áhrif á opnunartíman en er engu að síður auðveldara í framkvæmd.“
- „Þó skipulagt starfs sé búið milli kl.16:30 til 17:00 fer fram góð samvera og gagnkvæmur skilningur með kennara og verður faglegt starf að vera sama hvað klukkan er.“
- „Jafn gott og áður en betra á morgnana. Allir komnir í hús kl.8:40.“

19

Svör um leikskólabrag

Alls 41 leikskólstjórar tjáðu sig um áhrif á leikskólabrag



- Gleði, ánægja, léttara yfir, skemmtilegra, vellíðan, betri mórall
- Betra jafnvægi, minna álag, minna stress
- Allir mættir á sama tíma/allir jafnir í vinnutíma, hægt að hefja skipulagða starfið fyrr. Meira samstarf og samþætting, meiri samfella í starfi, starfsfólk vinnur þéttara í verkefnum. Meira svigrúm fyrir undirbúningstíma. Meiri samvera kennara, meiri samvinna starfsmanna.
- Meiri ró og festa, meiri tími fyrir persónulegar þarfir barna, hægt að fara vel inn í daginn. Hægt að klára daginn í rólegheitum, ekki þarf að hendast með börn á milli deilda í lok dags. Flest börnin fara heim á sama tíma.
- Foreldrar hafa bein samskipti við starfsmenn viðkomandi deilda.

20

Leikskólabragur – lýsandi svar úr könnun

„Starfsfólkið er ánægðara í starfi þar sem þessi vinnutími hentar því betur. Miklu fleir í húsi á sama tíma meira samneyti með öllu starfsfólkinu. Ekki verið að neyða fólk til að vinna til 17:00. Þar sem flestir eru að vinna á sama tíma þá verður staðblærinn miklu betri og við upplifum okkur betur sem heild. Starfsmannahópurinn er þéttari og minna álag á starfsmenn vegna veikindafjarveru. Þessi opnunartími hentar starfsemi leikskóla miklu betur.“

21

Annað mikilvægt sem fjallað var um

Alls 41 leikskólastjórar tjáðu sig um annað sem þeim fannst mikilvægt að kæmi fram:

- Stór meirihluti leggur áherslu á að áfram verði lokað kl. 16:30, það hafi veruleg áhrif á starfið. Fjölmargir leggja einnig til að stytta dvalartíma barna.
- Börn og starfsfólk nýtur sín betur. Allir sáttir og glaðir. Börnin ekki eins þreytt og áður, þegar þau fara heim.
- Allt miklu einfaldara þegar starfsfólk er komið í hús kl. 8:30. Allt skipulag og ráðningar auðveldari. Mikill léttir seinni partinn. Betra upp á styttingu vinnuvikunnar.
- Foreldrar ekki að gera athugasemdir. Nánast engin eftirspurn eftir þessum tíma. Ekki fundið fyrir óánægju hjá foreldrum eða mikilli þörf á dvöl á tímanum á milli 16:30 og 17:00.
- Mikilvægt að horft sé til þess hvað er gott og heilbriggt fyrir barnið. Stytta þarf viðverutíma barna. Börn eiga ekki að vera með lengri vinnutíma en fullorðnir. Börnin þurfa líka styttingu vinnuvikunnar. Mikilvægt að börnin eigi góðan tíma með foreldrum dag hvern. Barnvænni stefna. Betri fjölskyldustefna. Færri börn sem eru með 9 eða 9.5 klst. dvalartíma.
- Mikilvægt að stytta viðveru yngri barna. Ekki meira en 8 klst. á dag. Meira en 8,5 klst. dvöl er of langt.
- Ógerlegt með engu fjármagni að brúa allan þennan tíma

22

Annað mikilvægt – lýsandi svör

- „Þessi hálf tími hefur gríðarleg jákvæð áhrif á alla starfsemi leikskólans og skipulag.“
- „Galið að fara aftur í að hafa opið til kl. 17. Þetta er allt annað líf og yndislegt að bæði börn og starfsfólk er minna frá.“
- „Mín kenning er sú að mætingin og heilsan bæði hjá börnum og fullorðnum sé betri vegna, handþvotturinn, sprittunin og ekki eins mikið álag því allir eru komnir snemma og fara fyrir. „
- „Dagur barna og starfsfólks þarf að vera styttri á leikskólum, við vinnum í miklu áreiti og hávaða og þetta er að valda mikilli streitu hjá starfsfólki og stjórnendum.“

23

Annað mikilvægt - framhald

Nokkur svör sem lýsa þörf fyrir opnun til 17:00

- „Ég er ein/n af fáum sem hef ekkert á móti því að loka klukkan 17, en sé engan tilgang í því þegar húsið er tómt frá klukkan 16:30. Hins vegar þegar veikindi eru í húsi á morgnana þá er frábært að nóg er af fólki komið vel fyrir klukkan 9.“
- „Þeir sem þurfa lengri opnun, þurfa hana svo sannarlega.“
- „Ég hallast á sveif með þeim sem hafa talað gegn þessu vegna þess að frístundaheimilin eru opin til 17 og vegna þess að þeir sem þurfa þetta, þurfa þetta sannarlega. Hins vegar finnst mér að við ættum að skoða með það að þjónusta alla sem vilja til 16:30. Það myndi gera mikla breytingu hjá okkur ef almenni „skólatíminn“ væri 9-15 og svo gæti fólk keypt sér meira.“

24

Annað mikilvægt - framhald


• Tillögur um aðgerðir

- Bæta við stöðugildum fyrir hvern skóla ef á að vera opið lengur.
- Stytta keyptan tíma hjá börnum svo að betur sé hægt að mæta þörfum þeirra í upphafi og lok dags.
- Hægt að kaupa 15 mín, koma til móts við foreldra varðandi það.
- "Almennur" skólatími frá 9-15, fólk gætir svo keypt sér meira og
- Loka á öllum leikskólum Reykjavíkurborgar kl. 15.30 á föstudögum. Það eru margir starfsstaðir hjá Reykjavíkurborg sem loka fyrr.

25

Svör um ráðningar

- Alls 39 leikskólastjórar sem lokuðu kl. 17:00 fyrir sóttvarnaraðgerðir svöruðu spurningu um áhrif á ráðningar og 14 leikskólastjórar sem lokuðu kl. 16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir. Hér að neðan er heildarsvörun, en í opnum spurningum er svörun skipt upp eftir því sem lokað var kl. 16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir eða 17:00.



26

Svör við ráðningum – þeir sem lokuðu kl. 17:00 fyrir sóttvarnaraðgerðir vegna Covid-19

- 11 af 39 segja að lokun kl. 16:30 hafi ekki haft áhrif á ráðningar.
- 18 af 39 segja að það hafi gengið betur að ráða og jákvætt að geta boðið fólki upp á „betri“ vinnutíma.
- Flestir lýsa því að það sé erfitt að fá fólk til að vinna til kl. 17:00.

Lýsandi svar:

- „Hér hefur fólk verið mjög ánægt með að vera ekki að vinna lengur en 16:30. Finnst núna þegar ástandið í samfélaginu er eins og það er og maður er að ráða inn eldri starfmenn en oft áður og starfólk sem er með háskólapróf þá er krafan miklu meiri að hætta fyrr og helst kl. 16. Fólk sem komið er með fjölskyldur leggur mikið uppúr tíma með henni seinni partinn.“

27

Ráðningar –lýsandi svar lokun kl. 17:00 fyrir sóttvarnaraðgerðir vegna Covid-19

„Það er mjög erfitt að ráða fólk í störf til kl. 17.00. Við höfum alltaf skipt þessu á milli okkar og þannig náða að dekkja daginn. Hest eru þetta krakkar sem eru í námi og koma t.d. eftir hádegið einhverja daga. Það er alger happdrættisvinningur að fá slíkt. Alltaf þarf þó að hafa lykilstarfsfólk með á þessum tíma. Ég hef aldrei náð að ráða starfsmann sem hefur viljað vinna 9-17.“

„Það hefur ekki verið vandamál að manna þessa tíma hingað til, en það starfsfólk sem var áður til 17 finnur mikinn mun.“

„Hefur ekki haft áhrif, við erum með fólk sem er í lokunarstöðum og vinnutími þeirra hefur færst til.“

28

Svör um Ráðningar – lokað kl. 16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir vegna Covid-19

- 9 af 14 segja að auðveldara hafi verið að ráða inn
 - „Auðveldara að ráða fólk til kl.16:30“
 - „Þetta er ákjósanlegur vinnutími og starfsfólk verður jákvæðara“
 - „Reynslan segir mér að það er auðveldara að ráða fólk til 16:30 en 17:00. Það er bara mjög erfitt að fá fólk til að vinna til 17:00“
- 5 af 14 sem svara segja að engin breyting/ekki auðveldara sé að ráða inn.
 - „Engin áhrif það er alltaf jafn erfitt að ráða fólk í leikskólann“
 - „Hefur í raun ekki haft áhrif á ráðningar“
 - „Undanfarin ár hefur verið mikil starfsmannavelta og erfitt að fá hæft fólk“

29

Eingöngu leikskólar sem lokuðu kl. 16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir fengu eftirfarandi spurningar

16 leikskólar af 64 lokuðu kl. 16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir (ath. Nes svarar sem 2 leikskólar og því eru þeir 64 sem svara)

Ártúnsskóli-leik	Klambrar
Bjartahlíð	Múlaborg
Borg	Nes/Bakki
Brákarborg	Nes/Hamrar
Funaborg	Rofaborg
Holt	Seljaborg
Hraunborg	Sólborg
Jörfi	Suðurborg

30

Hverjar af eftirtöldum ástæðum ollu því að ákveðið var að loka leikskólanum kl. 16:30?

16 leikskólar lokuðu kl. 16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir vegna Covid 19. Í þessari spurningu var boðið upp á að svara með „já“ eða „nei.“ Hægt var að svara öllum spurningum játandi eða neitandi. Eftirfarandi er fjöldi jákvæðra svara við spurningunum.


- 4 svöruðu að engin börn voru með dvöl eftir kl. 16:30
- 10 svöruðu að fá börn hefðu verið með dvöl eftir kl. 16:30
- 15 svöruðu að þeim hefði ekki tekist að ráða starfsfólk til að vinna eftir kl. 16.30

31

Hversu mörg börn eru „fá“ börn?

10 leikskólar svöruðu að ein af ástæðum þess að þeir lokuðu kl. 16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir vegna Covid-19 væri sú að fá börn hefðu verið með dvöl eftir 16:30 á leikskólanum.

Þá var spurt um hversu mörg börn væri að ræða og spönnuðu svör frá 2 börnum upp í 7. Átta af tíu leikskólastjórum svöruðu spurningunni um fjölda barna.



32

Að hve miklu eða litlu leiti voru eftirfarandi þættir ástæður þess að opnunartími var stytur?




33

Var breyttur lokunartími ÁÐUR en gripið var til sóttvarnaraðgerða vegna Covid-19, hugsaður sem tímabundin ráðstöfun?

Spurt var:
Er annað sem þú vilt taka fram sem ástæður þess að tekin var ákvörðun um að loka leikskólanum kl. 16:30?

10 svöruðu jákvætt
6 svöruðu neikvætt




34

Hvernig brugðust foreldrar við skerðingunni sem áður höfðu keypt tíma eftir kl. 16:30?

Ath! Engin börn voru flutt í annan leikskóla.

Spurt var um þann fjölda barna sem um ræddi. Tölurnar segja því til um fjölda barna.



35

Þeim leikskólastjórum sem lokuðu kl. 16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir var boðið að tilgreina annað sem ástæður þess að tekin var ákvörðun um að loka leikskólanum kl. 16:30.

- Erfitt að manna leikskólann.
- Ekki rétt að leggja á herðar tveggja starfsmanna að bera ábyrgð á börnum í þúsund fermetrum þar sem allt getur gerst eins og ef einhver óboðinn birtist. Margir treysta sér ekki í þetta.
- Frá 8:00-9:00 er mjög mikið að gera í leikskólanum og skólinn þarf á að halda að fá allt starfsfólk til vinnu í síðasta lagi kl. 8:30. Ef svo er ekki þá eru undirmönnun til kl. 9:00. Það er verið að taka á móti öllum börnunum á þeim tíma og gefa morgunmat sem kallar á að allar vinnandi hendur.
- Það kallar á mikinn mannskap að taka á móti ungum börnum sem mörg hver þarf að taka úr fangi foreldra.

36

Fylgiskjal 3

Áfangaskýrsla stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs, desember 2019

Stýrihópur um umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík



Desember
2019

Áfangaskýrsla stýrihóps

Efnisyfirlit

Um stýrihópinn.....	3
Vinna stýrihópsins frá 18. október – 5. desember 2019	4
Umfjöllun.....	4
Opnunartími leikskóla í stærstu sveitarfélögum landsins	4
Opnunartími leikskóla Reykjavíkurborgar í dag.....	5
Nýting á keyptum stundum í leikskólum	5
Tilraunaverkefni: fyrirkomulag undirbúnings deildarstjóra	6
Þróun á nýtingu leikskólarýma	7
Tillögur stýrihópsins í þessum áfanga	7
Næstu skref stýrihópsins	8

Um stýrihópinn

Stýrihópur um umbætur og skipulag leikskólastarfs hefur það hlutverk að skoða leiðir til að auka fagmennsku, minnka álag á börn og starfsfólk og tryggja gæði starfsins með þarfir barnanna í huga.

Starfshópurinn skipa:

Skúli Helgason, formaður
Diljá Ámundadóttir
Egill Þór Jónsson

Starfsmaður hópsins:

Guðlaug Gísladóttir

Með hópnum starfa:

Anna Margrét Ólafsdóttir leikskólastjóri Nóaborg
Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjóri Kvistaborg
Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskóla
Sigríður Sigurjónsdóttir leikskólakennari í Rauðhóli
Valborg Hlín Guðlaugsdóttir leikskólastjóri Langholti

Aðrir sérfræðingar á skrifstofu skóla- og frístundasviðs eru kallaðir til starfa og gagnaöflunar eftir þörfum s.s. mannauðsráðgjafi, fjármálasérfræðingur og sérfræðingur frá skrifstofu sviðsstjóra.

Helstu markmið/hlutverk samkvæmt erindisbréfi:

Hópurinn skoði sérstaklega eftirfarandi:

- *opnunartíma leikskóla borgarinnar og samræmi þeirra við úthlutun stöðugilda.*
- *dvalartíma barna, bæði keyptar stundir og raunnýtingu.*
- *meti kosti og galla úthlutunar stöðugilda á grunni barngilda og leggi mat á hvort gera ætti breytingar á henni.*
- *skipulag starfsdagsins og áhrif tilraunaverkefna sem unnin hafa verið varðandi breytt skipulag.*
- *framτίðarsýn varðandi stærð barnahópa og leik- og heildarrými pr. barn.*
- *uppbyggingu gjaldskrár.*
- *hvernig bregðast megi við þeirri staðreynd að nýliðun leikskólakennara fullnægir ekki eftirspurn.*
- *áhrif sem eitt leyfisbréf getur haft á leikskólastarfið og hlutfall starfandi leikskólakennara í leikskólum.*

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn leiti ráðgjafar og álits hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu og helstu hagsmunaaðilum, s.s. Félagi leikskólakennara, Félagi stjórnenda í leikskólum, stéttarfélögum annarra starfsmanna leikskóla, samtökum foreldra, Samtökum atvinnulífsins, háskólastofnunum sem koma að menntun leikskólakennara.

Starfstímabil:

Stýrihópurinn leggi fram áfangaskýrslu í skóla- og frístundaráði fyrir 1. desember 2019 og lokaskýrslu fyrir 1. mars 2020 en hafi jafnframt heimild til að koma með tillögur jafnóðum ef þörf krefur.

Vinna stýrihópsins frá 18. október – 5. desember 2019

Stýrihópurinn hefur fundað 5 sinnum á tímabilinu frá 18. október til 5. desember. Eftirfarandi upplýsingum hefur verið safnað og lagt fram fyrir stýrihópinn:

- Gögnum um núverandi opnunartíma leikskóla borgarinnar..
- Upplýsingum frá nágrannasveitarfélögum um opnunartíma leikskóla og breytingar þar að lútandi.
- Yfirlit um hvað foreldrar margra barna kaupa vistun í leikskólum Reykjavíkur frá 7:30 eða 7:45 og til kl. 16:45 og 17:00.
- Kynning frá tveimur leikskólum um skipulag starfs og tilraunir sem gerðar hafa verið með undirbúningstíma deildarstjóra frá kl. 14-16 alla daga. Leikskólastjórar Lyngheima og Rofaborgar mættu á 2. fund stýrihópsins og kynntu fyrirkomulag, útfærslu og reynslu.
- Haraldur Gíslason formaður FL mætti á 3. fund stýrihópsins. Kynnti hann þær áskoranir sem félagsmenn stæðu frammi fyrir og áherslur Félags leikskólakennara í samninga- og hagsmunamálum félagsmanna í náinni framtíð.

Umfjöllun

Opnunartími leikskóla í stærstu sveitarfélögum landsins

Óformleg könnun var gerð á opnunartíma leikskóla hjá stærstu sveitarfélögum landsins. Opinber opnunartími spannar tímabilið frá 07:30-17:15. Fimm af sjö sveitarfélögum opna klukkan 7:30 á morgnana, en tvö opna kl. 07:45, Seltjarnarnes og Akureyri. Lokunartími leikskóla er kl. 16:15 á Akureyri, kl. 16:30 í Reykjanesbæ og Kópavogi og kl. 17:00 eða síðar hjá hinum sveitarfélögum. Seltjarnarnes er með í athugun að hafa opnunartíma frá 07:30-16:30 og í Hafnarfirði hafa leikskólar heimild til að loka kl. 16:30 ef ekki er þörf á lengri opnun. Í Reykjanesbæ er opnunartími fjögurra af fimm leikskólum kl. 07:45-16:15. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir opnunartíma, dvalartíma barna og hversu ung börn eru tekin inn á leikskólana.

Bæjarfélag	Auglýstur tími	Raun opnun	Í athugun	Annað
Seltjarnarnes				
	7:45 - 17:15	7:45 - 17:00	7:30 til 16:30	Taka yngst inn 14. mánaða börn, nema forgangsbörn.
Kópavogur				
	7:30 - 16:30	7:30 - 16:30	Opnunartími ekki í skoðun	Taka inn allt niður í júní 2018 börn. Opnunartími hefur verið til 16:30 frá 1. febrúar 2019.
Garðabær				
	7:30 - 17:00	7:30 - 17:00	Opnunartími ekki í skoðun	Taka inn allan 2018 árganginn.
Hafnarfjörður				
	7:30 - 17:00	7:30 - 17:00	Leyfilegt að loka kl. 16:30 ef ekki er talin þörf á lengri opnun.	Hámarksdvalartími barna verður 8,5 tímar frá næstu áramótum. Ef ekki er þörf á að opið sé lengur en til kl.16:30 er leikskólum heimilt að loka fyrr en kl. 17:00. Leikskólar sem eru með opnunartíma til 17:00 eru hvattir til að skoða styttingu á opnun í takt við skráningar barnanna.
Mosfellsbær				
	7:30 - 17:00	7:30 - 17:00	Opnunartími ekki í skoðun	Hámarksdvalartími barna er 9 tímar.
Akureyri				
	07:45-16:15	07:45-16:15		
Reykjanesbær				
	7:30 - 16:30	7:30 - 17:00		Allir leikskólar nema einn eru opnir frá 07:45-16:15. Hjallastefnan opin frá 07:30-16:30

Opnunartími leikskóla Reykjavíkurborgar í dag

Opnunartími leikskóla Reykjavíkurborgar í dag er frá 7:30-17:00. Af ýmsum ástæðum eru örfáir leikskólar sem opna síðar eða loka fyrr. Mikilvægt er að samræmi sé í opnunartímum leikskólanna til þess að tryggja samræmi í þjónustu við börn og foreldra auk þess að jafnræðis sé gætt á milli starfseininga.

Nýting á keyptum stundum í leikskólum

Ákveðið var að skoða hvernig sá dvalartími sem foreldrar greiða fyrir börn sín er nýttur. Sú aðferð sem var nýtt var að taka út inn- og útskráningar úr upplýsingakerfum borgarinnar í vikunni 14. – 18. október. Meðaltals mæting barna var 90% þá viku sem úttektin fór fram.

Eftirfarandi eru helstu niðurstöður

Í leikskólum Reykjavíkurborgar, eru 5.202 börn. Af þeim börnum eru 615 (12%) með dvalarsamning frá 07:30 og 890 börn (17%) til viðbótar með dvalarsamning frá 07:45. Þá eru 416 börn (8%) með dvalarsamning til 16:45 og 521 (10%) til viðbótar með dvalarsamning til kl. 17:00. 71% barna í leikskólum borgarinnar er með dvalarsamning sem hefst kl. 8:00 eða síðar og 82% barna eru með dvalarsamning til kl. 16:00 á daginn. Taflan hér að neðan sýnir nánari skiptingu og nýtingu á dvalartíma barna.

- Um 552 börn eru mætt fyrir kl. 08:00 í leikskóla borgarinnar á hverjum degi, eða að meðaltali um 8,7 börn í hvern af þeim 63 leikskólum sem starfræktir eru á vegum borgarinnar.
 - ✓ Þar af eru um 204 börn mætt fyrir kl. 7:45 eða 3,2 að meðaltali á hvern leikskóla
 - ✓ Þar af eru um 348 börn mætt á milli 7:45 og 8:00 eða 5,5 börn að meðaltali á hvern leikskóla.
- Um 400 börn eru sótt eftir kl. 16:30 úr leikskólum borgarinnar á hverjum degi, eða að meðaltali 6,3 börn í hvern af þeim 63 leikskólum sem starfræktir eru á vegum borgarinnar.
 - Þar af eru um 247 börn sótt á milli 16:30 og 16:45, eða 3,9 börn að meðaltali á hvern leikskóla. Þar af eru um 152 börn sótt á eftir 16:45, eða 2,4 börn að meðaltali á hvern leikskóla.

Úttekt 14. - 18. október 2019		Dvalarsamningar frá 07:30			Dvalarsamningar frá 07:45		
Heildarfjöldi dvalarsamninga	5202	Fjöldi barna með samning	Fjöldi barna sem eru mætt	Hlutfall mættra af fjölda samninga	Fjöldi barna með samning	Fjöldi barna sem eru mætt	Hlutfall mættra af fjölda samninga
Fjöldi með dvalarsamning		615	553	90%	890	808	91%
Hlutfall af heildarfjölda		12%			17%		
Meðaltalsfjöldi á hvern leikskóla í Rvk.		9,8			14,1		
Nýting á opnunartíma leikskóla		Nýting dvalarsamninga frá 07:30			Nýting dvalarsamninga frá 07:45		
Komutími barna		Hlutfallsleg nýting á dvalartíma	Heildarfjöldi		Hlutfallsleg nýting á dvalartíma	Heildarfjöldi	
Mæting fyrir kl. 07:45		31%	169		4%	35	
Mæting kl. 7:45-08:00		21%	118		28%	230	
Mæting eftir kl. 08:00		48%	266		67%	543	
Meðaltalsnýting á dvalartíma í Rvk.		3%	169		5%	265	
Úttekt 14. - 18. október 2019		Dvalarsamningar til 16:45			Dvalarsamningar til 17:00		
Heildarfjöldi dvalarsamninga	5202	Fjöldi barna með samning	Fjöldi barna sem eru mætt	Hlutfall mættra af fjölda samninga	Fjöldi barna með samning	Fjöldi barna sem eru mætt	Hlutfall mættra af fjölda samninga
Fjöldi með dvalarsamning		416	384	92%	521	480	92%
Hlutfall af heildarfjölda		8%			10%		
Meðaltalsfjöldi á hvern leikskóla í Rvk.		6,6			8,3		
Nýting í % á leikskóla		Nýting dvalarsamninga til kl. 16:45			Nýting dvalarsamninga til kl. 17		
		Hlutfallsleg nýting á dvalartíma	Heildarfjöldi		Hlutfallsleg nýting á tíma	Heildarfjöldi	
Sótt fyrir 16:30		57%	220		51%	244	
Sótt fyrir 16:45		33%	125		25%	122	
Sótt eftir 16:45		10%	38		24%	114	
Meðaltalsnýting á dvalartíma í Rvk.		2%	125		5%	236	

Samantekt á nýtingartíma dvalarsamninga sem hefjast fyrir kl. 8:00 á morgnana:

- Um 29% barna eru með dvalarsamning sem hefjast fyrir kl. 8:00 á morgnana, en aðeins 11% eru að nýta sér dvöl fyrir kl. 8:00 á morgnana, rúm 4% frá 7:30 og 7% frá 7:45. Um 89% barna mætir eftir kl. 8:00 í leikskólann á morgnana.
- Af þeim 615 börnum sem eru með dvalarsamning frá kl. 7:30 mæta 43% eftir kl. 8:00 á morgnana. Aðeins 31% mætir fyrir kl. 7:45 á meðan 21% mætir á milli 7:45 og 8:00.
- Af þeim 615 börnum sem eru með dvalarsamning frá kl. 7:30 á morgnana, mættu að meðaltali 169 börn fyrir kl. 7:45, en það eru rétt rúm 3% af þeim börnum sem eru með dvalarsamninga hjá leikskólum borgarinnar, en 12% barna er með dvalarsamning frá 07:30.
- Af þeim 890 börnum sem eru með dvalarsamning frá kl. 7:45 mæta rúm 67% eftir kl. 8:00 á morgnana á meðan rúm 32% mæta á milli 7:30 og 8:00.
- Af þeim 890 börnum sem eru með dvalarsamning frá kl. 7:45 á morgnana, mættu að meðaltali 265 börn fyrir kl. 8:00, en það eru um 5% af þeim börnum sem eru með dvalarsamninga hjá leikskólum borgarinnar, en 17% barna eru með dvalarsamning frá 7:45.

Samantekt á nýtingartíma dvalarsamninga sem lýkur eftir kl. 16:30 á daginn:

- **Um 18% barna eru með dvalarsamning sem lýkur eftir kl. 16:30 á daginn en aðeins 8% eru að nýta sér dvöl eftir kl. 16.30, tæp 5% frá 16.30-16.45 og 3% eftir kl. 16.45. Um 92% barna voru sótt fyrir kl. 16.30 í leikskólann.**
- Af þeim 937 börnum sem eru með dvalarsamning til kl. 16:30 eða síðar á daginn, voru að meðaltali 464 sótt fyrir kl. 16:30, en það eru um 9% af þeim börnum sem eru með dvalarsamninga hjá leikskólum borgarinnar, 247 börn eru sótt fyrir 16:45 sem eru 5% af þeim börnum sem eru með dvalarsamning og 152 börn eru sótt eftir kl. 16:45 eða 3% af heildarfjölda barna með dvalarsamning.
- Af þeim 416 börnum sem eru með dvalarsamning til kl. 16:45 eru 57% sem eru sótt fyrir kl. 16:30 á daginn. Um 33% eru sótt á milli 16:30 og 16:45 á meðan um 10% eru sótt eftir að dvalartíma þeirra lýkur samkvæmt samningi.
- Af þeim 416 börnum sem eru með dvalarsamning til kl. 16:45 á daginn, voru 220 börn sótt fyrir kl. 16:30, en það eru rétt rúm 4% af þeim börnum sem eru með dvalarsamninga hjá leikskólum borgarinnar, en 8% barna er með dvalarsamning til kl. 16:45.
- Af þeim 521 barni sem er með dvalarsamning til kl. 17:00 eru um 51% sótt fyrir kl. 16:30 á daginn á meðan 25% eru sótt fyrir kl. 16:45 og 24% eru sótt eftir kl. 16:45.

Tilraunaverkefni: fyrirkomulag undirbúnings deildarstjóra

Leikskólastjórar Lyngheima og Rofaborgar komu á annan fund stýrihópsins og kynntu þriggja ára reynslu af því að að deildarstjórar fara út af deild kl. 14:00 á daginn til að sinna undirbúningi, fundum o.fl. skylduverkefnum sem falla utan viðveru á deild með börnunum. Mismunandi útfærslur eru á leikskólunum í kringum dagskipulag vegna þessa fyrirkomulags, en lykilatriði eru skipulag, eftirfylgni og að hafa varaáætlun sem hægt er að grípa til. Það er mat leikskólastjóranna að mikil ánægja sé með fyrirkomulagið og það sé aukin starfsánægja, að dregið hafi úr álagi, meiri samfella verði í starfinu og að faglegt starf verði öflugra.

Fram kom að deildarstjórar eru í starfi með börnunum án truflunar frá kl 8:00-14:00 alla daga en á þeim tíma taka aðrir starfsmenn sína undirbúningstíma. Deildarstjórar eru eins og áður ábyrgir fyrir starfi deildarinnar allan opnunartíma hennar. Einn dag vikunnar eru deildarstjórafundir eftir kl. 14 en ara daga eru að lágmarki tveir deildarstjórar í húsi til kl. 16:00.

Þróun á nýtingu leikskólarýma

Á síðustu áratugum hefur orðið mikil þróun í starfi leikskóla og breytingar á dvalartíma barna.

- Á árunum 1969-1989 var leikskólum skipt í annars vegar dagheimilisdeildir þar sem börn forgangshópa dvöldu allan daginn og hins vegar leikskóladeildir þar sem börn dvöldu fjóra tíma á dag.
- Á árunum 1989-1995 var leik- og dagheimilisdeildum blandað saman og gerðar að leikskóladeildum með mismunandi vistunartíma. Algengt var að börn dvöldu í leikskólunum 4-6 stundir og var svo allt fram til ársins 2004 en það ár voru enn um 500 börn í 6 stunda dvöl eða skemur.
- Á síðustu árum hefur dvalartími barna aukist ár frá ári og er nú orðinn eins og lýst er hér að framan þar sem nánast öll börn dvelja lengur en átta stundir daglega.

Leikskólakennarar hafa haft áhyggjur af þessari þróun og telja að langur dvalartími, í erilsömu umhverfi í stórum hópi barna, í 8,5 til allt að 9,5 stundir á dag sé of mikið og komi niður á þroska s.s. málþroska og líðan barna sem í auknum mæli sýni merki kvíða og streitu.

Í leikskólum fer fram mikið og gott starf og það á að vera réttur allra barna að njóta náms- og uppeldiskosta leikskólans en það er mat fulltrúa í stýrihópnum að það séu hagsmunir barna að meira jafnvægi komist á, á milli leikskóla og fjölskyldulífs.

Frá hausti 2019 hefur nokkrum fjölda leikskóla gengið illa að ná upp ásættanlegri nýtingu leikskólarýma þar sem biðlistar þeirra hafa tæmst. Vegna þessa hafa á þessu hausti verið mörg laus pláss í leikskólum borgarinnar. Í upphafi árs 2020 er fyrirhugað að opna fyrir innritun yngri barna en nú er og fara í kynningarátak til foreldra um laus pláss í leikskólum borgarinnar sem auglýst verða laus til umsóknar svo foreldrum sé kunnugt um þá valkosti sem þeim standa til boða fyrir börn sín. Samhliða þessu komi tillaga um lækkun rekstrarleyfa leikskóla um 7% til fullra framkvæmda. Tillagan var samþykkt árið 2017 og átti að koma að fullu til framkvæmda í ágúst 2020. Þannig verði fullri framkvæmd flýtt og rekstrarleyfi færð til samræmis við framangreinda samþykkt frá og með 1. febrúar 2020.

Tillögur stýrihópsins í þessum áfanga

Eftirfarandi eru tillögur stýrihópsins í þessum áfanga:

1. Styttri opnunartími leikskóla
 - a. Almennur opnunartími leikskóla borgarinnar verði frá 07:30-16:30.
 - b. Breytingin taki gildi frá 1. febrúar 2020 vegna nýrra dvalarsamninga sem taka gildi til og með þeirri dagsetningu.
 - c. Breytingin taki gildi frá 1. apríl 2020 vegna dvalarsamninga sem nú þegar eru í gildi.
 - d. Heimilt verður fyrir foreldra og forráðamenn með gildandi dvalarsamninga að sækja um lengri aðlögunarfrest til 1. ágúst 2020 vegna sérstakra aðstæðna.
 - e. Ekki verða gerðar breytingar á núgildandi dvalarsamningum til lengingar fram yfir 16:30.
 - f. Hámarksdvalartími barna verði 9 tímar.
2. Laus rými á leikskólum borgarinnar þar sem ekki er biðlisti verði boðin foreldrum laus til umsóknar á sama tíma og rekstrarleyfi leikskólanna verði færð niður í samræmi við fyrri ákvörðun.

Næstu skref stýrihópsins

1. Stýrihópurinn mun á fyrstu vikum nýs árs þróa nánar hugmyndir um breytt skipulag leikskólastarfsins. Mikilvægt er að skoða allar breytingar í samhengi við hugmyndir um styttingu vinnuvikunnar sem eru til umfjöllunar í kjaraviðræðum Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðsemjendur sína.
2. Stýrihópurinn mun taka til skoðunar gjaldskrá leikskóla, uppbyggingu hennar og rýna vel hvort tilefni sé til að aðlaga hana að þeim breytingum sem orðið hafa á kostnaðarhlutdeild foreldra á liðnum árum. Í þeirri vinnu verður m.a. horft til reynslu af breytingum sem gerðar hafa verið á uppbyggingu gjaldskráa í nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.
3. Stýrihópurinn mun kanna hvaða áhrif eitt leyfisbréf fyrir öll skólastigin getur haft á leikskólastarfið og hlutfall starfandi leikskólakennara í leikskólum. Þar með talið hvort færa eigi starfsumhverfi leikskólakennara nær því sem gerist í grunnskólum auk annarra mála er varða sérstöðu leikskólastarfsins.

Fylgiskjal 4

Jafnréttismat vegna tillögu um breyttan opnunartíma leikskóla, júní 2020

Jafnréttismat

vegna tillögu um breyttan opnunartíma leikskóla

Júní 2020

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Samantekt - helstu niðurstöður	4
1. Greining á stöðu kynjanna	5
1.1 Staða kynjanna á vinnumarkaði	5
1.2 Ólík umönnunarbyrði kynjanna.....	6
1.3 Dvalartími barna.....	6
2. Greining á gögnum úr upplýsingakerfum SFS	7
3. Umsagnir	10
3.2 Umsagnir hagsmunaaðila	10
3.2 Umsagnir foreldraráða	11
4. Niðurstöður foreldrakönnunar.....	14
4.1 Um könnunina	14
4.2 Bakgrunnur svarenda	14
4.3 Sveigjanleiki í vinnutíma	17
4.4 Keyptur dvalartími.....	20
4.5 Ástæður keypts dvalartíma	22
4.6 Hver fer með og sækir börnin á leikskólann.....	36
4.7 Hversu erfitt er að bregðast við styttum opnunartíma?	38
4.8 Kæmi dvalartími sem hleypur á 15 mínútum til móts við foreldra?	42
4.9 Hversu fylgjandi eða mótfallin eru foreldrar breytingunni	45
5. Samantekt	50
Heimildir.....	52
Fylgiskjöl.....	53

Inngangur

Á fundi skóla- og frístundaráðs 8. október 2019 var samþykkt að stofna stýrihóp um umbætur og skipulag leikskólastarfs. Markmið hópsins var að skoða leiðir til að auka fagmennsku, minnka álag á börn og starfsfólk og tryggja gæði starfsins með þarfir barnanna í huga. Í desember 2019 skilaði hópurinn áfangaskýrslu þar sem m.a. var lögð fram tillaga um að stytta almennan opnunartíma leikskóla borgarinnar um hálfu klukkustund, úr 07:30-17:00 í 07:30-16:30 og að dvalartími hvers barns færi ekki yfir níu klukkustundir. Tillagan um styttingu opnunartíma var samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. janúar 2020 og lögð fyrir borgarráð í kjölfarið. Tillagan fékk nokkra fjölmiðlaumfjöllun eftir að hún var samþykkt í skóla- og frístundaráði og voru fjölmargir aðilar sem hvöttu borgarstjórn til að rýna vel í þau jafnréttisáhrif sem samþykkt tillögunnar gæti haft í för með sér. Á fundi borgarráðs þann 23. janúar 2020 lagði borgarstjóri svo fram eftirfarandi tillögu og var hún samþykkt:

Í samráði við stýrihóp skóla- og frístundaráðs um umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík er lagt til að fram fari ítarlegt jafnréttismat á tillögu um breyttan opnunartíma á leikskólum. Mikilvægt er að fá skoðanir foreldra fram í þeirri vinnu og þá sérstaklega þeirra sem eru með dvalarsamninga eftir kl. 16:30 og greina aðstæður þeirra. Greina skal sérstaklega þann hóp foreldra sem muni eiga erfitt með að mæta þessari breytingu á opnunartíma. Einnig er mikilvægt að fá mat á því hvort grípa megi til mótvægisáðgerða vegna tillögunnar til þess að vinna að auknu jafnrétti. Að loknu jafnréttismati muni borgarráð taka tillöguna til endanlegrar meðferðar.

Stefnt var að því að framkvæma jafnréttismatið í febrúar og mars en matið færðist verulega til vegna utanaðkomandi samfélagsáhrifa. Rétt áður en spurningakönnun var send út til foreldra fór starfsfólk Eflingar í verkfall og voru áhrif þess mikil á starfsemi leikskólanna í borginni. Þegar verkfallinu var að ljúka höfðu áhyggjur af Covid-19 aukist mikið og fljótlega hafði veiran gríðarleg áhrif á allt samfélagið í heild sinni. Það er mikilvægt að hafa það í huga að þessar breyttu samfélagsaðstæður gætu hafa haft áhrif á svörun og einnig á viðhorf foreldra til styttingu opnunartíma leikskólanna.

Í kjölfar tillögu borgarstjóra var settur saman hópur til að vinna ítarlegt jafnréttismat á tillögunni um breytingu á opnunartíma leikskóla. Hópurinn greindi gögn úr tölvukerfum borgarinnar þar sem rýnt var í fjölda þeirra sem kaupa dvöl eftir klukkan 16:30. Sérstaklega var litið til þess hver munur er á dvalartíma eftir hverfum, hvernig foreldrar og forsjáraðilar eru að nýta keyptan tíma og hvernig sá hópur sem kaupir tíma eftir kl. 16:30 er samsettur. Bréf var sent á alla foreldra/forsjáraðila leikskólabarna með kynningu á tillögunni og hvers vegna hún var lögð fram. Í kjölfarið var send könnun á þá sem kaupa dvalartíma eftir 16:30 til að fá fram hversu auðvelt eða erfitt það reynist viðkomandi að bregðast við breyttum opnunartíma. Umsagnarbeiðnir um tillöguna voru sendar á foreldraráð allra leikskóla borgarinnar, Heimili og skóla, hagsmunasamtök leikskólakennara og stjórnenda, Sameyki, Eflingu, Umboðsmann barna, Samfok og til kynjafræðideildar og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Að endingu var það starf hópsins að taka saman og varpa fram gögnum frá öðrum en borginni (ríki, háskólasamfélagi o.fl.) sem sýna fram á jafnréttisáhrif breytinga á þjónustu sem þessa.

Hópurinn skipaður:

Freyja Barkardóttir, verkefnastýra kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar á fjármála- og áhættustýringarsviði

Guðlaug Gísladóttir, verkefnastjóri stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs

Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, sérfræðingur á skrifstofu sviðsstjóra á skóla- og frístundasviði

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur

Hópurinn fékk einnig sérstaka aðstoð frá Aðalbjörgu Dísu Guðjónsdóttur, Ingibjörgu Margræti Gunnlausdóttur, Mána Þorsteinsyni og Helgu Gunnarsdóttur á skóla- og frístundasviði.

Samantekt - helstu niðurstöður

Um níuhundruð börn voru með dvalartíma eftir klukkan 16:30 á leikskólum Reykjavíkur á þeim tíma sem jafnréttismatið var framkvæmt. Það er um 17% allra barna í leikskólum borgarinnar. Hluti af leikskólum borgarinnar lokuðu þá þegar klukkan 16:30 svo hluti foreldra hafði ekki val um að kaupa dvöl lengur en það. Nýting á tímanum er að meðaltali 42% sem þýðir að börnin eru sótt eftir klukkan 16:30 að meðaltali rúmlega tvisvar í viku. Aðeins tvö börn nýttu aldrei tímamann eftir klukkan 16:30 á því tímabili sem tekið var út.

Mæður fara oftast með börnin og sækja börnin oftast en feður á leikskólann. Samkvæmt foreldrakönnun munu bæði mæður og feður sækja börnin sjaldnar ef opnunartími verður stytur en fjöldi daga sem feður sækja fækkar meira. Af þeim foreldrum sem eru að kaupa dvalartíma eftir 16:30 telja 62% að það verði erfitt eða mjög erfitt að bregðast við stytum opnunartíma og 59% foreldra eru frekar eða mjög mótfallnir fyrirhugaðri breytingu. Feður er mótfallnari breytingunum en mæður.

Sá hópur foreldra sem mun eiga erfiðast með að bregðast við styttri opnunartíma er fólk sem hefur minnstan sveigjanleika í vinnu og er það helst fólk af erlendum uppruna og þeir sem sögðu að vaktavinna skipti máli í ákvörðun um að kaupa dvalartíma eftir klukkan 16:30. Einnig mun breytingin hafa verst áhrif á foreldra sem hafa lokið iðn-, tækni- eða stúdentsprófi og þar sem heildartekjur heimilis eru á bilinu 550-799 þúsund.

Í opnum svörum í foreldrakönnun kom í ljós að vinnutími og ferðatími í og úr vinnu hefur einna mest áhrif á kaup á dvalartíma eftir 16:30. Einnig hefur ósamræmi varðandi opnunartíma í leik- og grunnskólum og frístundaheimilum áhrif. Margir foreldrar tala um að lenda nú þegar í vandræðum með að ná fullum vinnudegi m.a. vegna ferðatíma í og úr vinnu í samræmi við opnunartíma leikskóla. Einhverjir foreldrar eru að vinna á kvöldin og um helgar til að ná að sinna vinnuskyldu sinni en í þónokkrum svörum kom fram ótti um starfsöryggi og fyrirfram séð tekjutap ef opnunartími leikskólanna verði stytur til 16:30.

Margir foreldrar tala um sveigjanleika, vilja geta keypt tíma til klukkan 17:00 en sækja börnin fyrr þá daga sem það er hægt. Í mörgum tilvikum eru aðrir en foreldrar að sækja börn einhverja daga í viku og er því dvöl barna mislönng eftir dögum. Nokkuð bar á því að foreldrar myndu frekar kjósa að þak yrði sett á lengd dvalartíma barna en að breyta opnunartíma og skerða þar með þjónustu. Foreldrar vilja hafa sveigjanleika til að velja hvort barn byrjar seinna að morgni eða fer fyrr heim að degi loknum.

Niðurstaða foreldrakönnunarinnar er að þessi breyting kemur sér illa fyrir stóran hluta þeirra sem nú þegar kaupa tíma eftir kl. 16:30. Tillagan mun hafa neikvæð áhrif á jafnrétti kynjanna og koma einna verst niður á suma foreldra af erlendum uppruna.

1. Greining á stöðu kynjanna

Í þessum kafla er greining á stöðu kynjanna á vinnumarkaði og umfjöllun um kynjahlutverk í umönnun og fjölskyldulífi en þessi atriði tengjast beint aðgerðum um breyttan opnunartíma leikskóla. Ljóst er að aðgerð sem þessi hefur mismunandi áhrif á fólk eftir ólíkri stöðu, m.a. út frá kyni. Því er mikilvægt að varpa fram þeim kynjaða veruleika sem við búum við út frá fræðilegum rannsóknum, opinberum skýrslum og tölfræði.

1.1 Staða kynjanna á vinnumarkaði

Atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi telst nokkuð há, eða um 77%. Þó eru konur mun líklegri til þess að vinna hlutastarf eða styttri vinnutíma en karlar. Árið 2019 var meðalvinnutími kvenna 35,6 tímar á viku en karla 42,8 tímar. 35% kvenna á vinnumarkaði voru í hlutastarfi á móti 13% karla á vinnumarkaði (Hagstofa Íslands, 2019). Konur eru líklegri en karlar til að minnka starfshlutfall til að koma til móts við þarfir fjölskyldu sinnar (NIKK, 2018). Minni atvinnuþátttaka kvenna á almennum vinnumarkaði hefur áhrif á tekjuöflun þeirra, framgang í starfi og lífeyriskjör. Hjónaband og barneignir hafa almennt jákvæð áhrif á starfsframa og launaþróun karlanna á meðan að launaþróun kvenna staðnar frekar við það að stofna fjölskyldu. Samkvæmt rannsókn Gyðu Margrétar Pétursdóttur (2009) eru meiri líkur á að konur taki á sig aukna umönnunarbyrði heimilanna en karlar vegna gildismats starfa. Karlar eru almennt með hærri laun og eru mun fleiri en konur í stjórnunarstöðum og því meiri líkur á að kona bregðist við með aukinni ábyrgð á heimilisstörfum en karl þegar aðstæður krefjast þess. Þá hefur Kristín Ástgeirsdóttir (2018) einnig bent á að þegar rýnt var í ástæður mikils launamuns kynjanna í Noregi, Svíþjóð og í Danmörku kom í ljós að helsta ástæðan var kynjaskiptur vinnumarkaður og ríkjandi mat á störfum kvenna. Hún bendir á að til að jafna kynbundinn launamun þurfi að endurmeta gildi hefðbundinna kvennastarfa, s.s. í mennta- og velferðarþjónustu. Það telst því mikilvægt skref í jafnréttisstarfi að gefa gaum að þessu kynjabili og grípa til aðgerða sem tryggja jafna möguleika kynjanna til þátttöku á vinnumarkaði.

Í doktorsrannsókn Ólafar Júlíusdóttur (2019) sem fjallar um valdaójafnvægi í stjórnendastöðum í íslensku atvinnulífi kemur skýrt fram að veruleiki kvenna og karla á vinnumarkaði er ekki sambærilegur. Til þess að breyta stöðu og tækifærum kvenna þurfi að horfa á heildarmyndina, þ.e. hvernig fjölskylduábyrgð og launuð vinna fara saman. Í viðtölum Ólafar við konur og karla í viðskiptalífínu kom m.a. fram að konur á barnseignaraldri væru síður álitnar frambærilegar í ábyrgðarstöðum á meðan það virtist ekki vandamál að ráða karla sem ættu von á barni. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna einnig að karlar hafa meiri sveigjanleika og mun meira vald yfir tíma sínum en konur.

35% kvenna á íslenskum vinnumarkaði eru í hlutastarfi (undir 35 klst. á viku) samanborið við 13% karla á vinnumarkaði (Hagstofa Íslands, 2019). Rannsóknir sýna að ástæður þess að fólk sinnir hlutastarfi eru ólíkar milli kynja. Karlar eru aðallega í hlutastarfi vegna náms eða vegna heilsufarsástæðna en konur vegna fjölskylduábyrgðar, heilsufars eða skipulags vinnuveitanda (NIKK, 2018). Í rannsóknarskýrslu Norrænu kvenna- og kynjarannsóknarstofnunarinnar (NIKK) um atvinnuþáttöku kynjanna á Norðurlöndum er því velt upp hvort ekki væri vænlegri leið að auknu kynjajafnrétti að leiðrétta langa vinnuviku karla í fullu starfi heldur en að reyna að fjölga vinnustundum kvenna ef aukið jafnrétti á vinnumarkaði er markmiðið (NIKK, 2018).

Markmið laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Því markmiði skal m.a. ná með því að bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu og með því að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Ef ójafnvægi ríkir á milli atvinnu og fjölskyldulífs er aukin hætta á streitu og veikindum hjá foreldrum en ef vel tekst að samræma þessi hlutverk þá hefur það jákvæð áhrif á bæði líkamlega og andlega heilsu (Voydanoff, 2005). Mikil umfjöllun hefur verið um styttingu vinnuvikunnar undanfarin ár og telst það meðal annars sem aðgerð til þess að stuðla að auknu jafnrétti en rannsóknir sýna að eftir því sem fólk gengur betur að samræma atvinnu- og fjölskyldulífi er það sáttara við líf sitt (Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir, 2019).

1.2 Ólík umönnunarbyrði kynjanna

Ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á að umönnunarbyrði kynjanna og ábyrgð á heimilisstörfum er afar ólík á milli kynjanna. Konur bera mun oftar þungan af þeirri umönnunarbyrði sem heimilinu fylgir og því eru meiri líkur á að það komi verr niður á konum en körlum þegar skorid er niður í þjónustu sem tengist heimili og umönnun (Himmelweit, 2002; Þóra Kristín Þórsdóttir, 2013).

Samkvæmt niðurstöðum í íslenskri rannsókn á áhrifum kreppu á gæði heimilislífs kom í ljós að konur og karlar eru sammála um að konur bera meiri ábyrgð á heimilisstörfum en karlar. Samkvæmt rannsókninni telja rúm 47% kvenna sig vinna meira en sinn skerf af heimilisstörfum árið 2010 og 49% íslenskra karla viðurkenna að gera minna en sinn skerf (Kolbeinn Stefánsson og Þóra Kristín Þórsdóttir, 2010). Í könnun Maskína frá 2017 um heimilisþrif á Íslandi kemur fram að tæplega 39% kvenna en aðeins 4% karla segjast að mestu leyti sjá um heimilisstörfin á heimili sínu. Á meðan tæplega 68% karla sögðust skipta heimilisstörfum jafnt með maka sínum tóku einungis 51,3% kvenna undir sömu fullyrðingu (Maskína, 2017). Samkvæmt rannsókn Félagsvísindastofnunar árið 2010 vorðu konur á Íslandi að meðalali 12,8 klst. á viku í heimilisstörf en karlar vorðu 8,7 klst. á viku (meðal allra – barnlausra, einhleypa og sambúðarfólks). Sama rannsókn sýndi að giftar mæður vorðu að meðaltali tæpum 33 klst. á viku í umönnun barna en giftir feður 19 klst. (Þóra Kristín Þórsdóttir, 2013).

Ljóst er að konur bera meiri ábyrgð á ólaunuðum umönnunarstörfum á heimilinu en karlar og taka á sig meiri ábyrgð ef utanaðkomandi þjónusta er skert. Þjónustuskerðing er því líkleg til að auka álag og fjölga ólaunuðum vinnustundum hjá konum. Óhætt er að fullyrða að þjónusta á boð við daggæslu er þó hvað mikilvægust fyrir einstæða foreldra sem hafa ekki tök á að deila vinnuálagi og skyldum heimilisins með maka líkt og þeir sem eru í sambúð. Einstæðir foreldrar axla að auki einir þá ábyrgð að afla fjár fyrir heimilið.

1.3 Dvalartími barna

Á síðustu áratugum hefur orðið mikil þróun í starfi leikskóla og breytingar á dvalartíma barna. Á árunum 1969-1989 var leikskólum skipt í annars vegar dagheimilisdeildir þar sem börn forgangshópa dvöldu allan daginn og hins vegar leikskóladeildir þar sem börn dvöldu fjóra tíma á dag. Á árunum 1989-1995 var leik- og dagheimilisdeildum blandað saman og gerðar að leikskóladeildum með mismunandi vistunartíma. Algengt var að börn dveldu í leikskólunum 4-6 stundir og var svo allt fram til ársins 2004 en það ár voru enn um 500 börn í 6 stunda dvöl eða skemur. Á síðustu árum hefur dvalartími barna lengst ár frá ári og er nú orðinn þannig að nánast öll börn dvelja lengur en átta stundir daglega (Reykjavíkurborg, 2019).

Með því að tryggja öllum börnum leikskóladvöl má draga verulega úr félagslegum ójöfnuði (Anna M. Hreinsdóttir, 2019). En þegar litið er til „vinnutíma“ barna má benda á að í skýrslu Evrópuráðsins *Key data on early education and care in Europe* frá árinu 2019 kemur fram að börn á íslenskum leikskólum eru með lengstan viðverutíma. Árið 2016 dvöldu íslensk börn undir þriggja ára aldri að meðaltali 37,3 tíma á viku í leikskólanum og börn yfir þriggja ára í 38,1 tíma á viku. Meðal dvalartími barna í Evrópu er 28 tímar og á það við um börn bæði undir og yfir þriggja ára aldri. Það er því ljóst að dvalartími íslenskra barna er langt yfir meðaltali í Evrópu (Evrópuráð, 2019). Rætt hefur verið um að löng dvöl íslenskra barna auðveldi báðum foreldrum að vinna fullan vinnudag og sé því mikilvæg þegar kemur að kynjajafnrétti á vinnumarkaði. Þó eru einnig uppi vangaveltur um áhrif langs dvalartíma á börnin sjálf, félagsþroska þeirra og vellíðan. Mikilvægt er að gæta að góðu jafnvægi í lengd dvalartíma og skiptingu á milli umönnunar og menntunar innan dvalartímans eins og segir í vangaveltum Önnu Magneu Hreinsdóttur um skýrslu Evrópuráðsins leggur það „grunn að vitsmuna-, félags- og líkamsþroska barna og hjálpar þeim að byggja upp jákvæða sjálfsmynd.“ (2019).

2. Greining á gögnum úr upplýsingakerfum SFS

Fjármálaskrifstofa SFS samkeyrði skýrslur úr upplýsingakerfum borgarinnar þannig að hægt væri að fá skýra mynd af því hversu mörg börn væru með dvalarsamning eftir klukkan 16:30 á daginn, hvernig nýtingin á þeim tíma er og hversu langur heildarvistunartími þessa hóps er. Þá var einnig litið til þess hvernig hópurinn er samsettur, þ.e. hlutfall barna einstæðra foreldra, námsmanna, öryrkja og börn starfsfólks leikskóla Reykjavíkurborgar. Þessir hópar eiga allir möguleika á viðbótarafslætti á leikskólagjöldum og eru því skráð í upplýsingakerfum. Aflað var gagna úr Völu, innritunar- og innheimtukerfi leikskóla og tekið var út tímabilið frá 1. október til 30. nóvember 2019.

Tafla 2.1 sýnir yfirlit yfir fjölda barna í leikskóla eftir hverfum, fjölda með dvalartíma eftir klukkan 16:30 eftir hverfum og hlutfalli af heild. Hér sést að 17% barna á öllum leikskólum borgarinnar var með vistun eftir klukkan 16:30 á tímabilinu, alls 896 börn. Stærsta hlutfall barna með vistun eftir klukkan 16:30 er í Vesturbæ og Miðborg en þar er 24% og 26% allra barna með vistun eftir kl. 16:30.

Vert er að taka fram að á tímabilinu sem tekið var út voru einhverjir leikskólar þegar byrjaðir að loka kl. 16:30 eða 16:45 og því höfðu foreldrar í þeim skólum ekki tók á að kaupa dvöl til kl. 17:00.

Hverfi	Fjöldi barna í leikskóla	Fjöldi eftir 16:30	Hlutfall eftir 16:30
Árbær	577	95	16%
Breiðholt	893	119	13%
Grafarholt og Úlfarsárdalur	377	68	18%
Grafarvogur	772	118	15%
Háaleiti og Bústaðir	646	114	18%
Hlíðar	486	65	13%
Kjalarnes	41	6	15%
Laugardalur	628	110	18%
Miðborg	251	65	26%
Vesturbær	564	136	24%
Alls	5235	896	17%

Tafla 2.1

Í töflu 2.2. sést hvernig hópurinn með vistun eftir kl. 16:30 skiptist á milli þeirra sem eru með vistun til 16:45 annarsvegar og 17:00 hinsvegar. Alls 397 börn eru með vistun til 16:45 en 499 eru með vistun til 17:00.

Hverfi	Alls	alls e. 16:30	16:30-16:45	16:45-17:00
Árbær	577	95	47	48
Breiðholt	893	119	44	75
Grafarholt og Úlfarsárdalur	377	68	38	30
Grafarvogur	772	118	55	63
Háaleiti og Bústaðir	646	114	70	44
Hlíðar	486	65	23	42
Kjalarnes	41	6	2	4
Laugardalur	628	110	44	66
Miðborg	251	65	17	48
Vesturbær	564	136	57	79
Alls	5235	896	397	499

Tafla 2.2

Keyptir tímar

Tafla 2.3 sýnir yfirlit yfir heildardvalartíma barna með vistun eftir klukkan 16:30 eftir hverfum.

Stærsti hópur barna með dvalarsamning eftir klukkan 16:30 er með samtals 9 tíma dvalarsamning eða 385 börn. Næst stærsti hópurinn er með 8,5 tíma dvalarsamning og eru það 352 börn. 66 börn eru með 9,5 tíma dvalarsamning en þriðjungur þeirra er í Breiðholti. Einungis fimm börn með dvalarsamning eftir klukkan 16:30 eru með dvalartíma sem er styttri en 8 klukkustundir.

Hverfi	Fjöldi barna eftir 1630	Heildardvalartími barna með vistun eftir 16:30					
		7 tímar	7,5 tímar	8 tímar	8,5 tímar	9 tímar	9,5 tímar
Árbær	95	0	0	7	31	47	10
Breiðholt	119	0	1	12	39	45	22
Grafarholt og Úlfarsárdalur	68	0	0	4	24	34	6
Grafarvogur	118	1	0	9	33	67	8
Háaleiti og Bústaðir	114	0	0	11	43	56	4
Hlíðar	65	0	0	7	36	21	1
Kjalarnes	6	0	0	2	1	2	1
Laugardalur	110	0	0	7	57	39	7
Miðborg	65	0	1	12	23	27	2
Vesturbær	136	1	1	15	67	47	5
Samtals	896	2	3	86	354	385	66

Tafla 2.3

Hópar með viðbótarafslátt

Tafla 2.4 sýnir fjölda barna í leikskólum eftir hverfum, greint niður á þau sem fá viðbótarafslátt vegna aðstæðna þar sem báðir foreldrar eru í námi, foreldri er einstætt eða foreldrar eru öryrkjar. Í töflunni má sjá samanburð milli heildarfjölda barna þar sem foreldrar eru með þennan viðbótarafslátt og hópin sem er með vistun eftir kl. 16:30. Munur er þar á milli hópa en 17% foreldra allra barna í leikskólum borgarinnar er með þennan viðbótarafslátt en 23% foreldra þeirra barna sem eru með vistun eftir klukkan 16:30 eru með viðbótarafslátt.

Einstæðir foreldrar með vistun eftir klukkan 16:30 eru 170 talsins eða 19% þeirra sem eru með vistun eftir kl. 16:30. Af öllum hópnum er það samtals 679 eða 13% af heildinni.

Hverfi	Fjöldi barna	Allur dagurinn				Eftir 16:30				
		Báðir foreldrar í námi	Einstæðir	Öryrkjar	Hlutfall	Fjöldi barna	Báðir foreldrar í námi	Einstæðir	Öryrkjar	Hlutfall
Árbær	577	4	77	22	18%	95	2	18	4	25%
Breiðholt	893	1	138	49	21%	119	0	26	6	27%
Grafarholt og Úlfarsárdalur	377	3	44	14	16%	68	2	12	1	22%
Grafarvogur	772	1	103	22	16%	118	1	22	4	23%
Háaleiti og Bústaðir	646	4	76	25	16%	114	0	27	5	28%
Hlíðar	486	7	74	11	19%	65	0	18	0	28%
Kjalarnes	41	0	3	4	17%	6	0	1	0	17%
Laugardalur	628	1	73	17	14%	110	0	13	7	18%
Miðborg	251	0	39	6	18%	65	0	14	0	22%
Vesturbær	564	1	52	7	11%	136	1	19	0	15%
Samtals	5235	22	679	177	17%	896	6	170	27	23%

Tafla 2.4

Nýting á tíma eftir klukkan 16:30

Tafla 2.5 sýnir nýtingu á dvalartíma eftir klukkan 16:30. Að meðaltali eru 42% barnanna með vistun eftir kl. 16:30 sótt eftir kl. 16:30 en 58% eru sótt fyrir 16:30. Þetta þýðir að þau börn sem eru með vistunartíma eftir kl. 16:30 eru sótt þá 2-3 daga í viku að meðaltali. Forðast ber að túlka gögnin þannig að einungis 42% af foreldrum með vistun eftir klukkan 16:30 nýti þann tíma en foreldrar geta verið að nýta tímann mismikið. Þó að nýtingin sé ekki 100% þýðir það ekki að foreldrar þurfi ekki á henni að halda.

Í könnun til foreldra voru þeir m.a. beðnir um að svara á hvaða tímum barnið væri venjulega sótt eftir dögum. Ef svör einstaka svarenda eru skoðuð er oft á tíðum flökt á tímasetningum eftir dögum sem gefur til kynna að það fari eftir því hver sækir hversu snemma er sótt, ekki er óalgengt að ömmur eða afar sæki einhverja daga vikunnar og sæki þá oft fyrr til þess að sinna barninu en hina dagana verða foreldrar að nýta allan tímann.

Á tímabilinu sem tekið var út (október-nóvember 2019) voru aðeins tvö börn sem aldrei nýttu tímann eftir klukkan 16:30.

Hverfi	Fjöldi barna með vistun e. 16:30	Meðaltal sótt eftir 16:30
Árbær	95	30%
Breiðholt	119	43%
Grafarholt og Úlfarsárdalur	68	35%
Grafarvogur	118	42%
Háaleiti og Bústaðir	114	40%
Hlíðar	65	40%
Kjalarnes	6	41%
Laugardalur	110	50%
Miðborg	65	51%
Vesturbær	136	48%
Allir samtals	896	42%

Tafla 2.5

Ef litið er til þeirra hópa sem fá viðbótarafslátt eru börn foreldra sem báðir eru í námi að meðaltali að nýta 34% eftir kl. 16:30, börn einstæðra eru sótt eftir kl. 16:30 39% af tímanum og börn öryrkja eru sótt eftir kl. 16:30 32% af tímanum. Eins og sjá má í töflu 2.4 eru þetta fámennir hópar (sérstaklega báðir foreldrar í námi og öryrkjar) og því erfitt að draga ályktanir um meðaltal.

3. Umsagnir

3.2 Umsagnir hagsmunaaðila

Sendar voru út umsagnarbeiðnir til Félags foreldra leikskólabarna í Reykjavík, Heimilis og skóla, Félag leikskólakennara og -stjórnenda, Sameykis, Eflingar, Umboðsmanns barna, Samfok, kynjafræðideildar HÍ og Menntavísindasviðs HÍ.

Umsagnarbeiðnir voru sendar út 21. febrúar 2020 með skilafrest til 16. mars en frestur var lengdur til 16. apríl 2020. Umsagnaraðilar fengu rafrænt bréf og prentað bréf og fylgigögn frá skrifstofu SFS þar sem óskað var eftir umsögnum. Alls bárust umsagnir frá sex aðilum; Heimili og skóla, Félag leikskólakennara, Félag leikskólastjórnenda, Umboðsmanni barna, kynjafræðideild HÍ og Menntavísindasviði HÍ. Hér á eftir er umfjöllun um inntak og helstu ábendingar umsagnaraðila en umsagnirnar eru í fylgiskjölum 1-6.

Umsögn Félags leikskólakennara

Félag leikskólakennara styður tillögu stýrihópsins um styttingu opnunartíma leikskóla. Með breytingunni sé hægt að spyrna gegn löngum viðverutíma barna á leikskólum borgarinnar og styrkja faglegt starf. Að mati félagsins myndi það draga úr álagi á bæði börn og starfsfólk og hægt væri að þjappa vinnutíma starfsfólks á styttra tímabil.

Félag leikskólakennara varpar einnig fram því sjónarmiði að tímabært sé að taka upp umræðu um skilgreiningu á hlutverki leikskóla, annars vegar sem menntastofnunar og hins vegar sem þjónustustofnunar, og leggur til eftirfarandi: *Ef til vill þarf að taka til skoðunar mögulegar breytingar á skipulagi skólastarfs í leikskóla annars vegar og hins vegar skipulagi þess hluta sem telst til frístundastarfs og/eða gæslu. Með slíkum breytingum væri einnig hægt að einfalda skipulag kennsluskyldu leikskólakennara á móti tíma fyrir önnur fagleg störf utan deilda. Slíkar breytingar gætu gert leikskólakennurum kleift að sinna betur faglegum hliðum starfsins utan kennslu, s.s. undirbúningi kennslunnar, skráningum, mati og faglegu samstarfi við annað starfsfólk og kennara. Slíkt mun á endanum skila meiri gæðum í námi barnanna.*

(Sjá umsögnina í heild í fylgiskjali 1).

Umsögn Félags stjórnenda leikskóla

Félag stjórnenda leikskóla styður einnig tillögu stýrihópsins og hvetur Reykjavíkurborg til þess að samþykkja hana. Þá eru taldar upp ástæður þess að einhverjir leikskólastjórar hafi stytt opnunartíma til kl. 16:30 nú þegar, m.a. að *mæting barnahópsins er að stærsta hluta fyrir kl. 8:30 og því ekki hægt að biðja með að fá starfsmenn í hús til kl. 9, yfirvinna fyrir tímann eftir kl. 16:30 er ekki gert ráð fyrir í fjárhagsramma, undirmönnuð starfsemi á leikskólanum, og leikskólastjórar eru ekki tilbúnir til að standa vaktina frá kl. 7:30-17:00.* Félagið fer einnig yfir upplifun þeirra leikskólastjóra sem nú þegar hafa stytt opnunartíma: *starfsfólk finnur að streita inni á deildum minnkar töluvert mikið, faglegt starf hefst strax kl. 9:00, starfsfólk tekur eftir minni þreytu hjá börnum, samskipti barna og foreldra eru oft á tíðum betri þegar börnin eru sótt og færri yfirvinnutímar eru greiddir í hverjum mánuði.*

(Sjá umsögnina í heild í fylgiskjali 2).

Umsögn Heimila og skóla

Heimili og skóli – landssamtök foreldra fagna því að fá umsagnarbeiðni vegna tillögunnar en lýsa yfir óánægju yfir því að ekki hafi verið haft samráð við foreldra við gerð tillögunnar. Bent er á í umsögninni að samkvæmt tillögu stýrihópsins muni tillagan hafa áhrif á um 400 fjölskyldur og það sé ekki lítil tala. Einnig er bent á að undirmönnun og skipulag starfs sé ekki verkefni fyrir foreldra að leysa úr heldur atvinnurekenda sem í þessu tilfelli er sveitarfélagið. Vísað er í Steinunni Gestsdóttur, prófessor í þroskasálfræði, sem fjallað hefur um að hávaði, lítið páss og mannekla á leikskólum hefur frekar neikvæð áhrif á börn en lengd viðverutíma. Lagt er til að stytting opnunartíma væri tekin í smærri skrefum þar sem árangur og áhrif væru metin jafnóðum. Einnig er lagt til að

opnunartími leikskóla taki mið af þörfum á hverjum stað, eða möguleikum hvers leikskóla hvað varðar starfsmannahald og aðstæður. Félagið tekur að lokum fram eftirfarandi: *Fæstir foreldrar kjósa að hafa börn sín lengur á leikskóla dag hvern en þörf krefur og því ætti að vera í forgangi að koma á jafnvægi milli atvinnulífs og fjölskyldulífs sem aftur ætti að skila sér í jafnvægi milli leikskóla og fjölskyldulífs.*

(Sjá umsögnina í heild í fylgiskjali 3).

Umsögn Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands

Í umsögn Félagsvísindasviðs HÍ er því hrósað að Reykjavíkurborg vilji stytta vinnutíma starfsfólks í leikskólum og minnka álag á börn og starfsfólk. Þó er í umsögninni bent á mikilvægi þess að borgin kanni þetta mál ítarlega áður en farið er í framkvæmd þar sem mögulega sé hætti við að með tillögunni sé verið að auka aðstöðumun meðal barna í leikskólum og aðstandenda þeirra. Jafnvel þótt lítill hluti foreldra þyrfti að nýta það svigrúm sem skapast með opnun eftir kl. 16:30 má álykta að það sé einmitt sá hópur sem er í hvað viðkvæmstu stöðu og þarf mest á þjónustunni að halda. Það er ekki réttlætanlegt, samkvæmt umsögninni, að léttu álagi af starfsfólki leikskólanna með því að velta því yfir á fjölskyldur. Bent er á hættu við að álag og streita aukist hjá þeim hópi með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á börnin.

(Sjá umsögnina í heild í fylgiskjali 4).

Umsögn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

Í umsögn Menntavísindasviðs HÍ er bent á mikilvægi þess að viðhorf foreldra og atvinnurekenda til styttingar opnunartíma leikskóla sé könnuð. Raunveruleg lengd dvalartíma einstakra barna er aðalatriðið þegar horft er til velferðar þeirra og því þarf opnunartími ekki að hafa bein áhrif þar á heldur heildar dvalartími. Því er lagt til í umsögninni að settur verður hámarks dvalartími barna. Einnig er lagt til að breytingarnar verði gerðar fyrst í einstökum hverfum, m.a. vegna þess að félagslegar aðstæður fjölskyldna eru afar ólíkar. Menntavísindasvið spyr í ljósi þess hversu fá börn nýta leikskóladvöl eftir kl. 16:30 *hvort ekki megi taka á því með sérstöku skipulagi, án þess að það bitni á faglegu starfi leikskólanna.*

(Sjá umsögnina í heild í fylgiskjali 5).

Umsögn Umborðsmanns barna

Umboðsmaður barna leggur áherslu á að lagt verði mat á áhrif tillögunnar á hagsmuni barna og ákvörðun tekin út frá því. Þá bendir umboðsmaður á að börn eru ekki einsleitur hópur og þarfir þeirra og forsendur misjafnar út frá kyni, aldri, félagslegri stöðu, bakgrunni og öðrum þáttum. Ef andstæðir hagsmunir takast á varðandi tillögunum um breyttan opnunartíma leikskóla ber að tryggja að hagsmunir barnanna hafi forgang.

(Sjá umsögnina í heild í fylgiskjali 6).

3.2 Umsagnir foreldraráða

Allir foreldrar leikskólabarna í leikskólum Reykjavíkurborgar fengu sent bréf þann 11. mars 2020 frá sviðsstjóra, framsent frá leikskólastjóra um samráð við foreldra vegna fyrirhugaðra breytingar á opnunartíma. Var það gert samhliða því að foreldrar barna með vistun eftir klukkan 16:30 fengu sendan hlekk á spurningakönnun (sjá umfjöllun í kafla fjögur). Í bréfi sviðsstjóra var foreldrum bent á að foreldraráði leikskólanna væri boðið að senda inn umsögn um tillöguna og þeir foreldrar sem ekki væru með vistun eftir kl. 16:30 gætu snúið sér til foreldraráða með athugasemdir sínar.

Öll foreldraráðin fengu einnig senda rafræna könnun þann 11. mars og voru þar beðin um að svara eftirfarandi spurningum:

1. Eftir að hafa kynnt ykkur gögn málsins hverja teljið þið kosti tillögunnar?
2. Eftir að hafa kynnt ykkur gögn málsins hverja teljið þið ókosti tillögunnar?
3. Í stuttu máli hver er afstaða foreldraráðsins til tillögunnar?
4. Er eitthvað annað sem foreldraráðið vill koma á framfæri varðandi tillögunna?

Alls bárust 25 umsagnir frá foreldraráðum og er það rúmlega þriðjungur leikskóla borgarinnar. Sjá má skiptingu umsagna eftir hverfum samanborið við fjölda leikskóla í hverfinu í eftirfarandi töflu (3.1).

	Árbær	Breiðholt	Grafarholt og úlfarsárdalur	Grafarvogur	Háaleiti og Bústaðir	Hlíðar	Kjalarnes	Laugardalur	Miðborg	Vesturbær	Samtals
Fjöldi umsagna foreldraráða	1	2	1	5	3	2	1	4	1	5	25
Fjöldi leikskóla í hverfinu	7	11	4	10	8	6	1	6	3	7	63

Tafla 3.1

Yfir helmingur foreldraráða á Kjalarnesi, í Laugardal og Vesturbæ skiluðu inn umsögn en minna en helmingur í öðrum hverfum. Lægsta hlutfallið er í Árbæ og Breiðholti.

Hlutverk foreldraráða er skv. lögum leikskóla nr. 90/2008 að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Kosið skal vera í foreldraráð ár hvert í öllum leikskólum.

Afstaða foreldraráða til tillögunnar

Þar sem spurt var um afstöðu foreldraráðanna til tillögunnar í stuttu máli skiptust svörin þannig að 8 foreldraráð voru almennt jákvæð, 13 voru almennt neikvæð en 4 foreldraráð tóku enga afstöðu. Sjá má skiptingu svara í töflu 3.2.

Umsagnir foreldraráða leikskóla um tillögu um breytingu á opnunartíma	
Almennt jákvæð	8
Almennt neikvæð	13
Hvorki jákvæð né neikvæð	4
Samtals	25

Tafla 3.2

* Af þeim átta foreldraráðum sem almennt voru jákvæð gagnvart tillögunni eru tvö foreldraráð sem gera fyrirvara á svari sínu eftir því hver niðurstaða jafnréttismats verður.

Þá er eitt foreldraráð sem var alfarið á móti breytingunni en stytting opnunartíma hafði þá þegar verið innleidd á þeim leikskóla.

Það sem foreldraráðin telja helst **jákvætt** við breytinguna er eftirfarandi:

- Leikskólinn verði betri vinnustaður og álag á starfsfólk minna. (11 foreldraráð nefna þetta)
- Foreldrar og börn fá tækifæri til þess að eyða meiri tíma saman. (Níu foreldraráð nefna þetta)
- Faglegt starf leikskóla eflist og getur einnig byrjað fyrr á daginn. (Sex foreldraráð nefna þetta)
- Hvatning fyrir atvinnulífið og samfélagið almennt til þess að stytta vinnuvikuna. (Fjögur foreldraráð nefna þetta)

Einnig nefndu fjögur foreldraráð að breyting á opnunartíma gæti skilað sér í auknum sparnað í borgarsjóð og gæti það talist jákvætt.

Það sem foreldraráðin telja helst **neikvætt** við breytinguna er eftirfarandi:

- Breytingin mun koma verst við viðkvæma hópa (einstæðir, fólk af erlendum uppruna) (14 foreldraráð nefna þetta)
- Samræmist ekki vinnutíma fólks, margir foreldrar eru ekki búnir að vinna svo snemma að hægt sé að sækja á leikskóla fyrir kl. 16:30 (Níu foreldraráð nefna þetta)
- Ferðatími milli vinnustaðs og leikskóla er langur, sérstaklega fyrir þá foreldra sem nota almenningssamgöngur (Sjö foreldraráð nefna þetta)
- Breytingin mun auka álag á fjölskyldur (Fjörgur foreldraráð nefna þetta)
- Fjölskyldur munu hafa minni sveigjanleika eftir breytingu (Þrjú foreldraráð nefna þetta)
- Fyrirhuguð tillaga er einfaldlega skerðing á þjónustu við foreldra (Þrjú foreldraráð nefna þetta)

Að lokum var opin spurning þar sem foreldraráðum var boðið að koma öðrum atriðum á framfæri. 17 foreldraráð svöruðu þeirri spurningu og komu þar mismunandi skoðanir fram. Flest foreldraráð sem svara spurningunni eru mótfallinn tillögunni.

Nokkur foreldraráð segjast vera hlynnt því að setja þak á dvalartíma barna og nefna sem dæmi 8 klst. heildarvistun eða 9 klst. heildarvistun.

Nokkur foreldraráð nefna ferðatíma í Reykjavík sem fyrirstöðu við breytinguna og eitt ráðið kom með eftirfarandi dæmi: *Vinni foreldri til dæmis í miðbæ Reykjavíkur frá kl. 8.00-16.00 en býr í Grafarvogi er ansi tæpt að viðkomandi geti unnið 100% vinnu miðað við ráðgerða breytingu á opnunartíma, hvað þá ef vinnutíminn er t.d. 8.30-16.30.*

Önnur foreldraráð hafa áhyggjur af jafnréttisáhrifum tillögunnar og benda á að breytingin muni valda erfiðleikum sem komi líklega verst niður á konum: *Séu báðir foreldrar í fullu starfi sem miðast við átta tíma vinnudag og vinnutíma sem ekki er hægt að hnika til er líklegt að foreldri þurfi að minnka við sig starfshlutfall. Sagan sýnir okkur að yfirleitt er það tekjulægri einstaklingurinn sem skerðir starfshlutfall sitt og því miður eru það oft konur frekar en karlar sem eru í þeim sporum.*

Nokkur foreldraráð er jákvæð gagnvart fyrirhugaðri breytingu sem þau vonast til að skili sér í styttingu vinnutíma almennt og auknum tíma barna með fjölskyldu og vinum.


4. Niðurstöður foreldrakönnunar

4.1 Um könnunina

Könnun var send dagana 11.-30. mars 2020 á foreldra allra barna sem eru með vistun eftir kl. 16:30. Alls fengu 1.267 einstaklingar könnunina senda, 558 mæður, 513 feður og 196 sem eru skráðir með önnur tengsl í Völunni, skráningarkerfi leikskólanna, þótt ljóst sé á gögnunum að um mæður og feður er að ræða. Svör bárust frá 694 sem er svarhlutfall upp á 55%. Hægt var að svara könnuninni á íslensku, ensku og pólsku. Könnunin var send þremur dögum eftir að verkfalli Eflingar lauk og örfáum dögum áður en takmarkanir í starfi voru settar á vegna Covid-19. Á þessu tímabili fengu foreldrar mikið magn af upplýsingum í tölvupósti og verður svörun því að teljast góð miðað við aðstæður í samfélaginu. Tilgangur könnunarinnar var tvíþættur, annars vegar að gefa foreldrum tækifæri á að tjá sig um breytingartillöguna og hins vegar að afla upplýsinga um hvaða áhrif breytingin hefur á mismunandi hópa samfélagsins. Könnunin samanstóð af spurningum um ástæður þess að fjölskyldur völdu dvalartíma eftir kl. 16:30, hversu langur dvalartíminn væri og hver sæi um að sækja og fara með barnið á leikskólann. Þá var spurt hvernig breytingin kæmi við fólk og hvernig það myndi bregðast við ef að breytingunni yrði. Að lokum var spurt um bakgrunnsupplýsingar í þeim tilgangi að skoða hvort breyting á opnunartíma leikskóla komi verr niður á ákveðnum hópi foreldra en öðrum. Könnunin var sambland af opnum og lokuðum spurningum. Hér fyrir neðan er greining á hópnum sem svöruðu könnuninni og helstu niðurstöður.


4.2 Bakgrunnur svarenda

Mæður voru í meirihluta þeirra sem svöruðu eða 65%, feður voru 34% en önnur tengsl voru innan við 1%. Heldur hærra hlutfall mæðra svarar því en úrtakið segir til um. Tæplega 80% svarenda voru í sambúð eða hjónabandi, tæp 12% svarenda voru einstætt foreldri sem deilir forsjá og 8,6% einstætt foreldri sem er eitt með forsjá. Um 69% Reykvíkinga sem eiga börn eru í hjónabandi eða sambúð samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands, því er vægi svarenda sem eru í hjónabandi eða sambúð aðeins meira en í borginni í heild. Flestir svöruðu því að þeir ættu eitt barn á leikskóla eða 83%, þá áttu 16,7% tvö börn í leikskólum borgarinnar en aðeins 2 einstaklingar eða 0,3% áttu þrjú börn eða fleiri. Spurningar voru ekki greindar út frá þessari bakgrunnsspurningu um fjölda barna.




Mynd 4.1 Tengsl foreldra við barn og hjúskaparstaða

Meirihluti svarenda hefur lokið háskólaprófi eða 72% og þar af hafa flestir lokið meistaraþrófi. Samkvæmt Hagstofu Íslands voru 52% fólks sem er búsett á höfuðborgarsvæðinu og á aldrinum 25-64 ára með háskólamenntun árið 2018. Hlutfall háskólamenntunar er lægra hjá þeim sem eru eldri og því er líklegt að raun hlutfall háskólamenntaðra í aldurshópi foreldra leikskólabarna sé hærra en 52% en þó verður að telja líklegt að það sé lægra en 72%.




Mynd 4.2 Menntunarstig foreldra

Foreldrar voru spurðir *Hverjar eru heildartekjur heimilisins (að jafnaði) á mánuði fyrir skatt? Með heildartekjum er átt við launagreiðslur, bætur, námslán, foreldraorlof og annað þess háttar.* Svarmöguleikar voru lægri en 400 þúsund, 400 til 549 þúsund, 550 til 799 þúsund, 800-999 þúsund, milljón til 1.199 þúsund, og 1.200 þúsund eða hærra. Spurningin og svarmöguleikarnir eru þeir sömu og spurt er um í þjónustukönnun Reykjavíkurborgar. Flestir segjast falla í efsta tekjuflokkinn eða tæp 34% enda flestir í hjónabandi og sambúð.




Mynd 4.3 Heildartekjur heimilisins

Um 20% svarenda er með einhvern erlendan bakgrunn, annað foreldrið er af erlendum uppruna í um helmingi hópsins en hinn helmingur hópsins flokkar sig sem innflytjendur. Innan við 1% merktu sig sem aðra kynslóð innflytjenda.



Mynd 4.4 Hlutfallskipting svarenda eftir bakgrunni

Hlutfallslega flest börn eru í leikskólum í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum annars vegar og Laugardal, Háaleiti og Bústöðum hins vegar. Hlutfall svarenda sem eru með barn í leikskóla í þessum borgarhlutum er þó ívið hærri en raunveruleg skipting leikskólabarna. Skiptingin endurspeglar nokkuð rétt Árbæ, Grafarholt, Norðlingaholt og Úlfarsárdal en er heldur lægri í Breiðholti, Grafarvogi og á Kjalarnesi. Þegar þeir leikskólar sem nú þegar loka kl. 16:30 eru teknir frá er svörunin enn nær lagi raunverulegu skiptingunni í Breiðholti, Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum.



Mynd 4.5. Hlutfallskipting barna á leikskólum eftir borgarhlutum og hlutfallskipting í hvaða leikskóla börn svarenda eru eftir hverfum

Flestir leikskólar sem loka kl. 16:30 nú þegar (að undanskildri skerðingu á opnunartíma vegna Covid) eru í Breiðholti en segja má að foreldrar 34% barna þar hafi ekki möguleika á að velja tíma til kl. 17:00 og fengu þeir spurningakönnunina því ekki senda. Hlutfallið í öðrum hverfum er um 13% en aðeins um 3% í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Hið sama á aðeins við um 3% barna í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum.

Spurt var *Hvert af eftirfarandi atriðum lýsa stöðu þinni best?* Svarmöguleikana má sjá í töflu 4.1 b Svarendur gátu hakað við öll þau svör sem áttu við en margir svöruðu fleiru en einu. Svör foreldra voru greind eftir þessum átta flokkum en þar sem mjög fáir féllu í suma af flokkunum reyndist erfitt að draga ályktanir. Í fámennu flokkunum var oft merkt við fleira en einn valmöguleika eins og heimavinnandi og atvinnulaus o.s.frv. og var því brugðið á þá ráð að fara yfir svör hvers og eins við þessari spurningu og þau greind í einn af fjórum flokkum¹;

1. Heimavinnandi, atvinnulausir eða langveikir
2. Í námi
3. Sjálfstætt starfandi
4. Í starfi

Staða	Fjöldi
Heimavinnandi	19
Sjálfstætt starfandi	68
Í hlutastarfi utan heimilis	43
Í fullu starfi utan heimilis	518
Atvinnulaus / í leit að vinnu	17
Langvarandi veik(ur) eða öryrki	15
Í fullu námi	45
Í hlutanámi	28


Staða	Fjöldi	Hlutfall
Heimavinnandi, atvinnulaus eða langveik	34	5,2%
Í námi	30	4,6%
Sjálfstætt starfandi	65	9,9%
Í starfi	526	80,3%

Tafla 4.1 a og b Staða svarenda – fjöldi svara í hverjum flokki og fjöldi eftir „ráðandi“ stöðu

Við greiningu á svörum út frá bakgrunni svarenda var þess gætt að um nægilega stóra hópa væri að ræða. Ef einstaka hópar voru of fámennir voru þeir annað hvort sameinaðir öðrum hópi eða sleppt þegar greina átti svörin eftir þeirri bakgrunnsbreytu. Sem dæmi voru þeir sem merktu við að þeir hefðu lokið doktorsgráðu sameinaðir þeim sem hafa lokið meistarágráðu úr háskóla og hópurinn endurnefndur Meistaragráða og hærri menntun. Aðeins fjórir svöruðu að þeir hefðu önnur tengsl við barn en sem foreldri þess og var þeim því sleppt þegar svör voru skoðuð út frá tengslum við barn. Sama var upp á teningnum varðandi bakgrunn, þeim sem merktu við að vera annarar kynslóðar innflytjendur var sleppt þegar gögnin voru greind eftir bakgrunni.

4.3 Sveigjanleiki í vinnutíma


Ein af bakgrunnsspurningunum var hversu mikinn eða lítinn sveigjanleika foreldrar hefðu varðandi vinnutíma sinn á sex punkta líkert skala. Á mynd 4.6 má sjá dreifingu svaranna. Mjög svipað hlutfall er sitt hvoru megin við hvorki né valmöguleikann en þó aðeins fleiri sem segjast hafa minni sveigjanleika eða 39% í stað 37% sem hafa meiri sveigjanleika.



Mynd 4.6. Dreifing svara - Hversu mikinn eða lítinn sveigjanleika hefur þú varðandi vinnutíma þinn?

¹ Við flokkunina var farið eftir reglunni að ef viðkomandi var í fullri vinnu og námi eða fullu starfi og langvarandi veikindi þá var starfið valið, ef einstaklingur var í fullu námi og atvinnulaus eða heimavinnandi, var námið valið o.s.frv.


Ljóst er að það skiptir máli fyrir foreldra að hafa sveigjanleika til að geta brugðist við breyttum opnunartíma leikskóla. Því var þessi bakgrunnsbreyta greind niður á hinar bakgrunnsbreyturnar. Fundið var meðaltal fyrir hvern hóp þar sem 1 er enginn sveigjanleiki og 6 er mjög mikill sveigjanleiki. Á mynd 4.7 og 4.9 má sjá meðalstig þess hversu mikinn sveigjanleika mismunandi hópar segjast hafa.²



Mynd 4.7 Meðaltal spurningarinnar: Hversu mikinn eða lítinn sveigjanleika hefur þú varðandi vinnutíma þinn? eftir bakgrunnsbreytunum; tengsl við barn, hjúskaparstaða, menntun og tekjur heimilisins. Neðri myndin sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.


Feður hafa samkvæmt þessu meiri sveigjanleika en mæður en 43% mæðra segjast hafa frekar lítinn, mjög lítinn eða engan sveigjanleika á móti 32% feðra. Ekki er mikill munur á hjúskaparstöðu og að vera einstætt foreldri, eitt með forsjá, en athygli vekur að þeir sem eru einstæðir en deila forsjá segjast hafa meiri sveigjanleika en foreldrar í hjónabandi eða sambúð. Hugsanlegt er að þeir hafi þann sveigjanleika að vinna styttri daga þegar barnið er í þeirra umsjón en lengur hina dagana meðan foreldrar í sambúð eða hjónabandi hafi ekki sama sveigjanleika í starfi. Almennt hafa þeir sem eru með háskólamenntun meiri sveigjanleika en þeir sem eru með minni menntun. Undantekningin er þó þeir sem eru með grunnskólapróf. Þegar staða þeirra sem aðeins hafa lokið grunnskólaprófi er skoðuð kemur í ljós að þeir eru hlutfallslega fleiri en aðrir hópar í námi eða heimavinnandi, atvinnulausir eða langveikir. Þeir sem hafa lokið stúdentsprófi eða iðn- eða tækniprófi eru með mun minni sveigjanleika en þeir sem hafa lokið háskólagráðu.

² Strikin standa fyrir 95% skekkjumörkin, þau segja til um að við getum verið um 95% viss um að hið sanna meðaltal liggir á því bili sem mörkin spanna. Ef mörkin virðast ekki skarast er líklegt að um marktækjan mun á hópum sé að ræða. Þeim mun færri sem svara þeim mun stærri eru skekkjumörkin því óvissan er meiri um hvert rétt meðaltal er í raun og veru, bilin stækka einnig ef dreifing svaranna er mikil meðal svarenda.




Mynd 4.8 Dreifing svara - Hversu mikinn sveigjanleika svarandur hafa eftir menntunarstigi

Eins og sjá má á mynd 4.9 þá eru svarandur sem eru heimavinnandi, atvinnulausir eða langveikir með mestan sveigjanleika varðandi sinn vinnutíma enda ekki í eiginlegri vinnu með fasta viðveru.



Mynd 4.9 – Meðaltal spurningarinnar Hversu mikinn eða lítinn sveigjanleika hefur þú varðandi vinnutíma þinn? eftir bakgrunnsbreytunum; staða, erlendur bakgrunnur og borgarhluti. Neðri myndin sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Innflytjendur eru með minnsta sveigjanleikann en marktækur munur er á innflytjendum og þeim sem ekki eru með neinn erlendan bakgrunn. Eins og sjá má á mynd 4.10 segjast um 52% þeirra sem eru innflytjendur hafa frekar, mjög lítinn eða engan sveigjanleika. Þar sem annað foreldrið er erlent er sama hlutfall 47% en 37% hjá þeim sem ekki eru með erlendan bakgrunn.




Mynd 4.10 Dreifing svara - Hversu mikinn sveigjanleika svarandur hafa eftir bakgrunni

Þegar horft er á sveigjanleika vinnutíma og borgarhluta þá er fólk sem býr í Árbæ, Norðlingaholti, Úlfarsárdal, Grafarvogi og á Kjalarnesi með minnsta sveigjanleika í vinnu. Ljóst er að ferðatími er lengri fyrir foreldra í úthverfum borgarinnar og getur það haft áhrif á lengri keyptan vistunartíma.


4.4 Keyptur dvalartími

Aðeins þeir foreldrar sem eru með börn í vistun til kl. 16:45 eða 17:00 fengu könnuna senda. Þeir voru spurðir *Til klukkan hvað er keyptur dvalartími barnsins/barnanna?* 47% sögðust vera með keyptan dvalartíma til kl. 16:45 meðan 53% sögðust vera með keyptan dvalartíma til kl. 17:00 sem endurspeglar skráðan tíma þessara barna. Þá voru foreldrar spurðir *klukkan hvað er barnið/börnin oftast sótt?* þar sem merkja mátti við fyrir kl. 16:30, 16:31-16:45 og 16:46-17:00 fyrir hvern dag vikunnar. Ekki var mikið flókt á milli daga en engu að síður sást stígandi í fjölda þeirra sem sóttu í síðasta falli eftir því sem leið á vikuna en börnin voru svo gjarnan sótt fyrir á föstudögum. Þegar foreldrar kaupa dvalartíma til kl. 16:45 þá eru 69% að sækja á síðasta korterinu á meðan hlutfallið er 54% fyrir þá sem eru með keyptan dvalartíma til kl. 17:00. Sjá mynd 4.11.



Mynd 4.11 Hvenær börnin eru sótt eftir keyptum dvalartíma


Spurt var hver keyptur dvalartími barnsins/barnanna væri í klukkutímum og má sjá dreifingu svaranna á mynd 4.12. Um 14% svarenda er með 8 eða færri keyptar klukkustundir á viku.



Mynd 4.12 Keyptur dvalartími barnsins/barnanna í klukkutímum

Keyptur dvalartími var skoðaður út frá bakgrunnsbreytum. Í ljós kom að einstæðir foreldrar kaupa að meðaltali lengri tíma en foreldrar í hjónabandi eða sambúð. Um 66% foreldra sem eru einir með forsjá kaupa 9 klukkutíma eða lengur og 53% þeirra sem eru einstætt foreldri sem deilir forsjá. Á móti kaupa 35,5% foreldra sem eru í hjónabandi eða sambúð 9 klukkutíma eða lengur.

Mjög algengt er að foreldrar með einhverskonar háskólapróf kaupi 8 og hálfu klukkustund. Þessi hópur er jafnframt líklegur til að segja að keyptur auka hálf tími sé til þess að hafa aukið svigrúm (sjá kafla 4.5 um ástæður keypts vistunartíma eftir kl. 16:30, eftir menntunarstigi). Aðrir hópar kaupa hlutfallslega oftast meiri en 9 klukkustunda vistun á dag eða þá 8 klukkustundir eða færri en sjaldnar 8 og hálfu klukkustund eins og sjá má á mynd 4.13. Á bilinu 49-59% þeirra sem ekki eru með háskólagráðu kaupa 9 klukkutíma eða lengri vistun, þar sem þeir sem hafa lokið stúdentsprófi eru hæstir.



Mynd 4.13 Keyptur dvalartími í klukkutímum eftir menntunarstigi


Athygli vekur að þeir sem falla í hópinn grunnskólapróf eru með mestan sveigjanleika en á sama tíma er þessi hópur með hátt hlutfall þeirra sem kaupa 9 tíma eða meira. Líkleg skýring á því gæti verið sú að þessi hópur nýtur afsláttar á leikskólagjöldum þar sem hlutfallslega fleiri eru í námi, heimavinnandi eða atvinnulausir og því er hver auka klukkustund ekki eins kostnaðarsöm.

Svipaða sögu er að segja fyrir heildartekjur heimilisins. Eftir því sem tekjur eru hærri þeim mun algengara er að foreldrar kaupi 8 og hálfan tíma en eftir því sem tekjurnar lækka eru foreldrar annað hvort að kaupa níu eða fleiri klukkutíma eða 8 klukkustundir eða færri. 60% þeirra sem eru með 400-549 þúsund krónur í heildartekjur heimilisins eru að kaupa 9 eða fleiri klukkustundir.

Aðeins hærra hlutfall þeirra sem eru innflytjendur kaupa 9 klst eða fleiri eða 46% á móti 40% þeirra sem ekki eru innflytjendur. En 24-25% af þeim hópi sem er með erlendan bakgrunn/innflytjendur kaupa 8 tíma eða skemur á móti aðeins 12% þeirra sem eru ekki með erlendan bakgrunn.

Þegar horft er til stöðu svaranda þá eru það helst þeir sem eru í námi sem kaupa 9 klukkustundir eða lengur og gæti námsmannaafsláttur haft áhrif þar á. Þeir sem eru í starfi er líklegastir til að kaupa 8 og hálfan tíma eða 48%.


Talsvert hærra hlutfall kaupir 9 eða fleiri klukkustundir í vestustu borgarhlutum borgarinnar, Árbæ, Norðlingaholti, Grafarholti, Úlfarsárdal, Grafarvogi, Kjalarnesi. Mögulega getur ferðatími til og frá vinnu haft talsvert um það að segja.



Mynd 4.14 Keyptur dvalartími eftir borgarhlutum

4.5 Ástæður keypts dvalartíma

Foreldrar voru spurðir að því hversu litlu eða miklu máli eftirfarandi þættir skipta í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli kl. 16:30 og 17:00. Þættirnir voru vinnutími, ferðatími til og frá vinnu, eiga kost á svigrúmi og hentar fjölskyldunni.




Mynd 4.15 Hversu miklu eða litlu máli skipta eftirfarandi þættir í ákvörðun um að kaupa tíma milli klukkan 16:30 og 17:00

Vinnutími vegur allra þyngst en 83% svarenda segja að vinnutími skipti frekar eða mjög miklu máli í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli kl. 16:30 og 17:00. Fæstir segja að vaktavinna skipti máli en 21% telja það skipti frekar eða mjög miklu máli enda eru líklega aðeins þeir sem vinna vaktavinnu sem merkja við þann valmöguleika. Samkvæmt tölum Hagstofunnar unnu um 25% Íslendinga á aldrinum 16-74 ára, búsettir á höfuðborgarsvæðinu


árið 2016, vaktavinnu en hlutfallið fer minnkandi með aldri. Ferðatími til og frá vinnu, að eiga kost á svigrúmi og að það henti fjölskyldunni er allt með svipaða dreifingu svara en um 72-73% eru frekar eða mjög sammála. Í opnum svörum um ástæður keypts dvalartíma eftir kl. 16:30 kemur skýrt fram að ferðatími til og frá vinnu er veigamikill þáttur og ein af ástæðum þess að margir velja jafnframt að eiga kost á svigrúmi, þ.e. að hafa svigrúm til að komast úr vinnu og að leikskóla barns án þess að hafa áhyggjur af því auka álagi sem getur fylgt þungri umferð síðdegis. Um 63 af 178, eða 35% fjölluðu um þennan þátt í opnum spurningum. Um tveir þriðju þeirra 178 sem nýttu sér opið svar til að tilgreina aðrar ástæður en ofangreindar fyrir því að kaupa vistunartíma milli kl. 16:30 og 17:00, töluðu um nauðsyn í kringum vinnutíma, 15% töluðu um atvinnuöryggi, 10% um tekjutap og 30 einstaklingar (17%) tóku fram að þeir hefðu ekki tök á því að breyta vinnutíma sínum. Tæpur þriðjungur svaranna fjölluðu um að hafa svigrúm og minna álag m.a. í umferðinni og 11 manns nefndu ósamræmi milli leik- og grunnskóla og frístundaheimila. Ekki væri unnt að byrja leikskóladaginn fyrr þar sem skólarnir byrjuðu ekki fyrr, þó það myndi henta fjölskyldunni betur.

Skoðað var hlutfall þeirra sem svöruðu að fyrrgreindir þættir skiptu frekar eða mjög miklu máli eftir bakgrunnsbreytum. Ekki var að greina mikinn mun á milli tengsla við barn. Þeir sem eru í hjónabandi eða sambúð eru alltaf með hæsta hlutfall þeirra sem telja þættina skipta frekar eða mjög miklu máli en minnst ber í milli þegar kemur að ferðatíma til og frá vinnu. Sjá mynd 4.16.



Mynd 4.16 Hlutfall sem segja vinnutíma, vaktavinnu, ferðatíma, eiga kost á svigrúmi og það henti fjölskyldunni skipta mjög eða frekar miklu máli eftir hjúskaparstöðu.

Vinnutími skiptir þá sem eru í starfi meira máli en aðra hópa en um 86% þeirra sem eru í starfi segja að vinnutíminn skipti frekar eða miklu máli, en aðrir þættir skipta þennan hóp jafnframt meira máli en þeir skipta þá sem eru í námi eða heimavinnandi, atvinnulausir eða langveikir.




Mynd 4.17 Hlutfall sem segja vinnutíma, vaktavinnu, ferðatíma, eiga kost á svigrúmi og það henti fjölskyldunni skipta mjög eða frekar miklu máli eftir stöðu

Almennt má segja að þeir sem eru í starfi, með meiri menntun og hærri tekjur svari því frekar til að vinnutími, ferðartími, eiga kost á svigrúmi og að það henti fjölskyldunni hafi haft ákvörðun á keyptan dvalartíma eftir kl. 16:30. Þetta er nokkurn veginn sami hópur og oftast kaupir 8 og hálf klukkustund af dvalartíma. Til þess að gefa

gleggri mynd af ástæðum keypts dvalartíma eftir kl. 16:30 eru hver og einn þátt greindur nánar. Reiknað var meðalskor fyrir hversu miklu eða litlu máli þættirnir fimm hver í sínu lagi skipta í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli kl. 16:30 og 17:00. Kvarðinn var á fimm punkta líkert skala þar sem engu/mjög litlu máli fékk gildið 1 og mjög miklu máli fékk gildið 5. Þá er dreifing svaranna sýnd eftir bakgrunnsbreytum þegar munur innan hópsins er markverður.


Vinnutími

Vinnutími er sú ástæða sem flestir merkja við að skipti mjög miklu máli í ákvörðun að kaupa dvalartíma eftir kl. 16:30, en 59% segja að vinnutími skipti mjög miklu máli í ákvörðuninni og 83% frekar eða mjög miklu máli.



Mynd 4.18 Hversu miklu eða litlu máli skiptir vinnutími í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli 16:30 og 17:00



Mynd 4.19 og 4.20 sýna meðalskor fyrir hversu miklu eða litlu máli vinnutími skipti í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli 16:30 og 17:00 eftir bakgrunnsbreytum ásamt skekkjumörkum og fjölda í hverjum flokki.



Mynd 4.19 Meðalskor og skekkjumörk hversu miklu eða litlu máli vinnutími skiptir sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir tengslum við barn, hjúskaparstöðu, menntun og heildartekjum heimilis. Neðri myndin sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.


Ekki er að sjá mikinn mun milli kynja í þessari spurningu þótt feður telji vinnutímann skipta ívið meira máli. Meðaltal foreldra sem eru í hjónabandi eða sambúð er marktækt hærra en þeirra sem eru einstæðir.

Þá fer meðaltalið stighækkandi eftir menntun og tekjum en þar sem þeir sem eru með stúdentspróf eru það fáir þá er ekki hægt að segja að munurinn sé marktækur. Mun hærra hlutfall þeirra sem eru í tveimur lægstu tekjuflokkunum, eða tæp 29%, er ekki að vinna og því skiptir vinnutími þá hópa ekki eins miklu máli og aðra hópa þar sem hlutfall þeirra sem ekki eru í starfi er um 5%.



Mynd 4.20 Meðalskor og skekkjumörk hversu miklu eða litlu máli vinnutími skiptir sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir stöðu, erlendum bakgrunn, borgarhluta og sveigjanleika vinnutímans. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Fyrirséð var að þeir sem eru í starfi eða sjálfstætt starfandi segi að vinnutími skipti þá meira máli en þeir sem eru í námi, heimavinnandi, atvinnulausir eða langveikir. Ekki er mikill munur eftir erlendum bakgrunni né á milli borgarhluta. Þegar kemur að sveigjanleika í vinnu horfir hins vegar annað við. Lang stærstur hluti þeirra sem segjast hafa engan eða lítinn sveigjanleika segja að vinnutími skipti mjög eða frekar miklu máli í ástæðu þess að kaupa dvalartíma eftir kl. 16:30 eins og sjá má á mynd 4.20. Því er vert að hafa í huga hverjir það eru sem segjast hafa minnstan sveigjanleika í kafla 4.3. en það eru innflytjendur, þeir sem eru með stúdentspróf eða iðn- eða tæknipróf og þeir sem merkja við að heildartekjur heimilisins séu 550-799 þúsund.




Mynd 4.21 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu leyti vinnutími er ástæða keypts tíma eftir kl. 16:30 eftir því hversu mikinn sveigjanleika í vinnu svarandur hafa.

Vinnutími var sú ástæða sem flestir af þeim 181 foreldrum sem svöruðu til um ástæður keypts vinnutíma eftir kl. 16:30, eða 63%. Í mörgum tilvikum var ómögulegt að sækja fyrir alla daga vikunnar án þess að gera breytingar í vinnu.

Úr opnum svörum foreldra: *Vinnutími föðurs er frá 9:00-17:00 og er vinnan þannig að ekki er hægt að bæta upp tapaðan tíma með því að vinna að heiman. Vinnuveitandi er nú þegar búinn að veita eins mikið svigrúm og hægt er til þess að faðir geti farið nógu snemma úr vinnu til að sækja barnið fyrir kl 17. Vinnutími móður er frá 10-18 og að sama skapi er ekki hægt að bæta upp tapaðan tíma með því að vinna að heiman.*



Vaktavinna

Vaktavinna virðist ekki skipta máli fyrir stóran hóp varðandi kaup á dvalartíma eftir kl. 16:30, enda er hlutfall foreldra í vaktavinnu ekki hátt. Því miður láðist að spyrja foreldra beint hvort þeir ynnu vaktavinnu í könnunni. Rúmlega fimmtungur svarenda eða 131 einstaklingar segja að vaktavinna skipti frekar eða mjög miklu máli í þeirri ákvörðun að kaupa vistunartíma eftir kl. 16:30.




Mynd 4.22 Hversu miklu eða litlu máli skiptir vaktavinna í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli 16:30 og 17:00

Reiknað var meðaltalskor fyrir hversu miklu að litlu máli vaktavinna skiptir í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli 16:30 og 17:00. Kvarðinn var á fimm punkta likert skala þar sem engu/mjög litlu máli fékk gildið 1 og mjög miklu máli fékk gildið 5. Dreifing svaranna var þónokkur við þessari spurningu þar sem vaktavinna skiptir verulegu máli fyrir þá sem vinna slíka vinnu en þá sem ekki gera það skiptir hún litlu sem engu máli. Staðalfrávikin voru því mjög há og skekkjumörkin eru því nokkuð víð og erfiðara að draga mikið af almennum ályktunum um hópa eftir bakgrunn. Engu að síður má sjá á að vaktavinna skiptir suma hópa talsverðu máli.




Mynd 4.23 Meðalskor og skekkjumörk sýna hversu miklu máli vaktavinna skiptir sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir tengslum við barn, hjúskaparstöðu, menntun og heildartekjum heimilis. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Fyrir einstætt foreldri sem er eitt með forsjá skiptir vaktavinna meira máli en þá sem eru í hjónabandi eða sambúð eða deila forsjá, dreifni svaranna er þó mjög há eins og áður kom fram. Vaktavinna skiptir mun minna máli fyrir háskólamenntaða en er erfiðust fyrir þá sem eru með iðn- eða tæknipróf eða stúdentspróf eða 35-36% eins og sjá má á mynd 4.24.





Mynd 4.24 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu leyti vaktavinna er ástæða keypts tíma eftir kl. 16:30 eftir menntunarstigi svarenda.

Þá skiptir vaktavinna meira máli hjá þeim sem eru í lægstu tekjuhópunum. En um 59 einstaklingar í þremur tekjulægstu hópunum segja að það skipti frekar eða mjög miklu máli.




Mynd 4.24 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu leyti vaktavinna er ástæða keypts tíma eftir kl. 16:30 eftir tekjum svarenda



Mynd 4.27 Meðalskor og skekkjumörk hversu miklu að litlu máli vaktavinna skiptir sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir stöðu, erlendum bakgrunn, borgarhluta og sveigjanleika vinnutímans. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Ekki er teljandi munur á milli borgarhluta og þótt einhvern mun sé að sjá eftir stöðu er ekki hægt að álykta að um marktækan mun sé að ræða þar sem dreifni svaranna er það mikil. Vaktavinna skiptir innflytjendum þó marktækt meira máli en þá sem eru með engan erlendan bakgrunn og mun meira máli en þar sem annað foreldrið er erlent en þar sem skekkjumörk þess hóps eru stór er ekki hægt að vera fullviss um að sá munur sé í raun og veru til staðar. Vaktavinna skiptir 25% innflytjenda mjög eða frekar miklu máli eða um 14 manns.


Þeir sem vinna vaktavinnu hafa eðli málsins samkvæmt ekki mikinn sveigjanleika. Það ætti því ekki að koma á óvart að þeir sem segjast hafa minni sveigjanleika séu með hærra meðaltal við spurningunni um hversu miklu eða litlu máli vaktavinnu skipti í þeirri ákvörðun að kaupa vistunartíma eftir kl. 16:30 heldur en í öðrum hópum. Hlutfall þeirra sem segja að vaktavinnu skipti frekar eða mjög miklu máli í ákvörðun um keyptan tíma eftir 16:30 er á bilinu 43-44% og falla rúmlega 50 manns í þennan flokk.



Mynd 4.26 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu leyti vaktavinnu er ástæða keypts tíma eftir kl. 16:30 eftir því hversu mikinn sveigjanleika í vinnu svarandur hafa

Ferðatími til og frá vinnu


Meirihluti svarenda segja að ferðatími til og frá vinnu skipti frekar eða mjög miklu máli eða um 71%.



Mynd 4.27 Hversu miklu eða litlu máli skiptir ferðatími til og frá vinnu í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli 16:30 og 17:00

Mynd 4.28 og 4.30 sýna meðalskor fyrir hversu miklu að litlu máli ferðatími til og fá vinnu skiptir í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli 16:30 og 17:00 eftir bakgrunnsbreytum ásamt skekkjumörkum og fjölda í hverjum flokki.


Þegar ferðatími er skoðaður með tilliti til stöðu, menntunar, bakgrunns og tekna sést að ferðartími dreifist nokkuð jafnt á hópa, ef frá eru taldir þeir sem eru í námi, heimavinnandi, atvinnulausir eða langveikir og þar með á lægstu launinum en ferðatími til og frá vinnu vegur minna sem ástæða fyrir keyptum tíma eftir kl. 16:30 hjá þeim hópum.




Mynd 4.28 – Meðalskor og skekkjumörk hversu miklu að litlu máli ferðatími til og frá vinnu skiptir sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir tengslum við barn, hjúskaparstöðu, menntun og heildartekju heimilis. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Ferðatími til og frá vinnu vegur meira fyrir þá sem segjast hafa frekar eða mjög lítinn sveigjanleika í vinnu og foreldrar sem eru með börn í leikskóla í Árbæ, Norðlingaholti, Grafarholti, Úlfarsárdal, Grafarvogi og Kjalarnesi. Þar er ferðatími mun oftast ástæða keypts tíma eftir kl. 16:30 en í öðrum borgarhlutum enda um lengri að leið að fara frá vinnu en 72-76% í þessum tveimur borgarhlutum segja að ferðatími til og frá vinnu skipti frekar eða mjög miklu máli í þeirri ákvörðun að kaupa dvalartíma eftir kl. 16:30.

Úr opnum svörum foreldra: *Vinum bæði á landspítalanum og ferðatími til og frá vinnu er of langur (30 mín amk). Komumst ekki alltaf út á slaginu kl 16. Búum í Grafarvogi.*




Mynd 4.29 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu máli ferðatími til og frá vinnu er ástæða keypts tíma eftir kl. 16:30 eftir því í hvaða hverfi barnið er í leikskóla.



Mynd 4.30 Meðalskor og skekkjumörk hversu miklu að litlu máli ferðatími til og frá vinnu skiptir sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir stöðu, erlendum bakgrunn, borgarhluta og sveigjanleika vinnutímans. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.



Eiga kost á svigrúmi

Tæplega 72% svarenda segja að það að eiga kost á svigrúmi skipti frekar eða mjög miklu máli.




Mynd 4.31 Hversu miklu eða litlu máli skiptir að eiga kost á svigrúmi í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli 16:30 og 17:00

Reiknuð voru meðalskor við spurningunni um hversu miklu eða litlu máli að eiga kost á svigrúmi skiptir máli í þessi ákvörðun að kaupa tíma eftir kl. 16:30 eftir bakgrunnsbreytum eins og sjá má á myndum 4.31 og 4.33.




Mynd 4.31 Meðalskor og skekkjumörk hversu miklu að litlu máli að eiga kost á svigrúmi skiptir sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir tengslum við barn, hjúskaparstöðu, menntun og heildartekju heimilis. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Við rýni á gögnunum virðist svo vera að eftir því sem foreldrarnir eru í betri stöðu, hjónabandi eða sambúð, í starfi, ekki með erlendan uppruna, með meiri menntun og hærri tekjur þeim mun meira máli skiptir það að eiga kost á svigrúmi sem ástæður þess að kaupa vistun eftir kl. 16:30. Mynd 4.32 af dreifingu svara eftir menntun varpar ljósi á það.



Mynd 4.32 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu máli að eiga kost á svigrúmi er ástæða keypts tíma eftir kl. 16:30 eftir menntunarstigi.



Mynd 4.33 Meðalskor og skekkjumörk hversu miklu að litlu máli að eiga kost á svigrúmi skiptir sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir stöðu, erlendum bakgrunn, borgarhluta og sveigjanleika vinnutímans. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.


Af opnum svörum um ástæður fyrir keyptum vistunartíma eftir kl. 16:30 eru ferðatími til og frá vinnu og það að eiga kost á svigrúmi oft samhangandi þættir: *Vinnutími og umferð í Reykjavík gera það að verkum að við þurfum sveigjanleika til kl 17 til þess að geta náð í barnið flesta daga. Það er mjög erfitt að ætla að vera kominn á staðinn td kl 16.30 hvern dag. Og það vill enginn vera foreldrið sem sækir ekki á réttum tíma.*

Í opnu svörunum kemur jafnframt fram að margir kaupi þennan tíma til að minnka streitu, draga úr kvöld- og helgarvinnu, til þess að þurfa ekki að kaupa annan bíl eða eiga möguleika á því að vera vistvæn og eiga aðeins einn bíl. Þessi svör endurspeglu bæði ástæður þess að foreldrar svara bæði því að eiga kost á svigrúmi og það henti fjölskyldunni mjög svipað. Þá skiptir líka máli hvort börnin eiga systkini á öðrum skólastigum.

Við höfum ekkert bakland sem getur sótt fyrir okkur. Við störfum í átta tíma á dag, erum að reyna að vera vistvæn og eigum einn bíl. Það tekur oftast en ekki lengri tíma að fara til og frá vinnu með vistvænum hætti. Eldra barnið okkar fer í grunnskóla á næsta ári sem hefst kl:8:30 og gætum við því aldrei náð fullum vinnudegi verði vistunartíminn skertur. Það þýðir að ráða þarf einhvern til að sækja eða við þurfum að vinna heima á kvöldin.

Hentar fjölskyldunni

Rúm 72% segja að ástæða keypts tíma eftir kl. 16:30 sé vegna þess að það henti fjölskyldunni.




Mynd 4.34 Hversu miklu eða litlu máli skiptir að það hentir fjölskyldunni í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli 16:30 og 17:00


Reiknað var meðaltalskor fyrir hversu miklu að litlu máli að það henti fjölskyldunni skiptir í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli kl. 16:30 og 17:00 eftir bakgrunni foreldra.

Frekar svipuð mynd kemur upp þegar ástæðan er að það hentar fjölskyldunni er skoðuð og að eiga kost á svigrúmi. Eftir því sem foreldrarnir eru í betri stöðu, hjónabandi eða sambúð, í starfi, ekki með erlendan uppruna, með meiri menntun og hærri tekjur þeim mun meira máli skiptir það að eiga kost á svigrúmi sem ástæður þess að kaupa vistun eftir kl. 16:30.

Athygli vekur að þeir sem eru í tekjuflokknum 800-999 þúsund segja þetta marktækt minni ástæðu en í tekjuflokkunum sitt hvoru megin við, það sama er upp á teningnum við að eiga kost á svigrúmi. Langstærsti hluti þeirra sem svara í þessum flokki eruð í hjónabandi eða sambúð og því líklegt að annað hvort séu báðir aðilar tekjulágir og svör endurspeglar svör þeirra sem eru í tekjulægstu hópunum eða annað foreldrið er með ágæt kjör en hitt foreldrið í litlu starfshlutfalli ef nokkru.




Mynd 4.34 Meðalskor og skekkjumörk hversu miklu að litlu máli að það henti fjölskyldunni sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir tengslum við barn, hjúskaparstöðu, menntun og heildartekju heimilis. Neðri myndin sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.



Mynd 4.35 Meðalskor og skekkjumörk hversu miklu að litlu máli að það henti fjölskyldunni skiptir sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir stöðu, erlendum bakgrunn, borgarhluta og sveigjanleika vinnutímans. Neðri myndin sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

4.6 Hver fer með og sækir börnin á leikskólann

Foreldrar voru spurðir hversu marga daga vikunnar að meðaltali þeir sóttu börn sín í leikskólann og skutluðu þeim í leiksskólann.



Mynd 4.36 Dreifing svara hversu marga daga vikunnar mæður og feður fara með börn á leikskólann og sækja að meðaltali

Ljóst er að mæður bæði fara oftast með börnin á leikskólann og sækja börnin oftast en feðurnir. Mæður sækja að meðaltali 3,7 daga á viku meðan feður sækja að meðaltali 3 daga vikunnar.³

Foreldrar voru beðnir um að fylla út hversu marga daga vikunnar eftirfarandi hópar myndu sækja ef af breytingunni yrði;

- Ég sæki barnið
- Móður/stjúpmóðir mun sækja barnið (ef önnur en svarandi)
- Faðir/stjúpfaðir mun sækja barnið (ef annar en svarandi)
- Aðrir ættingjar eða vinir
- Þyrftum að ráða einhvern til að sækja fyrr

Eins og áður voru svarvalmöguleikarnir 5 daga í viku, 4 daga í viku, 3 daga í viku, 2 daga í viku, 1 dag í viku og sjaldnar en einu sinni í viku en jafnframt var bætt við valmöguleikanum Aldrei, Á ekki við og Veit ekki. Hlutfall þeirra sem svöruðu veit ekki var á bilinu 10-28%, þar sem flestir sögðu veit ekki við hvort ráða þyrfti einhvern til að sækja.


Til að skoða hvort það félli frekar á mæður eða feður að sækja eftir breytingarnar voru þeir sem svöruðu á ekki við og veit ekki, ekki hafðir með. Ef af breytingunum verður svara mæður því til að þær muni sækja 3,3-3,4 daga vikunnar að meðaltali meðan feður segjast sækja 2,4 til 2,5 daga vikunnar. Um spönn er að ræða eftir því hversu mikið vægi sjaldnar en einu sinni í viku er gefið (frá 0 upp í 1). Í báðum tilvikum fækkar þeim dögum sem foreldrar segjast munu sækja. Fækkar dögumum ef af breytingunum verður um 0,3-0,4 hjá mæðrum en 0,5-0,6 daga hjá feðrum. Feður sjá því frekar fyrir sér að þeir muni ekki geta sótt en mæðurnar. Munur á milli mæðra og feðra eykst úr 0,7 dögum í 0,9. Sjá töflu 4.2.

	Mæður	Feður	Munur milli kynja
Meðalfjöldi daga sem sótt er nú	3,7	3	0,7
Meðalfjöldi daga sem sótt er eftir breytingu	3,3-3,4	2,4-2,5	0,9
Fækkun daga sem sótt er nú og eftir breytingu	0,3-0,4	0,5-0,6	0,2

Tafla 4.2 Meðalfjöldi daga sem mæður og feður sækja nú og áætlaður fjöldi daga sem mæður og feður sækja ef af breytingunni verður

³ Fundinn var meðalfjöldi daga sem mæður og feður fara með börnin á viku þar sem sjaldnar en einu sinni í viku fær vigt frá 0-upp í 1 dag. Meðalfjöldi daga sem mæður fara með barn í leikskólann er 3,5-3,6 dagar á móti 3,3 dagar hjá feðrum.

Á mynd 4.37 er hægt að sjá dreifingu svaranna en þar má sjá að hlutfall feðra sem segist sækja einn dag eða sjaldnar í viku að meðaltali fer úr 18% upp í 36% og þeim fækkar úr 65% sem sækja þrjá daga eða fleiri að meðaltali á viku niður í 45%. Svipuð hliðrun á sér stað hjá mæðrum en ekki í eins miklu mæli en 18% segjast munu sækja 1 sinni eða sjaldnar í viku frá 8% áður og hlutfall þeirra sem sækir núna þrjá eða fleiri daga að meðaltali fer úr 83% nú í 69%. Ljóst er að ef báðir foreldrar sjá fyrir sér að þeim dögum sem þeir sæki fækki og því ljóst að annað hvort verður togstreita á milli foreldranna, að ráða þurfi einhvern til að sækja eða að fleiri í þeirra baklandi þurfi að koma til aðstoðar en 349 manns svöruðu opnu spurningunni *Ef þú hakaðir við ættingja og/eða vini, vinsamlegast tilgreinið hverjir*. Þar af nefndu 70% ömmur og rúmlega þriðjungur afa en ýmsir aðrir voru taldir upp. Í nokkrum opnum svörum í gegnum könnunina, bæði í spurningum um erfiðleika eða mæta breytingunni og um ástæður fyrir keyptum tíma eftir kl. 16:30 kom fram að ömmurnar og afarnir væru í fullu starfi og gætu ekki sótt en fjölskyldur eru margar hverjar að dreifa því á sig að sækja börnin svo þau þurfi ekki að vera of langan dag á leikskólanum.



Mynd 4.37 Dreifing svara hversu marga daga vikunnar mæður og feður sækja barn/börn á leikskólann nú og ályktun um hvað mæður og feður munu sækja barn/börn á leikskólann að meðaltali.

Það er athyglisvert að feður telja að mæður muni að vegnu meðaltali sækja færri daga en þeir sjálfir en þeir telja að þeir muni sækja um tvo og hálfan daga á viku að meðaltali en að mæðurnar aðeins sjaldnar, munurinn er þó ekki mikill. Mæður telja hins vegar að feður muni sækja mun sjaldnar en þær eða um 1,6 daga vikunnar meðan þær sjálfar sæki að meðaltali 3,3 daga. Það munar minnu á því hvað þær meta að feðurnir sæki og þeir segjast sjálfir sækja ($2,4 - 1,6 = 0,8$ dagar) en á milli þess sem þeir telji að þær muni sækja og þær telja að þær muni sækja ($3,3 - 2,3 = 1$ dagur). Það er því nokkuð ljóst að nokkur málamiðlun og lausnahugsun mun þurfa að eiga sér stað ef af breytingunum verður. Eftir sem áður kemur spönn svaranna til af því hvort sjaldnar en einu sinni í viku fær gildi um kringum 0 eða 1.

	Mæður	Feður
Ég mun sækja	3,3 - 3,4	2,4 - 2,5
Móðir/stjúpmóðir mun sækja (ef önnar en svarandi)	1,6	2,3
Faðir/stjúpfaðir mun sækja (ef annar en svarandi)	1,6 - 1,7	1,1 - 1,2
Aðrir ættingjar og/eða vinir munu sækja fyrir	1,2 - 1,4	1,3 - 1,4
Þyrftum að ráða einhvern til að sækja fyrir	1,5	1,5 - 1,6

Tafla 4.3 Meðalfjöldi daga sem mæður og feður segjast sjálf muni sækja og aðrir ef af breytingunni verður

Í einhverjum af opnu svörum kom í ljós áhyggjur af því að móðirin yrði að vera sú sem myndi þurfa að taka á sig að hætta fyrir í vinnu.

Vinnutími beggja foreldra er 9-5. Það er dæmigerður vinnutími á skrifstofum. Móðir myndi eiga erfitt með að haldast á vinnumarkaði og nyta haskolamenntun sína. Það var ekki auðvelt að komast aftur inn á vinnumarkað


eftir barneignir og svona skref gerir konum enn erfiðara fyrir. Einnig myndi þetta þýða skert starfshlutfall með tilheyrandi tekjumissi og streitu. Börnin mín eru mætt rétt fyrir 9 svo að dagurinn er ekki langur þó þau séu sótt

Drengurinn minn er með dvalartíma á milli 8:30 til kl. 17 í [nafn leikskóla]. Maðurinn minn vinnur frá 7:30 til kl. 16:30 og nær því að ná í drenginn okkar fyrir lokun á [nafn leikskóla] eins og staðan er í dag. Sjálf þarf ég að koma barni í grunnskóla í sama hverfi áður en ég mæti til vinnu, þannig að ég keyri drenginn kl. 8:30 á [leikskólann] og svo stelpuna okkar í [skólann], en þar er hún í 1. bekk og á að mæta 8:40. Svo tekur það mig nokkurn tíma að komast til vinnu í miðbænum, en þar er ég alltaf á bilinu 8:55-9:05. Þar vinn ég til kl. 17 og keyri svo heim. Með því að maðurinn nær í drenginn okkar næg ég fullum vinnudegi. milli 16-30 og 17.

Ef viðverutíminn yrði stytur myndi það alltaf lenda á mér af því að maðurinn minn er yfirmaður á sínum vinnustað. Þá myndi ég aldrei ná fullum vinnudegi. Þessi dvalartími stuðlar þar af leiðandi að foreldraþjáfnræði á mínu heimili og gerir mér kleift að vinna 100% vinnu. Ef dvalartími verður stytur þá verður það ég sem þarf að minnka við mig vinnu, það kemur bara ekki til greina hjá manningum mínum, nú eða vinna um helgar eða á kvöldin, sem er aldrei sniðugt með tilliti til kulnunar. Það þykir mér mjög miður.

4.7 Hversu erfitt er að bregðast við stytum opnunartíma?

Foreldrar voru spurðir hversu auðvelt eða erfitt verður fyrir þig og fjölskylduna að bregðast við mögulegum breyttum opnunartíma leiksskólanna. Svarmöguleikarnir voru á 5 punkta likert skala frá mjög auðvelt sem tekur gildið 1 til mjög erfitt sem tekur gildið 5. Dreifingu svaranna má sjá á mynd 4.38 en um 62% töldu það frekar eða mjög erfitt.



Mynd 4.38 Dreifingu svara við spurningunni Hversu auðvelt eða erfitt verður fyrir þig og fjölskylduna að bregðast við mögulegum breyttum opnunartíma leiksskólanna

Eins og áður voru reiknuð meðaltöl og skekkjumörk fyrir spurninguna eftir bakgrunnsbreytum.

Feður telja það vera erfiðara að bregðast við breytingunum en mæður en munurinn nær þó ekki að vera marktækur. Þeir foreldrar sem eru í sambúð eða hjónabandi finnast erfiðara að bregðast við breytingunum en einstæðum en aftur er ekki um martækan mun að ræða, á bilinu 52% til 64% finnast frekar eða mjög erfitt að bregðast við. Í opnu svörum er ljóst að nokkur fjöldi einstæðra mæðra sér ekki alveg fyrir sér hvernig þær eigi að leysa málin ef af breytingunni verður.

Sem einstæð móðir er erfitt fyrir mig að breyta skipulagi fjölskyldunnar. Eldra systkini byrjar í grunnskóla kl 8:30 þannig að það er ekki í boði að fara mikið fyrir af stað út. Á tíma frá 8:15 - 16:45. Þar inni er dvalartími plús ferðir til og frá vinnu.



Ér er einstæð móðir utan af landi og allt mitt bakland í öðrum landshluta.

Ég er ein með 2 börn. Núverandi starfsstöð utan höfuðborgarsvæðisins en þar hef ég haft sveigjanleika að vinna heima ásamt því að stunda nám.

Í haust stefni ég á að halda áfram klínisku námi sem krefst viðveru amk 8-16 + kvöldvaktir sem ég mun reyna að hagræða þannig að þær séu þegar ég er ekki með börnin sem er eitt kvöld í viku. Þar að auki er það ekki launuð


vinna heldur partur af náminu og því engar fastar tekjur til að greiða aðstoðarmanneskju að sækja. Ömmur og afar barnsins búa úti á landi og munu ekki geta aðstoðað þar sem þau eru ennþá vinnandi fólk.

Umferðarmeningin í Reykjavík býður ekki upp á raunhæfa möguleika á að sækja barnið kl.16.30 og það er tæpt að ná að mæta kl.8 þó barnið fái vistun frá 7.30. Strætó er ekki möguleiki innan þessa tímaramma í hverfinu sem ég er í og þó það sé hægt að hjóla þessa vegalengd á sumrin er það varla raunhæft að vetri m.v. færð.




Mynd 4.39 Meðalskor og skekkjumörk hversu auðvelt eða erfitt verður fyrir þig og fjölskylduna að bregðast við mögulegum breyttum opnunartíma leikskólanna eftir tengslum við barn, hjúskaparstöðu, menntun og heildartekju heimilis. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Þegar horft er á menntun eru það fyrst og fremst þeir sem eru með minnstu menntunina sem ekki telja það erfitt að bregðast við breyttum opnunartíma leikskólanna en eins og fyrr hefur komið fram er hærri hlutfall í þessum hópi ekki í starfi eins og á það einnig við um þá tekjulægstu.



Mynd 4.40 Dreifing svara við spurningunni hversu auðvelt eða erfitt verður fyrir þig og fjölskylduna að bregðast við mögulegum breyttum opnunartíma leikskólanna eftir menntunarstigi

Þeir foreldrar sem eru í námi, heimavinnandi, atvinnulausir eða langveikir og þeir foreldrar sem eru með lægstu tekjurnar telja það ekki eins erfitt að bregðast við breytingunum og þeir sem eru í starfi og með heildurtekjur hærri en 550 þúsund á mánuði. Þó er hópurinn 800-999 þúsund eins og fyrr aðeins lægri en þar sem 82% í þeim hópi er í hjónabandi eða sambúð er annar eða báðir aðilar ekki mjög tekjuháir. Hlutfallið sem finnst breytingin erfið fer úr 44-50% í lægstu tveimur tekjuflokkunum í 64-70% í þeim sem eftir koma.



Mynd 4.41 Meðalskor og skekkjumörk hversu auðvelt eða erfitt verður fyrir þig og fjölskylduna að bregðast við mögulegum breyttum opnunartíma leikskólanna eftir stöðu, erlendum bakgrunn, borgarhluta og sveigjanleika vinnutímans. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Ef skoðaður er erlendur bakgrunnur telja fjölskyldur þar sem annað foreldri er erlent að erfitt sé að bregðast við breytingu á opnunartíma. Erfiðleikar þessa hóps sem þetta kemur niður á er þó talsverð eins og sjá má í þessu svari og fleirum


The proposal is to have daycare open for a maximum of 9 hours. Once I factor in drop off minutes for two children in different departments, commute time to work, commute time back to daycare and pick up minutes, it's impossible for me to fulfil a full work day. As an immigrant, I don't have the luxury of family or friends in Iceland. My job situation is precarious as although I'm well qualified I feel my work is always looking for a reason to exclude me and fire me due to my immigrant status (others at my workplace notice it also). I want to work a proper professional job so I can feel respect for myself and be a role model to my children. I can't work my current job at reduced hours. My degrees are not recognised in Iceland. Daycare is the only thing that is allowing me to contribute to this society in a job I find meaningful. I can not express how important the current longer daycare Hours are for me. I wouldn't pay for something I didn't need. These hours are not for me to relax or have flexibility, it's so I can contribute to society and feel good about myself. From my perspective shortening the hours to 8.5 is a breach of gender equality. It will fall to me as the female. This policy will push me out of the workforce. This policy directly targets the most vulnerable who hold their jobs by a thread. Are you not aware of the immense impact this will have of this subset of the population?

Eftirfarandi erindi barst hópnum sem vinnur að matinu eftir að tilkynning um jafnréttismatið var kynnt foreldrum frá foreldri sem er af erlendum uppruna:

I [...] leikskólanum var búin að loka 16:30 síðan nóv 2019. Það hefur komið mjög illa á okkur. Við náum ekki að sækja barnið 16:30. Eg er að vinna til 16 og ef mikið umferð þá gat aldrei sótt hann. Maðurinn missti vinnuna því þurfti að sækja barnið. Við viljum að hafa opið til 17. Það er aukastress fyrir barnafjölskyldur.

Þá finnst foreldrum í Árbæ, Norðlingaholti, Grafarholti og Úlfarsárdal erfiðara að bregðast við en í öðrum borgarhlutum en mjög hátt hlutfall þeirra sem tilgreindu af hverju breytingin yrði erfið nefndu vinnutíma og ferðatíma til og frá vinnu.

Mestan mun má greina eftir því hvort fólk segist hafa mikinn eða lítinn sveigjanleika eins og sjá má á mynd 4.42. Þeim mun minni sveigjanleika á vinnutíma sem foreldrar hafa þeim mun erfiðara að er að bregðast við breyttum opnunartíma. Allt að 79% af þeim sem segjast hafa lítinn sveigjanleika segja að frekar eða mjög erfitt sé að bregðast við mögulegum breyttum opnunartíma. Í því ljósi ber að hafa í huga hvaða hópar það eru sem minnstan sveigjanleika hafa sem lesa má um í kafla 4.3. sem eru innflytjendur, þeir sem hafa lokið iðn-, tækni- eða stúdentsprófi og þeir sem vinna vaktavinnu. Þótt ekki sé um fjölmenna hópa að ræða er vandi þessa hóps við að mæta breytingunni ekki auðleysanlegur.



Mynd 4.42 Dreifing svara við spurningunni hversu auðvelt eða erfitt verður fyrir þig og fjölskylduna að bregðast við mögulegum breyttum opnunartíma leikskólanna eftir menntunarstigi

Þeir sem svöruðu því til að það væri frekar eða mjög erfitt að bregðast við mögulegri breytingu gafst kostur á að tilgreina af hverju. Af þeim 354 svörum sem bárust nefndu 303 vinnutíma eða rúm 86%, 102 eða tæp 29% nefndu ferðatíma til og frá vinnu, 26% nefndu að þeir hefðu ekki tök á að breyta vinnutíma sínum, 20% nefndu mögulegt tekjutap, tæp 12% nefndu atvinnuöryggi vær í húfi, 9% töluðu um skort á tengslanetinu en um 10% sögðu það vera til þess að eiga kost á svigrúmi. Fjórðungur svarenda nefndi að breytingin myndi auka álag á fjölskylduna. Í tengslum við ferðatíman var nokkrum sinnum talað um að foreldrar yrðu að bæta við sig bíl ef af breytingunni yrði. Af opnu svörum má ráða að það myndi valda foreldrum talsverðu álagi og stressi ef opnunartíma yrði breytt. Sumir eiga maka sem ferðast mikið vegna vinnu sinnar eða þurfa að fara um langan veg til vinnu og því muni þetta fyrst og fremst falla á þá. Sumir einstæðir einstaklingar þurfa að reiða sig á aðra í baklandi sínu ef þeir eru svo lánsamir að búa að slíku:

Þau sem sækja fyrir mig eru að vinna til kl. 16 eða 16.30 og þurfa hálf tíma í ferðatíma. Get ekki beðið ættingja að hætta fyrir í vinnunni út af þessu. Sjálf er ég að vinna til kl. 18 eða 18.30 þannig að ef ég fer sjálf fyrir þá missi ég allavega einn og hálfan tíma af launum á hverjum virkum degi.

Margir foreldrar tóku fram að þeim þætti betra að ef stytta ætti opnunartímann að það væri gert að morgni en ekki í lok dags og þá oft til að vera í samræmi við opnun skólanna. Ekki væri hægt að hefja leikskóladaginn fyrir til að komast til vinnu fyrr þar sem skólinn sem eldri systkini færu í opnaði ekki fyrr en kl. 8:30 eða 8:40. Þá nefndu margir að þeir væru hlynntari því að hámarks lengd yrði sett á viðveru barnanna í leikskólanum í 8 og hálfan tíma frekar en að opnunartími yrði stytur. Nokkrir tóku fram að þeir vildu ekki þurfa að hafa börnin sín í 8 og hálfan

tíma á leikskólanum en þeir hefðu ekkert val ef uppfylla ætti vinnuskyldu og að stytting vinnuvikunnar ætti í raun að koma á undan styttingu opnunartíma leikskólanna. Ein móðir með barn í grunnskóla sem byrjar 8:30 orðar þetta svona:

Maður er ekki að gera það að gamni sínu að skrá barnið til 17 - ef vinnudagurinn væri stytur þá væri það annað mál - þá mundi ég valhoppa að sækja barnið fyrir.

Greina mátti ótta við aukið álag og streitu á fjölskyldulífið, með fleiri reddingum, skiptast á að vinna lengri vinnudaga til að uppfylla vinnuskyldu o.s.frv.

Sé ekki fyrir mér að geta minnkað við mig í vinnu eins og staðan er núna varðandi verkefnaálag og annað [...] það væri erfitt að bregðast við með því að fara enn fyrir af stað eða vinna ennþá lengur á mánudögum þegar amman passar. Það er mikið stress að vera alltaf í einhverjum reddingum.


Ljóst er að álagið er ekki minna á einstæða foreldra.

Því ég er ein með börnin mín tvö sem eru á leikskóla og það mun bæði bitna á námi mínu við Háskólann og atvinnu ef til þessara breytinga kemur. Ég hef engann að til að aðstoða mig við að sækja börnin mín. Þess vegna sé ég fyrir mér að þeir sem standa höllum fæti nú þegar og hafa ekkert stuðningsnet í kringum sig eru þær fjölskyldur sem munu líða hvað mest fyrir þessar breytingar sem stangast á við bæði barnasáttmálann sem er lögfestur hér á landi og barnaverndarlögin. Markmið Barnaverndarlaga er einmitt að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Einstæðir foreldrar eiga margir hverjir eftir að fá lægri tekjur við minnkaða atvinnu sem þessi breyting getur haft í för með sér ásamt auknu álagi almennt á einstæða foreldra sem ekki búa við neitt stuðningsnet. Það gefur því auga leið að mörg börn munu því þurfa að búa við meira álag og lélegri efnahag ef til þessara breytinga kemur.

4.8 Kæmi dvalartími sem hleypur á 15 mínútum til móts við foreldra?



Í könnuninni var foreldrum gerð grein fyrir því að í dag standi foreldrum til boða að velja dvalartíma sem hleypur á heilum og hálfum tímum og gefið dæmi um að foreldrar geti valið á milli þess að kaupa 8 tíma, 8 og hálfan tíma eða 9 tíma. Þá var tekið dæmi að ef keyptur dvalartími fyrir tiltekið barn er t.d. 8 og hálfur tími en það hefur vistun kl. 8:15 þá þarf að kaupa tíma til 16:45 en ekki er boðið upp á að kaupa 8 tíma og 15 mínútur sem væri þá til kl. 16:30 í þessu dæmi.

Voru foreldrar þá spurðir hvort að ef boðið yrði upp á að kaupa dvalartíma sem hlypi á korterum í stað heils og hálf tíma, að hversu miklu eða litlu leyti það myndi auðvelda þeim að aðlagast breytingunni sem stytting opnunartímans felur í sér. Dreifingu svaranna er að finna á mynd 4.43.



Mynd 4.43 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu leyti það myndi auðvelda foreldrum að aðlagast að breytingunni ef boðið yrði upp á að kaupa korter í stað heils og hálf tíma


Eins og áður voru reiknuð meðaltöl þar sem að mjög litlu leyti fékk gildið 1 og að mjög miklu leyti fékk gildið 5 og fundin meðaltöl fyrir bakgrunnsbreyturnar.




Mynd 4.44 Meðalskor og skekkjumörk að hversu miklu eða litlu leyti myndi það auðvelda foreldrum að aðlagast breytingunni ef boðið yrði upp á að kaupa dvalartíma sem hleypur á korterum eftir tengslum við barn, hjúskaparstöðu, menntun og heildartekju heimilis. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Mæður töldu þetta hafa mun meiri áhrif en feðurnir en 32% mæðra töldu það að frekar eða miklu leyti auðvelda að bregðast við á móti 23% feðra eins og sjá má á mynd 4.45. Aðeins 15% einstæðra foreldra sem eru ein með forsjá telja að þetta auðveldi þeim að bregðast við (mynd 4.46).


Þeir sem eru með framhaldsskólamenntun eða með tekjur á bilinu 400 til 549 þúsund og heimavinnandi, atvinnulaus eða langveikir segja einna helst að þessi breyting myndi auðvelda þeim breytinguna en þennan tekjulága hóp munar um að þurfa ekki að greiða fyrir korter sem ekki er nýtt í meira mæli en hina. Skekkjumörkin eru þó mjög víð m.v. önnur skekkjumörk um meðaltöl þessara hópa sem gefur til kynna að svörin dreifast mikið, s.s. komi sér annað hvort mjög vel, eða alls ekki.



Mynd 4.45 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu leyti myndi það auðvelda foreldrum að aðlagast breytingunni sem stytting opnunartíma felur í sér ef boðið yrði upp á að kaupa dvalartíma sem hleypur á korterum í stað heils og hálf tíma eftir tengslum við barnið




Mynd 4.46 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu leyti myndi það auðvelda foreldrum að aðlagast breytingunni sem styttinging opnunartíma felur í sér ef boðið yrði upp á að kaupa dvalartíma sem hleypur á korterum í stað heils og hálfis tíma eftir hjúskaparstöðu



Mynd 4.47 Meðalskor og skekkjumörk að hversu miklu eða litlu leyti myndi það auðvelda foreldrum að aðlagast breytingunni ef boðið yrði upp á að kaupa dvalartíma sem hleypur á korterum eftir stöðu, erlendum bakgrunn, borgarhluta og sveigjanleika vinnutíma. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Í Árbæ, Norðlingaholti, Grafarholti og Úlfarsárdal telja 37% foreldra að breytingin myndi að miklu eða frekar miklu leyti auðvelda þeim breytinguna sem er svipað hlutfall og í Laugardal, Háaleiti og Bústöðum en lægra í öðrum borgarhlutum. Þá telja 54% foreldra þar sem annað foreldrið er erlent að þessi breyting komi að frekar eða mjög litlu gagni.

Þar sem foreldrar með lítinn sveigjanleika töldu það erfitt að bregðast við breyttum opnunartíma þá er rétt að skoða hvernig þessi breyting kæmi sér eftir því hversu mikinn sveigjanleika í vinnu foreldrar hafa. Í ljós kemur að breytingin kemur sér vel fyrir þá sem hafa mjög eða frekar mikinn sveigjanleika en af þeim sem segjast hafa engan sveigjanleika segja aðeins 12% að þessi breyting myndi að frekar eða miklu leyti auðvelda að aðlagast að breytingunni.




Mynd 4.48 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu leyti myndi það auðvelda foreldrum að aðlagast breytingunni sem stytting opnunartíma felur í sér ef boðið yrði upp á að kaupa dvalartíma sem hleypur á korterum í stað heils og hálfis tíma eftir því hversu sveigjanlegur vinnutími foreldra er

4.9 Hversu fylgjandi eða mótfallin eru foreldrar breytingunni



Foreldrar voru að lokum spurðir eftirfarandi spurningar: Með það fyrir augum að stytting opnunartíma getur haft í för með sér jákvæð áhrif á starf leikskólans en jafnframt að það geti þýtt ákveðið óhagræði fyrir þig/ykkur, hversu fylgjandi eða mótfallin ertu/eruð þið breyttum opnunartíma?

Svarmöguleikarnir voru frá mjög fylgjandi sem tekur gildið 1 til mjög mótfallin(n) sem tekur gildið 5. Mynd 4.49 sýnir dreifingu svaranna en 59% svaranda eru mótfallin, um fimmtungur segir hvorki né og fimmtungur er fylgjandi breytingunni.




Mynd 4.49 Dreifing svara við spurningunni hversu fylgjandi eða mótfallin ertu/eruð þið breyttum opnunartíma leikskólanna

Fundin voru meðaltöl eftir bakgrunnsbreytum eins og í fyrri spurningum.





Mynd 4.50 Meðalskor og skekkjumörk hversu fylgjandi eða mótfallin ertu/eruð þið breyttum opnunartíma leikskólanna eftir tengslum við barn, hjúskaparstöðu, menntun og heildartekju heimilis. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Fæður eru mun mótfallnari breytingunum en mæður og meðaltal þeirra er marktækt hærra en meðaltal mæðranna. Foreldrar í sambúð eða hjónabandi eru mótfallnari en þeir sem einstæðir eru, en 62% þeirra er frekar eða mjög mótfallin engu að síður eru 28% einstæðra mjög mótfallin breytingunni. Eftir því sem menntunarstig eykst og heildartekjur fjölskyldunnar aukast þeim mun mótfallnari eru foreldrar tillöggunni.




Mynd 4.51 Dreifing svara við spurningunni hversu fylgjandi eða mótfallin ertu/eruð þið breyttum opnunartíma leikskólanna eftir tengslum við barn




Mynd 4.52 Meðalskor og skekkjumörk hversu fylgjandi eða mótfallin ertu/eruð þið breyttum opnunartíma leikskólanna eftir stöðu, erlendum bakgrunn, borgarhluta og sveigjanleika vinnutímans. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Innflytjendur eru mun hlynntari breytingunni en þeir foreldrarar þar sem a.m.k. annað foreldri er íslenskt en 39% þeirra eru frekar eða mjög fylgjandi á móti aðeins 13% þeirra sem annað foreldrið er erlent eins og sést á mynd 4.53. Engu að síður segjast 40% innflytjenda vera mjög eða frekar mótfallnir og í opnum svörum kom fram að einhverjir höfðu áhyggjur af atvinnuöryggi sínu.



Mynd 4.53 Dreifing svara við spurningunni hversu fylgjandi eða mótfallin ertu/eruð þið breyttum opnunartíma leikskólanna eftir bakgrunni

Breiðholtið sker sig aðeins úr en þar eru 45% frekar eða mjög mótfallnir breytingunni á móti 56-63% í öðrum hverfum.



Mynd 4.54 Dreifing svara við spurningunni hversu fylgjandi eða mótfallin ertu/eruð þið breyttum opnunartíma leikskólanna eftir hverfum.

Í takt við fyrri niðurstöður þá eru þeir mótfallnari breytingunni sem hafa minni sveigjanleika og þeir sem eru í starfi eða sjálfstætt starfandi eru mun mótfallnari en þeir foreldrar sem eru í námi eða heimavinnandi, atvinnulausir og/eða langveikir. Það er því ljóst að mesta mótstaðan er frá þeim sem eru í fullri vinnu, ferðatími til og frá vinnu er langur og frá þeim sem hafa lítinn sveigjanleika.

Lang stærsti hópurinn sem er mótfallinn breytingunni eru með hátt menntunarstig og ekki í tekjulægstu flokkunum. Þó virðist vera sem þessi hópur sé ekki að leitast eftir að „geyma“ börnin sín sem lengst í leikskólum borgarinnar því flest barna þessara hópa eru aðeins í vistun í 8 og hálf klukkustund. Þetta korter eða háltími sem þeir eru að kaupa eftir kl. 16:30 gefur þeim hins vegar færi á að ljúka sínum vinnudegi og svigrúm til að komast að sækja barnið á réttum tíma þrátt fyrir að sinna þurfi öðrum börnum og sitja í umferðinni. Af greiningu spurninganna um ástæður keypts vistunartíma og opnum svörum að dæma er jafnframt fámennur hópur sem er með lítinn sveigjanleika og stendur höllum fæti sem ekki má við breytingunni án þess að eiga á hættu atvinnumissi og/eða tekjutapi.

Að lokum gafst foreldrum tækifæri á að koma á framfæri sínum skoðunum á fyrirhugaða styttingu opnunartímans í opinni spurningu. Af þeim 264 svörum sem bárust í opnu spurningunni voru tveir þriðjuhlutar almennt neikvæðir, um 23% nokkuð hlutlausir og tæp 8% almennt jákvæðir. Sumir foreldrar nefndu að þeir væru jákvæðir gagnvart styttingu vinnuvikunnar og styttingu leikskólans í kjölfarið. Einnig tóku sumir foreldrar fram að minnka mætti hámarks viðverutíma barnanna í stað þess að skerða opnunartíma.

Nokkur fleiri dæmi um opin svör foreldra:

Það ætti miklu frekar að stytta vistunartíma barnanna en að stytta opnunartíma leikskólanna. Það hafa ekki allir foreldrar sama vinnutíma, og ekki allir hafa aðstandendur sem geta sótt. Með þessu fyrirkomulagi eru allir að flýta sér að sækja á sama tíma sem eykur umferð og allir eru seinir að sækja.

Þangað til Reykjavíkurborg kemur á styttingu vinnuvikunnar fyrir starfsfólk sitt á leikskólum borgarinnar þá sé ég mér ekki fært um að verða við þessum breytta opnunartíma borgarinnar. Þið eruð ekki að gefa starfsfólki ykkar það svigrúm sem þið krefjist af foreldrum.

Við teljum að þessi breyting auki álag á foreldra á vinnumarkaði vel umfram það álag sem myndi minnka á leikskólustarfsfólki. Starfsmenn leikskólans sem eru til kl 17 vinna bara seinni partinn og þeir kvarta ekki yfir álagi. Tíminn frá 16:30 til 17 er rólegur tími á leikskólanum þar sem mörg börn eru sótt fyrr. Þetta er því alls ekki mesti álagstíminn fyrir leikskólustarfsmenn en töluvert kritískur tími fyrir foreldra á leið heim úr vinnu.

Sem fyrrum starfsmaður í leikskóla þá hefur þessi hálf tími á milli 16:30 og 17:00 ekki neikvæð áhrif á starf skólans. Ég veit ekki hvaðan sú skoðun kemur en hún hefur enga fræðilega skírskotun. Langur vistunartími er eitt, langur þjónustutími er annað. Ekki rugla þessu tvennu saman. Það kostar vissulega að halda lengri þjónustutíma en ekki rugla því við 'jákvæð áhrif á starf leikskólans'.

Ég tel að sama markmiði yrði náð með því að a) stytta leyfilegan vistunartíma barna um hálf tíma og b) stytta vinnutíma starfsfólks, þ.e. án þess að stytta opnunartímann sem slíkan. Það þurfa ekki allir að vera í leikskólanum á sama tíma og þá geta foreldrar valið þann vistunartíma sem hentar. Við þurfum t.d. ekki vistun frá opnun kl. 08, heldur frá 08:30-17:00. M.v. fréttir sem hafa komið fram í fjölmiðlum hefur svona fyrirkomulag gengið vel hjá Hjallastefnunni.

Vegna þessa neyðumst við til að minnka við okkur vinnu til að ná í barnið. Einnig getur verið erfitt að treysta á að við komumst á réttum tíma til að ná í barnið. Núna er þetta þannig að langoftast er barnið sótt fyrir kl. 16:30. En það er sveigjanleiki sem felst í þessu auka korteri, ef eitthvað kemur uppá, hvort sem það er í vinnunni eða í umferðinni.

5. Samantekt

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir aðstæðum og skoðunum foreldra barna í leikskóla vegna fyrirhugaðrar tillögu um að stytta almennan opnunartíma leikskóla borgarinnar um hálfa klukkustund, úr kl. 07:30-17:00 í 07:30-16:30 og að dvalartími hvers barns fari ekki yfir níu klukkustundir. Tillagan var samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs í janúar 2020 og vakti mikil viðbrögð í samfélaginu og í fjölmiðlum. Tillagan byggir á áfangaskýrslu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs en við undirbúning láðist að hafa samráð við foreldra. Borgarráð samþykkti því að gert yrði ítarlegt jafnréttismat á tillögunni og má segja að þetta jafnréttismat byggi að mjög miklu leyti á samráði við foreldra leikskólabarna.

Aflað var upplýsinga í gegnum fjórar mismunandi leiðir; í fræðum og opinberri tölfræði, í gegnum tölvukerfi skóla- og frístundasviðs, í formi umsagnabeiðna til foreldraráða leikskóla og annara hagsmunaaðila, og að lokum í gegnum opna spurningakönnun sem send var út til allra foreldra sem kaupa dvöl eftir klukkan 16:30.

Upplýsingar úr innritunarkerfinu Völu sýna að 17% barna á öllum leikskólum borgarinnar var með vistun eftir klukkan 16:30 á tímabilinu október-nóvember 2020, og eru það 896 börn. Stærsta hlutfall barna með vistun eftir klukkan 16:30 er í Vesturbæ og Miðborg en þar er 24% og 26% allra barna á leikskóla með vistun eftir kl. 16:30. Flestir af þeim skólum sem þegar höfðu stýtt opnunartímann þegar tillagan var lögð fyrir eru í Breiðholti og höfðu því um 34% foreldra barna þar ekki val um að kaupa dvöl til klukkan 17:00. Í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum á þetta aðeins við um foreldra 3% barna og getur það verið ástæða fyrir mismun á keyptum dvalartíma eftir hverfum.

Að meðaltali eru 42% barna með dvöl eftir kl. 16:30 sótt eftir kl. 16:30 en 58% eru sótt fyrir 16:30. Það þýðir að þau börn sem eru með vistunartíma eftir kl. 16:30 eru sótt þá 2-3 daga í viku að meðaltali. Forðast ber að túlka gögnin þannig að einungis 42% af foreldrum með vistun eftir klukkan 16:30 nýti þann tíma en allir foreldrar geta verið að nýta tímann mismikið. Á tímabilinu sem tekið var út (október-nóvember 2020) voru aðeins tvö börn sem aldrei nýttu dvalartímann eftir klukkan 16:30

Stærsti hópur barna með dvalarsamning eftir klukkan 16:30 er með samtals 9 tíma dvalarsamning eða 385 börn. Næst stærsti hópurinn er með 8,5 tíma dvalarsamning og eru það 352 börn. 66 börn eru með 9,5 tíma dvalasamning en þriðjungur þeirra er í Breiðholti. Einungis fimm börn með dvalarsamning eftir klukkan 16:30 eru með samtals dvalartíma sem er styttri en 8 klukkustundir. Ljóst er að leikskóladagur íslenskra barna er langur og mælt er með því að rýnt verði í leiðir til að setja þak á lengd dvalartíma án þess að skerða opnunartíma leikskóla. Fjölbreyttar fjölskyldur kalla á fjölbreyttar lausnir.

23% foreldra þeirra barna sem eru með vistun eftir klukkan 16:30 eru með viðbótarafslátt af leikskólagjöldum vegna aðstæðna þar sem báðir foreldrar eru í námi, foreldri er einstætt eða foreldrar eru öryrkjar. Stærsti hluti þeirra eru einstæðir foreldrar en þau eru 170 talsins eða 19% þeirra sem eru með vistun eftir klukkan 16:30. Í opnu svörum foreldrakönnunarinnar kom fram að einstæðir foreldrar sem eru einir með forsjá munu eiga í verulegum erfiðleikum með að bregðast við styttingu opnunartíma.

Þær umsagnir sem bárust frá foreldraráðum leikskólanna skiptust á eftirfarandi hátt: 13 af 25 (52%) eru mótfallin tillögu um að breyta opnunartíma leikskóla, 8 af 25 (32%) eru jákvæð og 4 (16%) taka ekki afstöðu.

Þrátt fyrir að foreldrakönnunin hafi verið lögð fyrir á strembnum tíma fyrir foreldra, örfáum dögum eftir verkfall og inn í upphaf skertrar starfsemi vegna Covid 19 þá svöruðu 694 eða 55% foreldra sem eiga börn með dvalartíma eftir kl. 16:30 og fengu könnunina senda. Markmið könnunarinnar var tvíþætt, annars vegar að gefa foreldrum tækifæri á að tjá sig um fyrirhugaða breytingu og hins vegar að athuga hvernig breytingin kæmi við mismunandi hópa og þá ekki síst mæður og feður. Til þess að unnt væri að greina svörin miðað við bakgrunn svarenda var spurt um tengsl við barn, menntunarstig, tekjustig, erlendan bakgrunn, stöðu þess varðandi vinnu og hversu mikinn sveigjanleika í vinnu foreldrar hefðu.

Mæður fara bæði oftar með börnin á leikskólann og sækja oftar. Mæður sækja nú að meðaltali 3,7 daga vikunnar meðan feður sækja að meðaltali 3 daga vikunnar. Ef af breytingunni yrði telja bæði kynin að þau munu sækja sjaldnar en þau gera nú þegar en feður telja að fjöldi daga sem þeir sækja muni fækka meira en mæðurnar. Munur

á meðalfjölda daga sem mæður sækja umfram feður fer úr 0,7 dögum í 0,9 dag. Ekki er alveg ljóst hvernig foreldrar muni endanlega leysa úr málunum og ljóst er að einhverjir foreldrar verða að vera lausnamiðaðir.

62% foreldra telja að það verði frekar eða mjög erfitt að bregðast við breyttum opnunartíma og 59% er frekar eða mjög mótfallin fyrirhugaðri breytingu. Feður eru mun mótfallnari breytingunum en mæður eða 68% á móti 54% mæðra. Þeir telja líka að erfiðara sé að bregðast við breytingunum en kynjamunurinn við þeirri spurningu er ekki jafn mikill. Af þessu að dæma verður að teljast líklegt að mæður muni oftara taka á sig aukna ábyrgð á að sækja, að minnsta kosti er ákveðin togstreita fyrirsjáanleg. Þá er ljóst í opnum svörum að ömmur og afar, en í minna magni, verði kölluð til að koma meira til bjargar. Þar er aftur mikið kynjabil en ömmur eru mun líklegri til þess að stíga inn en afar, samkvæmt svörum könnunarinnar.

Þeir foreldrar sem telja erfitt að bregðast við breytingunni og eru almennt mótfallnir henni eru foreldrar sem eru í sambúð eða hjónabandi, ekki af erlendum uppruna, með meiri menntun og hærri tekjur. Þetta er jafnframt langstærsti hluti þess hóps sem svaraði könnunni og kaupir dvalartíma eftir kl. 16:30 og endurspeglar í raun samfélag ungra foreldra í Reykjavík. Þeim foreldrum sem finnst breytingin þó erfiðust og eiga verulega erfitt með að bregðast við henni eru þeir sem eru með minnstan sveigjanleika í sinni vinnu en það eru innflytjendur, þeir sem hafa lokið iðn-, tækni- eða stúdentsprófi, þeir sem vinna vaktavinnu og þeir sem eru með heildartekjur á bilinu 550-799 þúsund. Þeir foreldrar sem eru með minnsta sveigjanleikann eru oft litlir hópar í þröngri og erfiðri stöðu og finna margir fyrir ótta um atvinnuöryggi sitt og hugsanlegt tekjutap. Það er einnig oft sá hópur sem hefur lítið bakland og getur ekki treyst á aðra til að koma börnunum í og úr leikskóla fyrir sig.

Í opnum svörum nefnir 86% foreldra að vinnutími sé ein af helstu ástæðum þess að erfitt er að bregðast við breyttum opnunartíma. 29% nefna ferðatíma til og frá vinnu. Ferðatími vegur sérstaklega þungt hjá foreldrum sem búa í hverfum vestast í höfuðborginni.

Margir foreldrar tala einnig um samspil við önnur skólastig (grunnskóla) sem byrja síðar en leikskólinn. Nefnt var að stytting opnunartíma að morgni kæmi þeim sem vinna frá 9-17 mun betur eða jafnvel að stytta ætti heildartímann sem barn er í leikskóla en að það yrði val foreldra hvort það væri í upphafi dags eða lok. Þá nefndu einhverjir að fyrst þyrfti að koma til stytting vinnuvikunnar áður en opnunartími leikskóla yrði stytur.

Eins og fram hefur komið var hluti leikskóla byrjaður að loka fyrir klukkan 17:00 áður en tillaga stýrihópsins var lögð fyrir. Við vinnslu á jafnréttismatinu bærust ýmsar upplýsingar um að ekki ríki allstaðar sátt um þetta meðal foreldra í þeim leikskólum sem nú þegar hafa tekið upp styttri opnunartíma. Þá var eitt þeirra foreldraráða sem sendi inn umsögn mjög mótfallið styttri opnunartíma leikskóla en þessi breyting hafði þó þegar verið gerð í þeirra skóla. Hópnum barst einnig tölvupóstur frá foreldri barns sem er í leikskóla sem nú þegar lokar 16:30 og varð sú breyting á opnunartíma til þess að maki viðkomandi missti vinnuna þar sem ekki var mögulegt að breyta vinnutímanum í takt við hinn breytta opnunartíma.

Niðurstaða foreldrakönnunarinnar er að þessi breyting kemur sér illa fyrir stóran hluta þeirra sem nú þegar kaupa tíma eftir kl. 16:30. Breytingin mun auka álag á fjölskyldur og togstreitu milli foreldra um hver þurfi að taka á sig skertan tíma til vinnu. Stytting á opnunartíma leikskóla án mótvægisáðgerða mun hafa neikvæð áhrif á jafnrétti kynjanna þar sem mæður og ömmur munu bera meiri þunga af breytingunum en feður. Sá hópur foreldra sem breytingin mun hafa verst áhrif á er sá sem hefur minnstan sveigjanleika í vinnu en það eru innflytjendur, tekjuhópurinn 550-799 þús. í heildartekjur heimilisins, þeir sem hafa lokið stúdents- iðn- eða tækniprófi og þeir sem að segja vaktavinna skiptir máli í ákvörðun sinni um að kaupa dvalartíma eftir 16:30. Breytingin mun hafa verulega mikil áhrif á aðstöðu þess hóps foreldra.

Það að bjóða upp á að geta keypt tíma í 15 mínútna hólfum í stað hálf tíma kemur sér mjög vel fyrir ákveðinn hluta fólks en skiptir litlu sem engu máli fyrir aðra en ætti að vera í boði til þess að mæta þeim sem það þó gerir og munar um hverja krónu. Ef af breytingu verður er mikilvægt að finna viðunandi lausn fyrir þá foreldra sem þurfa verulega á vistunartíma eftir 16:30 að halda.

Heimildir

Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einardóttir (2019). „Mér finnst ég stundum vera eins og hamstur í hjóli“: Streita í daglegu lífi fjölskyldufólks á Íslandi. *Íslenska þjóðfélagið*, 10. árgangur 2019, 1. tbl., 4-19.

Anna Magnea Hreinsdóttir (2019, 10. september). Styrkleikar leikskólastigsins á Íslandi: Vangaveltur um skýrslur Eurydice fyrir árið 2019. *Skólaþræðir*. Sótt af <http://skolathraedir.is/2019/09/10/styrkleikar-leikskolastigsins-a-islandi-vangaveltur-um-skyrslu-eurydice-fyrir-arid-2019/>

Eurostat (2019) *Reconciliation between work and family life. Labour Force Survey (LFS) ad-hoc module 2018*. Sótt af <https://ec.europa.eu/eurostat/documents/7870049/10159907/KS-FT-19-006-EN-N.pdf/49232e21-106f-308f-8dc6-fd75b30ded86>

Evrópuráð / European Council (2019). *Key data on early education and care in Europe: 2019 Edition*. Sótt af <https://op.europa.eu/en/publication-detail/-/publication/5816a817-b72a-11e9-9d01-01aa75ed71a1/language-en/format-PDF/source-102611557>

Gyða Margrét Pétursdóttir. (2009). Within the Aura of Gender Equality. Icelandic Work Cultures, Gender Relations and Family Responsibility. A Holistic Approach. Reykjavík: Háskóli Íslands, Stjórnmalafraeðideild.

Hagstofa Íslands. *Atvinnuþátttaka, atvinnuleysi 1991-2019*. Sótt 15. júní af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_vinumarkadur_vinumarkadsrannsokn_3_arstolur/VIN01002.px/table/tableViewLayout1/?rxid=84bf5f46-5395-477d-865f-4d516b878137

Hagstofa Íslands (2019). *Konur og karlar á Íslandi 2019*. Sótt af <http://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2019/f691d1ec-d651-4380-a68d-df7893e83e42.pdf>

Himmelweit, Susan. (2002). „Making Visible the Hidden Economy: The Case For Gender-Impact Analysis of Economic Policy“. *Feminist Economics*, 8(1), bls. 49-70

Jafnréttisstofa (2009). *Jöfnum leikinn. Handbók um kynjasambættingu*. Sótt af https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6683/Jofnum_leikinn-handb%3b3kin.pdf?sequence=1

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Maskína (2017). *Heimilisþrif á Íslandi*. Sótt af <https://maskina.is/wp-content/uploads/2017/10/Heimilisþrif.pdf>

Kolbeinn Stefánsson og Þóra Kristín Þórsdóttir (2010) *Ánægja með fjölskyldulíf á Íslandi í kjölfar bankahruns. Þjóðarspejillinn*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Reykjavík

Kristín Ástgeirsdóttir. (2018). *Réttindabaráttta íslenskra kvenna á vinnumarkaði*. Akureyri, Jafnréttisstofa. Sótt af <https://www.jafnretti.is/is/um-jafnrettisstofu/greinar/rettindabaratta-islenskra-kvenna-a-vinumarkadi>

NIKK (2018) *Who is working and when? Fact sheet about part-time employment in the Nordic countries*. Nordic Council of Ministers. Sótt af <https://nikk.no/wp-content/uploads/2019/11/2018-Who-works-when.pdf>

Ólöf Júlíusdóttir (2019). *Time, Love and Organisational Culture: Gender Disparity in Business Leadership in Iceland*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Félagsfræðideild.

Ragnheiður G. Eyjólfsdóttir. (2013). *Samræming fjölskyldulífs og atvinnu: Hvernig gengur starfsfólki á íslenskum vinnumarkaði að samræma fjölskyldulíf og atvinnu?* Háskólinn í Reykjavík, viðskiptadeild.

Reykjavíkurborg (2012). *Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun: Börn ári fyrr á leikskóla*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/lokanidurstada_-_born_ari_fyrr_i_leikskola.pdf

Reykjavíkurborg (2019). *Stýrihópur um umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík. Áfangaskýrsla stýrihóps*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/afangaskyrsla-umbaetur_og_skipulag_leikskolastarfs.pdf

Voydanoff, P. (2005). Toward a Conceptualization of Perceived Work – Family Fit and Balance: A Demands and Resources Approach. *Journal of Marriage and Family*, 67(4) 822-836.

Póra Kristín Þórsdóttir (2013). *Kynbundin verkskipting: Heimili og vinna í útrás, kreppu og endurreisn*.

Jafnréttisþing, 2013. Sótt af: <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/jafnrettisthing2013/glaerur-thoru-kristinar-thorsdottur.pdf>

World Economic Forum (2020). *Global Gender Gap Report 2020*. Sótt af http://www3.weforum.org/docs/WEF_GGGR_2020.pdf

Fylgiskjöl

1. Umsögn Félags leikskólakennara
2. Umsögn Félags stjórnenda leikskóla
3. Umsögn Heimila og skóla
4. Umsögn Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands
5. Umsögn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands
6. Umsögn Umborðsmanns barna

Umsögn Félags leikskólakennara um tillögu um styttingu opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar

Félag leikskólakennara styður tillögur stýrihóps borgarinnar um styttingu opnunartíma leikskóla. Dvalartími barna hefur stöðugt lengst og samkvæmt gögnum OECD frá árinu 2017 þá er dvalartími barna í leikskólum lengstur á Íslandi. Með þessum tillögum er reynt að bregðast við þeirri stöðu. Með styttingu dvalartíma barna er dregið úr álagi á bæði börn og starfsfólk og hægt er að þjappa vinnutíma starfsfólks á styttra tímabil. Slík breyting getur líka styrkt faglegt starf í leikskólum þar sem skipulag daglegs starfs verður einfaldara.

Með því að draga úr álagi getur líka dregið úr veikindadögum og langvarandi fjarveru leikskólakennara vegna streitu. Eins og staðan er núna þá hefur mikill fjöldi leikskólakennara þurft að sækja þjónustu „Virk – starfsendurhæfingarsjóðs“ vegna langvarandi veikinda sem í mörgum tilfellum má rekja til álags og streitu.

Í ljósi nýrra kjarasamninga út frá styttingu vinnuvikunnar lítum við svo á að nú sé kjörið tækifæri til að gera þessar breytingar.

Sú umræða sem skapast hefur í kringum þessa tillögu stýrihópsins gefur sterklega til kynna þörfina á umræðum um það hvert raunverulegt hlutverk leikskóla er. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og hefur verið í mörg ár en um leið er litið á leikskóla sem þjónustustofnun. Þetta tvíþætta hlutverk leikskóla vefst fyrir mörgum og ef til vill er orðið tímabært að taka upp umræðu um skilgreiningar á hlutverki leikskóla, annars vegar sem menntastofnunar og hins vegar sem þjónustustofnunar. Ef til vill þarf að taka til skoðunar mögulegar breytingar á skipulagi skólastarfs í leikskóla annars vegar og hins vegar skipulagi þess hluta sem telst til frístundastarfs og/eða gæslu. Með slíkum breytingum væri einnig hægt að einfalda skipulag kennsluskyldu leikskólakennara á móti tíma fyrir önnur fagleg störf utan deilda. Slíkar breytingar gætu gert leikskólakennurum kleift að sinna betur faglegum hliðum starfsins utan kennslu, s.s. undirbúningi kennslunnar, skráningum, mati og faglegu samstarfi við annað starfsfólk og kennara. Slíkt mun á endanum skila meiri gæðum í námi barnanna.

Stjórn og skólamálanefnd Félags leikskólakennara

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Helgi Grímsson sviðstjóri

V/SFS2019100023

6.5

Umsögn Félags stjórnenda leikskóla v/tillögu að styttingu opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar.

Félag stjórnenda leikskóla hvetur Reykjavíkurborg til að samþykkja tillögu stýrihóps á vegum skóla- og frístundasviðs sem hafði það hlutverka að skoða leiðir til að auka gæði leikskólastarfs og minnka álag á börn og starfsfólk.

Upplifun þeirra leikskólastjóra sem eru nú þegar með lokað kl. 16:30

Starfsmenn skólans koma og fara á sama tíma.

Barnahópurinn er að koma og fara á sama tíma.

Það er ekki eitt barn eða fá börn sem bíða eftir að vera sótt milli klukkan 16:30 og 17:00.

Vinnudagurinn byrjar betur bæði fyrir börn og starfsfólk og álagið mun minna þar sem allir starfsmenn eru komnir í hús kl. 08:30. Það eru ekki lengur 2 starfsmenn að taka á móti stærstum hluta barnahópsins og gefa þeim morgunmat og koma í leik. Núnar eru allir 3-4 starfsmenn deildarinnar mættir ekki seinna en kl. 08:30. Starfsfólkið sem starfar inni á deildum hafa sérstaklega tekið þetta fram, þar sem langflest börn koma að jafnaði milli kl. 08:00 og 8:30 og í raun eru of fáir starfsmenn miðað við barngildi sem eru komin í hús. Deildar hafa oft verið undirmannaðar til kl. 9:00 til að hægt sé að dreifa starfsfólkinu til að dekkja þennan langa opnunartíma. Þetta veldur álagi og streitu sem fylgir starfsmönnum inn í daginn. Það að taka vel á móti öllum börnum og gefa sér góðan tíma þarf mikið af starfsfólki og það er óásættanlegt að þá séu deildir undirmannaðar. Ef starfsmenn forfallast sem eiga að mæta kl. 8:00 er ástandið enn verra. Þegar allur starfsmannahópurinn er komin í hús kl. 8:30 eru fleiri að taka á móti börnunum. Það þarf ekki að miðla upplýsingu frá foreldrum áfram til starfsmanna sem mæta seinna og því síður hætta á að mikilvægar upplýsingar gleymist sem allir þurfa vita fyrir daginn.

Starfsfólk finnur að streita inni á deildum minnkar töluvert mikið við þessar breytingar.

Faglegt starf hefst strax kl. 9:00.

Starfsfólk tekur eftir minni þreytu hjá börnum, þreytan minnkar og samskipti barna og foreldra eru oft á tíðum betri þegar börnin eru sótt.

Færri yfirvinnutímar eru greiddir í hverjum mánuði.

Leikskólastjórar segja að það hafi komið þeim sjálfum á óvert hversu mikil breyting þessar 30 mínútur höfðu á starfið.

Leikskólastjórar tók eftir því að hans yfirvinna minnkaði um 30-45 mínútur á dag. Vinnuálag á leikskólastjóra minnkar. Oft kom það í þeirra hlut að standa vaktina til kl. 17. Núna er hægt að fara áhyggjulaus úr húsi kl. 16:00-16:15. Það þýðir að leikskólastjóri er við störf nánast allan opnunartímann. Í þessu samhengi má spyrja hversu margir leikskólastjórar hafa í gegnum tíðina farið í mislöng veikindaleyfi.

Öryggi starfsins er betur tryggt, sérstaklega þar sem tímavinnustarfsmenn voru að leysa af þessar vaktir til kl. 17:00 og fagfólk farið úr húsi. Einnig verður að hafa í huga að margir skóla hafa ekki fram að tefla fagfólki á þessum tíma dags. Það eru til starfsmenn sem höndla ekki að vera tveir saman í húsi seinnipartinn með barnahóp og telja öryggi sínu ógnað. Þeir treysta sér ekki til að vera einir í stórum byggingum þegar dimmt er orðið.

Leikskólastjórar hafa verið að merkja að umsóknum um vistun á þessum tíma hefur dregið verulega saman og virðist hugsanlega munur á milli eldri og yngri foreldra. Gæti verið vegna breytinga á vinnumarkaði þar sem störf hafa skapast sem krefjast ekki fastrar viðveru og sveigjanlegur vinnutími og hópur foreldra sem getur og kys að vinna minna. Hækkandi aldur foreldra og fólk þar að leiðandi hefur betri aðstæður til að vinna minna, betri fjárhagslegstaða, hærra menntunarstig nýrrar kynslóðar.

Undirbúningstíma kennarar geta byrjað kl. 8:00 og sérkennsla getur byrjað kl. 9:00 sem og allir fundir.

Helstu ástæður þess að leikskólastjórar hafa nú þegar styttn opnunartímann frá 17:00 í 16:30:

Mæting barnahópsins er að stærsta hluta fyrir kl 8:30 og því ekki hægt að bíða með að fá starfsmenn í hús til kl. 9. Yfirvinna fyrir tímann eftir kl.16:30 er ekki gert ráð fyrir í fjárhagsramma ef allir starfsmenn eru komnir í hús kl. 8:30.

Nýting á vistunartíma eftir kl .16:30 er lítill og því ekki verjandi að hafa starfsmenn yfir fáum börnum eftir kl 16:30 þegar þörfin er meiri milli kl 8:00 og 8:30.

undirmönnuð starfsemi á leikskólanum.

Starfsmenn hafa ekki viljað vinna eftir kl. 16:30 og hefur gengið erfiðlega að fá fólk til þess.

Starfsandinn veikist vegna þess að stjórnandinn er að ganga á eftir fólki að vinna á þessum tíma þrátt fyrir að starfsmenn séu búnir að koma því til skila að þeir óski ekki eftir því.

Leikskólastjórar í stærri skólunum telja sig ekki geta tryggt öryggi barnahópsins eftir kl .16:30

Leikskólastjórar eru ekki tilbúnir til að standa vaktina frá kl. 7:30-17:00.

Leikskólastjórar telja það ekki vera í sínum verkahringa að standa lokunarvaktir inni á deild, dag eftir dag.

Virðingarfyllt

Sigurður Sigurjónsson

Formaður FSL

Unnið í samstarfi við samráðsfulltrúa FSL í Reykjavík

15. apríl 2020

Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Efni: Umsögn frá Heimili og skóla – landssamtökum foreldra um tillögu til styttingar opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar skv. ósk um umsögn SFS2019100023

Heimili og skóli – landssamtök foreldra fagna því að fá loks að senda inn umsögn varðandi tillögu um styttingu á opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar en meirihluti skóla- og frístundaráðs samþykkti á sínum tíma, 14. janúar 2020, að stytta opnunartíma leikskóla borgarinnar frá og með 1. apríl 2020. Þetta var þá gert án nokkurs samráðs við leikskólaforeldra og kom mörgum í opna skjöldu. Seinni hluta febrúar barst okkur ósk um umsögn um tillöguna sem því miður hefur dregist að svara vegna anna og hins sérstaka ástands sem skapast hefur vegna kórónuveirunnar en nú verður bætt úr því.

Hefur áhrif á hundruð fjölskyldna

Í skýrslu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík kemur fram að áhrifin af þeirri ákvörðun að stytta opnunartíma leikskóla í Reykjavík um hálf tíma muni snerta um 400 fjölskyldur sem þurfi þá að finna aðrar leiðir til að leysa málin vegna vinnu. Þó vissulega sé mikilvægt að huga að hámarksvistunartíma fyrir hvert barn er á sama tíma mikilvægt að opnunartími leikskóla bjóði upp á einhvern sveigjanleika enda er vinnutími foreldra fjölbreyttur. Þrátt fyrir að leikskólinn sé sannarlega fyrsta skólastigið og þar fari fram mikilvægt starf er leikskólinn ekki með skólaskyldu og foreldrar greiða fyrir vist barna sinna m.a. til þess að geta stundað vinnu og dregið björg í bú. Leikskólinn er því líka þjónustustofnun og afar mikilvæg í því tilliti, m.a. til að jafna aðstæður barna og foreldra og stuðla að getu foreldra til atvinnuþátttöku. Áhugavert verður í því tilliti að sjá hvað jafnréttismat leiðir í ljós. Einn mikilvægast í þessu öllu er þó að spyrja þá sem málið varðar um viðhorf þeirra og þarfir, þ.e. foreldra leikskólabarna sem bera einnig hag sinna barna fyrir brjósti. Við gerð tillögunnar var það hins vegar ekki gert og er það miður.

Hverjir eiga að bæta starfsaðstæður leikskólans?

Í skýrslu stýrihóps segir: „Stýrihópur um umbætur og skipulag leikskólastarfs hefur það hlutverk að skoða leiðir til að auka fagmennsku, minnka álag á börn og starfsfólk og tryggja gæði starfsins með þarfir barnanna í huga.“ Er eina leiðin til þess að stytta opnunartíma leikskóla? Þegar skoðað er hvaða aðilar voru nefndir til ráðgjafar og samstarfs sést hversu takmarkað samráð var í raun haft um tillöguna en foreldrar voru sem fyrr segir ekki spurðir álits.

Í tillögunni segir að dvalartími barna hafi stöðugt lengst samhliða fækkun á fagfólki og að erfiðlega hafi gengið að fullmanna leikskólana og þá helst síðdegis. Einnig er rætt um álag og undirmönnun. Þetta virðist vera verkefni fyrir sveitarfélögin að leysa úr og bjóða starfsmönnum þá kaup og kjör og viðunandi starfsaðstæður sem laða þá til starfans. Undirmönnun og skipulag starfs er ekki verkefni fyrir foreldra að leysa úr heldur atvinnurekendur sem eru í þessu tilfelli sveitarfélagið. Þar liggur kannski grundvallarvandinn?

Steinunn Gestsdóttir, prófessor í þroskasálfræði og aðstoðarrektor kennslumála og þróunar við Háskóla Íslands, tjáði sig um tillöguna á sínum tíma og taldi m.a. lítið hæft í fullyrðingum um að síðasti hálf tíminn í leikskólum færi illa í börnin og kannaðist ekki við neinar rannsóknir sem sýndu fram á að



8,5 tímar væru skaðlegri fyrir leikskólabörn en 8,0 tímar. Rannsóknir sýndu hins vegar að þegar hávaði, lítið pláss og mannekla einkenndu leikskóla hefði það neikvæð áhrif á börn og starfsfólk og fókusinn ætti að vera á að tryggja að slíkar aðstæður væru aldrei til staðar í leikskólastarfi. Einnig nefndi hún að þótt innsýn fagfólks gæfi vissulega vísbendingar væri hún takmörkuð og því þyrfti að leggja meiri áherslu á að safna gögnum. Við tökum undir þessar athugasemdir og mikilvægi þess að svona stefnumarkandi ákvörðun þurfi sannarlega að vera byggð á góðum gögnum og rannsóknum. Einnig lagði Steinunn til að prófa mætti styttingu viðverutíma leikskóla sem tilraunaverkefni í nokkrum leikskólum til að byrja með og meta hvort það hafi tilætluð áhrif og komi þá ekki niður á þeim sem verst standa. Því má velta fyrir sér hvort ekki væri æskilegt að stytting opnunartíma leikskóla væri tekin í smærri skrefum þar sem árangur og áhrif væru metin jafnt og þétt og tími gæfist til aðlögunar?

Þarfir og gagnagreining

Undir liðnum *opnunartími leikskóla Reykjavíkurborgar í dag* kemur fram að hann er frá 7:30-17:00. Af ýmsum ástæðum eru örfáir leikskólar sem opna síðar eða loka fyrr. Þar segir: „Mikilvægt er að samræmi sé í opnunartímum leikskólanna til þess að tryggja samræmi í þjónustu við börn og foreldra auk þess að jafnræðis sé gætt á milli starfseininga.“ Væri ekki athugandi að opnunartíminn taki mið af þörfum á hverjum stað? Eða möguleikum hvers leikskóla hvað varðar starfsmannahald og aðstæður? Mögulega eru þarfir ólíkar eftir staðsetningu og samsetningu íbúa. Samræmi í þjónustu heilt yfir tekur ekki mið af þörfum og möguleikum á hverjum stað sem geta verið mismunandi.

Varðandi nýtingu á keyptum stundum í leikskólum voru teknar út inn- og útskráningar úr upplýsingakerfum borgarinnar í vikunni 14. – 18. október 2019. Þetta er frekar stutt tímabil sem þarna er ályktað út frá og rétt að hafa það í huga þegar samantekt á nýtingartíma er metin. Í samantektinni kemur fram að um 18% barna séu með dvalarsamning sem lýkur eftir kl.16:30 á daginn en aðeins 8% nýti sér dvöl eftir 16:30. Mikill meirihluti barna sé því sóttur fyrir kl.16:30. Það breytir því ekki að á bak við þessar prósentutölur er fjöldi fólks sem þarf að hafa tiltekið svigrúm að öllu óbreyttu. Einnig þyrfti samantekt sem þessi að ná yfir lengri tíma til að gefa heildstæðari og yfirgrípsmeiri mynd af stöðunni.

Jafnvægi í lífi barna og stytting vinnudagsins

Í skýrslu stýrihóps kemur fram að leikskólakennarar hafi haft áhyggjur af því að dvalartími leikskólabarna hafi aukist ár frá ári og sé nú orðinn þannig að nánast öll börn dvelji þar lengur en átta stundir daglega. Þó er tekið fram að í leikskólum fari fram mikið og gott starf og það eigi að vera réttur allra barna að njóta náms- og uppeldiskosta leikskólans en mat fulltrúa í stýrihópnum sé að það séu hagsmunir barna að meira jafnvægi komist á, á milli leikskóla og fjölskyldulífs. Það er hvorki börnum né foreldrum til hagsbóta að auka streitu í þeirra lífi til dæmis ef foreldrar þurfa að leita annarra leiða til að brúa bilið sem dvalartími nær ekki yfir. Í þessu samhengi er rétt að nefna að einnig þarf að gera ráð fyrir að foreldrar þurfa tíma til að komast til og frá vinnu og sá tími getur verið talsvert lengri í höfuðborginni en úti á landi. Sumir eiga gott bakland, aðrir ekki og stytting vinnudagsins væri skref sem stíga ætti fyrst, frekar en að setja aukið álag og þrýsting á einstök heimili í því augnamiði. Ef vellíðan barna á að vera í fyrirrúmi þarf atvinnulífið að koma til móts við þær þarfir svo dvalartími leikskóla dugi fyrir þá foreldra og börn sem þurfa á honum að halda. Hvað varðar starfsaðstæður leikskóla er það mál á könnu sveitarfélaganna. Fæstir foreldrar kjósa að hafa börn sín lengur á leikskóla dag hvern en þörf krefur og því ætti að vera í forgangi að koma á jafnvægi milli atvinnulífs og fjölskyldulífs sem aftur ætti að skila sér í jafnvægi milli leikskóla og fjölskyldulífs.

Umsögn HÍ, Félagsvísindasvið

Það er virðingarverð afstaða hjá Reykjavíkurborg að vilja stytta vinnutíma starfsfólks í leikskólum og að minnka álag á bæði börnin og starfsfólkið. Hins vegar þarf að taka með í reikninginn hvort fullnægjandi forsendur eru til þess að hrinda þessu í framkvæmd. Talnagögn í greinargerðinni sem fylgja tillögunni og skýrslu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík, eru ekki mjög aðgengileg. En það breytir ekki heildarmynd málsins. Hlutfallstölur um hve margir nýta til fulls þá þjónustu sem í boði er, eða sem greitt er fyrir, segja ekki nema hálfra söguna. Þótt einungis lítil hluti foreldra þyrfti að nýta það svigrúm sem boðið er upp á, er ekki óvarlegt að álykta að það sé einmitt sá hópur sem verst stendur að vígi og mest þarf á þjónustunni að halda. Má þar nefna einstæð foreldri, foreldri sem ekki hafa öflugt stuðningsnet fjölskyldu eða ættingja, ekki síst fólk af erlendum uppruna, fólk í vaktavinnu og fólk sem ekki er á einkabíl. Í samanburði við nágrannasveitarfélög þarf að taka mið af stærð Reykjavíkur og þeim tíma sem fer í ferðir til og frá vinnu. Ekki er réttlætjanlegt að léttu álagi af starfsfólki leikskólanna með því að velta því yfir á foreldra, og allra síst þann hóp foreldra sem verst stendur að vígi. Hætt er við að álag og streita aukist hjá þeim hópi með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á börnin. Þá má nefna að tillagan eins og hún er sett fram er líkleg til að ala á sektarkennd hjá foreldrum, einkum og sér í lagi konum, fyrir að þurfa dagvistun fyrir börn sín meðan á launavinnu stendur. Ákvörðun sem þessi þarf að vera vel undirbyggð og má ekki byggjast á huglægu mati eða tilfinningu þeirra sem hlut eiga að máli. Því er mikilvægt að Reykjavíkurborg auki ekki aðstöðumun meðal barna í leikskólum og aðstandendum þeirra, og kanni þetta mál ítarlega áður en því er hrundið í framkvæmd.

Þorgerður J. Einarsdóttir

Prófessor, formaður vísindanefndar Félagsvísindasviðs

Stjórn málafræðideild

Reykjavík 16. apríl 2020

Umsögn um skýrslu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík

Í skýrslunni er fjallað um fyrirhugaða styttingu opnunartíma leikskóla. Rædd er nýting opnunartíma, m.a. hlutfall þeirra barna sem hafa vistunartíma lengra fram eftir degi og að hvaða marki sá tími er nýttur. Greina má skipulagsleg og hagnýt rök fyrir styttingu opnunartíma leikskólanna. Svo virðist sem breytingin sé líkleg til hagræðingar í starfsmannahaldi, sem væntanlega getur haft áhrif á bættu líðan starfsmanna. Bundnar eru vonir við að með styttingu opnunartíma í leikskólum geti faglegir starfshættir styrkst, sem er brýnt í ljósi þess að hlutfall leikskólakennara í leikskólum nær ekki því sem kveðið er á um í lögum. Auk þess sýna rannsóknir að lágt hlutfall fagfólks bitni á gæðum leikskólastarfsins og þar með börnunum.

Líta má á lengd opnunartíma í leikskólum sem samfélagsmál sem m.a. tengist vinnutíma foreldra barna. Því er mikilvægt að viðhorf foreldra og atvinnurekenda til styttingar opnunartíma séu könnuð. Stytting opnunartíma skerðir aðallega sveigjanleika fyrir foreldra en takast má á við of langan viðverutíma barna á annan hátt. Til dæmis þarf opnunartími ekki að hafa bein áhrif á dvalartíma einstakra barna en sveitarfélagið gæti setti fram hámarks dvalartíma barna, eins og gert er í sumum sveitarfélögum. Raunveruleg lengd dvalartíma einstakra barna telst þó vera aðalatriði þegar horft er til velferðar þeirra (Arna H. Jónsdóttir, Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, [2013](#)).

Mikilvægt er að fylgja breytingunni eftir eins og áætlað er en jafnframt að rýna í, fyrir fram, hvaða áhrif þær gætu haft. Íhuga þarf leiðir til að styðja við framkvæmd breytinganna en ekki síður að reyna að sjá fyrir hvernig má styðja við þær fjölskyldur sem eiga í mestum vanda með að finna lausnir. Spyrja má hvort ekki væri hagstætt að gera breytingarnar fyrst í nokkrum hverfum, m.a. í ljósi þess að félagslegar aðstæður fjölskyldna eru afar ólíkar og að einhverju leiti bundnar við mismunandi samsetningu íbúa í hverfum borgarinnar. Í ljósi þess hversu fá börn nýta leikskóladvöl eftir kl. 16:30 má jafnframt spyrja hvort ekki megi taka á því með sérstöku skipulagi, án þess að það bitni á faglegu starfi leikskólanna. Jafnframt er nauðsynlegt að taka mið af ýmsum öðrum breytingum, sem tengjast breytingum á stefnumótun og samfélagslegum þáttum, t.d. að kanna áhrif eins leyfisbréfs fyrir skólastarf á öllum skólastigum, líkt og áformað er.

Mikilvægt er að afla upplýsinga um hvernig foreldrar munu leysa þörfina fyrir lengri vistunartíma og hvaða áhrif breytingin muni hafa á þau börn sem hafa verið í leikskólanum til kl. 17 fram að styttingu opnunartíma. Við framkvæmd þessara tillagna ber að hafa í huga að leikskólinn er menntastofnun sem jafnframt þjónar þörf foreldra fyrir vistun barna sinna.

Virðingarfyllst,

Kristín Karlsdóttir, dósent í menntunarfræði ungra barna

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, lektor í menntunarfræði ungra barna

Sara Margrét Ólafsdóttir, lektor í menntunarfræði ungra barna



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík 16. mars 2020

Efni bréfs: Tillaga um styttingu opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar

Vísað er til erindis skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 21. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um tillögu um styttingu opnunartíma leikskóla í Reykjavík. Tillögur stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs eru um margt ágætar og eiga að miða að því auka gæði leikskólastarfs og minnka álag á börn og starfsfólk. Þegar breytingar sem þessar eru gerðar er mikilvægt að hagsmunir barnanna séu ávallt hafðir í fyrirúmi og allar ákvarðanir teknar út frá því sem er börnunum fyrir bestu. Í því felst að framkvæma þarf heildstætt mat á áhrifum styttingar opnunartíma leikskóla á hagsmuni barna. Þetta þarf að gera með markvissum hætti þannig að hægt sé að greina frá framkvæmd matsins og færa rök fyrir því að hagsmunir barnanna hafi verið hafðir í fyrirúmi. Ef andstæðir hagsmunir vegast á ber að tryggja að hagsmunir barnanna hafi forgang. Við framkvæmd mats á áhrifum er mikilvægt að líta til þess að börn eru ekki einsleitur hópur. Þarfir barna og forsendur þeirra eru misjafnar, út frá kyni, aldri, félagslegri stöðu, bakgrunni og öðrum þáttum eða aðstæðum sem geta skipt máli. Umboðsmaður barna í Svíþjóð hefur gefið út leiðbeiningar um framkvæmd áhrifamats í málum sem varða börn og eru þær aðgengilegar á barnombudsmannen.se/.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. Barnasáttmálans ber stjórnvöldum að tryggja að mat á því sem er barni fyrir bestu sé innleitt og lagt til grundvallar við alla ákvarðanatöku. Er það sérstaklega mikilvægt þegar um er að ræða ákvörðun sem þessa er lítur að framkvæmd mikilvægrar þjónustu við börn, en í lögum um leikskóla. nr. 90/2008, kemur fram að leikskólinn er fyrsta skólástigið í skólakerfinu og ber að sinna menntun, umönnun og uppeldi barna undir skólaskyldualdri. Í viðkomandi erindi sem sent var umboðsmanni barna kemur fram að áður en borgarráð tekur tillöguna til afgreiðslu eigi að fara fram ítarlegt jafnréttismat, umboðsmaður leggur til að mat á áhrifum ákvörðunarinnar á hagsmuni barna verði einnig framkvæmt áður en ráðið tekur tillöguna til afgreiðslu.

Umboðsmaður barna leggur áherslu á að ákvörðun um styttingu opnunartíma leikskóla verði tekin út frá því sem er börnunum fyrir bestu en það er ekki hægt að gera án þess að mat verði lagt á áhrif umræddrar ákvörðunar á hagsmuni barnanna.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna

Fylgiskjal 5

Umsögn stýrihóps um jafnréttismat vegna tillögu um breyttan opnunartíma leikskóla, lagt fyrir borgarráð í október 2020

Umsögn um jafnréttismat vegna tillögu um breyttan opnunartíma leikskóla

Forsaga umsagnar

Þann 22. júní óskaði borgarráð eftir að stýrihópur um umbætur og skipulag leikskólastarfs gæfi umsögn um jafnréttismat vegna tillögu um styttingu opnunartíma leikskóla.

Umrætt jafnréttismat var unnið samkvæmt ákvörðun borgarráðs í kjölfar samþykktar skóla- og frístundaráðs á tillögu stýrihópsins um breytingar á opnunartíma leikskóla borgarinnar. Þar var lagt til að opnunartíma væri háttað þannig að opið væri frá 07:30-16:30 á daginn í stað 07:30-17:00 eins og verið hefur undanfarin ár. Auk þess var lagt til að dvalartími barna yrði að hámarki 9 klukkustundir í stað 9,5 klukkustundar eins og verið hefur.

Framkvæmd jafnréttismatsins hófst í janúar á þessu ári og var niðurstöðum skilað til borgarráðs í júní síðastliðinn. Umfangsmikil gagnaöflun fór fram á þeim tíma. Gagna var aflað úr upplýsingakerfum skóla- og frístundasviðs er varða þau börn sem dvelja eftir kl. 16:30 í leikskólum borgarinnar, ítarleg könnun var gerð á meðal foreldra umræddra barna, óskað var eftir umsögnum foreldraráða allra 63 leikskóla borgarinnar og að auki frá Heimili og skóla, Félagi leikskólakennara, Félagi stjórnenda leikskóla, Sameyki, Eflingu, Umboðsmanni barna, Samfok, kynjafræðideildar félagsvísindasviðs Háskóla Íslands og menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Þar að auki var unnin fræðileg greining á stöðu kynjanna.

Bætt starfsumhverfi í leikskólum

Stýrihópur um umbætur og skipulag leikskólastarfsins var settur á fót með samþykkt tillögu skóla- og frístundaráðs 8. október 2019. Samkvæmt erindisbréfi hefur „hópurinn það markmið að skoða leiðir til að auka fagmennsku, minnka álag á börn og starfsfólks og tryggja gæði starfsins með þarfir barnanna í huga.“ Tillaga um styttingu opnunartíma leikskóla er aðeins einn liður í því að bæta starfsumhverfi í leikskólum með hagsmuni barna og starfsfólks að leiðarljósi, en hún var sett fram í áfangaskýrslu stýrihópsins á fundi skóla- og frístundaráðs síðastliðinn janúar.

Bætt starfsumhverfi starfsfólks og barna í leikskólum hefur verið eitt helsta markmið yfirvalda menntamála í borginni undanfarin ár og vorið 2018 voru samþykktar fjölmargar aðgerðir í þá veru sem lagðar voru fram í skýrslu starfshóps um bætt starfsumhverfi leikskólakennara. Aðgerðunum var m.a. ætlað að bregðast við auknu álagi á starfsfólks leikskóla, m.a. vegna mönnunarvanda og skorts á fagfólki á undanförunum árum.

Þessi stefna er áréttuð í samstarfssáttmála núverandi meirihluta borgarstjórnar þar sem segir í kaflanum um skóla- og frístundamál:

Við ætlum að bæta starfsumhverfi í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum með því að bæta kjör starfsfólks, stytta vinnuvikuna, minnka álag, draga úr skrifinnsku og auka faglegt frelsi fólks.

Það var mat stýrihópsins að ná mætti verulegum umbótum í skipulagi leikskólastarfsins og bæta daglegt umhverfi barna og starfsfólks leikskóla með því að stytta opnunartíma. Hópurinn taldi jafnframt í ljósi takmarkaðrar nýtingar á keyptum dvalartíma barna eftir kl. 16:30 á daginn, að sú framkvæmd kæmi sér best fyrir heildina og bætti þjónustu við flest börn sem dvelja í leikskólum með því að þétta fagstarfið á opnunartíma leikskólans, auðvelda mönnun og draga úr álagi á börn og starfsfólk. Þess ber að geta að fjöldi sveitarfélaga, allmargir leikskólar borgarinnar og fjöldi einkarekinna leikskóla loka nú þegar kl. 16:30 eða fyrr og hafa margir leikskólastjórar lýst yfir að sú

framkvæmd hafi haft jákvæð áhrif á starfið í þeim leikskólum. Innan leikskólasamfélagsins nýtur stytting opnunartímans mikils fylgis, eins og kemur fram í umsögnum Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda leikskóla um tillöguna um styttingu opnunartíma. Í ljósi þess að leikskólar borgarinnar hafa lokað kl. 16:30 um nokkurra mánaða skeið í tengslum við sóttvarnaáðgerði vegna Covid-19, ákvað stýrihópurinn að láta framkvæma könnun um áhrif þess á leikskólastarfið, enda tækifæri til þess að fá haldbærar upplýsingar um þetta mál. Fjallað er um niðurstöður könnunarinnar síðar í umsögninni.

Forsendur tillögu stýrihóps

Stýrihópnum er, eins og áður hefur komið fram, gert að skoða umbætur og skipulag leikskólastarfs og í þeirri vinnu skiptir miklu máli það ójafnvægi sem er á milli fullrar vinnu starfsfólks og dvalartíma barna. Til útskýringar þá ákvarðast grunnmönnum út frá aldri og fjölda barna; þannig verður til eitt stöðugildi fyrir hver fjögur ársögum börn en eitt stöðugildi fyrir hver átta 5 ára börn. Meginþorri barnanna dvelur í leikskólunum umfram átta stundir og í allt að 9,5 stundir. Hvert stöðugildi er hins vegar miðað við 8 stunda hefðbundinn vinnudag. Þannig er 8 stunda vinnudegi starfsfólks ætlað að dekkja 9,5 tíma opnun leikskóla. Af þessum sökum verður undirmönnum bæði í upphafi og lok dags. Leikskólinn er fullsetinn börnum kl. 8:30 á morgnana og þá er mikilvægt að allt starfsfólk sé einnig komið til starfa svo hægt sé að hefja skipulagt starf þegar börnin eru best upplögð og úthvíld.

Tillaga stýrihópsins um breytingu á opnunartíma leikskóla var lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. janúar 2020. Eins og fram kom í greinargerð með tillögunni og í jafnréttismatinu voru þá um 900 börn með dvalarsamning á milli kl 16:30 og 17:00. Eftir að tillagan kom fram hefur þjóðin hins vegar þurft að takast á við líf á tímum heimsfaraldurs sem m.a. fól í sér miklar breytingar og nýja sýn á sveigjanleika á vinnumarkaði. Meðal þess sem nauðsynlegt var að gera í leikskólum var að búa til svigrúm til sóttvarna með því að loka leikskólum kl. 16:30. Stjórnendur skóla- og frístundasviðs tóku þá ákvörðun og var hún óháð vinnu stýrihópsins.

Þegar foreldrar sækja um leikskóladvöl fyrir börn sín leggja þeir jafnframt inn umsókn um dvalartíma og það vekur athygli að mun færri foreldrar hafa sótt um dvalartíma eftir kl. 16:30 nú en áður. Í dag hefur fjöldi barna þar sem óskað er eftir dvalartíma fram yfir 16:30 lækkað um helming eða úr um 900 börnum í 454 börn.

Margvíslegar áskoranir leikskóla

Mörg undanfarin ár hafa leikskólar á Íslandi átt undir högg að sækja. Árlega berast fréttir um að erfiðlega gangi að ráða inn hæft starfsfólk og ítrekað hafa margir leikskólar þurft að grípa til skerðingar á þjónustu bæði tilfallandi en einnig um lengra skeið. Leikskólastjórar hafa ítrekað bent á erfiðleika í rekstri. Mikil starfsmannavelta, mönnunarvandi og álag sem m.a. skapast vegna langs opnunartíma og skamm- og langtímaveikinda starfsmanna, hafa staðið leikskólunum fyrir þrífum. Erfiðar starfsaðstæður sem fylgja fækkun leikskólakennara, hækkandi aldri leikskólakennarastéttarinnar, lítilli endurnýjun og nú síðast einu leyfisbréfi þvert á skólastig hafa ýtt undir áhyggjur af atgervisflótta úr stéttinni. Benda má á ýmis dæmi þess að enginn leikskólakennari sækir um stöður leikskólakennara, deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra. Helstu áskoranir í leikskólastarfinu eru eftirfarandi:

Áskoranir sem leikskólarnir standa frammi fyrir hvað varðar starfsfólk og stjórnendur

- Skortur á leikskólakennurum/fagfólki
- Nýliðun leikskólakennara fullnægir ekki eftirspurn
- Lítil aðsókn í leikskólakennaranám undanfarinn áratug
- Mannekla/samkeppni um starfsfólk
- Mikið álag, streita og kulnun í starfi
- Eitt leyfisbréf fyrir öll skólastigin

- Stytting vinnuvikunnar (kjarasamningar)
- Aukinn undirbúningstími leikskólakennara (kjarasamningar)
- Aðbúnaður starfsfólks í leikskólum

Áskoranir sem leikskólarnir standa frammi fyrir hvað varðar börnin og umgjörð um þau

- Öryggi og vellíðan barna í leikskólanum
- Faglegt starf, menntandi og eflandi uppeldi
- Opnunartími, dvalartími barna og skipulag starfsdagsins
- Fjölbreytni barnahópsins, mismunandi þarfir einstaklinga
- Aðalnámskrá leikskóla og menntastefna Reykjavíkurborgar
- Aðbúnaður barna
- Þarfir foreldra hvað varðar dvalartíma barna

Leikskólastjórar hafa ítrekað óskað eftir aðgerðum og meðal annars er hægt að benda á erindi sem sent var til skóla- og frístundráðs þann 4. september 2017, þar sem bent var á úrbætur sem fólust í styttri opnunartíma, styttri vinnuviku, fækkun barna í rýmum og öruggt rekstrarfé. Við þessu brást Reykjavíkurborg með því að setja á fót stýrihóp um bætt starfsumhverfi leikskólakennara sem skilaði tillögum að fjölmörgum aðgerðum sem margar hverjar voru samþykktar í borgarráði á vormánuðum 2018. Þær voru mikilvægar og stuðluðu að tímabærum úrbótum en álag sem fylgir skorti á leikskólakennurum er enn til staðar.

Nýliðunarvandi

Dregið hefur úr eftirsókn í nám leikskólakennara í landinu undanfarin ár í kjölfar ákvörðunar Alþingis árið 2008 um að lengja kennaranám úr þremur árum í fimm. Afleiðingin er sú að mun færri brautskrást með kennsluréttindi í leik- og grunnskólum en áður var. Um 70 leyfisbréf hafa að meðaltali verið gefin út árlega til leikskólakennara á síðastliðnum áratug. Á síðastliðnum tveimur árum brautskráðust aðeins 52 leikskólakennarar úr Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri samanlagt. Til samanburðar má geta að fyrstu tvö árin eftir að lenging náms tók gildi voru gefin út rétt um 300 leyfisbréf til kennslu í leikskólum. Það er því enn um langan veg að fara að leysa nýliðunarvanda leikskólakennara, sem birtist í því að færri nýir leikskólakennarar koma til starfa en nemur þeim fjölda sem hættir störfum sökum aldurs. Birtist þar ein stærsta skýringin á mönnunarvanda fagfólks í leikskólum undanfarin ár, jafnt í Reykjavík sem öðrum sveitarfélögum (sjá yfirlitstöflu um útgefin leyfisbréf í fylgiskjali 5).

Umfjöllun um jafnréttismat

Helstu niðurstöður samkvæmt jafnréttismatinu eru eftirfarandi: „*Sá hópur foreldra sem mun eiga erfiðast með að bregðast við styttri opnunartíma er fólk sem hefur minnstan sveigjanleika í vinnu og er það helst fólk af erlendum uppruna og þeir sem sögðu að vaktavinna skipti máli í ákvörðun um að kaupa dvalartíma eftir klukkan 16:30. Einnig mun breytingin hafa verst áhrif á foreldra sem hafa lokið iðni, - tækni- eða stúdentsprófi og þar sem heildartekjur heimilis eru á bilinu 550-799 þúsund.*“ Ennfremur segir: „*Niðurstaða foreldrakönnunarinnar er að þessi breyting kemur sér illa fyrir stóran hluta þeirra sem nú þegar kaupa tíma eftir kl. 16:30. Tillagan mun hafa neikvæð áhrif á jafnrétti kynjanna og koma einna verst niður á suma foreldra af erlendum uppruna.*“ Í samantekt er jafnframt tekið fram að „*Ijóst er að leikskóladagur íslenskra barna er langur og mælt er með því að rýnt verði í leiðir til að setja þak á lengd dvalartíma án þess að skerða opnunartíma leikskóla.*“

Í jafnréttismati koma fram mikilvægar upplýsingar sem þarf að taka alvarlega og eru dýrmætt innlegg í ákvarðanatöku stýrihópsins um bætt starfsumhverfi leikskóla borgarinnar. Þær tölfræðilegu upplýsingar sem fram komu í tengslum við vinnslu jafnréttismatsins renna styrkum stoðum undir að mat stýrihópsins sem kom fram í áfangaskýrslu hópsins í desember 2019 hafi verið rétt varðandi

takmarkaða nýtingu á dvalartíma barna eftir kl. 16:30. Upplýsingar úr foreldrakönnun draga einnig fram aðstæður mismunandi hópa og áhrif styttingar opnunartímans á foreldra, mæður og feður og fjölskyldur þeirra barna sem dvelja eftir 16:30 í leikskólum. Jafnréttismatið fól hinsvegar ekki í sér að draga fram aðstæður innan leikskólans, áhrif á börnin, starfsfólk, skipulag starfsins og mönnun. En það eru þeir þættir sem stýrihópnum er falið að leggja til grundvallar.

Í því samhengi þarf stýrihópurinn að ígrunda og meta hversu mikil áhrif stytting opnunartíma úr 9,5 klukkustundum í 9 stundir eða um 30 mínútur frá 16:30-17:00 mun hafa á aðstæður þeirra sem eiga verst með að aðlagast breyttum opnunartíma. Mun sú framkvæmd auka félagslegan ójöfnuð og hafa neikvæð áhrif á jafnrétti kynjanna og þá í hversu miklu mæli? Hvaða leiðir eru farsælstar til að auka fagmennsku, minnka álag á börn og starfsfólk og tryggja gæði starfsins og hvaða mótvægisáðgerðir geta dregið úr neikvæðum áhrifum styttri opnunartíma á viðkvæma hópa? Í samantekt jafnréttismats er dregið fram að fjölbreyttar fjölskyldur krefjast fjölbreyttra lausna. Stýrihópurinn vill í því samhengi draga fram að flókið starf leikskóla og þær áskoranir sem stjórnendur leikskóla standa frammi fyrir varðandi skort á fagfólki og mönnunarvanda krefjast einnig fjölbreyttra lausna sem sveitarfélög, ríki, vinnumarkaður og foreldrar þurfa að leysa í sameiningu.

Á þeim tíma sem jafnréttismatið fór fram hafði stytting opnunartíma leikskóla um 30 mínútur frá kl. 16:30 – 17:00 áhrif á um 900 börn sem voru þá um 17% af öllum þeim börnum sem dvöldu í leikskólum Reykjavíkurborgar. Stytting hámarksdvalar í 9 klst. úr 9,5 klst. hafði áhrif á 66 börn. Þeir foreldrar sem greiddu fyrir vistunartímann frá kl. 16.30-17.00 sóttu börn sín að meðaltali **fyrir** kl. 16.30 tæplega þrisvar í viku eða um 58% tímans. Hins vegar sóttu foreldrar börn sín **eftir** kl. 16:30 rúmlega tvisvar í viku eða um 42% tímans að meðaltali. Eins og fram hefur komið, sýna nýjustu tölur úr upplýsingakerfum skóla- og frístundasviðs að 454 börn eru nú með dvalartíma samkvæmt vistunarsamningi eftir kl. 16:30 á daginn; þar af 209 til kl. 16:45 og 245 til kl. 17:00. 31 barn er nú með 9,5 klst. dvalarsamning. 1414 börn eru með dvalarsamning fyrir kl. 8:00 á morgnana, þar af eru 615 börn með dvöl frá 7:30 og 799 frá kl. 07:45.

Stærsti hópur þeirra sem kaupir dvöl fyrir börnin sín eftir kl. 16:30 á daginn, eru foreldrar í hjónabandi eða sambúð. Sá hópur er 80% af þeim sem svöruðu foreldrakönnun. Samkvæmt upplýsingakerfum skóla- og frístundasviðs, njóta tæp 23% af þeim sem kaupa dvalartíma eftir kl. 16:30 á daginn afsláttar vegna aðstæðna þ.e. einstæðir foreldrar, öryrkjar og báðir foreldrar námsmenn. Tæp 4% njóta afsláttar sem starfsmenn leikskóla. Eftir standa rúmlega 73% sem njóta ekki afsláttar vegna aðstæðna og eru m.a. foreldrar sem eru í hjónabandi eða sambúð.

Samkvæmt niðurstöðum jafnréttismats er sá hópur foreldra sem mun eiga erfiðast með að bregðast við styttri opnunartíma „fólk sem hefur minnstan sveigjanleika í vinnu og er það helst fólk af erlendum uppruna og þeir sem sögðu að vaktavinna skipti máli í ákvörðun um að kaupa dvalartíma eftir klukkan 16:30. Einnig mun breytingin hafa verst áhrif á foreldra sem hafa lokið iðni, - tækni- eða stúdentsprófi og þar sem heildartekjur heimilis eru á bilinu 550-799 þúsund.“ Um fámenna hópa er að ræða, en mikilvægt er að finna lausnir sem koma til móts við þarfir þeirra.

Eins og áður er getið er það ein af niðurstöðum jafnréttismats að stytting opnunartíma muni hafa neikvæð áhrif á jafnrétti kynjanna. Þar er vísað til þess að samkvæmt foreldrakönnun:

- fara mæður oftast með börn á leikskólann og sækja oftast en feður
- munu mæður og feður sækja börnin sjaldnar ef af styttingu verður og benda svörin til þess að feður muni sækja enn sjaldnar en mæður ef opnunartímanum verður breytt.

Niðurstaða varðandi jafnrétti kynjanna er einnig mjög afgerandi þegar horft er til greiningar á stöðu kynjanna á vinnumarkaði og renna svörin í foreldrakönnun stöðum undir það að styttri opnunartími mun

hafa meiri áhrif á mæður en feður. Í því samhengi er þó athyglivert að samkvæmt foreldrakönnun hafa feður meira svigrúm varðandi vinnutíma en mæður, en þó sækja þeir börnin sjaldnar en mæðurnar og kveðast munu sækja enn sjaldnar ef til styttingar á opnunartíma kemur. Í umfjöllun um stöðu kynjanna á vinnumarkaði í jafnréttismatinu er dregið fram að til þess að breyta stöðu og tækifærum kvenna þarf að horfa á heildarmyndina, þ.e. hvernig fjölskylduábyrgð og launuð vinna fara saman. Þar þurfa fjölskyldur að líta inn á við um skiptingu ábyrgðar líkt og stjórnendur og rekstraraðilar leikskóla þurfa að líta inn á við um fyrirkomulag starfsemi, þjónustu sem veitt er í samhengi við þarfir samfélagsins, þann mannauð sem er til staðar, húsnæðisaðstöðu og rekstrarkostnað.

Í greiningu á stöðu kynjanna á vinnumarkaði kemur fram að á árinu 2019 unnu konur styttri vinnutíma en karlar, eða 35,6 tíma á viku á móti 42,8 tímum. 35% kvenna á vinnumarkaði voru í hlutastarfi samanborið við 13% karla. Þá kemur fram að konur eru líklegri en karlar til að minnka starfshlutfall til að koma til móts við þarfir fjölskyldu sinnar og meiri líkur eru á að konur taki á sig aukna umönnunarbyrði heimilanna en karlar vegna gildismats starfa. Karlar eru almennt með hærri laun og eru mun fleiri en konur í stjórnunarstöðum. Í umfjöllun um umönnunarbyrði kynjanna er dregið fram að konur bera meiri ábyrgð í ólaunuðum umönnunarstörfum á heimilinu en karlar og taka á sig meiri ábyrgð ef utanaðkomandi þjónusta er skert. Nefnt er að þjónusta á borð við daggæslu er þó hvað mikilvægust fyrir einstæða foreldra sem hafa ekki tök á að deila vinnuálagi og skyldum heimilisins með maka.

Stýrihópurinn lýsir ákveðnum vonbrigðum með lágt svarhlutfall foreldra (55%) sem tók þátt í könnuninni sem vekur sérstaka athygli því eingöngu þeir foreldrar sem kaupa tíma fram yfir kl. 16:30 fengu könnunina senda. 1267 einstaklingar fengu könnunina senda, en svör bárust frá 694 foreldrum eða forráðamönnum. Þar að baki eru 896 börn og ekki liggja fyrir upplýsingar um það í hversu mörgum tilvikum hvorugt foreldra eða báðir foreldrar barns svöruðu könnuninni. Það gæti skipt máli varðandi túlkun niðurstaðna.

Þróun á dvalartíma barna

Á síðustu áratugum hefur orðið mikil þróun í starfi leikskóla og breytingar á dvalartíma barna. Á árunum 1969-1989 var leikskólum skipt í annars vegar dagheimilisdeildir þar sem börn forgangshópa dvöldu allan daginn og hins vegar leikskóladeildir þar sem börn dvöldu fjóra tíma á dag. Á árunum 1989-1995 var leik- og dagheimilisdeildum blandað saman og gerðar að leikskóladeildum með mismunandi vistunartíma. Algengt var að börn dveldu í leikskólunum 4-6 stundir og var svo allt fram til ársins 2004 en það ár voru enn um 500 börn í 6 stunda dvöl eða skemur. Á síðustu árum hefur dvalartími barna lengst ár frá ári og er nú orðinn þannig að nánast öll börn dvelja lengur en átta stundir daglega (Reykjavíkurborg, 2019).


Anna Magnea Hreinsdóttir, aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, segir í grein sinni um styrkleika leikskólastigsins á Íslandi - *Vangaveltur um skýrslu Eurydice fyrir árið 2019* - að með því að tryggja öllum börnum leikskóladvöl megi draga verulega úr félagslegum ójöfnuði. Einnig er bent á að í skýrslu Evrópuráðsins *Key data on early education and care in Europe* frá árinu 2019 kemur fram að börn í íslenskum leikskólum eru með hvað lengstan viðverutíma. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands frá 2016 dvöldu íslensk börn undir þriggja ára aldri að meðaltali 37,3 tíma á viku í leikskólanum og börn yfir þriggja ára í 38,1 tíma á viku á árinu 2016. Meðal dvalartími barna í Evrópu er 28 tímar og á það við um börn bæði undir og yfir þriggja ára aldri. Nokkur Evrópulönd draga meðaltalið mjög niður og er dvalartími barna í flestum löndum lengri en 30 klst. Í mjög fáum löndum er dvalartíminn þó eins langur og á Íslandi. Í nóvember 2019 var meðaltal keyþra dvalarstunda barna í leikskólum Reykjavíkurborgar 41,4 klukkustundir á viku. Rætt hefur verið um að löng dvöl íslenskra barna auðveldi báðum foreldrum að vinna fullan vinnudag og sé því mikilvæg þegar kemur að kynjajafnrétti á vinnumarkaði. Þó eru einnig uppi vangaveltur um áhrif langs dvalartíma á börnin sjálf, félagsþroska þeirra og vellíðan.

Mikilvægt er að gæta að góðu jafnvægi í lengd dvalartíma og skiptingu á milli umönnunar og menntunar innan dvalartímans.

Reynsla leikskólastjóra af áhrifum opnunartíma til kl. 16:30 á leikskólastarf

Frá því í mars á þessu ári, hafa leikskólar Reykjavíkurborgar lokað kl. 16:30 tímabundið í tengslum við sóttvarnaaðgerðir vegna COVID-19. Einnig hafa 16 leikskólar, af sérstökum ástæðum, reynslu af því að loka kl. 16:30 á daginn um nokkurt skeið. Stýrihópnum þótti því mikilvægt að kanna hver reynsla leikskólastjóra væri af þessu fyrirkomulagi til að fá haldbærar upplýsingar um áhrif þess á leikskólastarfið, börnin, foreldra, starfsfólk og stjórnendur. Heilt yfir var reynsla leikskólastjóra mjög jákvæð, en um 95% lýstu jákvæðum eða mjög jákvæðum áhrifum á leikskólastarfið, börnin, starfsfólkið, stjórnendur, faglegt starf/skipulag starfs og leikskólabrag og staðfesta niðurstöður könnunar því vel þær yfirlýsingar sem stjórnendur leikskóla hafa haft um kosti þess að loka leikskólum kl. 16:30 (sjá mynd hér að neðan). Niðurstöður könnunar eru í fylgiskjali 1.

Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hefur lokun leikskólans kl. 16:30 almennt haft á eftirfarandi þætti?



Leikskólastjórar lýstu einnig jákvæðum áhrifum á foreldrar og ráðningar, en þó ekki með eins afgerandi hætti og á fyrrnefnda þætti. Í engum tilfellum voru áhrifin mjög neikvæð og aðeins 5% töldu að lokun kl. 16:30 hefði neikvæð áhrif á foreldra. Leikskólastjórar fengu einnig tækifæri til þess að lýsa áhrifum í opnum svörum og staðfesta þau vel þá orðræðu sem er einkennandi hjá stjórnendum, starfsmönnum og hagsmunafélögum leikskólakennara og stjórnenda leikskóla og kemur auk þess fram í SVÓT greiningu stýrihópsins um mögulegar útfærslur á opnunartíma leikskóla og mótvægisáðgerðir til að koma til móts við þá hópa sem eiga hvað erfiðast með að bregðast við styttingu opnunartímans til kl. 16:30. Eftirfarandi samantekt endurspeglar svör leikskólastjóra í könnuninni:

Áhrif á leikskólastarfið

- Meiri skilvirkni og betra fyrir leikskólastarfið að fá starfsfólk fyrir í hús og hætta fyrir.
- Rammar leikskólastarfið betur inn þegar allir byrja á sama tíma og hætta á sama tíma.
- Léttara að manna daginn, ekki undirmönnun á milli 8:30 og 9:00.
- Nægur mannskapur í húsi til að sinna börnum.
- Auðveldar skipulagningu og meiri ró yfir starfinu á morgnana.

Áhrif á börnin

- Þegar börnin mæta á sama tíma og fara heim á sama tíma eru þau hvert um sig meira í takt við leikskólastarfið
- Hópastarfið og faglega starfið hefst fyrir.
- Börnin koma glöð og fara glöð. Börn sem mæta fyrir og hætta fyrir verða minna þreytt.
- Börnin þurfa ekki að „bíða“ eftir vinunum eða eftir að verða sótt.
- Þjónustan er betri þar sem fleiri hendur eru til að taka á móti börnunum þegar flest þeirra mæta í hús.
- Börn síður send heim vegna starfsmannaskorts, þar sem fleiri starfsmenn eru í húsi á sama tíma.
- Sama starfsfólkið býið að vera með barni allan daginn og til loka dags þegar foreldrar sækja.

Áhrif á starfsfólkið

- Glaðara og ánægðara starfsfólk, minna um veikindi getur farið fyrir heim, fjölskylduvænni vinnustaður.
- Léttir á álagi, fleiri hendur með börnin í upphafi dags. Fleiri að skila í lok dags.
- Starfshópurinn þéttari þar sem fleiri eru saman allan daginn.
- Auðveldara að fá starfsfólk til að vinna til kl. 16:30 og flestir vilja vinna fyrripart dags.

Áhrif á stjórnendur

- Auðveldar mönnun og að bregðast við veikindaförföllum.
- Dregur úr álagi og styttr vinnudaga stjórnenda.
- Dagurinn er betur samanþjappaður, betri yfirsýn og utanumhald um leikskólastarfið
- Betur gengur að skipuleggja starfsmannafundi eftir kl. 16:30 heldur en eftir 17:30.

Áhrif á foreldra

- Foreldrar hafi aðlagast vel að lokun kl. 16:30 sýnt breyttum opnunartíma skilning og breytt sínu skipulagi.
- Þeim fer fækkandi sem óska eftir vistun frá 16:30-17:00.
- Foreldrar hafa nýtt betur tímann sem börnin hafa til 16:30 og fært dvölinu fram.
- Það eru ákveðnir foreldrar sem þurfa á opnun að halda á milli 16:30 og 17:00.
- Áhyggjur af foreldrum af erlendum uppruna sem hafa oft minni sveigjanleika í vinnunni.

Faglegt starf/ skipulag starfs

- Einfaldar framkvæmd á faglegu starfi þegar allt starfsfólk er komið í hús kl. 8:30
- Auðveldar skipulagningu kennslu og hópastarfs. Auðveldara að skipta árgöngum.
- Hægt að fara yfir daginn áður en starfið hefst að morgni. Faglegt starf hefst fyrir.

Leikskólabragur

- Gleði, ánægja, léttara yfir, skemmtilegra, vellíðan, betri starfsandi. Betra jafnvægi, minna álag, minna stress
- Meira samstarf og samþætting, meiri samfella í starfi, starfsfólk vinnur þéttara/betur saman í verkefnum.
- Meira svigrúm fyrir undirbúningstíma. Meiri samvera kennara, meiri samvinna starfsmanna.
- Meiri ró og festa, tími fyrir persónulegar þarfir barna, hægt að hefja og klára daginn í rólegheitum.

Ráðningar

- Erfitt að fá fólk til að vinna til kl. 17:00. Erfitt að manna leikskólann almennt.
- Gengið betur að ráða og jákvætt að geta boðið fólki upp á „betri“ vinnutíma.
- Sumir leikskólastjórar sem hafa ekki átt í vanda með að manna þennan tíma hingað til segja að það starfsfólk sem var áður til 17:00 finni mikinn mun.
- Vinnutími starfsfólks sem sinnir lokun leikskólans hefur í sumum tilvikum færst til, þ.e. þeir starfsmenn byrja fyrr á daginn og enda fyrr.

Nýir kjarasamningar

Í nýjum kjarasamningum sem ná til allra starfsmanna í leikskólum Reykjavíkur er kveðið á um heimild til að gera breytingar á skipulagi vinnutíma og stytta vinnuvikuna í allt að 36 virkar vinnustundir á viku. Fyrirkomulagið krefst nánari útfærslu á hverjum vinnustað fyrir sig, en ekki er gert ráð fyrir að auknum stöðugildum og /eða fjármagni til þess að innleiða þessar breytingar. Þar að auki er undirbúningstími leikskólastarfsmanna aukinn og er nú 10 tímar á viku fyrir deildarstjóra í FL og leikskólasérkennara, 7 tímar á viku fyrir leikskólakennara og 5 tímar á viku fyrir deildarstjóra sem eru ekki með kennaramenntun. Þessi nýju ákvæði auka þann tíma sem starfsmenn leikskóla eru ekki með börnunum og þeim fylgja því enn fleiri áskoranir hvað varðar innra starf leikskólans. Þar myndi styttri opnunartími léttu verulega á útfærslu og skipulagi hvers leikskóla fyrir sig.

Opnunartími í öðrum sveitarfélögum og sjálfstætt starfandi leikskólum

Stýrihópnum þótti mikilvægt að leggja fram tillögu um styttingu opnunartíma þrátt fyrir að aðrar tillögur hópsins hefðu ekki enn litið dagsins ljós. Ástæða þess var ekki síst sú að þá þegar höfðu allmargir leikskólar borgarinnar gripið til þess ráðs að stytta opnunartíma til að bregðast við erfiðleikum í mönnun og rekstri leikskólanna með góðum árangri sem skilaði sér í minna álagi á starfseminu. Sömuleiðis hafa fjölmörg sveitafélög landsins, þar með talið ýmis nágrannasveitafélög borgarinnar, stigið skef í þessa átt auk margra sjálfstætt starfandi leikskóla innan borgarinnar sem eru opnir til 16:15 eða 16:30. Sjá nánar í fylgiskjölum 3 og 4.

- Akureyri: Almennt eru leikskólarnir opnir frá 7.45-16.15. Boðið er upp á 4-8,5 klst. dvöl.
- Kópavogur: Leikskólarnir eru opnir frá kl. 7:30 - 16.30, samkvæmt ákvörðun fræðslufirvalda vorið 2019
- Reykjanesbær: Opnunartími leikskóla sveitarfélagsins er frá 7.45-16.15. Boðið er upp á 4,5,6 eða 8 stundir daglega. Einn sjálfstætt rekinn leikskóli er með opið frá kl. 7.30-16.30
- Hafnarfjörður: Opnunartími leikskóla bæjarins er til kl. 17:00 en leikskólastjórum er heimilt að loka leikskólunum kl. 16.30 ef ekki er þörf fyrir lengri opnun. Boðið er upp á 4-8,5 klst. dvöl. Sjö af sautján leikskólum bæjarins loka nú þegar kl. 16:30.

Það er athyglisvert að fjögur af fimm fjölmennustu sveitarfélögum landsins, fyrir utan Reykjavík, hafa samþykkt skref til að stytta opnunartíma síðdegis því ætla má að það sé ekki síst í fjölmennustu sveitarfélögunum sem skortur á leikskólakennurum veldur álagi á starfseminu, því þar kallar fjöldi leikskóla og barna á mestan fjölda leikskólakennara. Eðlilegt er að horfa til annarra fjölmennra sveitarfélaga, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu því þar er um að ræða eitt atvinnusvæði og Reykjavík er í samkeppni við nágrannasveitarfélögin um kennara og annað starfsfólk leikskóla. Það rýrir samkeppnisstöðu borgarinnar varðandi aðbúnað leikskólastarfsfólks ef vinnutími þess er að jafnaði lengri í borginni en í nágrannasveitarfélögunum.

Meirihluti sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík lokar kl. 16.30 eða fyrr. Aðeins sjö af 18 sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík loka kl. 17:00. Tveir þeirra eru með 8 klst. hámarksdvalartíma og að

auki einn sem er með 8 tíma dvöl fyrir yngri deildir frá kl. 8-16. Eingöngu tveir leikskólar eru með opið frá 7:30-17:00 og þeir eru þeir einu sem bjóða upp á 9,5 klst. dvöl.

Samantekt á sjónarmiðum hagsmunaaðila

- **Umboðsmaður barna leggur áherslu á að tryggja að hagsmunir barna hafi forgang ef andstæðir hagsmunir takast á varðandi styttni opnunartíma.**
 - Leggja mat á áhrif tillögunnar á hagsmuni barna
 - Þarfir og forsendur barna misjafnar út frá kyni, aldri, félagslegri stöðu, bakgrunni og öðrum þáttum
- **Félag leikskólakennara – styður tillögu um styttni opnunartíma**
 - Spornar gegn löngum viðverutíma barna í leikskólum
 - Styrkir faglegt starf
 - Dregur úr álagi bæði á börn og starfsfólk
 - Þjappar vinnutíma starfsfólks á styttra tímabil
 - Skerpa þarf á hlutverki leikskóla, þ.e. samspili menntunarhlutverks og þjónustuhlutverks.
- **Félag stjórnenda leikskóla – styður tillögu um styttni opnunartíma**
 - Börnin mæta að stærstum hluta fyrir kl. 8:30
 - Undirmönnuð starfsemi leikskóla
 - Leikskólastjórar geta ekki staðið vaktina frá kl. 7:30-17:00 alla daga, slík er þó raunin í ljósi mönnunarvanda á tímanum frá 16:30-17:00.
 - Jákvæð áhrif á börn, starfsfólk og faglegt starf þar sem opnunartími hefur verið styttni.
 - Rekstrarlíkan borgarinnar gerir ekki ráð fyrir yfirvinnu vegna langs opnunartíma sem flækir skipulag starfs og veldur auknu álagi á stjórnendur og starfsfólk.
- **Heimili og skóli – Styttni opnunartíma verði tekin í smærri skrefum og taki mið af þörfum á hverjum stað og möguleikum hvers leikskóla hvað varðar starfsmannahald og aðstæður.**
 - Gagnrýnir að ekki hafi verið haft samráð við foreldra við gerð tillögunnar.
 - Tillagan hefur áhrif á um 400 fjölskyldur
 - Undirmönnun verkefni atvinnurekenda en ekki foreldra
 - Hávaði, lítið pláss og mannekla hefur frekar neikvæð áhrif á börn en lengd viðverutíma
 - Koma þarf á jafnvægi á milli atvinnulífs og fjölskyldulífs, sem aftur skilar sér í jafnvægi á milli leikskóla og fjölskyldulífs
- **Félagsvísindasvið Háskóla Íslands – borgin kanni þetta mál ítarlega áður en farið er í framkvæmd.**
 - Hrósar vilja til að styttni vinnutíma starfsfólks í leikskólum og minnka álag á börn og starfsfólk
 - Hætt við að tillagan valdi auknum aðstöðumun meðal barna í leikskólum og aðstandendum þeirra
 - Mögulega er það sá hópur sem er í hvað viðkvæmastri stöðu sem þarf mest á opnun eftir 16:30 að halda
 - Ekki réttlætjanlegt að létta álagi af starfsfólki leikskóla með því að velta því yfir á fjölskyldur.
 - Hætt við að álag og streita aukist með tilheyrandi neikvæðum áhrif á börnin.
- **Menntavísindasvið HÍ– lagt er til að settur verði hámarks dvalartími barna og breytingarnar verði gerðar fyrst í einstökum hverfum.**
 - Mikilvægt að horfa á viðhorf foreldra og atvinnurekenda til styttni opnunartíma
 - Raunveruleg lengd dvalartíma barna er mikilvægari en opnunartími
 - Nýta sérstakt skipulag innan leikskólans án þess að það bitni á faglegu starfi leikskóla

Samantekt stýrihóps um niðurstöður jafnréttismats

- Jafnréttismatið og foreldrakönnun innihalda mikilvægar upplýsingar sem þarf að taka tillit til.
- Sá hópur sem á erfitt eða mjög erfitt með að mæta breyttum opnunartíma er fámennur en viðkvæmur.
- Innflytjendur eða annað foreldri erlent, tilheyra þeim hópi sem hefur hvað minnst svigrúm varðandi vinnutíma. Þeir sem búa austast í borginni, þ.e. í Grafarvogi, Árbæ, Norðlingaholti, Grafarholti eða Úlfarsárdal eða á Kjalarnesi, hafa að jafnaði minna svigrúm vegna vinnutíma og ferðatíma til og frá vinnu en íbúar vestar í borginni.
- Stærsti hópur þeirra sem kaupir dvöl fyrir börnin sín eftir kl. 16:30 á daginn, eru foreldrar í hjónabandi eða sambúð. Sá hópur er 80% af þeim sem svöruðu foreldrakönnun.
- Niðurstöður könnunar til leikskólastjóra um áhrif lokunar kl. 16:30 á starfsemi leikskólans rennir styrkum stoðum undir tillögu stýrihópsins um stytta opnunartíma. Heilt yfir er reynsla leikskólastjóra mjög jákvæð, en um 95% lýstu jákvæðum eða mjög jákvæðum áhrifum á leikskólastarfið, börnin, starfsfólkið, stjórnendur, faglegt starf/skipulag starfs og leikskólabrag og endurspeglu opin svör leikskólastjóra vel þær skoðanir sem stjórnendur leikskóla hafa haft um kosti þess að loka leikskólum kl. 16:30.
- Þrátt fyrir langan opnunartíma leikskóla og hátt þjónustustig, er mikill munur á atvinnuþátttöku kvenna og karla. Í greiningu á stöðu kynjanna á vinnumarkaði kemur fram að á árinu 2019 unnu konur styttri vinnutíma en karlar, eða 35,6 tíma á viku á móti 42,8 tímum. 35% kvenna á vinnumarkaði voru í hlutastarfi á samanborið við 13% karla. Í foreldrakönnun kom fram að mæður sækja börnin frekar en feður og því hægt að spyrja sig að því hvort minni atvinnuþátttaka kvenna gæti verið áhrifavaldur þar, fremur en þjónustustig eða opnunartími leikskóla.
- Ítarlegri gagnasöfnun staðfestir fyrri niðurstöðu stýrihóps um að nýting á dvalartíma eftir kl. 16:30 er takmörkuð, en börn sem eru með dvalarsamning til 16:45 eða 17:00 eru 58% tímans sótt fyrir kl. 16:30.
- Foreldrakönnunin í tengslum við jafnréttismatið var framkvæmd við óvenjulegar aðstæður, eða rétt eftir lok verkfalls Eflingar, í upphafi heimsfaraldurs vegna COVID-19 og rétt áður en gripið var til takmarkana á skóla og frístundastarfi vegna faraldursins. Ekki er ólíklegt að þetta hafi haft einhver áhrif á svör/viðhorf foreldra í könnuninni.
- Nýir kjarasamningar stytta vinnuviku og lengja undirbúningstíma starfsfólks. Styttri opnunartími er til þess fallinn að létta á útfærslu og innleiðingu umræddra ákvæða kjarasamninganna.

Niðurstaða

Eftir ítarlegar greiningar, rýni í jafnréttismat, samhengi við nýja kjarasamninga við Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda leikskóla, niðurstöður könnunar meðal leikskólastjóra og með tilliti til þeirra umfangsmiklu gagna sem stýrihópurinn hefur skoðað leggur hann til að opnunartími leikskóla hjá borginni verði styttr til kl. 16.30 með vísan til þeirra röksemda um bætt starfsumhverfi í leikskólum sem áður hafa verið raktar. Hins vegar verði tekið tillit til meginniðurstöðu jafnréttismatsins um að ákveðnir hópar foreldra munu að líkindum lenda í erfiðleikum með að mæta breytingunni. Við því vill hópurinn bregðast með mótvægisáðgerðum og til að glöggva sig enn frekar á stöðunni framkvæmdi stýrihópurinn SVÓT greiningu þar sem ýmsar leiðir varðandi opnunartíma og mögulegar mótvægisáðgerðir voru metnar út frá styrkleikum, veikleikum, tækifærum og ógnum. Niðurstaða stýrihópsins er sú að raunhæfasti kosturinn varðandi mótvægisáðgerðir sé að 1-2 leikskólar í hverjum borgarhluta bjóði upp á lengri opnunartíma eða til kl. 17.00 sem foreldrar geti þá nýtt sér ef þörf krefur. Hámarksdvalartími verði 9 klst. Þeir leikskólar sem bjóða upp á lengri opnunartíma fái fjárheimildir til að manna grunnstöðugildi út frá fjölda barna og dvalartíma þeirra. Foreldrar fái rúman aðlögunartíma að breytingunni og geti óskað eftir því að halda núverandi dvalartíma sínum til vors 2021. Frá hausti 2021 taki gildi almennur opnunartími leikskóla frá kl. 7.30-16.30 en foreldrum sem á þurfi að halda verði boðið að sækja um flutning á milli leikskóla og nýta opnunartíma til kl. 17 í ákveðnum leikskólum, einum til tveimur í hverjum borgarhluta. Samhliða þessari breytingu verði jafnframt gerð sú breyting á gjaldskrá leikskóla að hægt verði að kaupa dvalartíma sem hlaupa á korterum þannig að unnt sé að kaupa:

- heila tíma t.d. 8:00-16:00
- hálf tíma t.d. 8:00- 16:30
- korter t.d. 7:45-16:30

Framangreind breytingin auðveldar foreldrum að greiða einungis fyrir þann tíma sem þeir raunverulega óska eftir og liðkar fyrir styttri dvalartíma barna.

Aðrar mótvægisáðgerðir sem komu til álita eru reifaðar í SVÓT greiningu stýrihópsins. Nánar má lesa um þá greiningu í fylgiskjali 2.

Næstu skref

Í ljósi þess að skoðun opnunartíma var eingöngu eitt af mörgum af verkefnum stýrihópsins leggur hópurinn áherslu á að skynsamlegt er að ákvörðun um opnunartíma leikskóla til framtíðar verði hluti af þeirri heildarmynd um framtíðarskipan leikskólastarfsins sem hópnum var ætlað að rýna og móta tillögur um. Áskoranir leikskólanna eru margar eins og fram hefur komið. Því þarf jafnframt að horfa til fyrirkomulags innra starfs leikskóla með sérstaka áherslu á skipulag leikskóladagsins, endurskoðun gjaldskrár- og greiðslukerfa og þeirra áskorana sem fylgja nýjum lögum um eitt leyfisbréf kennara óháð skólastigum. Þá er ljóst að nýir kjarasamningar með áherslu á styttingu vinnuvikunnar og aukinn undirbúningstíma kalla á breytingar á skipulagi leikskólastarfsins með það að meginmarkmiði að bæta umhverfi og aðbúnað starfsfólks og barna í leikskólum borgarinnar.

Fylgiskjöl - yfirlit

1. Niðurstöður könnunar til leikskólakennara um áhrif tímabundinnar lokunar leikskóla kl. 16:30.
2. SVÓT greining stýrihóps varðandi opnunartíma og mótvægisáðgerðir
3. Opnunartími einkarekinna leikskóla í Reykjavík
4. Opnunartími leikskóla í nágrennasveitarfélögum
5. Þróun í útgáfu leyfisbréfa til kennslu í leikskólum
6. Erindisbréf stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs (PDF skjal)
7. Áfangaskýrsla stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs, desember 2019 (PDF skjal)
8. Jafnréttismat vegna tillögu um breyttan opnunartíma leikskóla, júní 2020 (PDF skjal)

Fylgiskjal 1 – Niðurstöður könnunar til leikskólastjórnenda um áhrif tímabundinnar lokunar leikskóla til 16:30

Um könnunina

- Könnunin var framkvæmd að ósk stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs til að fá fram reynslu leikskólastjóra vegna lokunar leikskóla kl. 16:30.
- Sérfræðingar í tölfræði og könnunum á skrifstofu sviðsstjóra sáu um framkvæmd. Spurningar voru unnar í samvinnu við stýrihópinn.
- Könnunin var send út með spurningavagni leikskóla sem fór út 22. september og var í svörun til 29. september 2020. 64 leikskólastjórar svöruðu.
- Úrvinnsla var í höndum Hallgerðar Ingu Gestsdóttur, verkefnastjóra á skrifstofu sviðsstjóra SFS. Guðlaug Gísladóttir veitti aðstoð.
- Þessi samantekt/kynning er unnin af Guðlaugu Gísladóttur, verkefnisstjóra stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs.
- Könnunin er tvíþætt. Annarsvegar var aflað svara hjá þeim leikskólum sem lokuðu kl. 16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir vegna Covid-19 og hinsvegar þeim leikskólum sem lokuðu kl. 17:00 fyrir sóttvarnaraðgerðir. Lögð var áhersla á að spurt væri um reynslu af lokun og áhrif þess á mismunandi þætti.

Eftirfarandi eru spurningar sem allir leikskólastjórar voru beðnir um að svara

Allir leikskólastjórar eru beðnir um að svara eftirfarandi spurningum. Þeim er ætlað að draga fram reynslu leikskólastjóra af lokun leikskóla kl. 16:30, hvort heldur ef leikskóla var lokað ÁÐUR en gripið var til sóttvarnaraðgerða eða seinna sem lið í þeim aðgerðum.

- Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hefur lokun leikskólans kl. 16:30 almennt haft á eftirfarandi þætti?
- Leikskólastarfið
- Börnin
- Starfsfólkið
- Stjórnendur
- Foreldra
- Ráðningar
- Faglegt starf/skipulag starfs
- Leikskólabrag

Opnar spurningar til allra leikskólastjóra


Leiðbeiningar: Næstu spurningar eru opnar og möguleiki til að svara fyrir hvern þátt sem nefndur er. Vinsamlega miðaðu við reynslu þína af því að loka leikskólanum kl. 16:30 og nefndu bæði jákvæð og neikvæð áhrif, þegar svo ber undir, fyrir hvern þátt.

- Leikskólastarfið
- Börnin
- Starfsfólkið
- Stjórnendur
- Foreldra
- Ráðningar
- Faglegt starf/skipulag starfs
- Leikskólabrag

Svör um leikskólastarfið

Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hefur lokun leikskólans kl. 16:30 almennt haft á eftirfarandi þætti?

Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hefur lokun leikskólans kl. 16:30 almennt haft á eftirfarandi þætti?



Svör um leikskólastarfið

Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hefur lokun leikskólans kl. 16:30 almennt haft á eftirfarandi þætti?



Alls 48 leikskólastjórar tjáðu sig í opnu svari um áhrif lokunartíma á leikskólastarfið

- Meiri skilvirkni og betra fyrir leikskólastarfið að fá starfsfólk fyrir í hús og hætta fyrir. Rammar leikskólastarfið betur inn þegar allir byrja á sama tíma og hætta á sama tíma. Léttara að manna daginn, ekki undirmönnun á milli 9:30 og 9:00. Nægur mannskapur í húsi til að sinna börnum. Auðveldar skipulagningu og meiri ró yfir starfinu á morgnanna.

Leikskólastarfið – lýsandi svar úr könnun

- „Hefur mjög jákvæð áhrif á allt leikskólastarf, þar sem allt starfsfólk er mætt á sama tíma og fer á sama tíma og ekki þarf að brúa eitthvert bil þar sem ekki allt starfsfólk er mætt eða hópur fólks farið heim. Auðveldar skipulag starfs. Hefur jákvæð áhrif á barnahópinn þegar allt starfsfólk er til staðar á opnunartíma leikskólans. Þetta eru bara jákvæð reynsla fyrir leikskólastarfið. Það er óhætt að segja að það sé 100% starfsfólk leikskólans sem upplifir þennan opnunartíma sem mjög jákvæðan.“

Svör um börnin

Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hefur lokun leikskólans kl. 16:30 almennt haft á eftirfarandi þætti?



Alls 52 leikskólastjórar tjáðu sig í opnu svari um áhrif opnunartíma á börn

- Þegar börnin mæta á sama tíma og fara heim á sama tíma eru þau meira í takt við leikskólastarfið, þau koma glöð og fara glöð. Starfsfólk mætir fyrir, hópastarf hefst fyrir.

Þjónustan er betri þar sem fleiri hendur eru til að taka á móti börnunum þegar flest þeirra mæta í hús. Börn sem mæta fyrr og hætta fyrr verða minna þreytt.

- Einnig svarað að tíminn á milli 16:30 og 17:00 væri „bíðtími“ sem væri erfiður fyrir mörg börn og þau væru orðin þreytt á þessum tíma. Töluvert var nefnt í því samhengi að börnin væru að bíða, bíða eftir að verða sótt, bíða eftir vinum á morgnana. Þó var eitt lýsandi svar sem sagði eftirfarandi: „Mér finnst yfirleitt ekki að börnin sem eru lengi líði fyrir það, þau fá ágætán tíma með starfsfólki fyrir sig, eru svo fá.“

Börnin – lýsandi svör úr könnun

- „Börnunum gengur betur að kveðja foreldra á morgnana þegar fleira starfsfólk er í húsi og þau fá aukna athygli. Það er rólegra á deildunum þegar fleiri starfsmenn eru komnir inn á morgnana og auðveldara að skipta strax í minni hópa. Með þeim aukna handþvotti sem við nú sinnum (þar sem við höfum mannskap til þess) þá erum við að upplifa að börnin fái minna af umgangspæstum. Lítið sem ekkert um hor og kvef. Börnin sem voru til kl.17 líður betur að vera að fara á sama tíma og þau sem eru sótt kl.16:30 og aldrei alein eftir af barnahópnum.“
- „Jafnvel hugsað um þau og áður en það er lítið sem hefur breyst þau fáu börn sem eiga tíma til kl.17:00 eru til kl.16:30 eins og oftast áður.“

Svör um starfsfólkið

Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hefur lokun leikskólans kl. 16:30 almennt haft á eftirfarandi þætti?



Alls 53 leikskólastjóri tjáðu sig í opnu svari um áhrif lokunartíma á starfsfólkið.

- Glaðara og ánægðara starfsfólk, minna um veikindi getur farið fyrr heim að sinna eigin fjölskyldu. Minnkar álag á starfsfólk og leikskólinn verður fjölskylduvænni. Starfið verður fjölskylduvænna og það verður minna álag.
- Starfshópurinn þéttari þar sem fleiri eru saman allan daginn. Léttir á álagi, fleiri hendur með börnin í upphafi dags. Fleiri að skila í lok dags.
- Auðveldara að fá starfsfólk til að vinna til kl. 16:30 og flestir vilja vinna fyrripart dags og starfshópurinn verður þéttari.
- Sama starfsfólkið býið að vera með barni allan daginn og til loka dags þegar foreldrar sækja.

Tvö opin svör fjölluðu um jákvæðar hliðar þess að hafa opið til kl. 17:00 frá sjónarhorni starfsmanna.

- Það hentar betur í mínum leikskóla að starfsfólk vinni til kl. 17:00 og bíður það eftir að það verði opnað aftur til kl. 17:00
- Sumir starfsmenn vilja byrja að vinna kl.9:00 og hætta kl. 17:00

Starfsfólkið - lýsandi svar úr könnun

- „Starfsfólk ánægðara í vinnu. Það var erfitt að manna fimmvakt. Skipulagt starf byrjar fyrr á daginn og markvissara. Deildarstjórum finnst mjög gott að vera búin að fá allt fólk inn í hús kl. 8:30 til að byrja starfið. Þægilegra fyrir alla. Starfsmenn geta sinnt fjölskyldu og félagslegu starfi betur. Meiri starfsánægja í starfsmannahópnum. Starfsmannahópurinn er þéttari þar sem hann dreifist ekki yfir langan tíma. Þar sem ekki allir eru í 100% starfi þá hefur það verið vinsælast að ráða sig fyrirhluta dags sem er mun auðveldara að koma til móts við núna.“

Svör um stjórnendur

Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hefur lokun leikskólans kl. 16:30 almennt haft á eftirfarandi þætti?



Alls 48 leikskólastjórar tjáðu sig í opnu svari um þennan lið

- Þetta auðveldar mönnun og því minna álag á stjórnendum. Erfitt var að manna tímann frá kl.16:30-17:00 og ekki síst ef forföll urðu hjá þeim sem áttu að manna þann tíma, þá þurfti stjórnandinn að dekkja tímann. Því fylgir mikil ábyrð að vera í skilastöðu og sumir treysta sér ekki í það, því hafa stjórnendur oft þurft að sinna þessari stöðu og því styttist vinnutími þeirra einnig sem því nemur.
- Auðveldara er að bregðast við veikindaforföllum þar sem fleiri eru í húsi á sama tíma, börn eru því sjaldnar send heim vegna starfsmannaskorts.
- Dagurinn er betur samþjappaður, stjórnandinn með betri yfirsýn og nær að halda betur utan um leikskólastarfið.
- Betur gengur að skipuleggja starfsmannafundi eftir kl. 16:30 heldur en eftir 17:30.
- Því fylgir mikil ábyrð að vera í skilastöðu og sumir treysta sér ekki í það, því hafa stjórnendur oft þurft að sinna þessari stöðu og því styttist vinnutími þeirra einnig sem því nemur.

Stjórnendur – lýsandi svör úr könnun

- „Það er mun auðveldara að vera komin með fleira fólk inn í hús kl. 8:30 til að sinna börnum, það birtist í glaðari börnum, minni hávaða, ánægðara starfsfólki og faglegra starfi. Það eru fleiri starfsmenn í lok dags, fleiri til 16:30 og það birtist með því að það þarf sjaldan að biðja fólk að lengja vinnutíma sinn vegna veikinda hjá starfsmönnum.“
- „Ég sem stjórnandi sé mikla gleði hjá starfsfólkinu, þeir sem eru síðastir þ.e. að loka leikskólanum hafa rými til þess og eru ekki að koma heim til sín svo seint. Stjórnendur sjá glaðara starfsfólk sem metur það að þetta hafi verið framkvæmt á þessa leið. Mjög gott til að geta dekkjað daginn betur. Börn sem hafa verið nær allan opnunartíma leikskólans hafa sýnt þreytu og fara nú glöð heim.“

Svör um foreldra

Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hefur lokun leikskólans kl. 16:30 almennt haft á eftirfarandi þætti?



Alls 51 leikskólastjórar tjáðu sig í opnu svari um áhrif lokunartíma á foreldra.

- Almennt svara leikskólastjórar því til að foreldrar hafi aðlagast vel að lokun kl.16:30, lítið hafi heyrst í þeim, þeir hafi sýnt fullan skilning og þeim fari fækkandi sem óska eftir vistun frá kl.16:30-17:00.
- Foreldrar hafa nýtt betur tímann sem börnin hafa til kl.16:30 og breytt sínu skipulagi til að koma til móts við leikskólann.
- Foreldrar hitta frekar starfsfólkið sem var allan daginn með barninu þegar það er sótt kl. 16:30. Sumir segja að foreldrar komi jafnframt meira til skiptis að sækja börnin en áður.
- Sumir nefna að foreldrar sem voru með vistun barna til kl.17:00 gerðu það meira til öryggis en af nauðsyn og nýttu hana því ekki sem skildi.
- Það er kannski þörf fyrir einn leikskóla í hverju hverfi að vera opin til kl.17:00, 17:30 og 18:00. Til að koma á móts við foreldra sem þurfa þessa þjónustu.
- Lokun kl.16:30 skapar örugglega stress hjá einhverjum foreldrum
- Lokun kl.17:00 er góð fyrir foreldra sem eru ekki á sveigjanlegum vinnustað.
- Lokun kl.17:00 er betri fyrir foreldra sem koma langt að að sækja börnin.


- Áhyggjur af foreldrum af erlendum uppruna sem hafa oft minni sveigjaleika í vinnunni.
- Það eru foreldrar sem bíða eftir að opnun verði aftur til kl. 17:00, þegar sóttvarnaraðgerðum verður aflétt.

Foreldrar – lýsandi svör úr könnun

- „Almennt ánægja með þetta er hægt að bjóða foreldrum að koma fyrr á morgnanna og þá ná flest allir að þúsla þessu saman. Tímarnir eru að breytast mikið, þ.e. að fólk hafi sveiganlegan vinnutíma. Það hefur engin kvartað undan þessu hingað til.“
- „Bara hvorki né, hef ekkert heyrt foreldra mótmæla lokun kl 16:30 en stundum ná foreldrar ekki fyrir kl.16:30 vegna umferðar.“
- „Til að byrja með þá voru örfáir foreldrar sem fannst þetta erfitt en allir fundu lausn og í dag er okkur hætt að berast beiðnir um pláss til kl. 17.+2
- „Ekki heyrt neitt neikvætt - eins og samfélagið hafi aðlagast fljótt.“
- „Með þessu fyrirkomulagi hittum við frekar báða foreldrana því þeir skipta því á milli sín að sækja börnin sín kl.16:30.“

Svör um faglegt starf/skipulag starfs

Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hefur lokun leikskólans kl. 16:30 almennt haft á eftirfarandi þætti?



Alls 47 leikskólastjórar tjáðu sig um faglegt starf/skipulag starfs

- Einfaldar framkvæmd á faglegu starfi þegar allt starfsfólk er komið í hús kl. 8:30 og fleiri að sinna börnunum.
- Faglegt starf hefst fyrr. Auðveldar skipulagningu kennslu og hópstarfs. Auðveldara að skipta árgöngum.
- Hægt að fara yfir daginn áður en starfið hefst að morgni.

Faglegt starf/skipulag starfs – lýsandi svör úr könnun

- „Eins og áður sagði algjör munur. Það er hægt að fara af stað snemma í ferðir það er allt starf komið í gang kl.9:00. Allir söng og vinafundir geta byrjað snemma og hægt auðveldlega að skipta árgöngum. Allt faglega starfið gengur betur þegar allir eru komnir í hús kl.8:30. Fagfólk kemst snemma morguns í undirbúning vegna þess að allar afleysingar eru mættar í hús kl. 8:30. Aldrei aftur hinn tíminn :)“
- „Faglegt starf og skipulag í kringum leikskólastarfið hefur ekki mikil áhrif á opnunartímann en er engu að síður auðveldara í framkvæmd.“
- „Þó skipulagt starfs sé búið milli kl.16:30 til 17:00 fer fram góð samvera og gagnkvæmur skilningur meðal kennara og verður faglegt starf að vera sama hvað klukkan er.“
- „Jafn gott og áður en betra á morgnana. Allir komnir í hús kl.8:40.“

Svör um leikskólabrag

Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hefur lokun leikskólans kl. 16:30 almennt haft á eftirfarandi þætti?



Alls 41 leikskólstjóri tjáðu sig um áhrif á leikskólabrag

- Gleði, ánægja, léttara yfir, skemmtilegra, vellíðan, betri mórall
- Betra jafnvægi, minna álag, minna stress

- Allir mættir á sama tíma/allir jafnir í vinnutíma, hægt að hefja skipulagða starfið fyrr. Meira samstarf og samþætting, meiri samfella í starfi, starfsfólk vinnur þéttara í verkefnum. Meira svigrúm fyrir undirbúningstíma. Meiri samvera kennara, meiri samvinna starfsmanna.
- Meiri ró og festa, meiri tími fyrir persónulegar þarfir barna, hægt að fara vel inn í daginn. Hægt að klára daginn í rólegheitum, ekki þarf að hendast með börn á milli deilda í lok dags. Flest börnin fara heim á sama tíma.
- Foreldrar hafa bein samskipti við starfsmenn viðkomandi deilda.

Leikskólabragur – lýsandi svar úr könnun

- „Starfsfólkið er ánægðara í starfi þar sem þessi vinnutími hentar því betur. Miklu fleiri í húsi á sama tíma meira samneyti með öllu starfsfólkinu. Ekki verið að neyða fólk til að vinna til 17:00. Þar sem flestir eru að vinna á sama tíma þá verður staðblærinn miklu betri og við upplifum okkur betur sem heild. Starfsmannahópurinn er þéttari og minna álag á starfsmenn vegna veikindafjarveru. Þessi opnunartími hentar starfsemi leikskóla miklu betur.“

Annað mikilvægt sem fjallað var um

Alls 41 leikskólastjórar tjáðu sig um annað sem þeim fannst mikilvægt að kæmi fram:

- Stór meirihluti leggur áherslu á að áfram verði lokað kl.16:30, það hafi veruleg áhrif á starfið. Fjölmargir leggja einnig til að stytta dvalartíma barna.
- Börn og starfsfólk nýtur sín betur. Allir sáttir og glaðir. Börnin ekki eins þreytt og áður, þegar þau fara heim.
- Allt miklu einfaldara þegar starfsfólk er komið í hús kl.8:30. Allt skipulag og ráðningar auðveldara. Mikill léttir seinni partinn. Betra upp á styttingu vinnuvikunnar.
- Foreldrar ekki að gera athugasemdir. Nánast engin eftirspurn eftir þessum tíma. Ekki fundið fyrir óánægju hjá foreldrum eða mikilli þörf á dvöl á tímanum á milli kl.16:30 og 17:00.
- Mikilvægt að horft sé til þess hvað er gott og heilbriggt fyrir barnið. Stytta þarf viðverutíma barna. Börn eiga ekki að vera með lengri vinnutíma en fullorðnir. Börnin þurfa líka styttingu vinnuvikunnar. Mikilvægt að börnin eigi góðan tíma með foreldrum dag hvern. Barnvænni stefna. Betri fjölskyldustefna. Færri börn sem eru með 9 eða 9.5 klst. dvalartíma.
- Mikilvægt að stytta viðveru yngri barna. Ekki meira en 8 klst. á dag. Meira en 8,5 klst. dvöl er of löng.
- Ógerlegt með engu fjármagni að brúa allan þennan tíma

Annað mikilvægt – lýsandi svör

- „Þessi hálf tími hefur gríðarleg jákvæð áhrif á alla starfsemi leikskólans og skipulag.“
- „Galið að fara aftur í að hafa opið til kl. 17:00. Þetta er allt annað líf og yndislegt að bæði börn og starfsfólk er minna frá.“
- „Mín kenning er sú að mætingin og heilsan bæði hjá börnum og fullorðnum sé betri vegna, handþvotturinn, sprittunin og ekki eins mikið álag því allir eru komnir snemma og fara fyrr. „
- „Dagur barna og starfsfólks þarf að vera styttri á leikskólum, við vinnum í miklu áreiti og hávaða og þetta er að valda mikilli streitu hjá starfsfólki og stjórnendum.“

Annað mikilvægt - Nokkur svör sem lýsa þörf fyrir opnun til kl.17:00

- „Ég er ein/n af fáum sem hef ekkert á móti því að loka klukkan 17, en sé engan tilgang í því þegar húsið er tóm frá klukkan 16:30. Hins vegar þegar veikindi eru í húsi á morgnana þá er frábært að nóg er af fólki komið vel fyrir klukkan 9.“
- „Þeir sem þurfa lengri opnun, þurfa hana svo sannarlega.“
- „Ég hallast á sveif með þeim sem hafa talað gegn þessu vegna þess að frístundaheimilin eru opin til kl.17 og vegna þess að þeir sem þurfa þetta, þurfa þetta sannarlega. Hins vegar finnst mér að við ættum að skoða með það að þjónusta alla sem vilja til kl.16:30. Það myndi gera

mikla breytingu hjá okkur ef almenni „skólatíminn“ væri 9-15 og svo gæti fólk keypt sér meira.“

Annað mikilvægt - Tillögur um aðgerðir

- Bæta við stöðugildum fyrir hvern skóla ef á að vera opið lengur.
- Stytta keyptan tíma hjá börnum svo að betur sé hægt að mæta þörfum þeirra í upphafi og lok dags.
- Hægt að kaupa 15 mín, koma til móts við foreldra varðandi það.
- "Almennur" skólatími frá 9-15, fólk gæti svo keypt sér meira ...
- Loka á öllum leikskólum Reykjavíkurborgar kl. 15:30 á föstudögum. Það eru margir starfsstaðir hjá Reykjavíkurborg sem loka fyrr.

Svör um ráðningar

Alls 39 leikskólastjórar sem lokuðu kl. 17:00 fyrir sóttvarnaraðgerðir svöruðu spurningu um áhrif á ráðningar og 14 leikskólastjórar sem lokuðu kl. 16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir. Hér að neðan er heildarsvörun, en í opnum spurningum er svörum skipt upp eftir því sem lokað var kl. 16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir eða 17:00.



Svör við ráðningum – þeir sem lokuðu kl. 17:00 fyrir sóttvarnaraðgerðir vegna Covid-19

- 11 af 39 segja að lokun kl.16:30 hafi ekki haft áhrif á ráðningar.
- 18 af 39 segja að það hafi gengið betur að ráða og jákvætt að geta boðið fólki upp á „betri“ vinnutíma.
- Flestir lýsa því að það sé erfitt að fá fólk til að vinna til kl.17:00.

Lýsandi svar:

- „Hér hefur fólk verið mjög ánægt með að vera ekki að vinna lengur en 16:30. Finnst núna þegar ástandið í samfélaginu er eins og það er og maður er að ráða inn eldri starfmenn en oft áður og starfólk sem er með háskólapróf þá er krafan miklu meiri að hætta fyrr og helst kl.16. Fólk sem komið er með fjölskyldur leggur mikið uppúr tíma með henni seinni partinn.“

Ráðningar –lýsandi svar lokun kl.17:00 fyrir sóttvarnaraðgerðir vegna Covid-19

- „Það er mjög erfitt að ráða fólk í störf til kl.17.00. Við höfum alltaf skipt þessu á milli okkar og þannig náð að dekkja daginn. Helst eru þetta krakkar sem eru í námi og koma t.d. eftir hádegið einhverja daga. Það er alger happdættisvinningur að fá slíkt. Alltaf þarf þó að hafa lykilstarfsfólk með á þessum tíma. Ég hef aldrei náð að ráða starfsmann sem hefur viljað vinna 9-17.“
- „Það hefur ekki verið vandamál að manna þessa tíma hingað til, en það starfsfólk sem var áður til 17 finnur mikinn mun.“
- „Hefur ekki haft áhrif, við erum með fólk sem er í lokunarstöðum og vinnutími þeirra hefur færst til.“

Svör um Ráðningar – lokað kl.16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir vegna Covid-19

16 leikskólar lokuðu kl. 16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir vegna Covid-19

- 9 af 14 sem svára segja að auðveldara hafi verið að ráða inn
 - „Auðveldara að ráða fólk til kl.16:30“
 - „Þetta er ákjósanlegur vinnutími og starfsfólk verður jákvæðara“

- „Reynslan segir mér að það er auðveldara að ráða fólk til 16:30 en 17:00. Það er bara mjög erfitt að fá fólk til að vinna til 17:00“
- 5 af 14 sem svara segja að engin breyting/ekki auðveldara sé að ráða inn.
 - „Engin áhrif það er alltaf jafn erfitt að ráða fólk í leikskólann“
 - „Hefur í raun ekki haft áhrif á ráðningar“
 - „Undanfarin ár hefur verið mikil starfsmannavelta og erfitt að fá hæft fólk“

Spurningar til þeirra sem lokuðu kl. 16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir vegna Covid-19

Eingöngu leikskólar sem lokuðu kl.16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir fengu eftirfarandi spurningar 16 leikskólar af 64 lokuðu kl. 16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir. (ath. Nes svaraðir sem 2 leikskólar og því eru þeir 64 sem svara)

Eftirfarandi leikskólar lokuðu kl. 16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir:


Ártúnsskóli-leik	Klambrar
Bjartahlíð	Múlaborg
Borg	Nes/Bakki
Brákarborg	Nes/Hamrar
Funaborg	Rofaborg
Holt	Seljaborg
Hraunborg	Sólborg
Jörfi	Suðurborg

Hverjar af eftirtöldum ástæðum ollu því að ákveðið var að loka leikskólanum kl.16:30?


16 leikskólar lokuðu kl.16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir vegna Covid-19. Í þessari spurningu var boðið upp á að svara með „já“ eða „nei.“ Hægt var að svara öllum spurningum játandi eða neitandi. Eftirfarandi er fjöldi jákvæðra svara við spurningunum.

- 4 svörðu að engin börn voru með dvöl eftir kl.16:30
- 10 svörðu að fá börn hefðu verið með dvöl eftir kl.16:30
- 15 svörðu að þeim hefði ekki tekist að ráða starfsfólk til að vinna eftir kl.16.30

Að hve miklu eða litlu leiti voru eftirfarandi þættir ástæður þess að opnunartími var stytur?




Var breyttur lokunartími ÁÐUR en gripið var til sóttvarnaraðgerða vegna Covid-19, hugsaður sem tímabundin ráðstöfun?



10 svöruðu jákvætt
6 svöruðu neikvætt

Hvernig brugðust foreldrar við skerðingunni sem áður höfðu keypt tíma eftir kl. 16:30?



Ath! Engin börn voru flutt í annan leikskóla.

Spurt var um þann fjölda barna sem um ræddi. Tölurnar segja því til um fjölda barna.

Þeim leikskólastjórum sem lokuðu kl.16:30 fyrir sóttvarnaraðgerðir var boðið að tilgreina annað sem ástæður þess að tekin var ákvörðun um að loka leikskólanum kl.16:30.

- Erfitt að manna leikskólann.
- Ekki rétt að leggja á herðar tveggja starfsmanna að bera ábyrgð á börnum í þúsund fermetrum þar sem allt getur gerst eins og ef einhver óboðinn birtist. Margir treysta sér ekki í þetta.
- Frá kl.8:00-9:00 er mjög mikið að gera í leikskólanum og skólinn þarf á að halda að fá allt starfsfólk til vinnu í síðasta lagi kl. 8:30. Ef svo er ekki þá eru undirmönnun til kl. 9:00. Það er verið að taka á móti öllum börnunum á þeim tíma og gefa morgunmat sem kallar á að allar vinnandi hendur.
- Það kallar á mikinn mannskap að taka á móti ungum börnum sem mörg hver þarf að taka úr fangi foreldra.

Fylgiskjal 2– SVÓT greining stýrihóps varðandi opnunartíma og mótvægisáðgerðir

<p>Óbreytt tillaga. Mótvægisáðgerð: 1-2 leikskólar í hverju hverfi opnir til 17:00.</p>	<p>Almennur opnunartími leikskóla frá 7:30-16:30. Heimilt að hafa opið til 17:00 ef aðstæður foreldra krefjast þess.</p>
<p>Kostir: Óskum leikskólastjóra mætt. Auðveldar skipulag og mönnun. Full mönnun komin í hús kl 8:30 og þá hægt að hefja fulla starfsemi. Minnkar álag í leikskólanum og stytting viðveru leikskólastjóra. Verið að bæta starfsumhverfi á leikskólum með styttingu (faglegt starf, ánægðari starfsmenn, auðveldar skipulag, auðveldari mönnun) Allir skólar fara eftir sömu reglu. Stytttri dvalartími barna kostur (hámark 9 klst). Minna rót á börnum-síður flutt á milli deilda í lok dags v/mönnunar.</p>	<p>Kostir: Óskum leikskólastjóra um styttingu opnunartíma mætt að hluta og mætir tillagan því að hluta þeim kostum sem því fylgja. Aukinn sveigjanleiki fyrir foreldra og þá sem eru í vanda, kemur til móts við niðurstöðu jafnréttismats. Verið að bæta starfsumhverfi á leikskólum með styttingu (faglegt starf, ánægðari starfsmenn, auðveldar skipulag)</p>
<p>Gallar: Skert þjónusta við foreldra. Hópur foreldra á mjög erfitt með að mæta breytingunni.</p>	<p>Gallar: Ákvörðun um opnun varpað yfir á stjórnanda, opnunartími til 17:00 af sérstökum aðstæðum gæti fylgt meiri kostnaður. Leikskólastjórar gætu þurft að leysa opnunartíma til 17:00 með yfirvinnu. Hvað þýðir „ef aðstæður foreldra krefjast þess. Erfitt að skilgreina hópa (e, er verið að „búa“ til nýjan stimpil. Vantar stöðugleikann ef opnunartíminn er einn þessa stundina og annar þá næstu eftir þörfum foreldra. Meira rót á börnum v/ lokun margar deilda kl. 16:30 og börn sameinuð á eina.</p>
<p>Tækifæri: Nýta reynslu af fjarvinnu og sveigjanleika sem hefur verið að skapast í covid. Stytting vinnuviku ætti að gefa foreldrum aukið svigrúm. Samtal og samstarf við samtök atvinnulífsins um að nýta reynsluna af covid tímanum til að veita foreldrum ungra barna aukið svigrúm varðandi vinnutíma og gera þeim kleift að hefja vinnudag fyrr. Eftirsóttara að vinna í leikskóla. Endurskoða skipulag skólustarfsins. Álagsstýring.</p>	<p>Tækifæri: Foreldrar þurfa að sækja um til sviðsins. Skýrt regluverk sem hentar þeim hópi sem þarf á lengri dvalartíma að halda. Endurskilgreina starfið sem fer fram á X tíma. Álagsstýring.</p>
<p>Ógnir: Aukið álag á margar fjölskyldur. Aukin streita foreldra – fleiri á ferðinni á milli 4 og hálf 5. Börn fara í auknum mæli í leikskóla nálægt vinnustað foreldra fremur en í heimahverfi og kynnast því ekki börnum í nærumhverfi með sama hætti.</p>	<p>Ógnir: Hætta á misnotkun. Hætta á að fólk vilji ekki sækja um lengingu. Ef sótt um til sviðsins þá erfitt að skilgreina hvaða hópar eða aðstæður kalla á að umsókn sé samþykkt.</p>
<p>Mótvægisáðgerðir: Opið lengur í 1-2 leikskólum í hverfi til að koma til móts við þarfir foreldra um lengri opnunartíma v/vinnutíma og ferðatíma til og frá vinnu. Leikskólum með lengri opnunartíma verði a) veitt aukin fjárveiting til að tryggja mönnun á jaðartímum. b) opnir frá 8:00-17:00 og miðist skipulag skólustarfsins við þann opnunartíma. Fleiri börn verða í dvöl á tímanum frá 16:30-17:00 í þeim leikskólum sem verða opnir og því ættu börn ekki að upplifa að vera „ein eftir.“</p>	<p>Mótvægisáðgerðir: Allir foreldrar geta sótt um lengri tíma, ekki skilgreint að það sé af sérstökum ástæðum? Skilyrði að X mörg börn þurfi á dvöl að halda eftir kl. 16:30. Verður að kaupa hálf tímann?</p>
<p>Annað: Álagsstýring og endurskoða skipulag skólustarfsins.</p>	<p>Annað: Álagsstýring og endurskoða skipulag leikskólustarfsins. Skilyrði að X mörg börn þurfi á dvöl að halda eftir kl. 16:30. Verður að kaupa hálf tímann?</p>

Sundurgreind SVÓT greinig á valmöguleikum um opnunartíma og mótvægisáðgerðir:

1. Allir leikskólar opnir frá 7:30-17:00 í samræmi við núverandi reglur.

Kostir	Mikill sveigjanleiki fyrir foreldra. Sami opnunartími í öllum leikskólum borgarinnar, jafnræði varðandi opnunartíma fyrir foreldra og stjórnendur.
Gallar	Erfitt að manna á eftir 16:30. Erfitt að manna með hæfu fólki eftir 16:30. Ekki fullmannað snemma dags til að mæta þörfum fyrir mönnun síðla dags. Of langur opnunartími miðað við 8 tíma vinnudag starfsmanna. Skapar mjög mikið álag á milli kl. 8 og 9. Flóknara að skipuleggja starfsdaginn/hærra flækjustig. Minna öryggi barna, starfsmanna og húsnæðis þar sem fámennt er eftir kl. 16:30. Hærri rekstrarkostnaður. Eykur álag og viðveru leikskólastjóra. Aukið álag á starfsfólk og börn.
Tækifæri	Breyta skipulagi starfsdagsins til að koma til móts við mönnunarvanda og koma til móts við skort á fagfólki. T.d. megintíma leikskólastarfs frá 8:30 – 14:00. Breyta rekstrarlíkani t.d. reikna inn alla grunnmönnun fyrir tímann 8:00 – 16:30 en að jaðartímarnir þ.e. 7:30 – 8:00 og 16:30 – 17:00 kæmu sem viðbót með álagsgreiðslum fyrir að lágmarki 2 starfsmenn á hvorum tímanum. Gera vinnufyrirkomulag fagfólks sambærilegt við önnur skólastig. Eitt leyfisbréf fyrir öll skólastig – fáum fleira fagfólk af öðrum skólastigum yfir í leikskólann?
Ógnir	Áframhaldandi langur vinnudagur leikskólastjóra. Mannekla. Óstöðugleiki í starfsmannahóp. Skortur á fagfólki. Flótti úr leikskólanum. Eitt leyfisbréf fyrir öll skólastig – missum fagfólk yfir á önnur skólastig? Stytting vinnuvikunnar skv. kjarasamningum. Lakari samkeppnisstaða leikskólum í Reykjavík gagnvart t.d. Kópavogi/Hafnarfirði og sjálfstætt starfandi leikskólum.
Annað	Skoða í stærra samhengi

2. Óbreytt tillaga

Kostir	Óskum leikskólastjóra mætt. Auðveldar skipulag og mönnun. Full mönnun komin í hús kl 8:30 og þá hægt að hefja fulla starfsemi. Minnkar álag í leikskólanum og stytting viðveru leikskólastjóra. Verið að bæta starfsumhverfi á leikskólum með styttingu (faglegt starf, ánægðari starfsmenn, auðveldar skipulag, auðveldari mönnun) Allir skólar fara eftir sömu reglu.
Gallar	Skert þjónusta við foreldra. Hópur foreldra á mjög erfitt með að mæta breytingunni.
Tækifæri	Nýta reynslu af fjarvinnu og sveigjanleika sem hefur verið að skapast í covid. Stytting vinnuviku ætti að gefa foreldrum aukið svigrúm. Samtal og samstarf við samtök atvinnulífsins um að nýta reynsluna af covid tímanum til að veita foreldrum ungra barna aukið svigrúm varðandi vinnutíma og gera þeim kleift að hefja vinnudag fyrr. Eftirsóttara að vinna í leikskóla.
Ógnir	Aukið álag á margar fjölskyldur. Aukin streita foreldra – fleiri á ferðinni á milli 4 og hálf 5. Börn fara í auknum mæli í leikskóla nálægt vinnustað foreldra fremur en í heimahverfi og kynnast því ekki börnum í nærumhverfi með sama hætti.
Annað	

3. Almennur opnunartími leikskóla frá 7:30-16:30. Heimilt að hafa opið til 17:00 ef aðstæður foreldra krefjast þess

Kostir	Aukinn sveigjanleiki fyrir foreldra og þá sem eru í vanda, kemur til móts við niðurstöðu jafnréttismats. Verið að bæta starfsumhverfi á leikskólum með styttingu (faglegt starf, ánægðari starfsmenn, auðveldar skipulag)
Gallar	Ákvörðun um opnun varpað yfir á stjórnanda, opnunartími til 17:00 af sérstökum aðstæðum gæti fylgt meiri kostnaður. Leikskólastjórar gætu þurft að leysa opnunartíma til 17:00 með yfirvinnu. Erfitt að skilgreina hópa, er verið að „búa“ til nýjan stimpil. Vantar stöðugleikann ef opnunartíminn er einn þessa stundina og annar þá næstu eftir þörfum foreldra
Tækifæri	Foreldrar þurfa að sækja um til sviðsins. Endurskilgreina starfið sem fer fram á X tíma.
Ógnir	Hætta á misnotkun. Hætta á að fólk vilji ekki sækja um dvalartímann. Ef sótt um til sviðsins þá erfitt að skilgreina hvaða hópar eða aðstæður kalla á að umsókn sé samþykkt.
Annað	Hugsa og tala um alla hópa af virðingu. Erum að bæta starfsumhverfi í leikskólum. Er t.d. Covid og atvinnuleysi og við erum ekki að ná að manna allar stöður. Erum að taka ákvarðanir sem eru óþægilegar fyrir marga hópa.

4. Almennur opnunartími leikskóla frá 7:30-16:45

Kostir	Snertir minni hóp barna/fjölskyldna en lokun kl. 16:30. Meira svigrúm fyrir foreldra en ef lokað kl. 16:30. Hænskref í átt til styttri opnunartíma. Minna flækjustig fyrir stjórnendur leikskóla – eitt fyrir alla.
Gallar	Minna skref en lokun kl. 16:30 og því minni umbætur á starfsumhverfi. Enn fjölskyldur um 450 barna sem geta átt erfitt með að mæta breytingum.
Tækifæri	
Ógnir	Lakari samkeppnisstaða leikskólum (v/starfsfólks) í Reykjavík gagnvart t.d. Kópavogi/Hafnarfirði.
Annað	

5. Almennur opnunartími leikskóla frá 7:45-16:45

Kostir	Meiri breyting en eingöngu að stytta opnunartímann til 16:45. Snertir minni hóp en lokun kl. 16:30. Farið millivegin og tekið af báðum endum.
Gallar	Snertir viðkvæma hópa. Ekki sömu vandamál á milli 07:30 og 08:30 og á milli 16:30 og 17:00. Skerðing á launum fyrir fólk sem hefur mætt kl. 07:30. Breytir mjög litlu í stóra samhenginu. Minni umbætur á starfsumhverfi en 7:30-16:30. Erfiðara að manna tímann frá 16:30-16:45 en tímann frá 07:30-08:45.
Tækifæri	Skref í átt að styttnum opnunartíma.
Ógnir	
Annað	

6. Opnunartími frjáls

Kostir	Mikill sveigjanleiki fyrir leikskólastarfið og foreldra. Frelsi fyrir foreldra að velja leikskóla eftir opnunartímum.
Gallar	Getur skapað mikið ójafnræði. Ekkert frelsi fyrir foreldra í raun, starfsmenn munu fara á þá skóla sem loka fyrr. Flestir leikskólar myndu loka kl. 16:30 til að vera meira aðlaðandi fyrir starfsfólk. Gæti valdið breytingum í opnunartíma fram og til baka, t.d. v/mönnunarvanda.

Tækifæri	Einhverjir vildu kannski hafa enn rýmri opnun og fengju þá fjármagn og stuðning til þess. Stjórnanda getur metið þörfina eftir barnahópnum. Leikskólastjórar geta stýrt opnunartíma í takt við mannskapinn.
Ógnir	Kostnaður við rekstur? Opnunartími verður söluvara til að ná inn fólki.
Annað	Fyrir hvern er þetta frjálst? Skilgreina þyrfti lágmarksopnun.

7. Gera tilraun með styttri opnunartíma í ákveðnum hverfum/leikskólum og meta árangurinn á álag og líðan barna og starfsfólks

Kostir	Fá reynslu á breytinguna áður en hún er innleidd á borgarvísu.
Gallar	Ójafnræði á milli hverfa á meðan að á tilrauninni stæði. Þarfir í hverfum breytast og eru breytilegar. Of tímafrekt, eitt leyfisbréf þvert á öll skólastig kallar á skjót viðbrögð.
Tækifæri	Vísindaleg nálgun og upplýsingar sem byrja á reynslu. Betri staða viðkomandi leikskóla(með styttri opnunartíma) gagnvart mönnun.
Ógnir	Verri staða annarra leikskóla, en þeirra sem taka þátt í tilraunaverkefninu. Höfum ekki tíma fyrir tilraunaverkefni – klukkan tifar - skortur á leikskólakennurum - erum eftirbátar nágranna sveitarfélaganna og erum í samkeppni um leikskólakennara, annað hæft starfsfólk og starfsumhverfi.
Annað	Eru foreldrar að færa sig í önnur hverfi. Meta áhrif á nýtingu. Meta þyrfti verkefnið með skýrum mælikvörðum. Meta áhrif á nýtingu. Gera könnun á þeim skólum sem voru farnir að loka kl 16:30 fyrir Covid.

Mótvægisáðgerðir:

8. Ef styttri opnunartími en í dag, þá einn leikskóli í hverju hverfi opinn frá 7:30-17:00 til að koma til móts við viðkvæmstu hópana.

Kostir	Komið til móts við þá foreldra sem verulega þurfa á tíma til 17.00 að halda.
Gallar	Foreldrar sem þurfa þjónustuna verða að færa börn sín á milli leikskóla. Óvinsælt á meðal leikskólastjóra - hvaða leikskólar eiga að taka það að sér? verður erfiðara að manna bæði með fagfólki og öðru hæfu starfsfólki. Ójafnræði á milli leikskóla. Ekki endilega pláss í þeim leikskóla sem foreldrar myndu helst kjósa, t.d. vegna nálægðar við heimilið
Tækifæri	Þessir leikskólar gætu fengið viðbót í ramma t.d. aukin stöðugildi eða annað sem myndi auðvelda þeim að ráða starfsfólk í verkefnið. Ættu leikskólarnir sem eru með opið til 17 að opna síðar eða kl. 8:00 í takti við það að hámarksdöl barna verði 9 tímar? Skref í átt að styttri opnunartíma og hægt að meta eftir árið.
Ógnir	Hætta á að ákveðnir þjóðfélagshópar safnist saman í ákveðna leikskóla Ef fjölskylduaðstæður barns breytast t.d. vegna áfalls s.s. dauðsfalls eða skilnaðar, þá þarf barn á sama tíma jafnvel að flytjast í leikskóla með rýmri opnun.
Annað	

9. Ef styttri opnunartími en í dag, þá þurfa þeir leikskólar að hafa opið lengur ef skilgreindur lágmarksfjöldi/lágmarkshlutfall barna í hverjum

leikskóla þarf á dvalartíma að halda lengur. Hámarksopnun til kl. 17:00.

Kostir	Þörfum foreldra mætt.
Gallar	Óstöðugleiki fyrir leikskólastarfið sem þarf að gera breytingar eftir því hvernig andar inn og út varðandi þarfir foreldra. Erfitt að skilgreina fjölda skóla sem eiga að vera opnir, skólar í dag mjög misstórir. Erfitt að sjá þörfina þar sem vistunartími getur breyst milli mánaða
Tækifæri	Innleiðin sem er tekin í minni skrefum en að allir loki kl. 16:30, hægt að ná sér í yfirvinnu ef starfsmenn taka þetta að sér.
Ógnir	Erfitt að manna þá skóla sem þarf að vera með opið til kl. 17:00.
Annað	

10. Eingöngu foreldrar sem búa við sérstakar aðstæður geta sótt um dvöl á milli 16:30 og 17:00.

Kostir	Raunverulegum þörfum mætt
Gallar	Erfitt að meta, viðkvæmt að meta, hver á að meta? Ójafnræði.
Tækifæri	
Ógnir	Hvernig á að skilgreina? Misnotað. Rangar upplýsingar gefnar.
Annað	

11. Ef stytur opnunartími, en lengri í einhverjum leikskólum. Allir geta sótt um dvöl á milli 16:30-17:00

Kostir	Komið til móts við þá foreldra sem verulega þurfa á tíma til 17.00 að halda. Fólk getur valið skóla sem er með þann tíma sem þarf að nýta
Gallar	Foreldrar sem þurfa þjónustuna verða að færa börn sín á milli leikskóla. Verri starfsaðstæður í þeim skólum sem eru opnir. Aðstæður fólks geta breyst og ekki þörf fyrir þennan tíma fer fólk þá til baka í þann skóla sem er þá t.d nær heimili. Meira rót á börnum.
Tækifæri	Þessir leikskólar gætu fengið viðbót í ramma t.d. aukin stöðugildi eða annað sem myndi auðvelda þeim að ráða starfsfólk í verkefnið.
Ógnir	Hætta á að ákveðnir þjóðfélagshópar safnist saman í ákveðna leikskóla Ef fjölskylduaðstæður barns breytast t.d. vegna áfalls s.s. dauðsfalls eða skilnaðar, þá þarf barn á sama tíma jafnvel að flytjast í leikskóla með rýmri opnun. Rót fyrir börn, verri starfsaðstæður, börn sem eru næst skólanum og velja hann út frá því fá ekki pláss því mörg börn sem vilja 17 tíma en færu alla jafna í aðra skóla taka plássin.
Annað	

12. Hámarksdvalartími 8,5 klst./8 og 45 mín.

Kostir	Tekur mið af hagsmunum barna sem ættu að eiga meiri tíma með fjölskyldum sínum. Styttri vinnudagur fyrir börn, er í takt við umræðuna um styttingu vinnuvikuna
Gallar	8,5 stundir duga foreldrum kannski ekki til að komast til og frá vinnu í kringum 8 stunda vinnudag.

Tækifæri	Kannski hægt að selja mislangan tíma eftir dögum. Stíga skref í átt að styttri vinnuviku, vera fyrirmynd fyrir atvinnulífið. Byrja á börnunum.
Ógnir	Álag á heimili.
Annað	

13. Hámarksdvalartími 9 klst.

Kostir	Framför frá 9,5 stundum sem er allt of mikið. Foreldrar hafa góðan sveigjanleika ef unnið er 8 klst.
Gallar	Þetta er afar langur tími fyrir lítil börn alla daga. Erfitt að manna 9 klst. Þegar starfsmenn skóla vinna 8klst og þurfa helst allir að vera mættir í hús kl. 8:00 á morgnana.
Tækifæri	Kannski hægt að selja mislangan tíma eftir. Sveigjanleiki fyrir foreldra
Ógnir	Flótti starfsmanna úr leikskólum og þá helst á leikskólakennurum sem sjá betri aðstæður í grunnskólum
Annað	

Fylgiskjal 3: Opnunartími leikskóla í nágrennasveitarfélögum/stærstu sveitarfélögum landsins

Bæjarfélag	Auglýstur tími	Raun opnun	Í athugun	Annað
Seltjarnarnes				
	7:45 - 17:15	7:45 - 17:00	7:30 til 16:30	Taka yngst inn 14. mánaða börn, nema forgangsbörn.
Kópavogur				
	7:30 - 16:30	7:30 - 16:30	Opnunartími ekki í skoðun	Taka inn allt niður í júní 2018 börn. Opnunartími hefur verið til 16:30 frá 1. febrúar 2019.
Garðabær				
	7:30 - 17:00	7:30 - 17:00	Opnunartími ekki í skoðun	Taka inn allan 2018 árganginn.
Hafnarfjörður				
	7:30 - 17:00	7:30 - 17:00	Leyfilegt að loka kl. 16:30 ef ekki er talin þörf á lengri opnun.	Hámarksdvalartími barna verður 8,5 tímar frá næstu áramótum. Ef ekki er þörf á að opið sé lengur en til kl.16:30 er leikskólum heimilt að loka fyrr en kl. 17:00. Leikskólar sem eru með opnunartíma til 17:00 eru hvattir til að skoða styttingu á opnun í takt við skráningar barnanna.
Mosfellsbær				
	7:30 - 17:00	7:30 - 17:00	Opnunartími ekki í skoðun	Hámarksdvalartími barna er 9 tímar.
Akureyri				
	07:45-16:15	07:45-16:15		
Reykjanesbær				
	7:30 - 16:30	7:30 - 16:30		Allir leikskólar nema einn eru opnir frá 07:45-16:15. Hjallastefnan opin frá 07:30-16:30

Fylgiskjal 4: Opnunartími einkarekinna leikskóla í Reykjavík

	Leikskóli	Opið frá	Opið til	Annað
1	Askja	07:45	16:30	
2	Ársól	07:45	16:30	
3	Fossakot	07:30	16:30	Hámark 9 tíma vistun
4	Korpukot	07:30	16:30	Hámark 9 tíma vistun
5	Laufásborg	08:00	16:15	
6	Leikgarður	08:00	16:00	Húsið opnar 7:45 og lokar 16:15
7	Lundur	08:15	16:15	Breyting 1. okt, var opnað 8:00 fyrir þann tíma
8	Mánagarður	07:30	17:00	Yngri deildir opnar frá 8-16
9	Leikskólinn Ós	07:45	17:00	
10	Regnboginn	07:35	16:30	Hámarksdvalartími 8,5 tímar
11	Skerjagarður	07:45	17:00	
12	Sólgarður	08:00	16:00	Húsið opnar 7:45 og lokar 16:15
13	Sælukot	07:45	17:00	Hámark 9 tíma vistun
14	Vinagarður	07:45	16:30	Hámark 9 tíma vistun
15	Vinaminni	07:30	17:00	
16	Waldorf Sólstarfir, Sóltúni	08:00	17:00	Hámark 8 klst. 8-16, 8:30-16:30, 09:00-17:00
17	Waldorf Höfn	08:00	17:00	Hámark 8 klst. 8-16, 8:30-16:30, 09:00-17:00
18	Krílasel	08:00	16:00	

Fylgiskjal 5: Upplýsingar um þróun í útgáfu leyfisbréfa til kennslu í leikskólum

Eftir lengingu kennaranáms úr þremur árum í fimm ár gaf menntamálaráðuneytið (MMR) út leyfisbréf til leikskólakennara. Árið 2009 voru gefin út 2.506 leyfisbréf til þeirra sem höfðu öðlast réttindi fyrir lengingu náms. Á árunum 2010 til og með 2013 var eftirfarandi þróun í útgáfu leyfisbréfa hjá MMR.

Ár	Fjöldi
2013	29
2012	47
2011	185
2010	108
Samtals	369

Á árunum 2014 til og með 2019 var eftirfarandi þróun í brautskráningu leikskólakennara hjá HÍ og HA

Ár	HÍ	HA	Samtals
2019	21	5	26
2018	19	7	26
2017	14	7	21
2016	13	18	31
2015	8	10	18
2014	8	11	19
Samtals			141

Til viðbótar voru gefin Menntamálastofnun (MMS) út leyfisbréf til kennslu í leikskólum, t.d. til þeirra sem voru með prófgráðu erlendis frá

Ár	MMS
2019	vantar uppl.
2018	vantar uppl.
2017	20
2016	38
2015	57
2014	60
Samtals	175

Það sem af er árinu 2020 hafa verið gefin út 133 mörg leyfisbréf til kennara. 75 hjá HÍ og 58 hjá HA. Ekki er aðgreind sérhæfing vegna mismunandi skólastiga (leik-, grunn- og framhaldsskóla).



ERINDISBRÉF

Stýrihópur um umbætur og skipulag leikskólastarfs

Ábyrgðarmaður:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Inngangur:

Á fundi skóla- og frístundaráðs 8. október 2019 var samþykkt að setja á stofn stýrihóp um umbætur og skipulag leikskólastarfs. Hópurinn hefur það markmið að skoða leiðir til að auka fagmennsku, minnka álag á börn og starfsfólk og tryggja gæði starfsins með þarfir barnanna í huga. Hópurinn skipi kjörnir fulltrúar, fulltrúar leikskólastjóra, leikskólakennara og leikskólahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Markmið/Hlutverk:

- Hópurinn skoði sérstaklega eftirfarandi þætti:
 - opnunartíma leikskóla borgarinnar og samræmi þeirra við úthlutun stöðugilda.
 - dvalartíma barna, bæði keyptar stundir og raunnýtingu.
 - meti kosti og galla úthlutunar stöðugilda á grunni barngilda og leggi mat á hvort gera ætti breytingar á henni.
 - skipulag starfsdagsins og áhrif tilraunaverkefna sem unnin hafa verið varðandi ~~breytt skipulag~~
 - framtíðarsýn varðandi stærð barnahópa og leik- og heildarrými pr. barn.
 - uppbyggingu gjaldskrár.
 - hvernig bregðast megi við þeirri staðreynd að nýliðun leikskólakennara fullnægir ekki eftirspurn.
 - áhrif sem eitt leyfisbréf getur haft á leikskólastarfið og hlutfall starfandi leikskólakennara í leikskólum.

Verkefni:

Hópurinn nýti sér gögn úr fyrri greiningum sem gerðar hafa verið á rekstrar- og starfsumhverfi leikskóla s.s. djúpgreiningu frá árunum 2016-2017, vinnu *starfshóps um starfsumhverfi leikskólakennara 2018*, væntanlegar niðurstöður *starfshóps um eflingu faglegrar stöðu stjórnenda leikskóla og úttekt á aðstöðu og búnaði í leikskólum Reykjavíkurborgar 2019*.

Hópurinn skoði þróun ofangreindra þátta í stærstu sveitafélögum landsins.

Hópurinn skipa:

Skúli Helgason, formaður.

Diljá Ámundadóttir

Egill Þór Jónsson.



Starfsmaður hópsins:

Guðlaug Gísladóttir

Með hópnum starfi:

Anna Margrét Ólafsdóttir leikskólastjóri Nóaborg

Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjóri Kvistaborg

Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskóla

Sigríður Sigurjónsdóttir leikskólakennari í Rauðhóli

Valborg Hlín Guðlaugsdóttir leikskólastjóri Langholti

Aðrir sérfræðingar á skrifstofu skóla- og frístundasviðs eru kallaðir til starfa og gagnaöflunar eftir þörfum s.s. mannauðsráðgjafi, fjármálasérfræðingur og sérfræðingur frá skrifstofu sviðsstjóra.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn leiti ráðgjafar og álits hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu og helstu hagsmunaaðilum, s.s. félagi leikskólakennara, félagi stjórnenda í leikskólum, stéttarfélagum annarra starfsmanna leikskóla, samtökum foreldra, samtökum atvinnulífsins, háskólastofnunum sem koma að menntun leikskólakennara.

Starfstímabil:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum samhliða áföngum verkefnisins.

Stýrihópurinn leggi fram áfangaskýrslu í skóla- og frístundaráði fyrir 1. desember 2019 og lokaskýrslu fyrir 1. mars 2020 en hafi jafnframt heimild til að koma með tillögur jafnóðum ef þörf krefur.

Reykjavík, 17. október 2019

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Stýrihópur um umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík



Desember
2019

Áfangaskýrsla stýrihóps

Efnisyfirlit

Um stýrihópinn.....	3
Vinna stýrihópsins frá 18. október – 5. desember 2019	4
Umfjöllun.....	4
Opnunartími leikskóla í stærstu sveitarfélögum landsins	4
Opnunartími leikskóla Reykjavíkurborgar í dag.....	5
Nýting á keyptum stundum í leikskólum	5
Tilraunaverkefni: fyrirkomulag undirbúnings deildarstjóra	6
Þróun á nýtingu leikskólarýma	7
Tillögur stýrihópsins í þessum áfanga	7
Næstu skref stýrihópsins	8

Um stýrihópinn

Stýrihópur um umbætur og skipulag leikskólastarfs hefur það hlutverk að skoða leiðir til að auka fagmennsku, minnka álag á börn og starfsfólk og tryggja gæði starfsins með þarfir barnanna í huga.

Starfshópurinn skipa:

Skúli Helgason, formaður
Diljá Ámundadóttir
Egill Þór Jónsson

Starfsmaður hópsins:

Guðlaug Gísladóttir

Með hópnum starfa:

Anna Margrét Ólafsdóttir leikskólastjóri Nóaborg
Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjóri Kvistaborg
Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskóla
Sigríður Sigurjónsdóttir leikskólakennari í Rauðhóli
Valborg Hlín Guðlaugsdóttir leikskólastjóri Langholti

Aðrir sérfræðingar á skrifstofu skóla- og frístundasviðs eru kallaðir til starfa og gagnaöflunar eftir þörfum s.s. mannauðsráðgjafi, fjármálasérfræðingur og sérfræðingur frá skrifstofu sviðsstjóra.

Helstu markmið/hlutverk samkvæmt erindisbréfi:

Hópurinn skoði sérstaklega eftirfarandi:

- *opnunartíma leikskóla borgarinnar og samræmi þeirra við úthlutun stöðugilda.*
- *dvalartíma barna, bæði keyptar stundir og raunnýtingu.*
- *meti kosti og galla úthlutunar stöðugilda á grunni barngilda og leggi mat á hvort gera ætti breytingar á henni.*
- *skipulag starfsdagsins og áhrif tilraunaverkefna sem unnin hafa verið varðandi breytt skipulag.*
- *framτίðarsýn varðandi stærð barnahópa og leik- og heildarrými pr. barn.*
- *uppbyggingu gjaldskrár.*
- *hvernig bregðast megi við þeirri staðreynd að nýliðun leikskólakennara fullnægir ekki eftirspurn.*
- *áhrif sem eitt leyfisbréf getur haft á leikskólastarfið og hlutfall starfandi leikskólakennara í leikskólum.*

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn leiti ráðgjafar og álits hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu og helstu hagsmunaaðilum, s.s. Félagi leikskólakennara, Félagi stjórnenda í leikskólum, stéttarfélögum annarra starfsmanna leikskóla, samtökum foreldra, Samtökum atvinnulífsins, háskólastofnunum sem koma að menntun leikskólakennara.

Starfstímabil:

Stýrihópurinn leggi fram áfangaskýrslu í skóla- og frístundaráði fyrir 1. desember 2019 og lokaskýrslu fyrir 1. mars 2020 en hafi jafnframt heimild til að koma með tillögur jafnóðum ef þörf krefur.

Vinna stýrihópsins frá 18. október – 5. desember 2019

Stýrihópurinn hefur fundað 5 sinnum á tímabilinu frá 18. október til 5. desember. Eftirfarandi upplýsingum hefur verið safnað og lagt fram fyrir stýrihópinn:

- Gögnum um núverandi opnunartíma leikskóla borgarinnar..
- Upplýsingum frá nágrannasveitarfélögum um opnunartíma leikskóla og breytingar þar að lútandi.
- Yfirlit um hvað foreldrar margra barna kaupa vistun í leikskólum Reykjavíkur frá 7:30 eða 7:45 og til kl. 16:45 og 17:00.
- Kynning frá tveimur leikskólum um skipulag starfs og tilraunir sem gerðar hafa verið með undirbúningstíma deildarstjóra frá kl. 14-16 alla daga. Leikskólastjórar Lyngheima og Rofaborgar mættu á 2. fund stýrihópsins og kynntu fyrirkomulag, útfærslu og reynslu.
- Haraldur Gíslason formaður FL mætti á 3. fund stýrihópsins. Kynnti hann þær áskoranir sem félagsmenn stæðu frammi fyrir og áherslur Félags leikskólakennara í samninga- og hagsmunamálum félagsmanna í náinni framtíð.

Umfjöllun

Opnunartími leikskóla í stærstu sveitarfélögum landsins

Óformleg könnun var gerð á opnunartíma leikskóla hjá stærstu sveitarfélögum landsins. Opinber opnunartími spannar tímabilið frá 07:30-17:15. Fimm af sjö sveitarfélögum opna klukkan 7:30 á morgnana, en tvö opna kl. 07:45, Seltjarnarnes og Akureyri. Lokunartími leikskóla er kl. 16:15 á Akureyri, kl. 16:30 í Reykjanesbæ og Kópavogi og kl. 17:00 eða síðar hjá hinum sveitarfélögum. Seltjarnarnes er með í athugun að hafa opnunartíma frá 07:30-16:30 og í Hafnarfirði hafa leikskólar heimild til að loka kl. 16:30 ef ekki er þörf á lengri opnun. Í Reykjanesbæ er opnunartími fjögurra af fimm leikskólum kl. 07:45-16:15. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir opnunartíma, dvalartíma barna og hversu ung börn eru tekin inn á leikskólana.

Bæjarfélag	Auglýstur tími	Raun opnun	Í athugun	Annað
Seltjarnarnes				
	7:45 - 17:15	7:45 - 17:00	7:30 til 16:30	Taka yngst inn 14. mánaða börn, nema forgangsbörn.
Kópavogur				
	7:30 - 16:30	7:30 - 16:30	Opnunartími ekki í skoðun	Taka inn allt niður í júní 2018 börn. Opnunartími hefur verið til 16:30 frá 1. febrúar 2019.
Garðabær				
	7:30 - 17:00	7:30 - 17:00	Opnunartími ekki í skoðun	Taka inn allan 2018 árganginn.
Hafnarfjörður				
	7:30 - 17:00	7:30 - 17:00	Leyfilegt að loka kl. 16:30 ef ekki er talin þörf á lengri opnun.	Hámarksdvalartími barna verður 8,5 tímar frá næstu áramótum. Ef ekki er þörf á að opið sé lengur en til kl.16:30 er leikskólum heimilt að loka fyrr en kl. 17:00. Leikskólar sem eru með opnunartíma til 17:00 eru hvattir til að skoða styttingu á opnun í takt við skráningar barnanna.
Mosfellsbær				
	7:30 - 17:00	7:30 - 17:00	Opnunartími ekki í skoðun	Hámarksdvalartími barna er 9 tímar.
Akureyri				
	07:45-16:15	07:45-16:15		
Reykjanesbær				
	7:30 - 16:30	7:30 - 16:30		Allir leikskólar nema einn eru opnir frá 07:45-16:15. Hjallastefnan opin frá 07:30-16:30

Opnunartími leikskóla Reykjavíkurborgar í dag

Opnunartími leikskóla Reykjavíkurborgar í dag er frá 7:30-17:00. Af ýmsum ástæðum eru örfáir leikskólar sem opna síðar eða loka fyrr. Mikilvægt er að samræmi sé í opnunartímum leikskólanna til þess að tryggja samræmi í þjónustu við börn og foreldra auk þess að jafnræðis sé gætt á milli starfseininga.

Nýting á keyptum stundum í leikskólum

Ákveðið var að skoða hvernig sá dvalartími sem foreldrar greiða fyrir börn sín er nýttur. Sú aðferð sem var nýtt var að taka út inn- og útskráningar úr upplýsingakerfum borgarinnar í vikunni 14. – 18. október. Meðaltals mæting barna var 90% þá viku sem úttektin fór fram.

Eftirfarandi eru helstu niðurstöður

Í leikskólum Reykjavíkurborgar, eru 5.202 börn. Af þeim börnum eru 615 (12%) með dvalarsamning frá 07:30 og 890 börn (17%) til viðbótar með dvalarsamning frá 07:45. Þá eru 416 börn (8%) með dvalarsamning til 16:45 og 521 (10%) til viðbótar með dvalarsamning til kl. 17:00. 71% barna í leikskólum borgarinnar er með dvalarsamning sem hefst kl. 8:00 eða síðar og 82% barna eru með dvalarsamning til kl. 16:30 á daginn. Taflan hér að neðan sýnir nánari skiptingu og nýtingu á dvalartíma barna.

- Um 552 börn eru mætt fyrir kl. 08:00 í leikskóla borgarinnar á hverjum degi, eða að meðaltali um 8,7 börn í hvern af þeim 63 leikskólum sem starfræktir eru á vegum borgarinnar.
 - ✓ Þar af eru um 204 börn mætt fyrir kl. 7:45 eða 3,2 að meðaltali á hvern leikskóla
 - ✓ Þar af eru um 348 börn mætt á milli 7:45 og 8:00 eða 5,5 börn að meðaltali á hvern leikskóla.
- Um 400 börn eru sótt eftir kl. 16:30 úr leikskólum borgarinnar á hverjum degi, eða að meðaltali 6,3 börn í hvern af þeim 63 leikskólum sem starfræktir eru á vegum borgarinnar.
 - Þar af eru um 247 börn sótt á milli 16:30 og 16:45, eða 3,9 börn að meðaltali á hvern leikskóla. Þar af eru um 152 börn sótt á eftir 16:45, eða 2,4 börn að meðaltali á hvern leikskóla.

Úttekt 14. - 18. október 2019		Dvalarsamningar frá 07:30			Dvalarsamningar frá 07:45		
Heildarfjöldi dvalarsamninga	5202	Fjöldi barna með samning	Fjöldi barna sem eru mætt	Hlutfall mættra af fjölda samninga	Fjöldi barna með samning	Fjöldi barna sem eru mætt	Hlutfall mættra af fjölda samninga
Fjöldi með dvalarsamning		615	553	90%	890	808	91%
Hlutfall af heildarfjölda		12%			17%		
Meðaltalsfjöldi á hvern leikskóla í Rvk.		9,8			14,1		
Nýting á opnunartíma leikskóla		Nýting dvalarsamninga frá 07:30			Nýting dvalarsamninga frá 07:45		
Komutími barna		Hlutfallsleg nýting á dvalartíma		Heildarfjöldi	Hlutfallsleg nýting á dvalartíma		Heildarfjöldi
Mæting fyrir kl. 07:45		31%		169	4%		35
Mæting kl. 7:45-08:00		21%		118	28%		230
Mæting eftir kl. 08:00		48%		266	67%		543
Meðaltalsnýting á dvalartíma í Rvk.		3%		169	5%		265
Úttekt 14. - 18. október 2019		Dvalarsamningar til 16:45			Dvalarsamningar til 17:00		
Heildarfjöldi dvalarsamninga	5202	Fjöldi barna með samning	Fjöldi barna sem eru mætt	Hlutfall mættra af fjölda samninga	Fjöldi barna með samning	Fjöldi barna sem eru mætt	Hlutfall mættra af fjölda samninga
Fjöldi með dvalarsamning		416	384	92%	521	480	92%
Hlutfall af heildarfjölda		8%			10%		
Meðaltalsfjöldi á hvern leikskóla í Rvk.		6,6			8,3		
Nýting í % á leikskóla		Nýting dvalarsamninga til kl. 16:45			Nýting dvalarsamninga til kl. 17		
		Hlutfallsleg nýting á dvalartíma		Heildarfjöldi	Hlutfallsleg nýting á tíma		Heildarfjöldi
Sótt fyrir 16:30		57%		220	51%		244
Sótt fyrir 16:45		33%		125	25%		122
Sótt eftir 16:45		10%		38	24%		114
Meðaltalsnýting á dvalartíma í Rvk.		2%		125	5%		236

Samantekt á nýtingartíma dvalarsamninga sem hefjast fyrir kl. 8:00 á morgnana:

- Um 29% barna eru með dvalarsamning sem hefjast fyrir kl. 8:00 á morgnana, en aðeins 11% eru að nýta sér dvöl fyrir kl. 8:00 á morgnana, rúm 4% frá 7:30 og 7% frá 7:45. Um 89% barna mætir eftir kl. 8:00 í leikskólann á morgnana.
- Af þeim 615 börnum sem eru með dvalarsamning frá kl. 7:30 mæta 43% eftir kl. 8:00 á morgnana. Aðeins 31% mætir fyrir kl. 7:45 á meðan 21% mætir á milli 7:45 og 8:00.
- Af þeim 615 börnum sem eru með dvalarsamning frá kl. 7:30 á morgnana, mættu að meðaltali 169 börn fyrir kl. 7:45, en það eru rétt rúm 3% af þeim börnum sem eru með dvalarsamninga hjá leikskólum borgarinnar, en 12% barna er með dvalarsamning frá 07:30.
- Af þeim 890 börnum sem eru með dvalarsamning frá kl. 7:45 mæta rúm 67% eftir kl. 8:00 á morgnana á meðan rúm 32% mæta á milli 7:30 og 8:00.
- Af þeim 890 börnum sem eru með dvalarsamning frá kl. 7:45 á morgnana, mættu að meðaltali 265 börn fyrir kl. 8:00, en það eru um 5% af þeim börnum sem eru með dvalarsamninga hjá leikskólum borgarinnar, en 17% barna eru með dvalarsamning frá 7:45.

Samantekt á nýtingartíma dvalarsamninga sem lýkur eftir kl. 16:30 á daginn:

- **Um 18% barna eru með dvalarsamning sem lýkur eftir kl. 16:30 á daginn en aðeins 8% eru að nýta sér dvöl eftir kl. 16.30, tæp 5% frá 16.30-16.45 og 3% eftir kl. 16.45. Um 92% barna voru sótt fyrir kl. 16.30 í leikskólann.**
- Af þeim 937 börnum sem eru með dvalarsamning til kl. 16:30 eða síðar á daginn, voru að meðaltali 464 sótt fyrir kl. 16:30, en það eru um 9% af þeim börnum sem eru með dvalarsamninga hjá leikskólum borgarinnar, 247 börn eru sótt fyrir 16:45 sem eru 5% af þeim börnum sem eru með dvalarsamning og 152 börn eru sótt eftir kl. 16:45 eða 3% af heildarfjölda barna með dvalarsamning.
- Af þeim 416 börnum sem eru með dvalarsamning til kl. 16:45 eru 57% sem eru sótt fyrir kl. 16:30 á daginn. Um 33% eru sótt á milli 16:30 og 16:45 á meðan um 10% eru sótt eftir að dvalartíma þeirra lýkur samkvæmt samningi.
- Af þeim 416 börnum sem eru með dvalarsamning til kl. 16:45 á daginn, voru 220 börn sótt fyrir kl. 16:30, en það eru rétt rúm 4% af þeim börnum sem eru með dvalarsamninga hjá leikskólum borgarinnar, en 8% barna er með dvalarsamning til kl. 16:45.
- Af þeim 521 barni sem er með dvalarsamning til kl. 17:00 eru um 51% sótt fyrir kl. 16:30 á daginn á meðan 25% eru sótt fyrir kl. 16:45 og 24% eru sótt eftir kl. 16:45.

Tilraunaverkefni: fyrirkomulag undirbúnings deildarstjóra

Leikskólastjórar Lyngheima og Rofaborgar komu á annan fund stýrihópsins og kynntu þriggja ára reynslu af því að deildarstjórar fara út af deild kl. 14:00 á daginn til að sinna undirbúningi, fundum o.fl. skylduverkefnum sem falla utan viðveru á deild með börnunum. Mismunandi útfærslur eru á leikskólunum í kringum dagskipulag vegna þessa fyrirkomulags, en lykilatriði eru skipulag, eftirfylgni og að hafa varaáætlun sem hægt er að grípa til. Það er mat leikskólastjóranna að mikil ánægja sé með fyrirkomulagið og það sé aukin starfsánægja, að dregið hafi úr álagi, meiri samfella verði í starfinu og að faglegt starf verði öflugra.

Fram kom að deildarstjórar eru í starfi með börnunum án truflunar frá kl 8:00-14:00 alla daga en á þeim tíma taka aðrir starfsmenn sína undirbúningstíma. Deildarstjórar eru eins og áður ábyrgir fyrir starfi deildarinnar allan opnunartíma hennar. Einn dag vikunnar eru deildarstjórafundir eftir kl. 14 en ara daga eru að lágmarki tveir deildarstjórar í húsi til kl. 16:00.

Þróun á nýtingu leikskólarýma

Á síðustu áratugum hefur orðið mikil þróun í starfi leikskóla og breytingar á dvalartíma barna.

- Á árunum 1969-1989 var leikskólum skipt í annars vegar dagheimilisdeildir þar sem börn forgangshópa dvöldu allan daginn og hins vegar leikskóladeildir þar sem börn dvöldu fjóra tíma á dag.
- Á árunum 1989-1995 var leik- og dagheimilisdeildum blandað saman og gerðar að leikskóladeildum með mismunandi vistunartíma. Algengt var að börn dvöldu í leikskólunum 4-6 stundir og var svo allt fram til ársins 2004 en það ár voru enn um 500 börn í 6 stunda dvöl eða skemur.
- Á síðustu árum hefur dvalartími barna aukist ár frá ári og er nú orðinn eins og lýst er hér að framan þar sem nánast öll börn dvelja lengur en átta stundir daglega.

Leikskólakennarar hafa haft áhyggjur af þessari þróun og telja að langur dvalartími, í erilsömu umhverfi í stórum hópi barna, í 8,5 til allt að 9,5 stundir á dag sé of mikið og komi niður á þroska s.s. málþroska og líðan barna sem í auknum mæli sýni merki kvíða og streitu.

Í leikskólum fer fram mikið og gott starf og það á að vera réttur allra barna að njóta náms- og uppeldiskosta leikskólans en það er mat fulltrúa í stýrihópnum að það séu hagsmunir barna að meira jafnvægi komist á, á milli leikskóla og fjölskyldulífs.

Frá hausti 2019 hefur nokkrum fjölda leikskóla gengið illa að ná upp ásættanlegri nýtingu leikskólarýma þar sem biðlistar þeirra hafa tæmst. Vegna þessa hafa á þessu hausti verið mörg laus pláss í leikskólum borgarinnar. Í upphafi árs 2020 er fyrirhugað að opna fyrir innritun yngri barna en nú er og fara í kynningarátak til foreldra um laus pláss í leikskólum borgarinnar sem auglýst verða laus til umsóknar svo foreldrum sé kunnugt um þá valkosti sem þeim standa til boða fyrir börn sín. Samhliða þessu komi tillaga um lækkun rekstrarleyfa leikskóla um 7% til fullra framkvæmda. Tillagan var samþykkt árið 2017 og átti að koma að fullu til framkvæmda í ágúst 2020. Þannig verði fullri framkvæmd flýtt og rekstrarleyfi færð til samræmis við framangreinda samþykkt frá og með 1. febrúar 2020.

Tillögur stýrihópsins í þessum áfanga

Eftirfarandi eru tillögur stýrihópsins í þessum áfanga:

1. Styttri opnunartími leikskóla
 - a. Almennur opnunartími leikskóla borgarinnar verði frá 07:30-16:30.
 - b. Nýir dvalarsamningar gilda lengst til kl.16:30.
 - c. Breytingin taki gildi frá 1. apríl 2020 vegna dvalarsamninga sem nú þegar eru í gildi.
 - d. Heimilt verður fyrir foreldra og forráðamenn með gildandi dvalarsamninga að sækja um lengri aðlögunarfrest til 1. ágúst 2020 vegna sérstakra aðstæðna.
 - e. Ekki verða gerðar breytingar á núgildandi dvalarsamningum til lengingar fram yfir 16:30.
 - f. Hámarksdvalartími barna verði 9 tímar.
2. Laus rými á leikskólum borgarinnar þar sem ekki er biðlisti verði boðin foreldrum laus til umsóknar á sama tíma og rekstrarleyfi leikskólanna verði færð niður í samræmi við fyrri ákvörðun þar um.

Næstu skref stýrihópsins

1. Stýrihópurinn mun á fyrstu vikum nýs árs þróa nánar hugmyndir um breytt skipulag leikskólastarfsins. Mikilvægt er að skoða allar breytingar í samhengi við hugmyndir um styttingu vinnuvikunnar sem eru til umfjöllunar í kjaraviðræðum Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðsemjendur sína.
2. Stýrihópurinn mun taka til skoðunar gjaldskrá leikskóla, uppbyggingu hennar og rýna vel hvort tilefni sé til að aðlaga hana að þeim breytingum sem orðið hafa á kostnaðarhlutdeild foreldra á liðnum árum. Í þeirri vinnu verður m.a. horft til reynslu af breytingum sem gerðar hafa verið á uppbyggingu gjaldskráa í nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.
3. Stýrihópurinn mun kanna hvaða áhrif eitt leyfisbréf fyrir öll skólastigin getur haft á leikskólastarfið og hlutfall starfandi leikskólakennara í leikskólum. Þar með talið hvort færa eigi starfsumhverfi leikskólakennara nær því sem gerist í grunnskólum auk annarra mála er varða sérstöðu leikskólastarfsins.

Jafnréttismat

vegna tillögu um breyttan opnunartíma leikskóla

Júní 2020

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Samantekt - helstu niðurstöður	4
1. Greining á stöðu kynjanna	5
1.1 Staða kynjanna á vinnumarkaði	5
1.2 Ólík umönnunarbyrði kynjanna.....	6
1.3 Dvalartími barna.....	6
2. Greining á gögnum úr upplýsingakerfum SFS	7
3. Umsagnir	10
3.2 Umsagnir hagsmunaaðila	10
3.2 Umsagnir foreldráða	11
4. Niðurstöður foreldrakönnunar.....	14
4.1 Um könnunina	14
4.2 Bakgrunnur svarenda	14
4.3 Sveigjanleiki í vinnutíma	17
4.4 Keyptur dvalartími.....	20
4.5 Ástæður keypts dvalartíma	22
4.6 Hver fer með og sækir börnin á leikskólann.....	36
4.7 Hversu erfitt er að bregðast við styttum opnunartíma?	38
4.8 Kæmi dvalartími sem hleypur á 15 mínútum til móts við foreldra?	42
4.9 Hversu fylgjandi eða mótfallin eru foreldrar breytingunni	45
5. Samantekt	50
Heimildir.....	52
Fylgiskjöl.....	53

Inngangur

Á fundi skóla- og frístundaráðs 8. október 2019 var samþykkt að stofna stýrihóp um umbætur og skipulag leikskólastarfs. Markmið hópsins var að skoða leiðir til að auka fagmennsku, minnka álag á börn og starfsfólk og tryggja gæði starfsins með þarfir barnanna í huga. Í desember 2019 skilaði hópurinn áfangaskýrslu þar sem m.a. var lögð fram tillaga um að stytta almennan opnunartíma leikskóla borgarinnar um hálfra klukkustund, úr 07:30-17:00 í 07:30-16:30 og að dvalartími hvers barns færi ekki yfir níu klukkustundir. Tillagan um styttingu opnunartíma var samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. janúar 2020 og lögð fyrir borgarráð í kjölfarið. Tillagan fékk nokkra fjölmiðlaumfjöllun eftir að hún var samþykkt í skóla- og frístundaráði og voru fjölmargir aðilar sem hvöttu borgarstjórn til að rýna vel í þau jafnréttisáhrif sem samþykkt tillögunnar gæti haft í för með sér. Á fundi borgarráðs þann 23. janúar 2020 lagði borgarstjóri svo fram eftirfarandi tillögu og var hún samþykkt:

Í samráði við stýrihóp skóla- og frístundaráðs um umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík er lagt til að fram fari ítarlegt jafnréttismat á tillögu um breyttan opnunartíma á leikskólum. Mikilvægt er að fá skoðanir foreldra fram í þeirri vinnu og þá sérstaklega þeirra sem eru með dvalarsamninga eftir kl. 16:30 og greina aðstæður þeirra. Greina skal sérstaklega þann hóp foreldra sem muni eiga erfitt með að mæta þessari breytingu á opnunartíma. Einnig er mikilvægt að fá mat á því hvort grípa megi til mótvægisáðgerða vegna tillögunnar til þess að vinna að auknu jafnrétti. Að loknu jafnréttismati muni borgarráð taka tillöguna til endanlegrar meðferðar.

Stefnt var að því að framkvæma jafnréttismatið í febrúar og mars en matið færðist verulega til vegna utanaðkomandi samfélagsáhrifa. Rétt áður en spurningakönnun var send út til foreldra fór starfsfólk Eflingar í verkfall og voru áhrif þess mikil á starfsemi leikskólanna í borginni. Þegar verkfallinu var að ljúka höfðu áhyggjur af Covid-19 aukist mikið og fljótlega hafði veiran gríðarleg áhrif á allt samfélagið í heild sinni. Það er mikilvægt að hafa það í huga að þessar breyttu samfélagsaðstæður gætu hafa haft áhrif á svörun og einnig á viðhorf foreldra til styttingu opnunartíma leikskólanna.

Í kjölfar tillögu borgarstjóra var settur saman hópur til að vinna ítarlegt jafnréttismat á tillögunni um breytingu á opnunartíma leikskóla. Hópurinn greindi gögn úr tölvukerfum borgarinnar þar sem rýnt var í fjölda þeirra sem kaupa dvöl eftir klukkan 16:30. Sérstaklega var litið til þess hver munur er á dvalartíma eftir hverfum, hvernig foreldrar og forsjáraðilar eru að nýta keyptan tíma og hvernig sá hópur sem kaupir tíma eftir kl. 16:30 er samsettur. Bréf var sent á alla foreldra/forsjáraðila leikskólabarna með kynningu á tillögunni og hvers vegna hún var lögð fram. Í kjölfarið var send könnun á þá sem kaupa dvalartíma eftir 16:30 til að fá fram hversu auðvelt eða erfitt það reynist viðkomandi að bregðast við breyttum opnunartíma. Umsagnarbeiðnir um tillöguna voru sendar á foreldraráð allra leikskóla borgarinnar, Heimili og skóla, hagsmunasamtök leikskólakennara og stjórnenda, Sameyki, Eflingu, Umboðsmann barna, Samfok og til kynjafræðideildar og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Að endingu var það starf hópsins að taka saman og varpa fram gögnum frá öðrum en borginni (ríki, háskólasamfélagi o.fl.) sem sýna fram á jafnréttisáhrif breytinga á þjónustu sem þessa.

Hópurinn skipaður:

Freyja Barkardóttir, verkefnastýra kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar á fjármála- og áhættustýringarsviði

Guðlaug Gísladóttir, verkefnastjóri stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs

Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, sérfræðingur á skrifstofu sviðsstjóra á skóla- og frístundasviði

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur

Hópurinn fékk einnig sérstaka aðstoð frá Aðalbjörgu Dísu Guðjónsdóttur, Ingibjörgu Margræti Gunnlausdóttur, Mána Þorsteinsyni og Helgu Gunnarsdóttur á skóla- og frístundasviði.

Samantekt - helstu niðurstöður

Um níuhundruð börn voru með dvalartíma eftir klukkan 16:30 á leikskólum Reykjavíkur á þeim tíma sem jafnréttismatið var framkvæmt. Það er um 17% allra barna í leikskólum borgarinnar. Hluti af leikskólum borgarinnar lokuðu þá þegar klukkan 16:30 svo hluti foreldra hafði ekki val um að kaupa dvöl lengur en það. Nýting á tímanum er að meðaltali 42% sem þýðir að börnin eru sótt eftir klukkan 16:30 að meðaltali rúmlega tvisvar í viku. Aðeins tvö börn nýttu aldrei tímamann eftir klukkan 16:30 á því tímabili sem tekið var út.

Mæður fara oftast með börnin og sækja börnin oftast en feður á leikskólann. Samkvæmt foreldrakönnun munu bæði mæður og feður sækja börnin sjaldnar ef opnunartími verður stytur en fjöldi daga sem feður sækja fækkar meira. Af þeim foreldrum sem eru að kaupa dvalartíma eftir 16:30 telja 62% að það verði erfitt eða mjög erfitt að bregðast við stytum opnunartíma og 59% foreldra eru frekar eða mjög mótfallnir fyrirhugaðri breytingu. Feður er mótfallnari breytingunum en mæður.

Sá hópur foreldra sem mun eiga erfiðast með að bregðast við styttri opnunartíma er fólk sem hefur minnstan sveigjanleika í vinnu og er það helst fólk af erlendum uppruna og þeir sem sögðu að vaktavinna skipti máli í ákvörðun um að kaupa dvalartíma eftir klukkan 16:30. Einnig mun breytingin hafa verst áhrif á foreldra sem hafa lokið iðn-, tækni- eða stúdentsprófi og þar sem heildartekjur heimilis eru á bilinu 550-799 þúsund.

Í opnum svörum í foreldrakönnun kom í ljós að vinnutími og ferðatími í og úr vinnu hefur einna mest áhrif á kaup á dvalartíma eftir 16:30. Einnig hefur ósamræmi varðandi opnunartíma í leik- og grunnskólum og frístundaheimilum áhrif. Margir foreldrar tala um að lenda nú þegar í vandræðum með að ná fullum vinnudegi m.a. vegna ferðatíma í og úr vinnu í samræmi við opnunartíma leikskóla. Einhverjir foreldrar eru að vinna á kvöldin og um helgar til að ná að sinna vinnuskyldu sinni en í þónokkrum svörum kom fram ótti um starfsöryggi og fyrirfram séð tekjutap ef opnunartími leikskólanna verði stytur til 16:30.

Margir foreldrar tala um sveigjanleika, vilja geta keypt tíma til klukkan 17:00 en sækja börnin fyrr þá daga sem það er hægt. Í mörgum tilvikum eru aðrir en foreldrar að sækja börn einhverja daga í viku og er því dvöl barna mislönng eftir dögum. Nokkuð bar á því að foreldrar myndu frekar kjósa að þak yrði sett á lengd dvalartíma barna en að breyta opnunartíma og skerða þar með þjónustu. Foreldrar vilja hafa sveigjanleika til að velja hvort barn byrjar seinna að morgni eða fer fyrr heim að degi loknum.

Niðurstaða foreldrakönnunarinnar er að þessi breyting kemur sér illa fyrir stóran hluta þeirra sem nú þegar kaupa tíma eftir kl. 16:30. Tillagan mun hafa neikvæð áhrif á jafnrétti kynjanna og koma einna verst niður á suma foreldra af erlendum uppruna.

1. Greining á stöðu kynjanna

Í þessum kafla er greining á stöðu kynjanna á vinnumarkaði og umfjöllun um kynjahlutverk í umönnun og fjölskyldulífi en þessi atriði tengjast beint aðgerðum um breyttan opnunartíma leikskóla. Ljóst er að aðgerð sem þessi hefur mismunandi áhrif á fólk eftir ólíkri stöðu, m.a. út frá kyni. Því er mikilvægt að varpa fram þeim kynjaða veruleika sem við búum við út frá fræðilegum rannsóknum, opinberum skýrslum og tölfræði.

1.1 Staða kynjanna á vinnumarkaði

Atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi telst nokkuð há, eða um 77%. Þó eru konur mun líklegri til þess að vinna hlutastarf eða styttri vinnutíma en karlar. Árið 2019 var meðalvinnutími kvenna 35,6 tímar á viku en karla 42,8 tímar. 35% kvenna á vinnumarkaði voru í hlutastarfi á móti 13% karla á vinnumarkaði (Hagstofa Íslands, 2019). Konur eru líklegri en karlar til að minnka starfshlutfall til að koma til móts við þarfir fjölskyldu sinnar (NIKK, 2018). Minni atvinnuþátttaka kvenna á almennum vinnumarkaði hefur áhrif á tekjuöflun þeirra, framgang í starfi og lífeyriskjör. Hjónaband og barneignir hafa almennt jákvæð áhrif á starfsframa og launaþróun karlanna á meðan að launaþróun kvenna staðnar frekar við það að stofna fjölskyldu. Samkvæmt rannsókn Gyðu Margrétar Pétursdóttur (2009) eru meiri líkur á að konur taki á sig aukna umönnunarbyrði heimilanna en karlar vegna gildismats starfa. Karlar eru almennt með hærri laun og eru mun fleiri en konur í stjórnunarstöðum og því meiri líkur á að kona bregðist við með aukinni ábyrgð á heimilisstörfum en karl þegar aðstæður krefjast þess. Þá hefur Kristín Ástgeirsdóttir (2018) einnig bent á að þegar rýnt var í ástæður mikils launamuns kynjanna í Noregi, Svíþjóð og í Danmörku kom í ljós að helsta ástæðan var kynjaskiptur vinnumarkaður og ríkjandi mat á störfum kvenna. Hún bendir á að til að jafna kynbundinn launamun þurfi að endurmeta gildi hefðbundinna kvennastarfa, s.s. í mennta- og velferðarþjónustu. Það telst því mikilvægt skref í jafnréttisstarfi að gefa gaum að þessu kynjabili og grípa til aðgerða sem tryggja jafna möguleika kynjanna til þátttöku á vinnumarkaði.

Í doktorsrannsókn Ólafar Júlíusdóttur (2019) sem fjallar um valdaójafnvægi í stjórnendastöðum í íslensku atvinnulífi kemur skýrt fram að veruleiki kvenna og karla á vinnumarkaði er ekki sambærilegur. Til þess að breyta stöðu og tækifærum kvenna þurfi að horfa á heildarmyndina, þ.e. hvernig fjölskylduábyrgð og launuð vinna fara saman. Í viðtölum Ólafar við konur og karla í viðskiptalífínu kom m.a. fram að konur á barnseignaraldri væru síður álitnar frambærilegar í ábyrgðarstöðum á meðan það virtist ekki vandamál að ráða karla sem ættu von á barni. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna einnig að karlar hafa meiri sveigjanleika og mun meira vald yfir tíma sínum en konur.

35% kvenna á íslenskum vinnumarkaði eru í hlutastarfi (undir 35 klst. á viku) samanborið við 13% karla á vinnumarkaði (Hagstofa Íslands, 2019). Rannsóknir sýna að ástæður þess að fólk sinnir hlutastarfi eru ólíkar milli kynja. Karlar eru aðallega í hlutastarfi vegna náms eða vegna heilsufarsástæðna en konur vegna fjölskylduábyrgðar, heilsufars eða skipulags vinnuveitanda (NIKK, 2018). Í rannsóknarskýrslu Norrænu kvenna- og kynjarannsóknarstofnuninni (NIKK) um atvinnuþáttöku kynjanna á Norðurlöndum er því velt upp hvort ekki væri vænlegri leið að auknu kynjajafnrétti að leiðrétta langa vinnuviku karla í fullu starfi heldur en að reyna að fjölga vinnustundum kvenna ef aukið jafnrétti á vinnumarkaði er markmiðið (NIKK, 2018).

Markmið laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Því markmiði skal m.a. ná með því að bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu og með því að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Ef ójafnvægi ríkir á milli atvinnu og fjölskyldulífs er aukin hætta á streitu og veikindum hjá foreldrum en ef vel tekst að samræma þessi hlutverk þá hefur það jákvæð áhrif á bæði líkamlega og andlega heilsu (Voydanoff, 2005). Mikil umfjöllun hefur verið um styttingu vinnuvikunnar undanfarin ár og telst það meðal annars sem aðgerð til þess að stuðla að auknu jafnrétti en rannsóknir sýna að eftir því sem fólk gengur betur að samræma atvinnu- og fjölskyldulífi er það sáttara við líf sitt (Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir, 2019).

1.2 Ólík umönnunarbyrði kynjanna

Ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á að umönnunarbyrði kynjanna og ábyrgð á heimilisstörfum er afar ólík á milli kynjanna. Konur bera mun oftari þungan af þeirri umönnunarbyrði sem heimilinu fylgir og því eru meiri líkur á að það komi verr niður á konum en körlum þegar skorid er niður í þjónustu sem tengist heimili og umönnun (Himmelweit, 2002; Þóra Kristín Þórsdóttir, 2013).

Samkvæmt niðurstöðum í íslenskri rannsókn á áhrifum kreppu á gæði heimilislífs kom í ljós að konur og karlar eru sammála um að konur bera meiri ábyrgð á heimilisstörfum en karlar. Samkvæmt rannsókninni telja rúm 47% kvenna sig vinna meira en sinn skerf af heimilisstörfum árið 2010 og 49% íslenskra karla viðurkenna að gera minna en sinn skerf (Kolbeinn Stefánsson og Þóra Kristín Þórsdóttir, 2010). Í könnun Maskína frá 2017 um heimilisþrif á Íslandi kemur fram að tæplega 39% kvenna en aðeins 4% karla segjast að mestu leyti sjá um heimilisstörfin á heimili sínu. Á meðan tæplega 68% karla sögðust skipta heimilisstörfum jafnt með maka sínum tóku einungis 51,3% kvenna undir sömu fullyrðingu (Maskína, 2017). Samkvæmt rannsókn Félagsvísindastofnunar árið 2010 vorðu konur á Íslandi að meðalali 12,8 klst. á viku í heimilisstörf en karlar vorðu 8,7 klst. á viku (meðal allra – barnlausra, einhleypa og sambúðarfólks). Sama rannsókn sýndi að giftar mæður vorðu að meðaltali tæpum 33 klst. á viku í umönnun barna en giftir feður 19 klst. (Þóra Kristín Þórsdóttir, 2013).

Ljóst er að konur bera meiri ábyrgð á ólaunuðum umönnunarstörfum á heimilinu en karlar og taka á sig meiri ábyrgð ef utanaðkomandi þjónusta er skert. Þjónustuskerðing er því líkleg til að auka álag og fjölga ólaunuðum vinnustundum hjá konum. Óhætt er að fullyrða að þjónusta á boð við daggæslu er þó hvað mikilvægust fyrir einstæða foreldra sem hafa ekki tök á að deila vinnuálagi og skyldum heimilisins með maka líkt og þeir sem eru í sambúð. Einstæðir foreldrar axla að auki einir þá ábyrgð að afla fjár fyrir heimilið.

1.3 Dvalartími barna

Á síðustu áratugum hefur orðið mikil þróun í starfi leikskóla og breytingar á dvalartíma barna. Á árunum 1969-1989 var leikskólum skipt í annars vegar dagheimilisdeildir þar sem börn forgangshópa dvöldu allan daginn og hins vegar leikskóladeildir þar sem börn dvöldu fjóra tíma á dag. Á árunum 1989-1995 var leik- og dagheimilisdeildum blandað saman og gerðar að leikskóladeildum með mismunandi vistunartíma. Algengt var að börn dveldu í leikskólunum 4-6 stundir og var svo allt fram til ársins 2004 en það ár voru enn um 500 börn í 6 stunda dvöl eða skemur. Á síðustu árum hefur dvalartími barna lengst ár frá ári og er nú orðinn þannig að nánast öll börn dvelja lengur en átta stundir daglega (Reykjavíkurborg, 2019).

Með því að tryggja öllum börnum leikskóladvöl má draga verulega úr félagslegum ójöfnuði (Anna M. Hreinsdóttir, 2019). En þegar litið er til „vinnutíma“ barna má benda á að í skýrslu Evrópuráðsins *Key data on early education and care in Europe* frá árinu 2019 kemur fram að börn á íslenskum leikskólum eru með lengstan viðverutíma. Árið 2016 dvöldu íslensk börn undir þriggja ára aldri að meðaltali 37,3 tíma á viku í leikskólanum og börn yfir þriggja ára í 38,1 tíma á viku. Meðal dvalartími barna í Evrópu er 28 tímar og á það við um börn bæði undir og yfir þriggja ára aldri. Það er því ljóst að dvalartími íslenskra barna er langt yfir meðaltali í Evrópu (Evrópuráð, 2019). Rætt hefur verið um að löng dvöl íslenskra barna auðveldi báðum foreldrum að vinna fullan vinnudag og sé því mikilvæg þegar kemur að kynjajafnrétti á vinnumarkaði. Þó eru einnig uppi vangaveltur um áhrif langs dvalartíma á börnin sjálf, félagsþroska þeirra og vellíðan. Mikilvægt er að gæta að góðu jafnvægi í lengd dvalartíma og skiptingu á milli umönnunar og menntunar innan dvalartímans eins og segir í vangaveltum Önnu Magneu Hreinsdóttur um skýrslu Evrópuráðsins leggur það „grunn að vitsmuna-, félags- og líkamsþroska barna og hjálpar þeim að byggja upp jákvæða sjálfsmynd.“ (2019).

2. Greining á gögnum úr upplýsingakerfum SFS

Fjármálaskrifstofa SFS samkeyrði skýrslur úr upplýsingakerfum borgarinnar þannig að hægt væri að fá skýra mynd af því hversu mörg börn væru með dvalarsamning eftir klukkan 16:30 á daginn, hvernig nýtingin á þeim tíma er og hversu langur heildarvistunartími þessa hóps er. Þá var einnig litið til þess hvernig hópurinn er samsettur, þ.e. hlutfall barna einstæðra foreldra, námsmanna, öryrkja og börn starfsfólks leikskóla Reykjavíkurborgar. Þessir hópar eiga allir möguleika á viðbótarafslætti á leikskólagjöldum og eru því skráð í upplýsingakerfum. Aflað var gagna úr Völu, innritunar- og innheimtukerfi leikskóla og tekið var út tímabilið frá 1. október til 30. nóvember 2019.

Tafla 2.1 sýnir yfirlit yfir fjölda barna í leikskóla eftir hverfum, fjölda með dvalartíma eftir klukkan 16:30 eftir hverfum og hlutfalli af heild. Hér sést að 17% barna á öllum leikskólum borgarinnar var með vistun eftir klukkan 16:30 á tímabilinu, alls 896 börn. Stærsta hlutfall barna með vistun eftir klukkan 16:30 er í Vesturbæ og Miðborg en þar er 24% og 26% allra barna með vistun eftir kl. 16:30.

Vert er að taka fram að á tímabilinu sem tekið var út voru einhverjir leikskólar þegar byrjaðir að loka kl. 16:30 eða 16:45 og því höfðu foreldrar í þeim skólum ekki tók á að kaupa dvöl til kl. 17:00.

Hverfi	Fjöldi barna í leikskóla	Fjöldi eftir 16:30	Hlutfall eftir 16:30
Árbær	577	95	16%
Breiðholt	893	119	13%
Grafarholt og Úlfarsárdalur	377	68	18%
Grafarvogur	772	118	15%
Háaleiti og Bústaðir	646	114	18%
Hlíðar	486	65	13%
Kjalarnes	41	6	15%
Laugardalur	628	110	18%
Miðborg	251	65	26%
Vesturbær	564	136	24%
Alls	5235	896	17%

Tafla 2.1

Í töflu 2.2. sést hvernig hópurinn með vistun eftir kl. 16:30 skiptist á milli þeirra sem eru með vistun til 16:45 annarsvegar og 17:00 hinsvegar. Alls 397 börn eru með vistun til 16:45 en 499 eru með vistun til 17:00.

Hverfi	Alls	alls e. 16:30	16:30-16:45	16:45-17:00
Árbær	577	95	47	48
Breiðholt	893	119	44	75
Grafarholt og Úlfarsárdalur	377	68	38	30
Grafarvogur	772	118	55	63
Háaleiti og Bústaðir	646	114	70	44
Hlíðar	486	65	23	42
Kjalarnes	41	6	2	4
Laugardalur	628	110	44	66
Miðborg	251	65	17	48
Vesturbær	564	136	57	79
Alls	5235	896	397	499

Tafla 2.2

Keyptir tímar

Tafla 2.3 sýnir yfirlit yfir heildardvalartíma barna með vistun eftir klukkan 16:30 eftir hverfum.

Stærsti hópur barna með dvalarsamning eftir klukkan 16:30 er með samtals 9 tíma dvalarsamning eða 385 börn. Næst stærsti hópurinn er með 8,5 tíma dvalarsamning og eru það 352 börn. 66 börn eru með 9,5 tíma dvalarsamning en þriðjungur þeirra er í Breiðholti. Einungis fimm börn með dvalarsamning eftir klukkan 16:30 eru með dvalartíma sem er styttri en 8 klukkustundir.

Hverfi	Fjöldi barna eftir 1630	Heildardvalartími barna með vistun eftir 16:30					
		7 tímar	7,5 tímar	8 tímar	8,5 tímar	9 tímar	9,5 tímar
Árbær	95	0	0	7	31	47	10
Breiðholt	119	0	1	12	39	45	22
Grafarholt og Úlfarsárdalur	68	0	0	4	24	34	6
Grafarvogur	118	1	0	9	33	67	8
Háaleiti og Bústaðir	114	0	0	11	43	56	4
Hlíðar	65	0	0	7	36	21	1
Kjalarnes	6	0	0	2	1	2	1
Laugardalur	110	0	0	7	57	39	7
Miðborg	65	0	1	12	23	27	2
Vesturbær	136	1	1	15	67	47	5
Samtals	896	2	3	86	354	385	66

Tafla 2.3

Hópar með viðbótarafslátt

Tafla 2.4 sýnir fjölda barna í leikskólum eftir hverfum, greint niður á þau sem fá viðbótarafslátt vegna aðstæðna þar sem báðir foreldrar eru í námi, foreldri er einstætt eða foreldrar eru öryrkjar. Í töflunni má sjá samanburð milli heildarfjölda barna þar sem foreldrar eru með þennan viðbótarafslátt og hópin sem er með vistun eftir kl. 16:30. Munur er þar á milli hópa en 17% foreldra allra barna í leikskólum borgarinnar er með þennan viðbótarafslátt en 23% foreldra þeirra barna sem eru með vistun eftir klukkan 16:30 eru með viðbótarafslátt.

Einstæðir foreldrar með vistun eftir klukkan 16:30 eru 170 talsins eða 19% þeirra sem eru með vistun eftir kl. 16:30. Af öllum hópnum er það samtals 679 eða 13% af heildinni.

Hverfi	Fjöldi barna	Allur dagurinn				Eftir 16:30				
		Báðir foreldrar í námi	Einstæðir	Öryrkjar	Hlutfall	Fjöldi barna	Báðir foreldrar í námi	Einstæðir	Öryrkjar	Hlutfall
Árbær	577	4	77	22	18%	95	2	18	4	25%
Breiðholt	893	1	138	49	21%	119	0	26	6	27%
Grafarholt og Úlfarsárdalur	377	3	44	14	16%	68	2	12	1	22%
Grafarvogur	772	1	103	22	16%	118	1	22	4	23%
Háaleiti og Bústaðir	646	4	76	25	16%	114	0	27	5	28%
Hlíðar	486	7	74	11	19%	65	0	18	0	28%
Kjalarnes	41	0	3	4	17%	6	0	1	0	17%
Laugardalur	628	1	73	17	14%	110	0	13	7	18%
Miðborg	251	0	39	6	18%	65	0	14	0	22%
Vesturbær	564	1	52	7	11%	136	1	19	0	15%
Samtals	5235	22	679	177	17%	896	6	170	27	23%

Tafla 2.4

Nýting á tíma eftir klukkan 16:30

Tafla 2.5 sýnir nýtingu á dvalartíma eftir klukkan 16:30. Að meðaltali eru 42% barnanna með vistun eftir kl. 16:30 sótt eftir kl. 16:30 en 58% eru sótt fyrir 16:30. Þetta þýðir að þau börn sem eru með vistunartíma eftir kl. 16:30 eru sótt þá 2-3 daga í viku að meðaltali. Forðast ber að túlka gögnin þannig að einungis 42% af foreldrum með vistun eftir klukkan 16:30 nýti þann tíma en foreldrar geta verið að nýta tímann mismikið. Þó að nýtingin sé ekki 100% þýðir það ekki að foreldrar þurfi ekki á henni að halda.

Í könnun til foreldra voru þeir m.a. beðnir um að svara á hvaða tímum barnið væri venjulega sótt eftir dögum. Ef svör einstaka svarenda eru skoðuð er oft á tíðum flökt á tímasetningum eftir dögum sem gefur til kynna að það fari eftir því hver sækir hversu snemma er sótt, ekki er óalgengt að ömmur eða afar sæki einhverja daga vikunnar og sæki þá oft fyrr til þess að sinna barninu en hina dagana verða foreldrar að nýta allan tímann.

Á tímabilinu sem tekið var út (október-nóvember 2019) voru aðeins tvö börn sem aldrei nýttu tímann eftir klukkan 16:30.

Hverfi	Fjöldi barna með vistun e. 16:30	Meðaltal sótt eftir 16:30
Árbær	95	30%
Breiðholt	119	43%
Grafarholt og Úlfarsárdalur	68	35%
Grafarvogur	118	42%
Háaleiti og Bústaðir	114	40%
Hlíðar	65	40%
Kjalarnes	6	41%
Laugardalur	110	50%
Miðborg	65	51%
Vesturbær	136	48%
Allir samtals	896	42%

Tafla 2.5

Ef litið er til þeirra hópa sem fá viðbótarafslátt eru börn foreldra sem báðir eru í námi að meðaltali að nýta 34% eftir kl. 16:30, börn einstæðra eru sótt eftir kl. 16:30 39% af tímanum og börn öryrkja eru sótt eftir kl. 16:30 32% af tímanum. Eins og sjá má í töflu 2.4 eru þetta fámennir hópar (sérstaklega báðir foreldrar í námi og öryrkjar) og því erfitt að draga ályktanir um meðaltal.

3. Umsagnir

3.2 Umsagnir hagsmunaaðila

Sendar voru út umsagnarbeiðnir til Félags foreldra leikskólabarna í Reykjavík, Heimilis og skóla, Félag leikskólakennara og -stjórnenda, Sameykis, Eflingar, Umboðsmanns barna, Samfok, kynjafræðideildar HÍ og Menntavísindasviðs HÍ.

Umsagnarbeiðnir voru sendar út 21. febrúar 2020 með skilafrest til 16. mars en frestur var lengdur til 16. apríl 2020. Umsagnaraðilar fengu rafrænt bréf og prentað bréf og fylgigögn frá skrifstofu SFS þar sem óskað var eftir umsögnum. Alls bárust umsagnir frá sex aðilum; Heimili og skóla, Félag leikskólakennara, Félag leikskólastjórnenda, Umboðsmanni barna, kynjafræðideild HÍ og Menntavísindasviði HÍ. Hér á eftir er umfjöllun um inntak og helstu ábendingar umsagnaraðila en umsagnirnar eru í fylgiskjölum 1-6.

Umsögn Félags leikskólakennara

Félag leikskólakennara styður tillögu stýrihópsins um styttingu opnunartíma leikskóla. Með breytingunni sé hægt að spyrna gegn löngum viðverutíma barna á leikskólum borgarinnar og styrkja faglegt starf. Að mati félagsins myndi það draga úr álagi á bæði börn og starfsfólk og hægt væri að þjappa vinnutíma starfsfólks á styttra tímabil.

Félag leikskólakennara varpar einnig fram því sjónarmiði að tímabært sé að taka upp umræðu um skilgreiningu á hlutverki leikskóla, annars vegar sem menntastofnunar og hins vegar sem þjónustustofnunar, og leggur til eftirfarandi: *Ef til vill þarf að taka til skoðunar mögulegar breytingar á skipulagi skólastarfs í leikskóla annars vegar og hins vegar skipulagi þess hluta sem telst til frístundastarfs og/eða gæslu. Með slíkum breytingum væri einnig hægt að einfalda skipulag kennsluskyldu leikskólakennara á móti tíma fyrir önnur fagleg störf utan deilda. Slíkar breytingar gætu gert leikskólakennurum kleift að sinna betur faglegum hliðum starfsins utan kennslu, s.s. undirbúningi kennslunnar, skráningum, mati og faglegu samstarfi við annað starfsfólk og kennara. Slíkt mun á endanum skila meiri gæðum í námi barnanna.*

(Sjá umsögnina í heild í fylgiskjali 1).

Umsögn Félags stjórnenda leikskóla

Félag stjórnenda leikskóla styður einnig tillögu stýrihópsins og hvetur Reykjavíkurborg til þess að samþykkja hana. Þá eru taldar upp ástæður þess að einhverjir leikskólastjórar hafi stytt opnunartíma til kl. 16:30 nú þegar, m.a. að *mæting barnahópsins er að stærsta hluta fyrir kl. 8:30 og því ekki hægt að biðja með að fá starfsmenn í hús til kl. 9, yfirvinna fyrir tímann eftir kl. 16:30 er ekki gert ráð fyrir í fjárhagsramma, undirmönnuð starfsemi á leikskólanum, og leikskólastjórar eru ekki tilbúnir til að standa vaktina frá kl. 7:30-17:00.* Félagið fer einnig yfir upplifun þeirra leikskólastjóra sem nú þegar hafa stytt opnunartíma: *starfsfólk finnur að streita inni á deildum minnkar töluvert mikið, faglegt starf hefst strax kl. 9:00, starfsfólk tekur eftir minni þreytu hjá börnum, samskipti barna og foreldra eru oft á tíðum betri þegar börnin eru sótt og færri yfirvinnutímar eru greiddir í hverjum mánuði.*

(Sjá umsögnina í heild í fylgiskjali 2).

Umsögn Heimila og skóla

Heimili og skóli – landssamtök foreldra fagna því að fá umsagnarbeiðni vegna tillögunnar en lýsa yfir óánægju yfir því að ekki hafi verið haft samráð við foreldra við gerð tillögunnar. Bent er á í umsögninni að samkvæmt tillögu stýrihópsins muni tillagan hafa áhrif á um 400 fjölskyldur og það sé ekki lítil tala. Einnig er bent á að undirmönnun og skipulag starfs sé ekki verkefni fyrir foreldra að leysa úr heldur atvinnurekenda sem í þessu tilfelli er sveitarfélagið. Vísað er í Steinunni Gestsdóttur, prófessor í þroskasálfræði, sem fjallað hefur um að hávaði, lítið páss og mannekla á leikskólum hefur frekar neikvæð áhrif á börn en lengd viðverutíma. Lagt er til að stytting opnunartíma væri tekin í smærri skrefum þar sem árangur og áhrif væru metin jafnóðum. Einnig er lagt til að

opnunartími leikskóla taki mið af þörfum á hverjum stað, eða möguleikum hvers leikskóla hvað varðar starfsmannahald og aðstæður. Félagið tekur að lokum fram eftirfarandi: *Fæstir foreldrar kjósa að hafa börn sín lengur á leikskóla dag hvern en þörf krefur og því ætti að vera í forgangi að koma á jafnvægi milli atvinnulífs og fjölskyldulífs sem aftur ætti að skila sér í jafnvægi milli leikskóla og fjölskyldulífs.*

(Sjá umsögnina í heild í fylgiskjali 3).

Umsögn Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands

Í umsögn Félagsvísindasviðs HÍ er því hrósað að Reykjavíkurborg vilji stytta vinnutíma starfsfólks í leikskólum og minnka álag á börn og starfsfólk. Þó er í umsögninni bent á mikilvægi þess að borgin kanni þetta mál ítarlega áður en farið er í framkvæmd þar sem mögulega sé hætti við að með tillögunni sé verið að auka aðstöðumun meðal barna í leikskólum og aðstandenda þeirra. Jafnvel þótt lítill hluti foreldra þyrfti að nýta það svigrúm sem skapast með opnun eftir kl. 16:30 má álykta að það sé einmitt sá hópur sem er í hvað viðkvæmstu stöðu og þarf mest á þjónustunni að halda. Það er ekki réttlætanlegt, samkvæmt umsögninni, að léttu álagi af starfsfólki leikskólanna með því að velta því yfir á fjölskyldur. Bent er á hættu við að álag og streita aukist hjá þeim hópi með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á börnin.

(Sjá umsögnina í heild í fylgiskjali 4).

Umsögn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

Í umsögn Menntavísindasviðs HÍ er bent á mikilvægi þess að viðhorf foreldra og atvinnurekenda til styttingar opnunartíma leikskóla sé könnuð. Raunveruleg lengd dvalartíma einstakra barna er aðalatriðið þegar horft er til velferðar þeirra og því þarf opnunartími ekki að hafa bein áhrif þar á heldur heildar dvalartími. Því er lagt til í umsögninni að settur verður hámarks dvalartími barna. Einnig er lagt til að breytingarnar verði gerðar fyrst í einstökum hverfum, m.a. vegna þess að félagslegar aðstæður fjölskyldna eru afar ólíkar. Menntavísindasvið spyr í ljósi þess hversu fá börn nýta leikskóladvöl eftir kl. 16:30 *hvort ekki megi taka á því með sérstöku skipulagi, án þess að það bitni á faglegu starfi leikskólanna.*

(Sjá umsögnina í heild í fylgiskjali 5).

Umsögn Umborðsmanns barna

Umboðsmaður barna leggur áherslu á að lagt verði mat á áhrif tillögunnar á hagsmuni barna og ákvörðun tekin út frá því. Þá bendir umboðsmaður á að börn eru ekki einsleitur hópur og þarfir þeirra og forsendur misjafnar út frá kyni, aldri, félagslegri stöðu, bakgrunni og öðrum þáttum. Ef andstæðir hagsmunir takast á varðandi tillöguna um breyttan opnunartíma leikskóla ber að tryggja að hagsmunir barnanna hafi forgang.

(Sjá umsögnina í heild í fylgiskjali 6).

3.2 Umsagnir foreldraráða

Allir foreldrar leikskólabarna í leikskólum Reykjavíkurborgar fengu sent bréf þann 11. mars 2020 frá sviðsstjóra, framsent frá leikskólastjóra um samráð við foreldra vegna fyrirhugaðra breytingar á opnunartíma. Var það gert samhliða því að foreldrar barna með vistun eftir klukkan 16:30 fengu sendan hlekk á spurningakönnun (sjá umfjöllun í kafla fjögur). Í bréfi sviðsstjóra var foreldrum bent á að foreldraráði leikskólanna væri boðið að senda inn umsögn um tillöguna og þeir foreldrar sem ekki væru með vistun eftir kl. 16:30 gætu snúið sér til foreldraráða með athugasemdir sínar.

Öll foreldraráðin fengu einnig senda rafræna könnun þann 11. mars og voru þar beðin um að svara eftirfarandi spurningum:

1. Eftir að hafa kynnt ykkur gögn málsins hverja teljið þið kosti tillögunnar?
2. Eftir að hafa kynnt ykkur gögn málsins hverja teljið þið ókosti tillögunnar?
3. Í stuttu máli hver er afstaða foreldraráðsins til tillögunnar?
4. Er eitthvað annað sem foreldraráðið vill koma á framfæri varðandi tillögunna?

Alls bárust 25 umsagnir frá foreldraráðum og er það rúmlega þriðjungur leikskóla borgarinnar. Sjá má skiptingu umsagna eftir hverfum samanborið við fjölda leikskóla í hverfinu í eftirfarandi töflu (3.1).

	Árbær	Breiðholt	Grafarholt og úlfarsárdalur	Grafarvogur	Háaleiti og Bústaðir	Hlíðar	Kjalarnes	Laugardalur	Miðborg	Vesturbær	Samtals
Fjöldi umsagna foreldraráða	1	2	1	5	3	2	1	4	1	5	25
Fjöldi leikskóla í hverfinu	7	11	4	10	8	6	1	6	3	7	63

Tafla 3.1

Yfir helmingur foreldraráða á Kjalarnesi, í Laugardal og Vesturbæ skiluðu inn umsögn en minna en helmingur í öðrum hverfum. Lægsta hlutfallið er í Árbæ og Breiðholti.

Hlutverk foreldraráða er skv. lögum leikskóla nr. 90/2008 að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Kosið skal vera í foreldraráð ár hvert í öllum leikskólum.

Afstaða foreldraráða til tillögunnar

Þar sem spurt var um afstöðu foreldraráðanna til tillögunnar í stuttu máli skiptust svörin þannig að 8 foreldraráð voru almennt jákvæð, 13 voru almennt neikvæð en 4 foreldraráð tóku enga afstöðu. Sjá má skiptingu svara í töflu 3.2.

Umsagnir foreldraráða leikskóla um tillögu um breytingu á opnunartíma	
Almennt jákvæð	8
Almennt neikvæð	13
Hvorki jákvæð né neikvæð	4
Samtals	25

Tafla 3.2

* Af þeim átta foreldraráðum sem almennt voru jákvæð gagnvart tillögunni eru tvö foreldraráð sem gera fyrirvara á svari sínu eftir því hver niðurstaða jafnréttismats verður.

Þá er eitt foreldraráð sem var alfarið á móti breytingunni en stytting opnunartíma hafði þá þegar verið innleidd á þeim leikskóla.

Það sem foreldraráðin telja helst **jákvætt** við breytinguna er eftirfarandi:

- Leikskólinn verði betri vinnustaður og álag á starfsfólk minna. (11 foreldraráð nefna þetta)
- Foreldrar og börn fá tækifæri til þess að eyða meiri tíma saman. (Níu foreldraráð nefna þetta)
- Faglegt starf leikskóla eflist og getur einnig byrjað fyrir á daginn. (Sex foreldraráð nefna þetta)
- Hvatning fyrir atvinnulífið og samfélagið almennt til þess að stytta vinnuvíkuna. (Fjögur foreldraráð nefna þetta)

Einnig nefndu fjögur foreldraráð að breyting á opnunartíma gæti skilað sér í auknum sparnað í borgarsjóð og gæti það talist jákvætt.

Það sem foreldraráðin telja helst **neikvætt** við breytinguna er eftirfarandi:

- Breytingin mun koma verst við viðkvæma hópa (einstæðir, fólk af erlendum uppruna) (14 foreldraráð nefna þetta)
- Samræmist ekki vinnutíma fólks, margir foreldrar eru ekki búnir að vinna svo snemma að hægt sé að sækja á leikskóla fyrir kl. 16:30 (Níu foreldraráð nefna þetta)
- Ferðatími milli vinnustaðs og leikskóla er langur, sérstaklega fyrir þá foreldra sem nota almenningssamgöngur (Sjö foreldraráð nefna þetta)
- Breytingin mun auka álag á fjölskyldur (Fjörgur foreldraráð nefna þetta)
- Fjölskyldur munu hafa minni sveigjanleika eftir breytingu (Þrjú foreldraráð nefna þetta)
- Fyrirhuguð tillaga er einfaldlega skerðing á þjónustu við foreldra (Þrjú foreldraráð nefna þetta)

Að lokum var opin spurning þar sem foreldraráðum var boðið að koma öðrum atriðum á framfæri. 17 foreldraráð svöruðu þeirri spurningu og komu þar mismunandi skoðanir fram. Flest foreldraráð sem svara spurningunni eru mótfallinn tillögunni.

Nokkur foreldraráð segjast vera hlynnt því að setja þak á dvalartíma barna og nefna sem dæmi 8 klst. heildarvistun eða 9 klst. heildarvistun.

Nokkur foreldraráð nefna ferðatíma í Reykjavík sem fyrirstöðu við breytinguna og eitt ráðið kom með eftirfarandi dæmi: *Vinni foreldri til dæmis í miðbæ Reykjavíkur frá kl. 8.00-16.00 en býr í Grafarvogi er ansi tæpt að viðkomandi geti unnið 100% vinnu miðað við ráðgerða breytingu á opnunartíma, hvað þá ef vinnutíminn er t.d. 8.30-16.30.*

Önnur foreldraráð hafa áhyggjur af jafnréttisáhrifum tillögunnar og benda á að breytingin muni valda erfiðleikum sem komi líklega verst niður á konum: *Séu báðir foreldrar í fullu starfi sem miðast við átta tíma vinnudag og vinnutíma sem ekki er hægt að hnika til er líklegt að foreldri þurfi að minnka við sig starfshlutfall. Sagan sýnir okkur að yfirleitt er það tekjulægri einstaklingurinn sem skerðir starfshlutfall sitt og því miður eru það oft konur frekar en karlar sem eru í þeim sporum.*

Nokkur foreldraráð er jákvæð gagnvart fyrirhugaðri breytingu sem þau vonast til að skili sér í styttingu vinnutíma almennt og auknum tíma barna með fjölskyldu og vinum.


4. Niðurstöður foreldrakönnunar

4.1 Um könnunina

Könnun var send dagana 11.-30. mars 2020 á foreldra allra barna sem eru með vistun eftir kl. 16:30. Alls fengu 1.267 einstaklingar könnunina senda, 558 mæður, 513 feður og 196 sem eru skráðir með önnur tengsl í Völunni, skráningarkerfi leikskólanna, þótt ljóst sé á gögnunum að um mæður og feður er að ræða. Svör bárust frá 694 sem er svarhlutfall upp á 55%. Hægt var að svara könnuninni á íslensku, ensku og pólsku. Könnunin var send þremur dögum eftir að verkfalli Eflingar lauk og örfáum dögum áður en takmarkanir í starfi voru settar á vegna Covid-19. Á þessu tímabili fengu foreldrar mikið magn af upplýsingum í tölvupósti og verður svörun því að teljast góð miðað við aðstæður í samfélaginu. Tilgangur könnunarinnar var tvíþættur, annars vegar að gefa foreldrum tækifæri á að tjá sig um breytingartillöguna og hins vegar að afla upplýsinga um hvaða áhrif breytingin hefur á mismunandi hópa samfélagsins. Könnunin samanstóð af spurningum um ástæður þess að fjölskyldur völdu dvalartíma eftir kl. 16:30, hversu langur dvalartíminn væri og hver sæi um að sækja og fara með barnið á leikskólann. Þá var spurt hvernig breytingin kæmi við fólk og hvernig það myndi bregðast við ef að breytingunni yrði. Að lokum var spurt um bakgrunnsupplýsingar í þeim tilgangi að skoða hvort breyting á opnunartíma leikskóla komi verr niður á ákveðnum hópi foreldra en öðrum. Könnunin var sambland af opnum og lokuðum spurningum. Hér fyrir neðan er greining á hópnum sem svöruðu könnuninni og helstu niðurstöður.


4.2 Bakgrunnur svarenda

Mæður voru í meirihluta þeirra sem svöruðu eða 65%, feður voru 34% en önnur tengsl voru innan við 1%. Heldur hærra hlutfall mæðra svarar því en úrtakið segir til um. Tæplega 80% svarenda voru í sambúð eða hjónabandi, tæp 12% svarenda voru einstætt foreldri sem deilir forsjá og 8,6% einstætt foreldri sem er eitt með forsjá. Um 69% Reykvíkinga sem eiga börn eru í hjónabandi eða sambúð samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands, því er vægi svarenda sem eru í hjónabandi eða sambúð aðeins meira en í borginni í heild. Flestir svöruðu því að þeir ættu eitt barn á leikskóla eða 83%, þá áttu 16,7% tvö börn í leikskólum borgarinnar en aðeins 2 einstaklingar eða 0,3% áttu þrjú börn eða fleiri. Spurningar voru ekki greindar út frá þessari bakgrunnsspurningu um fjölda barna.




Mynd 4.1 Tengsl foreldra við barn og hjúskaparstaða

Meirihluti svarenda hefur lokið háskólaprófi eða 72% og þar af hafa flestir lokið meistaraþrófi. Samkvæmt Hagstofu Íslands voru 52% fólks sem er búsett á höfuðborgarsvæðinu og á aldrinum 25-64 ára með háskólamenntun árið 2018. Hlutfall háskólamenntunar er lægra hjá þeim sem eru eldri og því er líklegt að raun hlutfall háskólamenntaðra í aldurshópi foreldra leikskólabarna sé hærra en 52% en þó verður að telja líklegt að það sé lægra en 72%.




Mynd 4.2 Menntunarstig foreldra

Foreldrar voru spurðir *Hverjar eru heildartekjur heimilisins (að jafnaði) á mánuði fyrir skatt? Með heildartekjum er átt við launagreiðslur, bætur, námslán, foreldraorlof og annað þess háttar.* Svarmöguleikar voru lægri en 400 þúsund, 400 til 549 þúsund, 550 til 799 þúsund, 800-999 þúsund, milljón til 1.199 þúsund, og 1.200 þúsund eða hærra. Spurningin og svarmöguleikarnir eru þeir sömu og spurt er um í þjónustukönnun Reykjavíkurborgar. Flestir segjast falla í efsta tekjuflokkinn eða tæp 34% enda flestir í hjónabandi og sambúð.




Mynd 4.3 Heildartekjur heimilisins

Um 20% svarenda er með einhvern erlendan bakgrunn, annað foreldrið er af erlendum uppruna í um helmingi hópsins en hinn helmingur hópsins flokkar sig sem innflytjendur. Innan við 1% merktu sig sem aðra kynslóð innflytjenda.



Mynd 4.4 Hlutfallskipting svarenda eftir bakgrunni

Hlutfallslega flest börn eru í leikskólum í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum annars vegar og Laugardal, Háaleiti og Bústöðum hins vegar. Hlutfall svarenda sem eru með barn í leikskóla í þessum borgarhlutum er þó ívið hærri en raunveruleg skipting leikskólabarna. Skiptingin endurspeglar nokkuð rétt Árbæ, Grafarholt, Norðlingaholt og Úlfarsárdal en er heldur lægri í Breiðholti, Grafarvogi og á Kjalarnesi. Þegar þeir leikskólar sem nú þegar loka kl. 16:30 eru teknir frá er svörunin enn nær lagi raunverulegu skiptingunni í Breiðholti, Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum.



Mynd 4.5. Hlutfallskipting barna á leikskólum eftir borgarhlutum og hlutfallskipting í hvaða leikskóla börn svarenda eru eftir hverfum

Flestir leikskólar sem loka kl. 16:30 nú þegar (að undanskildri skerðingu á opnunartíma vegna Covid) eru í Breiðholti en segja má að foreldrar 34% barna þar hafi ekki möguleika á að velja tíma til kl. 17:00 og fengu þeir spurningakönnunina því ekki senda. Hlutfallið í öðrum hverfum er um 13% en aðeins um 3% í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Hið sama á aðeins við um 3% barna í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum.

Spurt var *Hvert af eftirfarandi atriðum lýsa stöðu þinni best?* Svarmöguleikana má sjá í töflu 4.1 b Svarendur gátu hakað við öll þau svör sem áttu við en margir svöruðu fleiru en einu. Svör foreldra voru greind eftir þessum átta flokkum en þar sem mjög fáir féllu í suma af flokkunum reyndist erfitt að draga ályktanir. Í fámennu flokkunum var oft merkt við fleira en einn valmöguleika eins og heimavinnandi og atvinnulaus o.s.frv. og var því brugðið á þá ráð að fara yfir svör hvers og eins við þessari spurningu og þau greind í einn af fjórum flokkum¹;

1. Heimavinnandi, atvinnulausir eða langveikir
2. Í námi
3. Sjálfstætt starfandi
4. Í starfi

Staða	Fjöldi
Heimavinnandi	19
Sjálfstætt starfandi	68
Í hlutastarfi utan heimilis	43
Í fullu starfi utan heimilis	518
Atvinnulaus / í leit að vinnu	17
Langvarandi veik(ur) eða öryrki	15
Í fullu námi	45
Í hlutanámi	28


Staða	Fjöldi	Hlutfall
Heimavinnandi, atvinnulaus eða langveik	34	5,2%
Í námi	30	4,6%
Sjálfstætt starfandi	65	9,9%
Í starfi	526	80,3%

Tafla 4.1 a og b Staða svarenda – fjöldi svara í hverjum flokki og fjöldi eftir „ráðandi“ stöðu

Við greiningu á svörum út frá bakgrunni svarenda var þess gætt að um nægilega stóra hópa væri að ræða. Ef einstaka hópar voru of fámennir voru þeir annað hvort sameinaðir öðrum hópi eða sleppt þegar greina átti svörin eftir þeirri bakgrunnsbreytu. Sem dæmi voru þeir sem merktu við að þeir hefðu lokið doktorsgráðu sameinaðir þeim sem hafa lokið meistarágráðu úr háskóla og hópurinn endurnefndur Meistaragráða og hærri menntun. Aðeins fjórir svöruðu að þeir hefðu önnur tengsl við barn en sem foreldri þess og var þeim því sleppt þegar svör voru skoðuð út frá tengslum við barn. Sama var upp á teningnum varðandi bakgrunn, þeim sem merktu við að vera annarar kynslóðar innflytjendur var sleppt þegar gögnin voru greind eftir bakgrunni.

4.3 Sveigjanleiki í vinnutíma


Ein af bakgrunnsspurningunum var hversu mikinn eða lítinn sveigjanleika foreldrar hefðu varðandi vinnutíma sinn á sex punkta líkert skala. Á mynd 4.6 má sjá dreifingu svaranna. Mjög svipað hlutfall er sitt hvoru megin við hvorki né valmöguleikann en þó aðeins fleiri sem segjast hafa minni sveigjanleika eða 39% í stað 37% sem hafa meiri sveigjanleika.



Mynd 4.6. Dreifing svara - Hversu mikinn eða lítinn sveigjanleika hefur þú varðandi vinnutíma þinn?

¹ Við flokkunina var farið eftir reglunni að ef viðkomandi var í fullri vinnu og námi eða fullu starfi og langvarandi veikindi þá var starfið valið, ef einstaklingur var í fullu námi og atvinnulaus eða heimavinnandi, var námið valið o.s.frv.


Ljóst er að það skiptir máli fyrir foreldra að hafa sveigjanleika til að geta brugðist við breyttum opnunartíma leikskóla. Því var þessi bakgrunnsbreyta greind niður á hinar bakgrunnsbreyturnar. Fundið var meðaltal fyrir hvern hóp þar sem 1 er enginn sveigjanleiki og 6 er mjög mikill sveigjanleiki. Á mynd 4.7 og 4.9 má sjá meðalstig þess hversu mikinn sveigjanleika mismunandi hópar segjast hafa.²



Mynd 4.7 Meðaltal spurningarinnar: Hversu mikinn eða lítinn sveigjanleika hefur þú varðandi vinnutíma þinn? eftir bakgrunnsbreytum; tengsl við barn, hjúskaparstaða, menntun og tekjur heimilisins. Neðri myndin sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.


Feður hafa samkvæmt þessu meiri sveigjanleika en mæður en 43% mæðra segjast hafa frekar lítinn, mjög lítinn eða engan sveigjanleika á móti 32% feðra. Ekki er mikill munur á hjúskaparstöðu og að vera einstætt foreldri, eitt með forsjá, en athygli vekur að þeir sem eru einstæðir en deila forsjá segjast hafa meiri sveigjanleika en foreldrar í hjónabandi eða sambúð. Hugsanlegt er að þeir hafi þann sveigjanleika að vinna styttri daga þegar barnið er í þeirra umsjón en lengur hina dagana meðan foreldrar í sambúð eða hjónabandi hafi ekki sama sveigjanleika í starfi. Almennt hafa þeir sem eru með háskólamenntun meiri sveigjanleika en þeir sem eru með minni menntun. Undantekningin er þó þeir sem eru með grunnskólapróf. Þegar staða þeirra sem aðeins hafa lokið grunnskólaprófi er skoðuð kemur í ljós að þeir eru hlutfallslega fleiri en aðrir hópar í námi eða heimavinnandi, atvinnulausir eða langveikir. Þeir sem hafa lokið stúdentsprófi eða iðn- eða tækniprófi eru með mun minni sveigjanleika en þeir sem hafa lokið háskólaprófi.

² Strikin standa fyrir 95% skekkjumörkin, þau segja til um að við getum verið um 95% viss um að hið sanna meðaltal liggi á því bili sem mörkin spanna. Ef mörkin virðast ekki skarast er líklegt að um marktækjan mun á hópum sé að ræða. Þeim mun færri sem svara þeim mun stærri eru skekkjumörkin því óvissan er meiri um hvert rétt meðaltal er í raun og veru, bilin stækka einnig ef dreifing svaranna er mikil meðal svarenda.




Mynd 4.8 Dreifing svara - Hversu mikinn sveigjanleika svarandur hafa eftir menntunarstigi

Eins og sjá má á mynd 4.9 þá eru svarandur sem eru heimavinnandi, atvinnulausir eða langveikir með mestan sveigjanleika varðandi sinn vinnutíma enda ekki í eiginlegri vinnu með fasta viðveru.



Mynd 4.9 – Meðaltal spurningarinnar Hversu mikinn eða lítinn sveigjanleika hefur þú varðandi vinnutíma þinn? eftir bakgrunnsbreytunum; staða, erlendur bakgrunnur og borgarhluti. Neðri myndin sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Innflytjendur eru með minnsta sveigjanleikann en marktækur munur er á innflytjendum og þeim sem ekki eru með neinn erlendan bakgrunn. Eins og sjá má á mynd 4.10 segjast um 52% þeirra sem eru innflytjendur hafa frekar, mjög lítinn eða engan sveigjanleika. Þar sem annað foreldrið er erlent er sama hlutfall 47% en 37% hjá þeim sem ekki eru með erlendan bakgrunn.




Mynd 4.10 Dreifing svara - Hversu mikinn sveigjanleika svarandur hafa eftir bakgrunni

Þegar horft er á sveigjanleika vinnutíma og borgarhluta þá er fólk sem býr í Árbæ, Norðlingaholti, Úlfarsárdal, Grafarvogi og á Kjalarnesi með minnsta sveigjanleika í vinnu. Ljóst er að ferðatími er lengri fyrir foreldra í úthverfum borgarinnar og getur það haft áhrif á lengri keyptan vistunartíma.


4.4 Keyptur dvalartími

Aðeins þeir foreldrar sem eru með börn í vistun til kl. 16:45 eða 17:00 fengu könnuna senda. Þeir voru spurðir *Til klukkan hvað er keyptur dvalartími barnsins/barnanna?* 47% sögðust vera með keyptan dvalartíma til kl. 16:45 meðan 53% sögðust vera með keyptan dvalartíma til kl. 17:00 sem endurspeglar skráðan tíma þessara barna. Þá voru foreldrar spurðir *klukkan hvað er barnið/börnin oftast sótt?* þar sem merkja mátti við fyrir kl. 16:30, 16:31-16:45 og 16:46-17:00 fyrir hvern dag vikunnar. Ekki var mikið flókt á milli daga en engu að síður sást stígandi í fjölda þeirra sem sóttu í síðasta falli eftir því sem leið á vikuna en börnin voru svo gjarnan sótt fyrir á föstudögum. Þegar foreldrar kaupa dvalartíma til kl. 16:45 þá eru 69% að sækja á síðasta korterinu á meðan hlutfallið er 54% fyrir þá sem eru með keyptan dvalartíma til kl. 17:00. Sjá mynd 4.11.



Mynd 4.11 Hvenær börnin eru sótt eftir keyptum dvalartíma


Spurt var hver keyptur dvalartími barnsins/barnanna væri í klukkutímum og má sjá dreifingu svaranna á mynd 4.12. Um 14% svarenda er með 8 eða færri keyptar klukkustundir á viku.



Mynd 4.12 Keyptur dvalartími barnsins/barnanna í klukkutímum

Keyptur dvalartími var skoðaður út frá bakgrunnsbreytum. Í ljós kom að einstæðir foreldrar kaupa að meðaltali lengri tíma en foreldrar í hjónabandi eða sambúð. Um 66% foreldra sem eru einir með forsjá kaupa 9 klukkutíma eða lengur og 53% þeirra sem eru einstætt foreldri sem deilir forsjá. Á móti kaupa 35,5% foreldra sem eru í hjónabandi eða sambúð 9 klukkutíma eða lengur.

Mjög algengt er að foreldrar með einhverskonar háskólapróf kaupi 8 og hálfu klukkustund. Þessi hópur er jafnframt líklegur til að segja að keyptur auka hálf tími sé til þess að hafa aukið svigrúm (sjá kafla 4.5 um ástæður keypts vistunartíma eftir kl. 16:30, eftir menntunarstigi). Aðrir hópar kaupa hlutfallslega oftari meiri en 9 klukkustunda vistun á dag eða þá 8 klukkustundir eða færri en sjaldnar 8 og hálfu klukkustund eins og sjá má á mynd 4.13. Á bilinu 49-59% þeirra sem ekki eru með háskólagráðu kaupa 9 klukkutíma eða lengri vistun, þar sem þeir sem hafa lokið stúdentsprófi eru hæstir.



Mynd 4.13 Keyptur dvalartími í klukkutímum eftir menntunarstigi


Athygli vekur að þeir sem falla í hópinn grunnskólapróf eru með mestan sveigjanleika en á sama tíma er þessi hópur með hátt hlutfall þeirra sem kaupa 9 tíma eða meira. Líkleg skýring á því gæti verið sú að þessi hópur nýtur afsláttar á leikskólagjöldum þar sem hlutfallslega fleiri eru í námi, heimavinnandi eða atvinnulausir og því er hver auka klukkustund ekki eins kostnaðarsöm.

Svipaða sögu er að segja fyrir heildartekjur heimilisins. Eftir því sem tekjur eru hærri þeim mun algengara er að foreldrar kaupi 8 og hálfan tíma en eftir því sem tekjurnar lækka eru foreldrar annað hvort að kaupa níu eða fleiri klukkutíma eða 8 klukkustundir eða færri. 60% þeirra sem eru með 400-549 þúsund krónur í heildartekjur heimilisins eru að kaupa 9 eða fleiri klukkustundir.

Aðeins hærra hlutfall þeirra sem eru innflytjendur kaupa 9 klst eða fleiri eða 46% á móti 40% þeirra sem ekki eru innflytjendur. En 24-25% af þeim hópi sem er með erlendan bakgrunn/innflytjendur kaupa 8 tíma eða skemur á móti aðeins 12% þeirra sem eru ekki með erlendan bakgrunn.

Þegar horft er til stöðu svaranda þá eru það helst þeir sem eru í námi sem kaupa 9 klukkustundir eða lengur og gæti námsmannaafsláttur haft áhrif þar á. Þeir sem eru í starfi er líklegastir til að kaupa 8 og hálfan tíma eða 48%.


Talsvert hærra hlutfall kaupir 9 eða fleiri klukkustundir í vestustu borgarhlutum borgarinnar, Árbæ, Norðlingaholti, Grafarholti, Úlfarsárdal, Grafarvogi, Kjalarnesi. Mögulega getur ferðatími til og frá vinnu haft talsvert um það að segja.



Mynd 4.14 Keyptur dvalartími eftir borgarhlutum

4.5 Ástæður keypts dvalartíma

Foreldrar voru spurðir að því hversu litlu eða miklu máli eftirfarandi þættir skipta í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli kl. 16:30 og 17:00. Þættirnir voru vinnutími, ferðatími til og frá vinnu, eiga kost á svigrúmi og hentar fjölskyldunni.




Mynd 4.15 Hversu miklu eða litlu máli skipta eftirfarandi þættir í ákvörðun um að kaupa tíma milli klukkan 16:30 og 17:00

Vinnutími vegur allra þyngst en 83% svarenda segja að vinnutími skipti frekar eða mjög miklu máli í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli kl. 16:30 og 17:00. Fæstir segja að vaktavinna skipti máli en 21% telja það skipti frekar eða mjög miklu máli enda eru líklega aðeins þeir sem vinna vaktavinnu sem merkja við þann valmöguleika. Samkvæmt tölum Hagstofunnar unnu um 25% Íslendinga á aldrinum 16-74 ára, búsettir á höfuðborgarsvæðinu


árið 2016, vaktavinnu en hlutfallið fer minnkandi með aldri. Ferðatími til og frá vinnu, að eiga kost á svigrúmi og að það henti fjölskyldunni er allt með svipaða dreifingu svara en um 72-73% eru frekar eða mjög sammála. Í opnum svörum um ástæður keypts dvalartíma eftir kl. 16:30 kemur skýrt fram að ferðatími til og frá vinnu er veigamikill þáttur og ein af ástæðum þess að margir velja jafnframt að eiga kost á svigrúmi, þ.e. að hafa svigrúm til að komast úr vinnu og að leikskóla barns án þess að hafa áhyggjur af því auka álagi sem getur fylgt þungri umferð síðdegis. Um 63 af 178, eða 35% fjölluðu um þennan þátt í opnum spurningum. Um tveir þriðju þeirra 178 sem nýttu sér opið svar til að tilgreina aðrar ástæður en ofangreindar fyrir því að kaupa vistunartíma milli kl. 16:30 og 17:00, töluðu um nauðsyn í kringum vinnutíma, 15% töluðu um atvinnuöryggi, 10% um tekjutap og 30 einstaklingar (17%) tóku fram að þeir hefðu ekki tök á því að breyta vinnutíma sínum. Tæpur þriðjungur svaranna fjölluðu um að hafa svigrúm og minna álag m.a. í umferðinni og 11 manns nefndu ósamræmi milli leik- og grunnskóla og frístundaheimila. Ekki væri unnt að byrja leikskóladaginn fyrr þar sem skólarnir byrjuðu ekki fyrr, þó það myndi henta fjölskyldunni betur.

Skoðað var hlutfall þeirra sem svöruðu að fyrrgreindir þættir skiptu frekar eða mjög miklu máli eftir bakgrunnsbreytum. Ekki var að greina mikinn mun á milli tengsla við barn. Þeir sem eru í hjónabandi eða sambúð eru alltaf með hæsta hlutfall þeirra sem telja þættina skipta frekar eða mjög miklu máli en minnst ber í milli þegar kemur að ferðatíma til og frá vinnu. Sjá mynd 4.16.



Mynd 4.16 Hlutfall sem segja vinnutíma, vaktavinnu, ferðatíma, eiga kost á svigrúmi og það henti fjölskyldunni skipta mjög eða frekar miklu máli eftir hjúskaparstöðu.

Vinnutími skiptir þá sem eru í starfi meira máli en aðra hópa en um 86% þeirra sem eru í starfi segja að vinnutíminn skipti frekar eða miklu máli, en aðrir þættir skipta þennan hóp jafnframt meira máli en þeir skipta þá sem eru í námi eða heimavinnandi, atvinnulausir eða langveikir.




Mynd 4.17 Hlutfall sem segja vinnutíma, vaktavinnu, ferðatíma, eiga kost á svigrúmi og það henti fjölskyldunni skipta mjög eða frekar miklu máli eftir stöðu

Almennt má segja að þeir sem eru í starfi, með meiri menntun og hærri tekjur svari því frekar til að vinnutími, ferðatími, eiga kost á svigrúmi og að það henti fjölskyldunni hafi haft ákvörðun á keyptan dvalartíma eftir kl. 16:30. Þetta er nokkurn veginn sami hópur og oftast kaupir 8 og hálf klukkustund af dvalartíma. Til þess að gefa

gleggri mynd af ástæðum keypts dvalartíma eftir kl. 16:30 eru hver og einn þátt greindur nánar. Reiknað var meðalskor fyrir hversu miklu eða litlu máli þættirnir fimm hver í sínu lagi skipta í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli kl. 16:30 og 17:00. Kvarðinn var á fimm punkta líkert skala þar sem engu/mjög litlu máli fékk gildið 1 og mjög miklu máli fékk gildið 5. Þá er dreifing svaranna sýnd eftir bakgrunnsbreytum þegar munur innan hópsins er markverður.


Vinnutími

Vinnutími er sú ástæða sem flestir merkja við að skipti mjög miklu máli í ákvörðun að kaupa dvalartíma eftir kl. 16:30, en 59% segja að vinnutími skipti mjög miklu máli í ákvörðuninni og 83% frekar eða mjög miklu máli.



Mynd 4.18 Hversu miklu eða litlu máli skiptir vinnutími í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli 16:30 og 17:00



Mynd 4.19 og 4.20 sýna meðalskor fyrir hversu miklu eða litlu máli vinnutími skipti í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli 16:30 og 17:00 eftir bakgrunnsbreytum ásamt skekkjumörkum og fjölda í hverjum flokki.



Mynd 4.19 Meðalskor og skekkjumörk hversu miklu eða litlu máli vinnutími skiptir sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir tengslum við barn, hjúskaparstöðu, menntun og heildartekjum heimilis. Neðri myndin sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.


Ekki er að sjá mikinn mun milli kynja í þessari spurningu þótt feður telji vinnutímann skipta ívið meira máli. Meðaltal foreldra sem eru í hjónabandi eða sambúð er marktækt hærra en þeirra sem eru einstæðir.

Þá fer meðaltalið stighækkandi eftir menntun og tekjum en þar sem þeir sem eru með stúdentspróf eru það fáir þá er ekki hægt að segja að munurinn sé marktækur. Mun hærra hlutfall þeirra sem eru í tveimur lægstu tekjuflokkunum, eða tæp 29%, er ekki að vinna og því skiptir vinnutími þá hópa ekki eins miklu máli og aðra hópa þar sem hlutfall þeirra sem ekki eru í starfi er um 5%.



Mynd 4.20 Meðalskor og skekkjumörk hversu miklu eða litlu máli vinnutími skiptir sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir stöðu, erlendum bakgrunn, borgarhluta og sveigjanleika vinnutímans. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Fyrirséð var að þeir sem eru í starfi eða sjálfstætt starfandi segi að vinnutími skipti þá meira máli en þeir sem eru í námi, heimavinnaandí, atvinnulausir eða langveikir. Ekki er mikill munur eftir erlendum bakgrunni né á milli borgarhluta. Þegar kemur að sveigjanleika í vinnu horfir hins vegar annað við. Lang stærstur hluti þeirra sem segjast hafa engan eða lítinn sveigjanleika segja að vinnutími skipti mjög eða frekar miklu máli í ástæðu þess að kaupa dvalartíma eftir kl. 16:30 eins og sjá má á mynd 4.20. Því er vert að hafa í huga hverjir það eru sem segjast hafa minnstan sveigjanleika í kafla 4.3. en það eru innflytjendur, þeir sem eru með stúdentspróf eða iðn- eða tækniþróf og þeir sem merkja við að heildartekjur heimilisins séu 550-799 þúsund.




Mynd 4.21 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu leyti vinnutími er ástæða keypts tíma eftir kl. 16:30 eftir því hversu mikinn sveigjanleika í vinnu svarandur hafa.

Vinnutími var sú ástæða sem flestir af þeim 181 foreldrum sem svöruðu til um ástæður keypts vinnutíma eftir kl. 16:30, eða 63%. Í mörgum tilvikum var ómögulegt að sækja fyrir alla daga vikunnar án þess að gera breytingar í vinnu.

Úr opnum svörum foreldra: *Vinnutími föðurs er frá 9:00-17:00 og er vinnan þannig að ekki er hægt að bæta upp tapaðan tíma með því að vinna að heiman. Vinnuveitandi er nú þegar búinn að veita eins mikið svigrúm og hægt er til þess að faðir geti farið nógu snemma úr vinnu til að sækja barnið fyrir kl 17. Vinnutími móður er frá 10-18 og að sama skapi er ekki hægt að bæta upp tapaðan tíma með því að vinna að heiman.*



Vaktavinna

Vaktavinna virðist ekki skipta máli fyrir stóran hóp varðandi kaup á dvalartíma eftir kl. 16:30, enda er hlutfall foreldra í vaktavinnu ekki hátt. Því miður láðist að spyrja foreldra beint hvort þeir ynnu vaktavinnu í könnunni. Rúmlega fimmtungur svarenda eða 131 einstaklingar segja að vaktavinna skipti frekar eða mjög miklu máli í þeirri ákvörðun að kaupa vistunartíma eftir kl. 16:30.




Mynd 4.22 Hversu miklu eða litlu máli skiptir vaktavinna í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli 16:30 og 17:00

Reiknað var meðaltalskor fyrir hversu miklu að litlu máli vaktavinna skiptir í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli 16:30 og 17:00. Kvarðinn var á fimm punkta likert skala þar sem engu/mjög litlu máli fékk gildið 1 og mjög miklu máli fékk gildið 5. Dreifing svaranna var þónokkur við þessari spurningu þar sem vaktavinna skiptir verulegu máli fyrir þá sem vinna slíka vinnu en þá sem ekki gera það skiptir hún litlu sem engu máli. Staðalfrávikin voru því mjög há og skekkjumörkin eru því nokkuð víð og erfiðara að draga mikið af almennum ályktunum um hópa eftir bakgrunn. Engu að síður má sjá á að vaktavinna skiptir suma hópa talsverðu máli.




Mynd 4.23 Meðalskor og skekkjumörk sýna hversu miklu máli vaktavinna skiptir sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir tengslum við barn, hjúskaparstöðu, menntun og heildartekjum heimilis. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Fyrir einstætt foreldri sem er eitt með forsjá skiptir vaktavinna meira máli en þá sem eru í hjónabandi eða sambúð eða deila forsjá, dreifni svaranna er þó mjög há eins og áður kom fram. Vaktavinna skiptir mun minna máli fyrir háskólamenntaða en er erfiðust fyrir þá sem eru með iðn- eða tæknipróf eða stúdentspróf eða 35-36% eins og sjá má á mynd 4.24.





Mynd 4.24 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu leyti vaktavinna er ástæða keypts tíma eftir kl. 16:30 eftir menntunarstigi svarenda.

Þá skiptir vaktavinna meira máli hjá þeim sem eru í lægstu tekjuhópunum. En um 59 einstaklingar í þremur tekjulægstu hópunum segja að það skipti frekar eða mjög miklu máli.




Mynd 4.24 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu leyti vaktavinna er ástæða keypts tíma eftir kl. 16:30 eftir tekjum svarenda



Mynd 4.27 Meðalskor og skekkjumörk hversu miklu að litlu máli vaktavinna skiptir sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir stöðu, erlendum bakgrunn, borgarhluta og sveigjanleika vinnutímans. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Ekki er teljandi munur á milli borgarhluta og þótt einhvern mun sé að sjá eftir stöðu er ekki hægt að álykta að um marktækan mun sé að ræða þar sem dreifni svaranna er það mikil. Vaktavinna skiptir innflytjendum þó marktækt meira máli en þá sem eru með engan erlendan bakgrunn og mun meira máli en þar sem annað foreldrið er erlent en þar sem skekkjumörk þess hóps eru stór er ekki hægt að vera fullviss um að sá munur sé í raun og veru til staðar. Vaktavinna skiptir 25% innflytjenda mjög eða frekar miklu máli eða um 14 manns.


Þeir sem vinna vaktavinnu hafa eðli málsins samkvæmt ekki mikinn sveigjanleika. Það ætti því ekki að koma á óvart að þeir sem segjast hafa minni sveigjanleika séu með hærra meðaltal við spurningunni um hversu miklu eða litlu máli vaktavinnu skipti í þeirri ákvörðun að kaupa vistunartíma eftir kl. 16:30 heldur en í öðrum hópum. Hlutfall þeirra sem segja að vaktavinnu skipti frekar eða mjög miklu máli í ákvörðun um keyptan tíma eftir 16:30 er á bilinu 43-44% og falla rúmlega 50 manns í þennan flokk.



Mynd 4.26 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu leyti vaktavinnu er ástæða keypts tíma eftir kl. 16:30 eftir því hversu mikinn sveigjanleika í vinnu svarandur hafa

Ferðatími til og frá vinnu


Meirihluti svarenda segja að ferðatími til og frá vinnu skipti frekar eða mjög miklu máli eða um 71%.



Mynd 4.27 Hversu miklu eða litlu máli skiptir ferðatími til og frá vinnu í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli 16:30 og 17:00

Mynd 4.28 og 4.30 sýna meðalskor fyrir hversu miklu að litlu máli ferðatími til og fá vinnu skiptir í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli 16:30 og 17:00 eftir bakgrunnsbreytum ásamt skekkjumörkum og fjölda í hverjum flokki.


Þegar ferðatími er skoðaður með tilliti til stöðu, menntunar, bakgrunns og tekna sést að ferðartími dreifist nokkuð jafnt á hópa, ef frá eru taldir þeir sem eru í námi, heimavinnandi, atvinnulausir eða langveikir og þar með á lægstu launinum en ferðatími til og frá vinnu vegur minna sem ástæða fyrir keyptum tíma eftir kl. 16:30 hjá þeim hópum.




Mynd 4.28 – Meðalskor og skekkjumörk hversu miklu að litlu máli ferðatími til og frá vinnu skiptir sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir tengslum við barn, hjúskaparstöðu, menntun og heildartekju heimilis. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Ferðatími til og frá vinnu vegur meira fyrir þá sem segjast hafa frekar eða mjög lítinn sveigjanleika í vinnu og foreldrar sem eru með börn í leikskóla í Árbæ, Norðlingaholti, Grafarholti, Úlfarsárdal, Grafarvogi og Kjalarnesi. Þar er ferðatími mun oftast ástæða keypts tíma eftir kl. 16:30 en í öðrum borgarhlutum enda um lengri að leið að fara frá vinnu en 72-76% í þessum tveimur borgarhlutum segja að ferðatími til og frá vinnu skipti frekar eða mjög miklu máli í þeirri ákvörðun að kaupa dvalartíma eftir kl. 16:30.

Úr opnum svörum foreldra: *Vinum bæði á landspítalanum og ferðatími til og frá vinnu er of langur (30 mín amk). Komumst ekki alltaf út á slaginu kl 16. Búum í Grafarvogi.*




Mynd 4.29 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu máli ferðatími til og frá vinnu er ástæða keypts tíma eftir kl. 16:30 eftir því í hvaða hverfi barnið er í leikskóla.



Mynd 4.30 Meðalskor og skekkjumörk hversu miklu að litlu máli ferðatími til og frá vinnu skiptir sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir stöðu, erlendum bakgrunn, borgarhluta og sveigjanleika vinnutímans. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.



Eiga kost á svigrúmi

Tæplega 72% svarenda segja að það að eiga kost á svigrúmi skipti frekar eða mjög miklu máli.




Mynd 4.31 Hversu miklu eða litlu máli skiptir að eiga kost á svigrúmi í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli 16:30 og 17:00

Reiknuð voru meðalskor við spurningunni um hversu miklu eða litlu máli að eiga kost á svigrúmi skiptir máli í þessi ákvörðun að kaupa tíma eftir kl. 16:30 eftir bakgrunnsbreytum eins og sjá má á myndum 4.31 og 4.33.




Mynd 4.31 Meðalskor og skekkjumörk hversu miklu að litlu máli að eiga kost á svigrúmi skiptir sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir tengslum við barn, hjúskaparstöðu, menntun og heildartekju heimilis. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Við rýni á gögnunum virðist svo vera að eftir því sem foreldrarnir eru í betri stöðu, hjónabandi eða sambúð, í starfi, ekki með erlendum uppruna, með meiri menntun og hærri tekjur þeim mun meira máli skiptir það að eiga kost á svigrúmi sem ástæður þess að kaupa vistun eftir kl. 16:30. Mynd 4.32 af dreifingu svara eftir menntun varpar ljósi á það.



Mynd 4.32 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu máli að eiga kost á svigrúmi er ástæða keypts tíma eftir kl. 16:30 eftir menntunarstigi.



Mynd 4.33 Meðalskor og skekkjumörk hversu miklu að litlu máli að eiga kost á svigrúmi skiptir sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir stöðu, erlendum bakgrunn, borgarhluta og sveigjanleika vinnutímans. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.


Af opnum svörum um ástæður fyrir keyptum vistunartíma eftir kl. 16:30 eru ferðatími til og frá vinnu og það að eiga kost á svigrúmi oft samhangandi þættir: *Vinnutími og umferð í Reykjavík gera það að verkum að við þurfum sveigjanleika til kl 17 til þess að geta náð í barnið flesta daga. Það er mjög erfitt að ætla að vera kominn á staðinn td kl 16.30 hvern dag. Og það vill enginn vera foreldrið sem sækir ekki á réttum tíma.*

Í opnu svörunum kemur jafnframt fram að margir kaupi þennan tíma til að minnka streitu, draga úr kvöld- og helgarvinnu, til þess að þurfa ekki að kaupa annan bíl eða eiga möguleika á því að vera vistvæn og eiga aðeins einn bíl. Þessi svör endurspeglar bæði ástæður þess að foreldrar svara bæði því að eiga kost á svigrúmi og það henti fjölskyldunni mjög svipað. Þá skiptir líka máli hvort börnin eiga systkini á öðrum skólastigum.

Við höfum ekkert bakland sem getur sótt fyrir okkur. Við störfum í átta tíma á dag, erum að reyna að vera vistvæn og eigum einn bíl. Það tekur oftast en ekki lengri tíma að fara til og frá vinnu með vistvænum hætti. Eldra barnið okkar fer í grunnskóla á næsta ári sem hefst kl:8:30 og gætum við því aldrei náð fullum vinnudegi verði vistunartíminn skertur. Það þýðir að ráða þarf einhvern til að sækja eða við þurfum að vinna heima á kvöldin.

Hentar fjölskyldunni

Rúm 72% segja að ástæða keypts tíma eftir kl. 16:30 sé vegna þess að það henti fjölskyldunni.




Mynd 4.34 Hversu miklu eða litlu máli skiptir að það hentir fjölskyldunni í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli 16:30 og 17:00


Reiknað var meðaltalskor fyrir hversu miklu að litlu máli að það henti fjölskyldunni skiptir í þeirri ákvörðun að kaupa tíma milli kl. 16:30 og 17:00 eftir bakgrunni foreldra.

Frekar svipuð mynd kemur upp þegar ástæðan er að það hentar fjölskyldunni er skoðuð og að eiga kost á svigrúmi. Eftir því sem foreldrarnir eru í betri stöðu, hjónabandi eða sambúð, í starfi, ekki með erlendan uppruna, með meiri menntun og hærri tekjur þeim mun meira máli skiptir það að eiga kost á svigrúmi sem ástæður þess að kaupa vistun eftir kl. 16:30.

Athygli vekur að þeir sem eru í tekjuflokknum 800-999 þúsund segja þetta marktækt minni ástæðu en í tekjuflokkunum sitt hvoru megin við, það sama er upp á teningnum við að eiga kost á svigrúmi. Langstærsti hluti þeirra sem svara í þessum flokki eruð í hjónabandi eða sambúð og því líklegt að annað hvort séu báðir aðilar tekjulágir og svör endurspeglar svör þeirra sem eru í tekjulægstu hópunum eða annað foreldrið er með ágæt kjör en hitt foreldrið í litlu starfshlutfalli ef nokkru.




Mynd 4.34 Meðalskor og skekkjumörk hversu miklu að litlu máli að það henti fjölskyldunni sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir tengslum við barn, hjúskaparstöðu, menntun og heildartekju heimilis. Neðri myndin sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.



Mynd 4.35 Meðalskor og skekkjumörk hversu miklu að litlu máli að það henti fjölskyldunni skiptir sem ástæða fyrir keyptum dvalartíma eftir kl. 16:30 eftir stöðu, erlendum bakgrunn, borgarhluta og sveigjanleika vinnutímans. Neðri myndin sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

4.6 Hver fer með og sækir börnin á leikskólann

Foreldrar voru spurðir hversu marga daga vikunnar að meðaltali þeir sóttu börn sín í leikskólann og skutluðu þeim í leiksskólann.



Mynd 4.36 Dreifing svara hversu marga daga vikunnar mæður og feður fara með börn á leikskólann og sækja að meðaltali

Ljóst er að mæður bæði fara oftast með börnin á leikskólann og sækja börnin oftast en feðurnir. Mæður sækja að meðaltali 3,7 daga á viku meðan feður sækja að meðaltali 3 daga vikunnar.³

Foreldrar voru beðnir um að fylla út hversu marga daga vikunnar eftirfarandi hópar myndu sækja ef af breytingunni yrði;

- Ég sæki barnið
- Móður/stjúpmóðir mun sækja barnið (ef önnur en svarandi)
- Faðir/stjúpfaðir mun sækja barnið (ef annar en svarandi)
- Aðrir ættingjar eða vinir
- Þyrftum að ráða einhvern til að sækja fyrr

Eins og áður voru svarvalmöguleikarnir 5 daga í viku, 4 daga í viku, 3 daga í viku, 2 daga í viku, 1 dag í viku og sjaldnar en einu sinni í viku en jafnframt var bætt við valmöguleikanum Aldrei, Á ekki við og Veit ekki. Hlutfall þeirra sem svöruðu veit ekki var á bilinu 10-28%, þar sem flestir sögðu veit ekki við hvort ráða þyrfti einhvern til að sækja.


Til að skoða hvort það félli frekar á mæður eða feður að sækja eftir breytingarnar voru þeir sem svöruðu á ekki við og veit ekki, ekki hafðir með. Ef af breytingunum verður svara mæður því til að þær muni sækja 3,3-3,4 daga vikunnar að meðaltali meðan feður segjast sækja 2,4 til 2,5 daga vikunnar. Um spönn er að ræða eftir því hversu mikið vægi sjaldnar en einu sinni í viku er gefið (frá 0 upp í 1). Í báðum tilvikum fækkar þeim dögum sem foreldrar segjast muna sækja. Fækkar dögumum ef af breytingunum verður um 0,3-0,4 hjá mæðrum en 0,5-0,6 daga hjá feðrum. Feður sjá því frekar fyrir sér að þeir muni ekki geta sótt en mæðurnar. Munur á milli mæðra og feðra eykst úr 0,7 dögum í 0,9. Sjá töflu 4.2.

	Mæður	Feður	Munur milli kynja
Meðalfjöldi daga sem sótt er nú	3,7	3	0,7
Meðalfjöldi daga sem sótt er eftir breytingu	3,3-3,4	2,4-2,5	0,9
Fækkun daga sem sótt er nú og eftir breytingu	0,3-0,4	0,5-0,6	0,2

Tafla 4.2 Meðalfjöldi daga sem mæður og feður sækja nú og áætlaður fjöldi daga sem mæður og feður sækja ef af breytingunni verður

³ Fundinn var meðalfjöldi daga sem mæður og feður fara með börnin á viku þar sem sjaldnar en einu sinni í viku fær vigt frá 0-upp í 1 dag. Meðalfjöldi daga sem mæður fara með barn í leikskólann er 3,5-3,6 dagar á móti 3,3 dagar hjá feðrum.

Á mynd 4.37 er hægt að sjá dreifingu svaranna en þar má sjá að hlutfall feðra sem segist sækja einn dag eða sjaldnar í viku að meðaltali fer úr 18% upp í 36% og þeim fækkar úr 65% sem sækja þrjá daga eða fleiri að meðaltali á viku niður í 45%. Svipuð hliðrun á sér stað hjá mæðrum en ekki í eins miklu mæli en 18% segjast munu sækja 1 sinni eða sjaldnar í viku frá 8% áður og hlutfall þeirra sem sækir núna þrjá eða fleiri daga að meðaltali fer úr 83% nú í 69%. Ljóst er að ef báðir foreldrar sjá fyrir sér að þeim dögum sem þeir sæki fækki og því ljóst að annað hvort verður togstreita á milli foreldranna, að ráða þurfi einhvern til að sækja eða að fleiri í þeirra baklandi þurfi að koma til aðstoðar en 349 manns svöruðu opnu spurningunni *Ef þú hakaðir við ættingja og/eða vini, vinsamlegast tilgreinið hverjir*. Þar af nefndu 70% ömmur og rúmlega þriðjungur afa en ýmsir aðrir voru taldir upp. Í nokkrum opnum svörum í gegnum könnunina, bæði í spurningum um erfiðleika eða mæta breytingunni og um ástæður fyrir keyptum tíma eftir kl. 16:30 kom fram að ömmurnar og afarnir væru í fullu starfi og gætu ekki sótt en fjölskyldur eru margar hverjar að dreifa því á sig að sækja börnin svo þau þurfi ekki að vera of langan dag á leikskólanum.



Mynd 4.37 Dreifing svara hversu marga daga vikunnar mæður og feður sækja barn/börn á leikskólann nú og ályktun um hvað mæður og feður munu sækja barn/börn á leikskólann að meðaltali.

Það er athyglisvert að feður telja að mæður muni að vegnu meðaltali sækja færri daga en þeir sjálfir en þeir telja að þeir muni sækja um tvo og hálfan daga á viku að meðaltali en að mæðurnar aðeins sjaldnar, munurinn er þó ekki mikill. Mæður telja hins vegar að feður muni sækja mun sjaldnar en þær eða um 1,6 daga vikunnar meðan þær sjálfar sæki að meðaltali 3,3 daga. Það munar minnu á því hvað þær meta að feðurnir sæki og þeir segjast sjálfir sækja ($2,4 - 1,6 = 0,8$ dagar) en á milli þess sem þeir telji að þær muni sækja og þær telja að þær muni sækja ($3,3 - 2,3 = 1$ dagur). Það er því nokkuð ljóst að nokkur málamiðlun og lausnahugsun mun þurfa að eiga sér stað ef af breytingunum verður. Eftir sem áður kemur spönn svaranna til af því hvort sjaldnar en einu sinni í viku fær gildi um kringum 0 eða 1.

	Mæður	Feður
Ég mun sækja	3,3 - 3,4	2,4 - 2,5
Móðir/stjúpmóðir mun sækja (ef önnar en svarandi)	1,6	2,3
Faðir/stjúpfaðir mun sækja (ef annar en svarandi)	1,6 - 1,7	1,1 - 1,2
Aðrir ættingjar og/eða vinir munu sækja fyrir	1,2 - 1,4	1,3 - 1,4
Þyrftum að ráða einhvern til að sækja fyrir	1,5	1,5 - 1,6

Tafla 4.3 Meðalfjöldi daga sem mæður og feður segjast sjálf muni sækja og aðrir ef af breytingunni verður

Í einhverjum af opnu svörum kom í ljós áhyggjur af því að móðirin yrði að vera sú sem myndi þurfa að taka á sig að hætta fyrir í vinnu.

Vinnutími beggja foreldra er 9-5. Það er dæmigerður vinnutími á skrifstofum. Móðir myndi eiga erfitt með að haldast á vinnumarkaði og nyta haskolamenntun sína. Það var ekki auðvelt að komast aftur inn á vinnumarkað


eftir barneignir og svona skref gerir konum enn erfiðara fyrir. Einnig myndi þetta þýða skert starfshlutfall með tilheyrandi tekjumissi og streitu. Börnin mín eru mætt rétt fyrir 9 svo að dagurinn er ekki langur þó þau séu sótt

Drengurinn minn er með dvalartíma á milli 8:30 til kl. 17 í [nafn leikskóla]. Maðurinn minn vinnur frá 7:30 til kl. 16:30 og nær því að ná í drenginn okkar fyrir lokun á [nafn leikskóla] eins og staðan er í dag. Sjálf þarf ég að koma barni í grunnskóla í sama hverfi áður en ég mæti til vinnu, þannig að ég keyri drenginn kl. 8:30 á [leikskólann] og svo stelpuna okkar í [skólann], en þar er hún í 1. bekk og á að mæta 8:40. Svo tekur það mig nokkurn tíma að komast til vinnu í miðbænum, en þar er ég alltaf á bilinu 8:55-9:05. Þar vinn ég til kl. 17 og keyri svo heim. Með því að maðurinn nær í drenginn okkar næ ég fullum vinnudegi. milli 16-30 og 17.

Ef viðverutíminn yrði stytur myndi það alltaf lenda á mér af því að maðurinn minn er yfirmaður á sínum vinnustað. Þá myndi ég aldrei ná fullum vinnudegi. Þessi dvalartími stuðlar þar af leiðandi að foreldraþjáfnræði á mínu heimili og gerir mér kleift að vinna 100% vinnu. Ef dvalartími verður stytur þá verður það ég sem þarf að minnka við mig vinnu, það kemur bara ekki til greina hjá manningum mínum, nú eða vinna um helgar eða á kvöldin, sem er aldrei sniðugt með tilliti til kulnunar. Það þykir mér mjög miður.

4.7 Hversu erfitt er að bregðast við styttingum opnunartíma?

Foreldrar voru spurðir hversu auðvelt eða erfitt verður fyrir þig og fjölskylduna að bregðast við mögulegum breyttum opnunartíma leiksskólanna. Svarmöguleikarnir voru á 5 punkta likert skala frá mjög auðvelt sem tekur gildið 1 til mjög erfitt sem tekur gildið 5. Dreifingu svaranna má sjá á mynd 4.38 en um 62% töldu það frekar eða mjög erfitt.



Mynd 4.38 Dreifing svara við spurningunni Hversu auðvelt eða erfitt verður fyrir þig og fjölskylduna að bregðast við mögulegum breyttum opnunartíma leiksskólanna

Eins og áður voru reiknuð meðaltöl og skekkjumörk fyrir spurninguna eftir bakgrunnsbreytum.

Feður telja það vera erfiðara að bregðast við breytingunum en mæður en munurinn nær þó ekki að vera marktækur. Þeir foreldrar sem eru í sambúð eða hjónabandi finnast erfiðara að bregðast við breytingunum en einstæðum en aftur er ekki um martækan mun að ræða, á bilinu 52% til 64% finnast frekar eða mjög erfitt að bregðast við. Í opnu svörum er ljóst að nokkur fjöldi einstæðra mæðra sér ekki alveg fyrir sér hvernig þær eigi að leysa málin ef af breytingunni verður.

Sem einstæð móðir er erfitt fyrir mig að breyta skipulagi fjölskyldunnar. Eldra systkini byrjar í grunnskóla kl 8:30 þannig að það er ekki í boði að fara mikið fyrir af stað út. Á tíma frá 8:15 - 16:45. Þar inni er dvalartími plús ferðir til og frá vinnu.



Ér er einstæð móðir utan af landi og allt mitt bakland í öðrum landshluta.

Ég er ein með 2 börn. Núverandi starfsstöð utan höfuðborgarsvæðisins en þar hef ég haft sveigjanleika að vinna heima ásamt því að stunda nám.

Í haust stefni ég á að halda áfram klínisku námi sem krefst viðveru amk 8-16 + kvöldvaktir sem ég mun reyna að hagræða þannig að þær séu þegar ég er ekki með börnin sem er eitt kvöld í viku. Þar að auki er það ekki launuð


vinna heldur partur af náminu og því engar fastar tekjur til að greiða aðstoðarmanneskju að sækja. Ömmur og afar barnsins búa úti á landi og munu ekki geta aðstoðað þar sem þau eru ennþá vinnandi fólk.

Umferðarmeningin í Reykjavík býður ekki upp á raunhæfa möguleika á að sækja barnið kl.16.30 og það er tæpt að ná að mæta kl.8 þó barnið fái vistun frá 7.30. Strætó er ekki möguleiki innan þessa tímaramma í hverfinu sem ég er í og þó það sé hægt að hjóla þessa vegalengd á sumrin er það varla raunhæft að vetri m.v. færð.




Mynd 4.39 Meðalskor og skekkjumörk hversu auðvelt eða erfitt verður fyrir þig og fjölskylduna að bregðast við mögulegum breyttum opnunartíma leikskólanna eftir tengslum við barn, hjúskaparstöðu, menntun og heildartekju heimilis. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Þegar horft er á menntun eru það fyrst og fremst þeir sem eru með minnstu menntunina sem ekki telja það erfitt að bregðast við breyttum opnunartíma leikskólanna en eins og fyrr hefur komið fram er hærra hlutfall í þessum hópi ekki í starfi eins og á það einnig við um þá tekjulægstu.



Mynd 4.40 Dreifing svara við spurningunni hversu auðvelt eða erfitt verður fyrir þig og fjölskylduna að bregðast við mögulegum breyttum opnunartíma leikskólanna eftir menntunarstigi

Þeir foreldrar sem eru í námi, heimavinnandi, atvinnulausir eða langveikir og þeir foreldrar sem eru með lægstu tekjurnar telja það ekki eins erfitt að bregðast við breytingunum og þeir sem eru í starfi og með heildurtekjur hærri en 550 þúsund á mánuði. Þó er hópurinn 800-999 þúsund eins og fyrr aðeins lægri en þar sem 82% í þeim hópi er í hjónabandi eða sambúð er annar eða báðir aðilar ekki mjög tekjuháir. Hlutfallið sem finnst breytingin erfið fer úr 44-50% í lægstu tveimur tekjuflokkunum í 64-70% í þeim sem eftir koma.



Mynd 4.41 Meðalskor og skekkjumörk hversu auðvelt eða erfitt verður fyrir þig og fjölskylduna að bregðast við mögulegum breyttum opnunartíma leikskólanna eftir stöðu, erlendum bakgrunn, borgarhluta og sveigjanleika vinnutímans. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Ef skoðaður er erlendur bakgrunnur telja fjölskyldur þar sem annað foreldri er erlent að erfitt sé að bregðast við breytingu á opnunartíma. Erfiðleikar þessa hóps sem þetta kemur niður á er þó talsverð eins og sjá má í þessu svari og fleirum


The proposal is to have daycare open for a maximum of 9 hours. Once I factor in drop off minutes for two children in different departments, commute time to work, commute time back to daycare and pick up minutes, it's impossible for me to fulfil a full work day. As an immigrant, I don't have the luxury of family or friends in Iceland. My job situation is precarious as although I'm well qualified I feel my work is always looking for a reason to exclude me and fire me due to my immigrant status (others at my workplace notice it also). I want to work a proper professional job so I can feel respect for myself and be a role model to my children. I can't work my current job at reduced hours. My degrees are not recognised in Iceland. Daycare is the only thing that is allowing me to contribute to this society in a job I find meaningful. I can not express how important the current longer daycare Hours are for me. I wouldn't pay for something I didn't need. These hours are not for me to relax or have flexibility, it's so I can contribute to society and feel good about myself. From my perspective shortening the hours to 8.5 is a breach of gender equality. It will fall to me as the female. This policy will push me out of the workforce. This policy directly targets the most vulnerable who hold their jobs by a thread. Are you not aware of the immense impact this will have of this subset of the population?

Eftirfarandi erindi barst hópnum sem vinnur að matinu eftir að tilkynning um jafnréttismatið var kynnt foreldrum frá foreldri sem er af erlendum uppruna:

I [...] leikskólanum var búin að loka 16:30 síðan nóv 2019. Það hefur komið mjög illa á okkur. Við náum ekki að sækja barnið 16:30. Eg er að vinna til 16 og ef mikið umferð þá gat aldrei sótt hann. Maðurinn missti vinnuna því þurfti að sækja barnið. Við viljum að hafa opið til 17. Það er aukastress fyrir barnafjölskyldur.

Þá finnst foreldrum í Árbæ, Norðlingaholti, Grafarholti og Úlfarsárdal erfiðara að bregðast við en í öðrum borgarhlutum en mjög hátt hlutfall þeirra sem tilgreindu af hverju breytingin yrði erfið nefndu vinnutíma og ferðatíma til og frá vinnu.

Mestan mun má greina eftir því hvort fólk segist hafa mikinn eða lítinn sveigjanleika eins og sjá má á mynd 4.42. Þeim mun minni sveigjanleika á vinnutíma sem foreldrar hafa þeim mun erfiðara að er að bregðast við breyttum opnunartíma. Allt að 79% af þeim sem segjast hafa lítinn sveigjanleika segja að frekar eða mjög erfitt sé að bregðast við mögulegum breyttum opnunartíma. Í því ljósi ber að hafa í huga hvaða hópar það eru sem minnstan sveigjanleika hafa sem lesa má um í kafla 4.3. sem eru innflytjendur, þeir sem hafa lokið iðn-, tækni- eða stúdentsprófi og þeir sem vinna vaktavinnu. Þótt ekki sé um fjölmenna hópa að ræða er vandi þessa hóps við að mæta breytingunni ekki auðleysanlegur.



Mynd 4.42 Dreifing svara við spurningunni hversu auðvelt eða erfitt verður fyrir þig og fjölskylduna að bregðast við mögulegum breyttum opnunartíma leikskólanna eftir menntunarstigi

Þeir sem svöruðu því til að það væri frekar eða mjög erfitt að bregðast við mögulegri breytingu gafst kostur á að tilgreina af hverju. Af þeim 354 svörum sem bárust nefndu 303 vinnutíma eða rúm 86%, 102 eða tæp 29% nefndu ferðatíma til og frá vinnu, 26% nefndu að þeir hefðu ekki tök á að breyta vinnutíma sínum, 20% nefndu mögulegt tekjutap, tæp 12% nefndu atvinnuöryggi vær í húfi, 9% töluðu um skort á tengslanetinu en um 10% sögðu það vera til þess að eiga kost á svigrúmi. Fjórðungur svarenda nefndi að breytingin myndi auka álag á fjölskylduna. Í tengslum við ferðatíman var nokkrum sinnum talað um að foreldrar yrðu að bæta við sig bíl ef af breytingunni yrði. Af opnu svörum má ráða að það myndi valda foreldrum talsverðu álagi og stressi ef opnunartíma yrði breytt. Sumir eiga maka sem ferðast mikið vegna vinnu sinnar eða þurfa að fara um langan veg til vinnu og því muni þetta fyrst og fremst falla á þá. Sumir einstæðir einstaklingar þurfa að reiða sig á aðra í baklandi sínu ef þeir eru svo lánsamir að búa að slíku:

Þau sem sækja fyrir mig eru að vinna til kl. 16 eða 16.30 og þurfa hálf tíma í ferðatíma. Get ekki beðið ættingja að hætta fyrir í vinnunni út af þessu. Sjálf er ég að vinna til kl. 18 eða 18.30 þannig að ef ég fer sjálf fyrir þá missi ég allavega einn og hálfan tíma af launum á hverjum virkum degi.

Margir foreldrar tóku fram að þeim þætti betra að ef stytta ætti opnunartímann að það væri gert að morgni en ekki í lok dags og þá oft til að vera í samræmi við opnun skólanna. Ekki væri hægt að hefja leikskóladaginn fyrir til að komast til vinnu fyrr þar sem skólinn sem eldri systkini færu í opnaði ekki fyrr en kl. 8:30 eða 8:40. Þá nefndu margir að þeir væru hlynntari því að hámarks lengd yrði sett á viðveru barnanna í leikskólanum í 8 og hálfan tíma frekar en að opnunartími yrði stytur. Nokkrir tóku fram að þeir vildu ekki þurfa að hafa börnin sín í 8 og hálfan

tíma á leikskólanum en þeir hefðu ekkert val ef uppfylla ætti vinnuskyldu og að stytting vinnuvikunnar ætti í raun að koma á undan styttingu opnunartíma leikskólanna. Ein móðir með barn í grunnskóla sem byrjar 8:30 orðar þetta svona:

Maður er ekki að gera það að gamni sínu að skrá barnið til 17 - ef vinnudagurinn væri stytur þá væri það annað mál - þá mundi ég valhoppa að sækja barnið fyrir.

Greina mátti ótta við aukið álag og streitu á fjölskyldulífið, með fleiri reddingum, skiptast á að vinna lengri vinnudaga til að uppfylla vinnuskyldu o.s.frv.

Sé ekki fyrir mér að geta minnkað við mig í vinnu eins og staðan er núna varðandi verkefnaálag og annað [...] það væri erfitt að bregðast við með því að fara enn fyrir af stað eða vinna ennþá lengur á mánudögum þegar amman passar. Það er mikið stress að vera alltaf í einhverjum reddingum.


Ljóst er að álagið er ekki minna á einstæða foreldra.

Því ég er ein með börnin mín tvö sem eru á leikskóla og það mun bæði bitna á námi mínu við Háskólann og atvinnu ef til þessara breytinga kemur. Ég hef engann að til að aðstoða mig við að sækja börnin mín. Þess vegna sé ég fyrir mér að þeir sem standa höllum fæti nú þegar og hafa ekkert stuðningsnet í kringum sig eru þær fjölskyldur sem munu líða hvað mest fyrir þessar breytingar sem stangast á við bæði barnasáttmálann sem er lögfestur hér á landi og barnaverndarlögin. Markmið Barnaverndarlaga er einmitt að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Einstæðir foreldrar eiga margir hverjir eftir að fá lægri tekjur við minnkaða atvinnu sem þessi breyting getur haft í för með sér ásamt auknu álagi almennt á einstæða foreldra sem ekki búa við neitt stuðningsnet. Það gefur því auga leið að mörg börn munu því þurfa að búa við meira álag og lélegri efnahag ef til þessara breytinga kemur.

4.8 Kæmi dvalartími sem hleypur á 15 mínútum til móts við foreldra?



Í könnuninni var foreldrum gerð grein fyrir því að í dag standi foreldrum til boða að velja dvalartíma sem hleypur á heilum og hálfum tímum og gefið dæmi um að foreldrar geti valið á milli þess að kaupa 8 tíma, 8 og hálfan tíma eða 9 tíma. Þá var tekið dæmi að ef keyptur dvalartími fyrir tiltekið barn er t.d. 8 og hálfur tími en það hefur vistun kl. 8:15 þá þarf að kaupa tíma til 16:45 en ekki er boðið upp á að kaupa 8 tíma og 15 mínútur sem væri þá til kl. 16:30 í þessu dæmi.

Voru foreldrar þá spurðir hvort að ef boðið yrði upp á að kaupa dvalartíma sem hlypi á korterum í stað heils og hálf tíma, að hversu miklu eða litlu leyti það myndi auðvelda þeim að aðlagast breytingunni sem stytting opnunartímans felur í sér. Dreifingu svaranna er að finna á mynd 4.43.



Mynd 4.43 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu leyti það myndi auðvelda foreldrum að aðlagast að breytingunni ef boðið yrði upp á að kaupa korter í stað heils og hálf tíma


Eins og áður voru reiknuð meðaltöl þar sem að mjög litlu leyti fékk gildið 1 og að mjög miklu leyti fékk gildið 5 og fundin meðaltöl fyrir bakgrunnsbreyturnar.




Mynd 4.44 Meðalskor og skekkjumörk að hversu miklu eða litlu leyti myndi það auðvelda foreldrum að aðlagast breytingunni ef boðið yrði upp á að kaupa dvalartíma sem hleypur á korterum eftir tengslum við barn, hjúskaparstöðu, menntun og heildartekju heimilis. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Mæður töldu þetta hafa mun meiri áhrif en feðurnir en 32% mæðra töldu það að frekar eða miklu leyti auðvelda að bregðast við á móti 23% feðra eins og sjá má á mynd 4.45. Aðeins 15% einstæðra foreldra sem eru ein með forsjá telja að þetta auðveldi þeim að bregðast við (mynd 4.46).


Þeir sem eru með framhaldsskólamenntun eða með tekjur á bilinu 400 til 549 þúsund og heimavinnandi, atvinnulaus eða langveikir segja einna helst að þessi breyting myndi auðvelda þeim breytinguna en þennan tekjulága hóp munar um að þurfa ekki að greiða fyrir korter sem ekki er nýtt í meira mæli en hina. Skekkjumörkin eru þó mjög víð m.v. önnur skekkjumörk um meðaltöl þessara hópa sem gefur til kynna að svörin dreifast mikið, s.s. komi sér annað hvort mjög vel, eða alls ekki.



Mynd 4.45 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu leyti myndi það auðvelda foreldrum að aðlagast breytingunni sem stytting opnunartíma felur í sér ef boðið yrði upp á að kaupa dvalartíma sem hleypur á korterum í stað heils og hálfstíma eftir tengslum við barnið




Mynd 4.46 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu leyti myndi það auðvelda foreldrum að aðlagast breytingunni sem styttinging opnunartíma felur í sér ef boðið yrði upp á að kaupa dvalartíma sem hleypur á korterum í stað heils og hálfstíma eftir hjúskaparstöðu



Mynd 4.47 Meðalskor og skekkjumörk að hversu miklu eða litlu leyti myndi það auðvelda foreldrum að aðlagast breytingunni ef boðið yrði upp á að kaupa dvalartíma sem hleypur á korterum eftir stöðu, erlendum bakgrunn, borgarhluta og sveigjanleika vinnutíma. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Í Árbæ, Norðlingaholti, Grafarholti og Úlfarsárdal telja 37% foreldra að breytingin myndi að miklu eða frekar miklu leyti auðvelda þeim breytinguna sem er svipað hlutfall og í Laugardal, Háaleiti og Bústöðum en lægra í öðrum borgarhlutum. Þá telja 54% foreldra þar sem annað foreldrið er erlent að þessi breyting komi að frekar eða mjög litlu gagni.

Þar sem foreldrar með lítinn sveigjanleika töldu það erfitt að bregðast við breyttum opnunartíma þá er rétt að skoða hvernig þessi breyting kæmi sér eftir því hversu mikinn sveigjanleika í vinnu foreldrar hafa. Í ljós kemur að breytingin kemur sér vel fyrir þá sem hafa mjög eða frekar mikinn sveigjanleika en af þeim sem segjast hafa engan sveigjanleika segja aðeins 12% að þessi breyting myndi að frekar eða miklu leyti auðvelda að aðlagast að breytingunni.




Mynd 4.48 Dreifing svara við spurningunni að hversu miklu eða litlu leyti myndi það auðvelda foreldrum að aðlagast breytingunni sem stytting opnunartíma felur í sér ef boðið yrði upp á að kaupa dvalartíma sem hleypur á korterum í stað heils og háls tíma eftir því hversu sveigjanlegur vinnutími foreldra er

4.9 Hversu fylgjandi eða mótfallin eru foreldrar breytingunni



Foreldrar voru að lokum spurðir eftirfarandi spurningar: Með það fyrir augum að stytting opnunartíma getur haft í för með sér jákvæð áhrif á starf leikskólans en jafnframt að það geti þýtt ákveðið óhagræði fyrir þig/ykkur, hversu fylgjandi eða mótfallin ertu/eruð þið breyttum opnunartíma?

Svarmöguleikarnir voru frá mjög fylgjandi sem tekur gildið 1 til mjög mótfallin(n) sem tekur gildið 5. Mynd 4.49 sýnir dreifingu svaranna en 59% svaranda eru mótfallin, um fimmtungur segir hvorki né og fimmtungur er fylgjandi breytingunni.




Mynd 4.49 Dreifing svara við spurningunni hversu fylgjandi eða mótfallin ertu/eruð þið breyttum opnunartíma leikskólanna

Fundin voru meðaltöl eftir bakgrunnsbreytum eins og í fyrri spurningum.





Mynd 4.50 Meðalskor og skekkjumörk hversu fylgjandi eða mótfallin ertu/eruð þið breyttum opnunartíma leikskólanna eftir tengslum við barn, hjúskaparstöðu, menntun og heildartekju heimilis. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Fæður eru mun mótfallnari breytingunum en mæður og meðaltal þeirra er marktækt hærra en meðaltal mæðranna. Foreldrar í sambúð eða hjónabandi eru mótfallnari en þeir sem einstæðir eru, en 62% þeirra er frekar eða mjög mótfallin engu að síður eru 28% einstæðra mjög mótfallin breytingunni. Eftir því sem menntunarstig eykst og heildartekjur fjölskyldunnar aukast þeim mun mótfallnari eru foreldrar tillöggunni.




Mynd 4.51 Dreifing svara við spurningunni hversu fylgjandi eða mótfallin ertu/eruð þið breyttum opnunartíma leikskólanna eftir tengslum við barn




Mynd 4.52 Meðalskor og skekkjumörk hversu fylgjandi eða mótfallin ertu/eruð þið breyttum opnunartíma leikskólanna eftir stöðu, erlendum bakgrunn, borgarhluta og sveigjanleika vinnutímans. Neðri línan sýnir fjölda einstaklinga í hverjum hópi.

Innflytjendur eru mun hlynntari breytingunni en þeir foreldrarar þar sem a.m.k. annað foreldri er íslenskt en 39% þeirra eru frekar eða mjög fylgjandi á móti aðeins 13% þeirra sem annað foreldrið er erlent eins og sést á mynd 4.53. Engu að síður segjast 40% innflytjenda vera mjög eða frekar mótfallnir og í opnum svörum kom fram að einhverjir höfðu áhyggjur af atvinnuöryggi sínu.



Mynd 4.53 Dreifing svara við spurningunni hversu fylgjandi eða mótfallin ertu/eruð þið breyttum opnunartíma leikskólanna eftir bakgrunni

Breiðholtið sker sig aðeins úr en þar eru 45% frekar eða mjög mótfallnir breytingunni á móti 56-63% í öðrum hverfum.



Mynd 4.54 Dreifing svara við spurningunni hversu fylgjandi eða mótfallin ertu/eruð þið breyttum opnunartíma leikskólanna eftir hverfum.

Í takt við fyrri niðurstöður þá eru þeir mótfallnari breytingunni sem hafa minni sveigjanleika og þeir sem eru í starfi eða sjálfstætt starfandi eru mun mótfallnari en þeir foreldrar sem eru í námi eða heimavinnandi, atvinnulausir og/eða langveikir. Það er því ljóst að mesta mótstaðan er frá þeim sem eru í fullri vinnu, ferðatími til og frá vinnu er langur og frá þeim sem hafa lítinn sveigjanleika.

Lang stærsti hópurinn sem er mótfallinn breytingunni eru með hátt menntunarstig og ekki í tekjulægstu flokkunum. Þó virðist vera sem þessi hópur sé ekki að leitast eftir að „geyma“ börnin sín sem lengst í leikskólum borgarinnar því flest barna þessara hópa eru aðeins í vistun í 8 og hálf klukkustund. Þetta korter eða háltími sem þeir eru að kaupa eftir kl. 16:30 gefur þeim hins vegar færi á að ljúka sínum vinnudegi og svigrúm til að komast að sækja barnið á réttum tíma þrátt fyrir að sinna þurfi öðrum börnum og sitja í umferðinni. Af greiningu spurninganna um ástæður keypts vistunartíma og opnum svörum að dæma er jafnframt fámennur hópur sem er með lítinn sveigjanleika og stendur höllum fæti sem ekki má við breytingunni án þess að eiga á hættu atvinnumissi og/eða tekjutapi.

Að lokum gafst foreldrum tækifæri á að koma á framfæri sínum skoðunum á fyrirhugaða styttingu opnunartímans í opinni spurningu. Af þeim 264 svörum sem bárust í opnu spurningunni voru tveir þriðjuhlutar almennt neikvæðir, um 23% nokkuð hlutlausir og tæp 8% almennt jákvæðir. Sumir foreldrar nefndu að þeir væru jákvæðir gagnvart styttingu vinnuvikunnar og styttingu leikskólans í kjölfarið. Einnig tóku sumir foreldrar fram að minnka mætti hámarks viðverutíma barnanna í stað þess að skerða opnunartíma.

Nokkur fleiri dæmi um opin svör foreldra:

Það ætti miklu frekar að stytta vistunartíma barnanna en að stytta opnunartíma leikskólanna. Það hafa ekki allir foreldrar sama vinnutímatíma, og ekki allir hafa aðstandendur sem geta sótt. Með þessu fyrirkomulagi eru allir að flýta sér að sækja á sama tíma sem eykur umferð og allir eru seinir að sækja.

Þangað til Reykjavíkurborg kemur á styttingu vinnuvikunnar fyrir starfsfólk sitt á leikskólum borgarinnar þá sé ég mér ekki fært um að verða við þessum breytta opnunartíma borgarinnar. Þið eruð ekki að gefa starfsfólki ykkar það svigrúm sem þið krefjist af foreldrum.

Við teljum að þessi breyting auki álag á foreldra á vinnumarkaði vel umfram það álag sem myndi minnka á leikskólustarfsfólki. Starfsmenn leikskólans sem eru til kl 17 vinna bara seinni partinn og þeir kvarta ekki yfir álagi. Tíminn frá 16:30 til 17 er rólegur tími á leikskólanum þar sem mörg börn eru sótt fyrr. Þetta er því alls ekki mesti álagstíminn fyrir leikskólustarfsmenn en töluvert kritískur tími fyrir foreldra á leið heim úr vinnu.

Sem fyrrum starfsmaður í leikskóla þá hefur þessi hálf tími á milli 16:30 og 17:00 ekki neikvæð áhrif á starf skólans. Ég veit ekki hvaðan sú skoðun kemur en hún hefur enga fræðilega skírskotun. Langur vistunartími er eitt, langur þjónustutími er annað. Ekki rugla þessu tvennu saman. Það kostar vissulega að halda lengri þjónustutíma en ekki rugla því við 'jákvæð áhrif á starf leikskólans'.

Ég tel að sama markmiði yrði náð með því að a) stytta leyfilegan vistunartíma barna um hálf tíma og b) stytta vinnutíma starfsfólks, þ.e. án þess að stytta opnunartímann sem slíkan. Það þurfa ekki allir að vera í leikskólanum á sama tíma og þá geta foreldrar valið þann vistunartíma sem hentar. Við þurfum t.d. ekki vistun frá opnun kl. 08, heldur frá 08:30-17:00. M.v. fréttir sem hafa komið fram í fjölmiðlum hefur svona fyrirkomulag gengið vel hjá Hjallastefnunni.

Vegna þessa neyðumst við til að minnka við okkur vinnu til að ná í barnið. Einnig getur verið erfitt að treysta á að við komumst á réttum tíma til að ná í barnið. Núna er þetta þannig að langoftast er barnið sótt fyrir kl. 16:30. En það er sveigjanleiki sem felst í þessu auka korteri, ef eitthvað kemur uppá, hvort sem það er í vinnunni eða í umferðinni.

5. Samantekt

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir aðstæðum og skoðunum foreldra barna í leikskóla vegna fyrirhugaðrar tillögu um að stytta almennan opnunartíma leikskóla borgarinnar um hálfa klukkustund, úr kl. 07:30-17:00 í 07:30-16:30 og að dvalartími hvers barns fari ekki yfir níu klukkustundir. Tillagan var samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs í janúar 2020 og vakti mikil viðbrögð í samfélaginu og í fjölmiðlum. Tillagan byggir á áfangaskýrslu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs en við undirbúning láðist að hafa samráð við foreldra. Borgarráð samþykkti því að gert yrði ítarlegt jafnréttismat á tillögunni og má segja að þetta jafnréttismat byggi að mjög miklu leyti á samráði við foreldra leikskólabarna.

Aflað var upplýsinga í gegnum fjórar mismunandi leiðir; í fræðum og opinberri tölfraði, í gegnum tölvukerfi skóla- og frístundasviðs, í formi umsagnabeiðna til foreldraráða leikskóla og annara hagsmunaaðila, og að lokum í gegnum opna spurningakönnun sem send var út til allra foreldra sem kaupa dvöl eftir klukkan 16:30.

Upplýsingar úr innritunarkerfinu Völu sýna að 17% barna á öllum leikskólum borgarinnar var með vistun eftir klukkan 16:30 á tímabilinu október-nóvember 2020, og eru það 896 börn. Stærsta hlutfall barna með vistun eftir klukkan 16:30 er í Vesturbæ og Miðborg en þar er 24% og 26% allra barna á leikskóla með vistun eftir kl. 16:30. Flestir af þeim skólum sem þegar höfðu stýtt opnunartímann þegar tillagan var lögð fyrir eru í Breiðholti og höfðu því um 34% foreldra barna þar ekki val um að kaupa dvöl til klukkan 17:00. Í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum á þetta aðeins við um foreldra 3% barna og getur það verið ástæða fyrir mismun á keyptum dvalartíma eftir hverfum.

Að meðaltali eru 42% barna með dvöl eftir kl. 16:30 sótt eftir kl. 16:30 en 58% eru sótt fyrir 16:30. Það þýðir að þau börn sem eru með vistunartíma eftir kl. 16:30 eru sótt þá 2-3 daga í viku að meðaltali. Forðast ber að túlka gögnin þannig að einungis 42% af foreldrum með vistun eftir klukkan 16:30 nýti þann tíma en allir foreldrar geta verið að nýta tímann mismikið. Á tímabilinu sem tekið var út (október-nóvember 2020) voru aðeins tvö börn sem aldrei nýttu dvalartímann eftir klukkan 16:30

Stærsti hópur barna með dvalarsamning eftir klukkan 16:30 er með samtals 9 tíma dvalarsamning eða 385 börn. Næst stærsti hópurinn er með 8,5 tíma dvalarsamning og eru það 352 börn. 66 börn eru með 9,5 tíma dvalasamning en þriðjungur þeirra er í Breiðholti. Einungis fimm börn með dvalarsamning eftir klukkan 16:30 eru með samtals dvalartíma sem er styttri en 8 klukkustundir. Ljóst er að leikskóladagur íslenskra barna er langur og mælt er með því að rýnt verði í leiðir til að setja þak á lengd dvalartíma án þess að skerða opnunartíma leikskóla. Fjölbreyttar fjölskyldur kalla á fjölbreyttar lausnir.

23% foreldra þeirra barna sem eru með vistun eftir klukkan 16:30 eru með viðbótarafslátt af leikskólagjöldum vegna aðstæðna þar sem báðir foreldrar eru í námi, foreldri er einstætt eða foreldrar eru öryrkjar. Stærsti hluti þeirra eru einstæðir foreldrar en þau eru 170 talsins eða 19% þeirra sem eru með vistun eftir klukkan 16:30. Í opnu svörum foreldrakönnunarinnar kom fram að einstæðir foreldrar sem eru einir með forsjá munu eiga í verulegum erfiðleikum með að bregðast við styttingu opnunartíma.

Þær umsagnir sem bárust frá foreldraráðum leikskólanna skiptust á eftirfarandi hátt: 13 af 25 (52%) eru mótfallin tillögu um að breyta opnunartíma leikskóla, 8 af 25 (32%) eru jákvæð og 4 (16%) taka ekki afstöðu.

Þrátt fyrir að foreldrakönnunin hafi verið lögð fyrir á strembnum tíma fyrir foreldra, örfáum dögum eftir verkfall og inn í upphaf skertrar starfsemi vegna Covid 19 þá svöruðu 694 eða 55% foreldra sem eiga börn með dvalartíma eftir kl. 16:30 og fengu könnunina senda. Markmið könnunarinnar var tvíþætt, annars vegar að gefa foreldrum tækifæri á að tjá sig um fyrirhugaða breytingu og hins vegar að athuga hvernig breytingin kæmi við mismunandi hópa og þá ekki síst mæður og feður. Til þess að unnt væri að greina svörin miðað við bakgrunn svarenda var spurt um tengsl við barn, menntunarstig, tekjustig, erlendan bakgrunn, stöðu þess varðandi vinnu og hversu mikinn sveigjanleika í vinnu foreldrar hefðu.

Mæður fara bæði oftar með börnin á leikskólann og sækja oftar. Mæður sækja nú að meðaltali 3,7 daga vikunnar meðan feður sækja að meðaltali 3 daga vikunnar. Ef af breytingunni yrði telja bæði kynin að þau munu sækja sjaldnar en þau gera nú þegar en feður telja að fjöldi daga sem þeir sækja muni fækka meira en mæðurnar. Munur

á meðalfjölda daga sem mæður sækja umfram feður fer úr 0,7 dögum í 0,9 dag. Ekki er alveg ljóst hvernig foreldrar muni endanlega leysa úr málunum og ljóst er að einhverjir foreldrar verða að vera lausnamiðaðir.

62% foreldra telja að það verði frekar eða mjög erfitt að bregðast við breyttum opnunartíma og 59% er frekar eða mjög mótfallin fyrirhugaðri breytingu. Feður eru mun mótfallnari breytingunum en mæður eða 68% á móti 54% mæðra. Þeir telja líka að erfiðara sé að bregðast við breytingunum en kynjamunurinn við þeirri spurningu er ekki jafn mikill. Af þessu að dæma verður að teljast líklegt að mæður muni oftara taka á sig aukna ábyrgð á að sækja, að minnsta kosti er ákveðin togstreita fyrirsjáanleg. Þá er ljóst í opnum svörum að ömmur og afar, en í minna magni, verði kölluð til að koma meira til bjargar. Þar er aftur mikið kynjabil en ömmur eru mun líklegri til þess að stíga inn en afar, samkvæmt svörum könnunarinnar.

Þeir foreldrar sem telja erfitt að bregðast við breytingunni og eru almennt mótfallnir henni eru foreldrar sem eru í sambúð eða hjónabandi, ekki af erlendum uppruna, með meiri menntun og hærri tekjur. Þetta er jafnframt lang stærsti hluti þess hóps sem svaraði könnunni og kaupir dvalartíma eftir kl. 16:30 og endurspeglar í raun samfélag ungra foreldra í Reykjavík. Þeim foreldrum sem finnst breytingin þó erfiðust og eiga verulega erfitt með að bregðast við henni eru þeir sem eru með minnstan sveigjanleika í sinni vinnu en það eru innflytjendur, þeir sem hafa lokið iðn-, tækni- eða stúdentsprófi, þeir sem vinna vaktavinnu og þeir sem eru með heildartekjur á bilinu 550-799 þúsund. Þeir foreldrar sem eru með minnsta sveigjanleikann eru oft litlir hópar í þröngri og erfiðri stöðu og finna margir fyrir ótta um atvinnuöryggi sitt og hugsanlegt tekjutap. Það er einnig oft sá hópur sem hefur lítið bakland og getur ekki treyst á aðra til að koma börnunum í og úr leikskóla fyrir sig.

Í opnum svörum nefnir 86% foreldra að vinnutími sé ein af helstu ástæðum þess að erfitt er að bregðast við breyttum opnunartíma. 29% nefna ferðatíma til og frá vinnu. Ferðatími vegur sérstaklega þungt hjá foreldrum sem búa í hverfum vestast í höfuðborginni.

Margir foreldrar tala einnig um samspil við önnur skólastig (grunnskóla) sem byrja síðar en leikskólinn. Nefnt var að stytting opnunartíma að morgni kæmi þeim sem vinna frá 9-17 mun betur eða jafnvel að stytta ætti heildartímann sem barn er í leikskóla en að það yrði val foreldra hvort það væri í upphafi dags eða lok. Þá nefndu einhverjir að fyrst þyrfti að koma til stytting vinnuvikunnar áður en opnunartími leikskóla yrði stytur.

Eins og fram hefur komið var hluti leikskóla byrjaður að loka fyrir klukkan 17:00 áður en tillaga stýrihópsins var lögð fyrir. Við vinnslu á jafnréttismatinu bærust ýmsar upplýsingar um að ekki ríki allstaðar sátt um þetta meðal foreldra í þeim leikskólum sem nú þegar hafa tekið upp styttri opnunartíma. Þá var eitt þeirra foreldraráða sem sendi inn umsögn mjög mótfallið styttri opnunartíma leikskóla en þessi breyting hafði þó þegar verið gerð í þeirra skóla. Hópnum barst einnig tölvupóstur frá foreldri barns sem er í leikskóla sem nú þegar lokar 16:30 og varð sú breyting á opnunartíma til þess að maki viðkomandi missti vinnuna þar sem ekki var mögulegt að breyta vinnutímanum í takt við hinn breytta opnunartíma.

Niðurstaða foreldrakönnunarinnar er að þessi breyting kemur sér illa fyrir stóran hluta þeirra sem nú þegar kaupa tíma eftir kl. 16:30. Breytingin mun auka álag á fjölskyldur og togstreitu milli foreldra um hver þurfi að taka á sig skertan tíma til vinnu. Stytting á opnunartíma leikskóla án mótvægisáðgerða mun hafa neikvæð áhrif á jafnrétti kynjanna þar sem mæður og ömmur munu bera meiri þunga af breytingunum en feður. Sá hópur foreldra sem breytingin mun hafa verst áhrif á er sá sem hefur minnstan sveigjanleika í vinnu en það eru innflytjendur, tekjuhópurinn 550-799 þús. í heildartekjur heimilisins, þeir sem hafa lokið stúdents- iðn- eða tækniprófi og þeir sem að segja vaktavinna skiptir máli í ákvörðun sinni um að kaupa dvalartíma eftir 16:30. Breytingin mun hafa verulega mikil áhrif á aðstöðu þess hóps foreldra.

Það að bjóða upp á að geta keypt tíma í 15 mínútna hólfum í stað hálf tíma kemur sér mjög vel fyrir ákveðinn hluta fólks en skiptir litlu sem engu máli fyrir aðra en ætti að vera í boði til þess að mæta þeim sem það þó gerir og munar um hverja krónu. Ef af breytingu verður er mikilvægt að finna viðunandi lausn fyrir þá foreldra sem þurfa verulega á vistunartíma eftir 16:30 að halda.

Heimildir

Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einardóttir (2019). „Mér finnst ég stundum vera eins og hamstur í hjóli“: Streita í daglegu lífi fjölskyldufólks á Íslandi. *Íslenska þjóðfélagið*, 10. árgangur 2019, 1. tbl., 4-19.

Anna Magnea Hreinsdóttir (2019, 10. september). Styrkleikar leikskólastigsins á Íslandi: Vangaveltur um skýrslur Eurydice fyrir árið 2019. *Skólaþræðir*. Sótt af <http://skolathraedir.is/2019/09/10/styrkleikar-leikskolastigsins-a-islandi-vangaveltur-um-skyrslu-eurydice-fyrir-arid-2019/>

Eurostat (2019) *Reconciliation between work and family life. Labour Force Survey (LFS) ad-hoc module 2018*. Sótt af <https://ec.europa.eu/eurostat/documents/7870049/10159907/KS-FT-19-006-EN-N.pdf/49232e21-106f-308f-8dc6-fd75b30ded86>

Evrópuráð / European Council (2019). *Key data on early education and care in Europe: 2019 Edition*. Sótt af <https://op.europa.eu/en/publication-detail/-/publication/5816a817-b72a-11e9-9d01-01aa75ed71a1/language-en/format-PDF/source-102611557>

Gyða Margrét Pétursdóttir. (2009). Within the Aura of Gender Equality. Icelandic Work Cultures, Gender Relations and Family Responsibility. A Holistic Approach. Reykjavík: Háskóli Íslands, Stjórn málafræðideild.

Hagstofa Íslands. *Atvinnuþátttaka, atvinnuleysi 1991-2019*. Sótt 15. júní af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_vinumarkadur_vinumarkadsrannsokn_3_arstolur/VIN01002.px/table/tableViewLayout1/?rxid=84bf5f46-5395-477d-865f-4d516b878137

Hagstofa Íslands (2019). *Konur og karlar á Íslandi 2019*. Sótt af <http://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2019/f691d1ec-d651-4380-a68d-df7893e83e42.pdf>

Himmelweit, Susan. (2002). „Making Visible the Hidden Economy: The Case For Gender-Impact Analysis of Economic Policy“. *Feminist Economics*, 8(1), bls. 49-70

Jafnréttisstofa (2009). *Jöfnum leikinn. Handbók um kynjasambættingu*. Sótt af https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6683/Jofnum_leikinn-handb%3%b3kin.pdf?sequence=1

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Maskína (2017). *Heimilisþrif á Íslandi*. Sótt af <https://maskina.is/wp-content/uploads/2017/10/Heimilisþrif.pdf>

Kolbeinn Stefánsson og Þóra Kristín Þórsdóttir (2010) *Ánægja með fjölskyldulíf á Íslandi í kjölfar bankahruns. Þjóðarspejillinn*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Reykjavík

Kristín Ástgeirsdóttir. (2018). *Réttindabaráttta íslenskra kvenna á vinnumarkaði*. Akureyri, Jafnréttisstofa. Sótt af <https://www.jafnretti.is/is/um-jafnrettisstofu/greinar/rettindabaratta-islenskra-kvenna-a-vinumarkadi>

NIKK (2018) *Who is working and when? Fact sheet about part-time employment in the Nordic countries*. Nordic Council of Ministers. Sótt af <https://nikk.no/wp-content/uploads/2019/11/2018-Who-works-when.pdf>

Ólöf Júlíusdóttir (2019). *Time, Love and Organisational Culture: Gender Disparity in Business Leadership in Iceland*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Félagsfræðideild.

Ragnheiður G. Eyjólfsdóttir. (2013). *Samræming fjölskyldulífs og atvinnu: Hvernig gengur starfsfólki á íslenskum vinnumarkaði að samræma fjölskyldulíf og atvinnu?* Háskólinn í Reykjavík, viðskiptadeild.

Reykjavíkurborg (2012). *Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun: Börn ári fyrr á leikskóla*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/lokanidurstada_-_born_ari_fyrr_i_leikskola.pdf

Reykjavíkurborg (2019). *Stýrihópur um umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík. Áfangaskýrsla stýrihóps*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/afangaskyrsla-umbaetur_og_skipulag_leikskolastarfs.pdf

Voydanoff, P. (2005). Toward a Conceptualization of Perceived Work – Family Fit and Balance: A Demands and Resources Approach. *Journal of Marriage and Family*, 67(4) 822-836.

Póra Kristín Þórsdóttir (2013). *Kynbundin verkskipting: Heimili og vinna í útrás, kreppu og endurreisn*.

Jafnréttisþing, 2013. Sótt af: <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/jafnrettisthing2013/glaerur-thoru-kristinar-thorsdottur.pdf>

World Economic Forum (2020). *Global Gender Gap Report 2020*. Sótt af http://www3.weforum.org/docs/WEF_GGGR_2020.pdf

Fylgiskjöl

1. Umsögn Félags leikskólakennara
2. Umsögn Félags stjórnenda leikskóla
3. Umsögn Heimila og skóla
4. Umsögn Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands
5. Umsögn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands
6. Umsögn Umborðsmanns barna

Umsögn Félags leikskólakennara um tillögu um styttingu opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar

Félag leikskólakennara styður tillögur stýrihóps borgarinnar um styttingu opnunartíma leikskóla. Dvalartími barna hefur stöðugt lengst og samkvæmt gögnum OECD frá árinu 2017 þá er dvalartími barna í leikskólum lengstur á Íslandi. Með þessum tillögum er reynt að bregðast við þeirri stöðu. Með styttingu dvalartíma barna er dregið úr álagi á bæði börn og starfsfólk og hægt er að þjappa vinnutíma starfsfólks á styttra tímabil. Slík breyting getur líka styrkt faglegt starf í leikskólum þar sem skipulag daglegs starfs verður einfaldara.

Með því að draga úr álagi getur líka dregið úr veikindadögum og langvarandi fjarveru leikskólakennara vegna streitu. Eins og staðan er núna þá hefur mikill fjöldi leikskólakennara þurft að sækja þjónustu „Virk – starfsendurhæfingarsjóðs“ vegna langvarandi veikinda sem í mörgum tilfellum má rekja til álags og streitu.

Í ljósi nýrra kjarasamninga út frá styttingu vinnuvikunnar lítum við svo á að nú sé kjörið tækifæri til að gera þessar breytingar.

Sú umræða sem skapast hefur í kringum þessa tillögu stýrihópsins gefur sterklega til kynna þörfina á umræðum um það hvert raunverulegt hlutverk leikskóla er. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og hefur verið í mörg ár en um leið er litið á leikskóla sem þjónustustofnun. Þetta tvíþætta hlutverk leikskóla vefst fyrir mörgum og ef til vill er orðið tímabært að taka upp umræðu um skilgreiningar á hlutverki leikskóla, annars vegar sem menntastofnunar og hins vegar sem þjónustustofnunar. Ef til vill þarf að taka til skoðunar mögulegar breytingar á skipulagi skólastarfs í leikskóla annars vegar og hins vegar skipulagi þess hluta sem telst til frístundastarfs og/eða gæslu. Með slíkum breytingum væri einnig hægt að einfalda skipulag kennsluskyldu leikskólakennara á móti tíma fyrir önnur fagleg störf utan deilda. Slíkar breytingar gætu gert leikskólakennurum kleift að sinna betur faglegum hliðum starfsins utan kennslu, s.s. undirbúningi kennslunnar, skráningum, mati og faglegu samstarfi við annað starfsfólk og kennara. Slíkt mun á endanum skila meiri gæðum í námi barnanna.

Stjórn og skólamálanefnd Félags leikskólakennara

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Helgi Grímsson sviðstjóri

V/SFS2019100023

6.5

Umsögn Félags stjórnenda leikskóla v/tillögu að styttingu opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar.

Félag stjórnenda leikskóla hvetur Reykjavíkurborg til að samþykkja tillögu stýrihóps á vegum skóla- og frístundasviðs sem hafði það hlutverka að skoða leiðir til að auka gæði leikskólastarfs og minnka álag á börn og starfsfólk.

Upplifun þeirra leikskólastjóra sem eru nú þegar með lokað kl. 16:30

Starfsmenn skólans koma og fara á sama tíma.

Barnahópurinn er að koma og fara á sama tíma.

Það er ekki eitt barn eða fá börn sem bíða eftir að vera sótt milli klukkan 16:30 og 17:00.

Vinnudagurinn byrjar betur bæði fyrir börn og starfsfólk og álagið mun minna þar sem allir starfsmenn eru komnir í hús kl. 08:30. Það eru ekki lengur 2 starfsmenn að taka á móti stærstum hluta barnahópsins og gefa þeim morgunmat og koma í leik. Núnar eru allir 3-4 starfsmenn deildarinnar mættir ekki seinna en kl. 08:30. Starfsfólkið sem starfar inni á deildum hafa sérstaklega tekið þetta fram, þar sem langflest börn koma að jafnaði milli kl. 08:00 og 8:30 og í raun eru of fáir starfsmenn miðað við barngildi sem eru komin í hús. Deildar hafa oft verið undirmannaðar til kl. 9:00 til að hægt sé að dreifa starfsfólkinu til að dekkja þennan langa opnunartíma. Þetta veldur álagi og streitu sem fylgir starfsmönnum inn í daginn. Það að taka vel á móti öllum börnum og gefa sér góðan tíma þarf mikið af starfsfólki og það er óásættanlegt að þá séu deildir undirmannaðar. Ef starfsmenn forfallast sem eiga að mæta kl. 8:00 er ástandið enn verra. Þegar allur starfsmannahópurinn er komin í hús kl. 8:30 eru fleiri að taka á móti börnunum. Það þarf ekki að miðla upplýsingu frá foreldrum áfram til starfsmanna sem mæta seinna og því síður hætta á að mikilvægar upplýsingar gleymist sem allir þurfa vita fyrir daginn.

Starfsfólk finnur að streita inni á deildum minnkar töluvert mikið við þessar breytingar.

Faglegt starf hefst strax kl. 9:00.

Starfsfólk tekur eftir minni þreytu hjá börnum, þreytan minnkar og samskipti barna og foreldra eru oft á tíðum betri þegar börnin eru sótt.

Færri yfirvinnutímar eru greiddir í hverjum mánuði.

Leikskólastjórar segja að það hafi komið þeim sjálfum á óvert hversu mikil breyting þessar 30 mínútur höfðu á starfið.

Leikskólastjórar tók eftir því að hans yfirvinna minnkaði um 30-45 mínútur á dag. Vinnuálag á leikskólastjóra minnkar. Oft kom það í þeirra hlut að standa vaktina til kl. 17. Núna er hægt að fara áhyggjulaus úr húsi kl. 16:00-16:15. Það þýðir að leikskólastjóri er við störf nánast allan opnunartímann. Í þessu samhengi má spyrja hversu margir leikskólastjórar hafa í gegnum tíðina farið í mislöng veikindaleyfi.

Öryggi starfsins er betur tryggt, sérstaklega þar sem tímavinnustarfsmenn voru að leysa af þessar vaktir til kl. 17:00 og fagfólk farið úr húsi. Einnig verður að hafa í huga að margir skóla hafa ekki fram að tefla fagfólki á þessum tíma dags. Það eru til starfsmenn sem höndla ekki að vera tveir saman í húsi seinnipartinn með barnahóp og telja öryggi sínu ógnað. Þeir treysta sér ekki til að vera einir í stórum byggingum þegar dimmt er orðið.

Leikskólastjórar hafa verið að merkja að umsóknum um vistun á þessum tíma hefur dregið verulega saman og virðist hugsanlega munur á milli eldri og yngri foreldra. Gæti verið vegna breytinga á vinnumarkaði þar sem störf hafa skapast sem krefjast ekki fastrar viðveru og sveigjanlegur vinnutími og hópur foreldra sem getur og kys að vinna minna. Hækkandi aldur foreldra og fólk þar að leiðandi hefur betri aðstæður til að vinna minna, betri fjárhagslegstaða, hærra menntunarstig nýrrar kynslóðar.

Undirbúningstíma kennarar geta byrjað kl. 8:00 og sérkennsla getur byrjað kl. 9:00 sem og allir fundir.

Helstu ástæður þess að leikskólastjórar hafa nú þegar styttn opnunartímann frá 17:00 í 16:30:

Mæting barnahópsins er að stærsta hluta fyrir kl 8:30 og því ekki hægt að bíða með að fá starfsmenn í hús til kl. 9. Yfirvinna fyrir tímann eftir kl.16:30 er ekki gert ráð fyrir í fjárhagsramma ef allir starfsmenn eru komnir í hús kl. 8:30.

Nýting á vistunartíma eftir kl .16:30 er lítill og því ekki verjandi að hafa starfsmenn yfir fáum börnum eftir kl 16:30 þegar þörfin er meiri milli kl 8:00 og 8:30.

undirmönnuð starfsemi á leikskólanum.

Starfsmenn hafa ekki viljað vinna eftir kl. 16:30 og hefur gengið erfiðlega að fá fólk til þess.

Starfsandinn veikist vegna þess að stjórnandinn er að ganga á eftir fólki að vinna á þessum tíma þrátt fyrir að starfsmenn séu búnir að koma því til skila að þeir óski ekki eftir því.

Leikskólastjórar í stærri skólunum telja sig ekki geta tryggt öryggi barnahópsins eftir kl .16:30

Leikskólastjórar eru ekki tilbúnir til að standa vaktina frá kl. 7:30-17:00.

Leikskólastjórar telja það ekki vera í sínum verkahringa að standa lokunarvaktir inni á deild, dag eftir dag.

Virðingarfyllt

Sigurður Sigurjónsson

Formaður FSL

Unnið í samstarfi við samráðsfulltrúa FSL í Reykjavík

15. apríl 2020

Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Efni: Umsögn frá Heimili og skóla – landssamtökum foreldra um tillögu til styttingar opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar skv. ósk um umsögn SFS2019100023

Heimili og skóli – landssamtök foreldra fagna því að fá loks að senda inn umsögn varðandi tillögu um styttingu á opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar en meirihluti skóla- og frístundaráðs samþykkti á sínum tíma, 14. janúar 2020, að stytta opnunartíma leikskóla borgarinnar frá og með 1. apríl 2020. Þetta var þá gert án nokkurs samráðs við leikskólaforeldra og kom mörgum í opna skjöldu. Seinni hluta febrúar barst okkur ósk um umsögn um tillöguna sem því miður hefur dregist að svara vegna anna og hins sérstaka ástands sem skapast hefur vegna kórónuveirunnar en nú verður bætt úr því.

Hefur áhrif á hundruð fjölskyldna

Í skýrslu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík kemur fram að áhrifin af þeirri ákvörðun að stytta opnunartíma leikskóla í Reykjavík um hálf tíma muni snerta um 400 fjölskyldur sem þurfi þá að finna aðrar leiðir til að leysa málin vegna vinnu. Þó vissulega sé mikilvægt að huga að hámarksvistunartíma fyrir hvert barn er á sama tíma mikilvægt að opnunartími leikskóla bjóði upp á einhvern sveigjanleika enda er vinnutími foreldra fjölbreyttur. Þrátt fyrir að leikskólinn sé sannarlega fyrsta skólastigið og þar fari fram mikilvægt starf er leikskólinn ekki með skólaskyldu og foreldrar greiða fyrir vist barna sinna m.a. til þess að geta stundað vinnu og dregið björg í bú. Leikskólinn er því líka þjónustustofnun og afar mikilvæg í því tilliti, m.a. til að jafna aðstæður barna og foreldra og stuðla að getu foreldra til atvinnuþátttöku. Áhugavert verður í því tilliti að sjá hvað jafnréttismat leiðir í ljós. Einn mikilvægast í þessu öllu er þó að spyrja þá sem málið varðar um viðhorf þeirra og þarfir, þ.e. foreldra leikskólabarna sem bera einnig hag sinna barna fyrir brjósti. Við gerð tillögunnar var það hins vegar ekki gert og er það miður.

Hverjir eiga að bæta starfsaðstæður leikskólans?

Í skýrslu stýrihóps segir: „Stýrihópur um umbætur og skipulag leikskólastarfs hefur það hlutverk að skoða leiðir til að auka fagmennsku, minnka álag á börn og starfsfólk og tryggja gæði starfsins með þarfir barnanna í huga.“ Er eina leiðin til þess að stytta opnunartíma leikskóla? Þegar skoðað er hvaða aðilar voru nefndir til ráðgjafar og samstarfs sést hversu takmarkað samráð var í raun haft um tillöguna en foreldrar voru sem fyrr segir ekki spurðir álits.

Í tillögunni segir að dvalartími barna hafi stöðugt lengst samhliða fækkun á fagfólki og að erfiðlega hafi gengið að fullmanna leikskólana og þá helst síðdegis. Einnig er rætt um álag og undirmönnun. Þetta virðist vera verkefni fyrir sveitarfélögin að leysa úr og bjóða starfsmönnum þá kaup og kjör og viðunandi starfsaðstæður sem laða þá til starfans. Undirmönnun og skipulag starfs er ekki verkefni fyrir foreldra að leysa úr heldur atvinnurekendur sem eru í þessu tilfelli sveitarfélagið. Þar liggur kannski grundvallarvandinn?

Steinunn Gestsdóttir, prófessor í þroskasálfræði og aðstoðarrektor kennslumála og þróunar við Háskóla Íslands, tjáði sig um tillöguna á sínum tíma og taldi m.a. lítið hæft í fullyrðingum um að síðasti hálf tíminn í leikskólum færi illa í börnin og kannaðist ekki við neinar rannsóknir sem sýndu fram á að



8,5 tímar væru skaðlegri fyrir leikskólabörn en 8,0 tímar. Rannsóknir sýndu hins vegar að þegar hávaði, lítið pláss og mannekla einkenndu leikskóla hefði það neikvæð áhrif á börn og starfsfólk og fókusinn ætti að vera á að tryggja að slíkar aðstæður væru aldrei til staðar í leikskólastarfi. Einnig nefndi hún að þótt innsýn fagfólks gæfi vissulega vísbendingar væri hún takmörkuð og því þyrfti að leggja meiri áherslu á að safna gögnum. Við tökum undir þessar athugasemdir og mikilvægi þess að svona stefnumarkandi ákvörðun þurfi sannarlega að vera byggð á góðum gögnum og rannsóknum. Einnig lagði Steinunn til að prófa mætti styttingu viðverutíma leikskóla sem tilraunaverkefni í nokkrum leikskólum til að byrja með og meta hvort það hafi tilætluð áhrif og komi þá ekki niður á þeim sem verst standa. Því má velta fyrir sér hvort ekki væri æskilegt að stytting opnunartíma leikskóla væri tekin í smærri skrefum þar sem árangur og áhrif væru metin jafnt og þétt og tími gæfist til aðlögunar?

Þarfir og gagnagreining

Undir liðnum *opnunartími leikskóla Reykjavíkurborgar í dag* kemur fram að hann er frá 7:30-17:00. Af ýmsum ástæðum eru örfáir leikskólar sem opna síðar eða loka fyrr. Þar segir: „Mikilvægt er að samræmi sé í opnunartímum leikskólanna til þess að tryggja samræmi í þjónustu við börn og foreldra auk þess að jafnræðis sé gætt á milli starfseininga.“ Væri ekki athugandi að opnunartíminn taki mið af þörfum á hverjum stað? Eða möguleikum hvers leikskóla hvað varðar starfsmannahald og aðstæður? Mögulega eru þarfir ólíkar eftir staðsetningu og samsetningu íbúa. Samræmi í þjónustu heilt yfir tekur ekki mið af þörfum og möguleikum á hverjum stað sem geta verið mismunandi.

Varðandi nýtingu á keyptum stundum í leikskólum voru teknar út inn- og útskráningar úr upplýsingakerfum borgarinnar í vikunni 14. – 18. október 2019. Þetta er frekar stutt tímabil sem þarna er ályktað út frá og rétt að hafa það í huga þegar samantekt á nýtingartíma er metin. Í samantektinni kemur fram að um 18% barna séu með dvalarsamning sem lýkur eftir kl.16:30 á daginn en aðeins 8% nýti sér dvöl eftir 16:30. Mikill meirihluti barna sé því sóttur fyrir kl.16:30. Það breytir því ekki að á bak við þessar prósentutölur er fjöldi fólks sem þarf að hafa tiltekið svigrúm að öllu óbreyttu. Einnig þyrfti samantekt sem þessi að ná yfir lengri tíma til að gefa heildstæðari og yfirgrípsmeiri mynd af stöðunni.

Jafnvægi í lífi barna og stytting vinnudagsins

Í skýrslu stýrihóps kemur fram að leikskólakennarar hafi haft áhyggjur af því að dvalartími leikskólabarna hafi aukist ár frá ári og sé nú orðinn þannig að nánast öll börn dvelji þar lengur en átta stundir daglega. Þó er tekið fram að í leikskólum fari fram mikið og gott starf og það eigi að vera réttur allra barna að njóta náms- og uppeldiskosta leikskólans en mat fulltrúa í stýrihópnum sé að það séu hagsmunir barna að meira jafnvægi komist á, á milli leikskóla og fjölskyldulífs. Það er hvorki börnum né foreldrum til hagsbóta að auka streitu í þeirra lífi til dæmis ef foreldrar þurfa að leita annarra leiða til að brúa bilið sem dvalartími nær ekki yfir. Í þessu samhengi er rétt að nefna að einnig þarf að gera ráð fyrir að foreldrar þurfa tíma til að komast til og frá vinnu og sá tími getur verið talsvert lengri í höfuðborginni en úti á landi. Sumir eiga gott bakland, aðrir ekki og stytting vinnudagsins væri skref sem stíga ætti fyrst, frekar en að setja aukið álag og þrýsting á einstök heimili í því augnamiði. Ef vellíðan barna á að vera í fyrirrúmi þarf atvinnulífið að koma til móts við þær þarfir svo dvalartími leikskóla dugi fyrir þá foreldra og börn sem þurfa á honum að halda. Hvað varðar starfsaðstæður leikskóla er það mál á könnu sveitarfélaganna. Fæstir foreldrar kjósa að hafa börn sín lengur á leikskóla dag hvern en þörf krefur og því ætti að vera í forgangi að koma á jafnvægi milli atvinnulífs og fjölskyldulífs sem aftur ætti að skila sér í jafnvægi milli leikskóla og fjölskyldulífs.

Umsögn HÍ, Félagsvísindasvið

Það er virðingarverð afstaða hjá Reykjavíkurborg að vilja stytta vinnutíma starfsfólks í leikskólum og að minnka álag á bæði börnin og starfsfólkið. Hins vegar þarf að taka með í reikninginn hvort fullnægjandi forsendur eru til þess að hrinda þessu í framkvæmd. Talnagögn í greinargerðinni sem fylgja tillögunni og skýrslu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík, eru ekki mjög aðgengileg. En það breytir ekki heildarmynd málsins. Hlutfallstölur um hve margir nýta til fulls þá þjónustu sem í boði er, eða sem greitt er fyrir, segja ekki nema hálfra söguna. Þótt einungis lítill hluti foreldra þyrfti að nýta það svigrúm sem boðið er upp á, er ekki óvarlegt að álykta að það sé einmitt sá hópur sem verst stendur að vígi og mest þarf á þjónustunni að halda. Má þar nefna einstæð foreldri, foreldri sem ekki hafa öflugt stuðningsnet fjölskyldu eða ættingja, ekki síst fólk af erlendum uppruna, fólk í vaktavinnu og fólk sem ekki er á einkabíl. Í samanburði við nágrannasveitarfélög þarf að taka mið af stærð Reykjavíkur og þeim tíma sem fer í ferðir til og frá vinnu. Ekki er réttlætjanlegt að léttu álagi af starfsfólki leikskólanna með því að velta því yfir á foreldra, og allra síst þann hóp foreldra sem verst stendur að vígi. Hætt er við að álag og streita aukist hjá þeim hópi með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á börnin. Þá má nefna að tillagan eins og hún er sett fram er líkleg til að ala á sektarkennd hjá foreldrum, einkum og sér í lagi konum, fyrir að þurfa dagvistun fyrir börn sín meðan á launavinnu stendur. Ákvörðun sem þessi þarf að vera vel undirbyggð og má ekki byggjast á huglægu mati eða tilfinningu þeirra sem hlut eiga að máli. Því er mikilvægt að Reykjavíkurborg auki ekki aðstöðumun meðal barna í leikskólum og aðstandendum þeirra, og kanni þetta mál ítarlega áður en því er hrundið í framkvæmd.

Þorgerður J. Einarsdóttir

Prófessor, formaður vísindanefndar Félagsvísindasviðs

Stjórn málafræðideild

Reykjavík 16. apríl 2020

Umsögn um skýrslu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík

Í skýrslunni er fjallað um fyrirhugaða styttingu opnunartíma leikskóla. Rædd er nýting opnunartíma, m.a. hlutfall þeirra barna sem hafa vistunartíma lengra fram eftir degi og að hvaða marki sá tími er nýttur. Greina má skipulagsleg og hagnýt rök fyrir styttingu opnunartíma leikskólanna. Svo virðist sem breytingin sé líkleg til hagræðingar í starfsmannahaldi, sem væntanlega getur haft áhrif á bætta líðan starfsmanna. Bundnar eru vonir við að með styttingu opnunartíma í leikskólum geti faglegir starfshættir styrkst, sem er brýnt í ljósi þess að hlutfall leikskólakennara í leikskólum nær ekki því sem kveðið er á um í lögum. Auk þess sýna rannsóknir að lágt hlutfall fagfólks bitni á gæðum leikskólastarfsins og þar með börnunum.

Líta má á lengd opnunartíma í leikskólum sem samfélagsmál sem m.a. tengist vinnutíma foreldra barna. Því er mikilvægt að viðhorf foreldra og atvinnurekenda til styttingar opnunartíma séu könnuð. Stytting opnunartíma skerðir aðallega sveigjanleika fyrir foreldra en takast má á við of langan viðverutíma barna á annan hátt. Til dæmis þarf opnunartími ekki að hafa bein áhrif á dvalartíma einstakra barna en sveitarfélagið gæti setti fram hámarks dvalartíma barna, eins og gert er í sumum sveitarfélögum. Raunveruleg lengd dvalartíma einstakra barna telst þó vera aðalatriði þegar horft er til velferðar þeirra (Arna H. Jónsdóttir, Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, [2013](#)).

Mikilvægt er að fylgja breytingunni eftir eins og áætlað er en jafnframt að rýna í, fyrir fram, hvaða áhrif þær gætu haft. Íhuga þarf leiðir til að styðja við framkvæmd breytinganna en ekki síður að reyna að sjá fyrir hvernig má styðja við þær fjölskyldur sem eiga í mestum vanda með að finna lausnir. Spyrja má hvort ekki væri hagstætt að gera breytingarnar fyrst í nokkrum hverfum, m.a. í ljósi þess að félagslegar aðstæður fjölskyldna eru afar ólíkar og að einhverju leiti bundnar við mismunandi samsetningu íbúa í hverfum borgarinnar. Í ljósi þess hversu fá börn nýta leikskóladvöl eftir kl. 16:30 má jafnframt spyrja hvort ekki megi taka á því með sérstöku skipulagi, án þess að það bitni á faglegu starfi leikskólanna. Jafnframt er nauðsynlegt að taka mið af ýmsum öðrum breytingum, sem tengjast breytingum á stefnumótun og samfélagslegum þáttum, t.d. að kanna áhrif eins leyfisbréfs fyrir skólustarf á öllum skólastigum, líkt og áformað er.

Mikilvægt er að afla upplýsinga um hvernig foreldrar munu leysa þörfina fyrir lengri vistunartíma og hvaða áhrif breytingin muni hafa á þau börn sem hafa verið í leikskólanum til kl. 17 fram að styttingu opnunartíma. Við framkvæmd þessara tillagna ber að hafa í huga að leikskólinn er menntastofnun sem jafnframt þjónar þörf foreldra fyrir vistun barna sinna.

Virðingarfyllst,

Kristín Karlsdóttir, dósent í menntunarfræði ungra barna

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, lektor í menntunarfræði ungra barna

Sara Margrét Ólafsdóttir, lektor í menntunarfræði ungra barna



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík 16. mars 2020

Efni bréfs: Tillaga um styttingu opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar

Vísað er til erindis skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 21. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um tillögu um styttingu opnunartíma leikskóla í Reykjavík. Tillögur stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs eru um margt ágætar og eiga að miða að því auka gæði leikskólastarfs og minnka álag á börn og starfsfólk. Þegar breytingar sem þessar eru gerðar er mikilvægt að hagsmunir barnanna séu ávallt hafðir í fyrirúmi og allar ákvarðanir teknar út frá því sem er börnunum fyrir bestu. Í því felst að framkvæma þarf heildstætt mat á áhrifum styttingar opnunartíma leikskóla á hagsmuni barna. Þetta þarf að gera með markvissum hætti þannig að hægt sé að greina frá framkvæmd matsins og færa rök fyrir því að hagsmunir barnanna hafi verið hafðir í fyrirúmi. Ef andstæðir hagsmunir vegast á ber að tryggja að hagsmunir barnanna hafi forgang. Við framkvæmd mats á áhrifum er mikilvægt að líta til þess að börn eru ekki einsleitur hópur. Þarfir barna og forsendur þeirra eru misjafnar, út frá kyni, aldri, félagslegri stöðu, bakgrunni og öðrum þáttum eða aðstæðum sem geta skipt máli. Umboðsmaður barna í Svíþjóð hefur gefið út leiðbeiningar um framkvæmd áhrifamats í málum sem varða börn og eru þær aðgengilegar á barnombudsmannen.se/.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. Barnasáttmálans ber stjórnvöldum að tryggja að mat á því sem er barni fyrir bestu sé innleitt og lagt til grundvallar við alla ákvarðanatöku. Er það sérstaklega mikilvægt þegar um er að ræða ákvörðun sem þessa er lítur að framkvæmd mikilvægrar þjónustu við börn, en í lögum um leikskóla. nr. 90/2008, kemur fram að leikskólinn er fyrsta skólástigið í skólakerfinu og ber að sinna menntun, umönnun og uppeldi barna undir skólaskyldualdri. Í viðkomandi erindi sem sent var umboðsmanni barna kemur fram að áður en borgarráð tekur tillöguna til afgreiðslu eigi að fara fram ítarlegt jafnréttismat, umboðsmaður leggur til að mat á áhrifum ákvörðunarinnar á hagsmuni barna verði einnig framkvæmt áður en ráðið tekur tillöguna til afgreiðslu.

Umboðsmaður barna leggur áherslu á að ákvörðun um styttingu opnunartíma leikskóla verði tekin út frá því sem er börnunum fyrir bestu en það er ekki hægt að gera án þess að mat verði lagt á áhrif umræddrar ákvörðunar á hagsmuni barnanna.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna